



Ársskýrslur Í.B.A. 2008-2009



Íþróttamaður Akureyrar 2008.
Rakel Hönnudóttir, Íþróttfélagið Þór.



Íþróttamaður Akureyrar 2009.
Bryndís Rún Hansen, Sundfélagið Óðinn.





Hér eru Rebekka Guðmann og Sigrún Aðalsteinsdóttir, sem voru heiðraðar 2008, ásamt Sigrúnu Björk Jakobsdóttur þáverandi bæjarstjóra.



Þessi voru heiðruð 2009: Siguróli M. Sigurðsson, Jóhann Aðalsteinsson, Guðmundur Pétursson, Kolbrún Ingólfssdóttir og Viðar Garðarsson.



Reiðhöllin vígð 18. apríl 2009.



Ársskýrslur Í.B.A. 2008-2009

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----|
| Fundargerð 58. ársþings Íþróttabandalags Akureyrar | 2 |
| Íþróttabandalag Akureyrar ársskýrsla 2008-2009 | 4 |
| Míning | 6 |
| Íþróttabandalag Akureyrar 65 ára – 1944-2009 | 7 |
| Skiðafélag Akureyrar ársskýrsla 2008-2009 | 8 |
| Fimleikafélag Akureyrar ársskýrsla 2008-2009 | 13 |
| Sundfélagið Óðinn Akureyri ársskýrsla 2008-2009 | 17 |
| Nökkvi félag siglingamanna á Akureyri Ársskýrsla 2008-2009 | 22 |
| Íþróttafélagið Eik ársskýrsla 2008-2009 | 25 |
| Íþróttafélagið Akur ársskýrsla 2008-2009 | 31 |
| Golfklúbbur Akureyrar ársskýrsla 2008-2009 | 35 |
| Ungmennafélag Akureyrar ársskýrsla 2008-2009 | 52 |
| Tennis- og badmintonfélag Akureyrar ársskýrsla 2008-2009 | 68 |
| Skautafélag Akureyrar ársskýrsla 2008-2009 | 72 |
| Íþróttafélagið Narfi ársskýrsla 2008-2009 | 81 |
| Léttir hestamannafélag ársskýrsla 2008-2009 | 82 |
| Hamrarnir ársskýrsla 2008-2009 | 87 |
| Knattspyrnufélag Akureyrar ársskýrsla 2008-2009 | 88 |
| Íþróttafélagið Þór ársskýrsla 2008-2009 | 100 |
| Akureyri handboltafélag ársskýrsla 2008-2009 | 118 |
| Bílaflúbbur Akureyrar ársskýrsla 2008-2009 | 119 |
| Skotfélag Akureyrar ársskýrsla 2008-2009 | 123 |
| KKA akstursíþróttafélag ársskýrsla 2008-2009 | 127 |
| Íþróttafélagið Draupnir ársskýrsla 2009 | 133 |
| Karatefélag Akureyrar ársskýrsla 2009 | 135 |
| Íþróttabandalag Akureyrar ársreikningur 2008-2009 | 138 |
| Lög Íþróttabandalags Akureyrar | 142 |

Ársskýrsla Í.B.A.

Útgefandi: Íþróttabandalag Akureyrar

Umsjón: Formaður Í.B.A.

Prentvinnsla: Ásprent, Akureyri

58. ársþing Íþróttabandalags Akureyrar

Haldið í íþróttahöllinni við Skólastíg 8. apríl 2008

Þröstur Guðjónsson formaður ÍBA setti þingið og bauð fólk velkomið til þings.

Minnst var látinna félaga úr íþróttahreyfingunni. Kosnir voru þingforseti og þingritari. Stungið var upp á Páli Jóhannessyni sem þingforseta og Örlygi Helgasyni sem þingritara og var það samþykkt.

Þingforseti tók við stjórn fundarins og hóf þingstörf.

1. Skýrsla stjórnar ÍBA

Fyrsta mál á dagskrá var skýrsla stjórnar og gaf þingforseti formanni ÍBA orðið. Þröstur Guðjónsson flutti skýrslu stjórnar og stiklaði á stóru í starfi ÍBA síðustu tvö ár en vísaði að öðru leyti til skýrslunnar sem lögð var á borð þingfulltrúa.

2. Reikningar ÍBA

Gunnar Kárson, gjaldkeri ÍBA fór yfir reikninga Bandalagsins.

Eftir greinargerðir formanns og gjaldkera fóru fram umræður um skýrslu stjórnar og reikninga Bandalagsins. Reikningar Bandalagsins voru að þeim loknum bornir upp til samþykktar eða synjunar og voru þeir samþykktir.

3. Lagabreytingar

Þá voru lagðar fram lagabreytingar til kynningar. Tilnefndir í laganeftnd voru: Þorsteinn Hjaltason, Kristinn Kristjánsson og Hallur Stefánsson.

4. Engar tillögur lágu fyrir til umræðu á þinginu

5. Fjárhagsáætlanir fyrir árin 2008 og 2009 voru lagðar fram

Kynnti Gunnar Kárason, gjaldkeri ÍBA, áætlanirnar.

Tilnefndir í fjárhagsnefnd voru: Tómas Í. Jónsson, Ásta Ásmundsdóttir og Davíð Valsson.

Athugasemd var gerð við fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 en þar var tekinn inn kostnaður vegna þings ÍSÍ en þingið fer fram á árinu 2009 en ekki 2008 og var það leiðrétt.

6. Ávarp fulltrúa ÍSÍ, Helgu Steinunnar Guðmundsdóttur

Helga Steinunn fór yfir hve viðtækt starf unnið er á vegum ÍSÍ. Hún hvatti fólk til að nota sér þekkingu og reynslu fólks á skrifstofu ÍSÍ til að létta á vinnu sinni fyrir félögin eftir því sem tók væru á. Einnig brýndi Helga Steinunn þingfulltrúa að nota sér skrifstofu ÍSÍ hér fyrir norðan þar sem Viðar Sigurjónsson væri.

7. Ávörp gesta

Ólafur Jónsson formaður Íþróttaráðs Akureyrar flutti erindi. Ólafur skýrði frá því unnið væri að stefnumótunarvinnu við íþróttastefnu Akureyrar. Ólafur talaði einnig um áhuga sinn á að tengjast nágrannafélögum á einhvern hátt.

Þá tók til máls Kristján Davíðsson, ritari ÍBA og afhenti verðlaun sem misförst að veita þegar kjöri Íþróttamanns Akureyrar var lýst í janúar. Verðlaunin sem afhent voru voru veitt fulltrúum Bílaklúbbs Akureyrar og Skotfélags Akureyrar.

Þinghlé og bornar voru fram veitingar.

8. Nefndir gerðu grein fyrir störfum sínum

Fjárhagsnefnd skilaði af sér fjárhagsáætlun án athugasemda og var hún borin upp til samþykktar og var samþykkt.

Laganeftnd skilaði af sér og mælti fyrir því að lagabreytingarnar yrðu samþykktar óbreyttar. Lagabreytingarnar voru bornar upp og samþykktar.

9. Kosningar og tilnefningar

Björn Guðbjörnsson tók til máls fyrir hönd uppstillingarnefndar. Björn taldi mjög æskilegt að skipað væri í uppstillingarnefnd 3-4 mánuðum fyrir þing til að hafa betri tíma til að leita til fólks um þátttöku í stjórn fyrir Bandalagið. Þetta hefði þó tekist nú og hann byrjaði á að tilnefna Þröst Guðjónsson til formennsku næstu tvö árin. Samþykkt með lófaklappi.

Þá tilnefndi Björn í 3ja manna stjórn ÍBA þau Friðu Pétursdóttur, Gunnar Kárason og Sigbjörn Gunnarsson. Samþykkt með lófaklappi.

Næst tilnefndi Björn í 3ja manna varastjórn ÍBA en í hana voru tilnefnd þau Haukur F. Valtýsson, Áslaug Kristjánsdóttir og Hörður Sigurharðarson. Samþykkt með lófaklappi.

Loks tilnefni Björn sem skoðunarmenn reikninga þá Svein Pálsson og Guðmund B. Guðmundsson og var tilnefning þeirra samþykkt með lófataki.

Ekki voru tilnefndir fulltrúar á þing ÍSÍ á annan hátt en að stjórn ÍBA á 4 fulltrúa, KA á 1 fulltrúa, Þór á 1 fulltrúa og Skotfélag Akureyrar á 1 fulltrúa.

10. Önnur mál

Ásta Ásmundsdóttir, formaður Léttis tók til málsog vildi leiðrétta missagnir í skýrslu Bílaklúbbs Akureyrar. Þar átti hún aðallega við rangar tölur varðandi lögfræðikostnað. Sagði það ekki gott ef það væri ekki farið með rétt mál í slíkum skýrslum.

Þá tók til máls Sigfús Helgason, formaður Þórs.

Sigfús taldi einkennilegt að þing ÍBA skuli haldið á sama tíma og einn stærsti leikur í Meistaradeild Evrópu fer fram. Sigfús þakkaði Kristjáni Davíðssyni fyrir störf hans í þágu íþróttahreyfingarinnar. Þá óskaði hann nýkjörinni stjórn velfarnaðar í komandi störfum. Sigfús gagnrýndi bæjaryfirvöld á Akureyri fyrir að umbuna ekki fyrirmyndarfélögum á einhvern hátt. Hinn nýja ferðasjóð ÍSÍ taldi Sigfús jákvæðan. Íþróttaráð Akureyrar vill fara í stefnumótunarvinnu varðandi íþróttastefnu bæjarins en Sigfús segir að það vanti afreksstefnu og hvetur til að hugað verði að henni. Þá brýnir Sigfús Akureyrarbæ með frístundaávisanir, þær hafi verið fastar í upphæðum og fastar í aldursbili. Það þurfi að hækka verðgildi ávisanana og breikka þann hóp sem nýtur þeirra. Hann segir að í Grindavík fái börn að æfa allar íþróttir án endurgjalds. Hann segir mikilvægt að við eigum fólk iöllum ráðum sem varða íþróttir.

Næst tók til máls Viðar Sigurjónsson starfsmaður ÍSÍ á Akureyri.

Viðar ítrekaði að hann væri boðinn og búinn að aðstoða s.s. við að vinna að því að félög yrðu fyrirmyndarfélög, standa fyrir þjálfaranámskeiðum, endurmenntun þjálfara og fleira. Skrifstofa hans er vel staðsett hér á Akureyri í Glerárgötu 26.

Loks tók til máls Gunnar Ragnars, framkvæmdastjóri ÍBA.

Gunnar sagðist vera búinn að vera starfsmaður ÍBA í 6 1/2 ár. Hann sagðist hafa verið formaður á árunum 1989-1994 og hefði því góða yfirsýn yfir íþróttahreyfinguna. Mesta lán íþróttahreyfingarinnar segir Gunnar vera hið mikla sjálfbóðaliðastarf sem unnið er innan hreyfingarinnar. Þá segir hann starfsemi margra félaga vera það viðamikla að þau verði að fá fjármagn til að reka sína starfsemi. Þetta megi þó á engan hátt verða til þess að sjálfbóðaliðastarfið falli niður eða minnki. Gunnar þakkar samstarfið við íþróttafélögin nú þegar hann er að láta af starfi framkvæmdastjóra ÍBA. Loks segist hann vera ánægður með að deila skrifstofu með öðrum, þ.e. á hinum nýja stað sem skrifstofu ÍBA hefur verið valinn.

11. Þingslit

Þröstur Guðjónsson tók til máls og þakkaði fulltrúum þingsetuna en sagðist vilja enda á því að afhenda blómvendi til Kristjáns Davíðssonar sem er að hætta í stjórn ÍBA, Vilborgu Jóhannsdóttur sem einnig er að hætta í stjórn ÍBA og loks Gunnari Ragnars sem er að láta af störfum sem framkvæmdastjóri ÍBA.

Að þessu loknu sleit Þröstur þinginu, 58. ársþingi ÍBA.



Íþróttabandalag Akureyrar

Ársskýrsla 2008

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar var haldinn 20. maí 2008 og skipti stjórnin með sér verkum (skipuð til tveggja ára).

| | |
|--------------|---------------------|
| Formaður | Þróstur Guðjónsson |
| Varaformaður | Sigbjörn Gunnarsson |
| Gjaldkeri | Gunnar Kárason |
| Ritari | Fríða Pétursdóttir |

Stjórn ÍBA réð nýjan framkvæmdastjóra í aprílmánuði. Til starfsins var ráðin Þóra Leifsdóttir og tók hún við af Gunnari Ragnars sem lét af störfum í júní. Stjórn ÍBA færir Gunnari Ragnars bestu þakkir fyrir góð störf og óskar honum alls hins besta.

Á árinu 2008 voru haldnir 5 formannafundir. Á formannafundina mættu auk stjórnar ÍBA fulltrúar ÍRA og ÍSÍ er til-efni var til.

Í byrjun maí leitaði stjórn ÍBA eftir því við ÍRA að gerðir yrðu rekstrarsamningar við Fimleikafélagið, Sundfélagið Óðinn, Skíðafélagið og Ungmennafélagið með það að markmiði og þessi félög gætu ráðið starfsmann í hlutastarf. Umræður fóru vel af stað en strönduðu síðar á árinu vegna ástandsins í þjóðfélaginu.

Í byrjun júní var efnt til fundar áhugamanna til að undirbúa stofnun afreksbrautar í íþróttum við framhaldsskólana á Akureyri. Þar voru á ferð íþróttakennarar skólanna, fulltrúar íþróttafélaga og skólameistarar framhaldsskólanna. Samþykkt var að hefja verkefnið með einum tíma á viku með áherslu á íþróttagreinarnar: Knattspyrnu, blak, handbolta, skíði og frjálsar íþróttir.

Á formannafundi ÍBA í júní var farið yfir hugmyndir vegna vinnu við að gera drög að afreks- og íþróttastefnu Akureyrarbæjar og starfsáætlun lögð fram. Málinu var komið í góðan farveg og kallað eftir fulltrúum frá aðildarfélögum til starfsins.

Fyrri hluta ársins var starfandi Fjölgreinafjör en um rekstur þess hafði verið samið við ÍRA og skólanefnd haustið 2007. Almenn ánægja var með framkvæmdina sem tengd var við skólavistun grunnskólanna. Bæjaryfirvöld treystu sér ekki til þess að halda starfinu áfram en skólanefnd og íþróttaráð höfðu lagt til starfsmann og lagðist Fjölgreinafjórið því af.

Við endurnýjun á gólfi Íþróttahallarinnar, en það var parketlagt sumarið 2008, flutti Akureyri handboltafélag keppni-ir sína þangað og flestar æfingar líka. Því varð nokkur breyting á úthlutun á tímum í íþróttamannvirkjunum.

Í lok ágúst skilaði ÍBA uppgjöri og fjárhagsáætlun allra aðildarfélaga til ÍRA.

Stjórn ÍBA lagði enn til að á árinu yrði hafist handa við að rita Íþróttasögu Akureyrar. Málið var kynnt fyrir fulltrú-um Akureyrarbæjar og sótt um styrk til verksins til Fjárlaganefndar Alþingis, styrkurinn fékkst ekki svo málinu var aftur slegið á frest.

Efnahagshrunið á Íslandi hafði áhrif innan íþróttahreyfingarinnar eins og annars staðar í þjóðfélaginu. Við hjá ÍBA hvöttum aðildarfélögin til þess að fylgjast vel með öllum hugsanlegum afleiðingum þess, vera vakandi yfir velferð skjól- stæðinga sinna og stuðla að því að enginn þyrfti að hætta að stunda íþróttir vegna fjárskorts.

Val á Íþróttamanni Akureyrar var með svipuðu sniði og á síðasta ári. Undirbúningsnefnd undir stjórn Fríðu Pétursdóttur, ritara ÍBA annaðist undibúning og framkvæmd þessarar uppskeruhátíðar sem fram fór í Ketilhúsinu 14. janúar 2009. Auk Fríðu voru í nefndinni Tryggvi Gunnarsson KA, Halldór Arinbjarnarson Óðni, Rúnar Haukur Ingimarsson Þór og Óskar Þór Halldórsson var fulltrúi frá fjölmiðlum á Akureyri og annaðist kynningu í athöfninni.

Öll aðildarfélög ÍBA tilnefna sinn íþróttamann og skila rökstuðningi og yfirliti yfir afrek hvers þeirra. Það eru stjórn ÍBA og fulltrúar fjölmiðla, sem hafa starfsmann sem ritar að jafnaði/eða segir frá íþróttum á Akureyri, sem velja úr þeim hópi íþróttamann Akureyrar.

Íþróttamaður Akureyrar árið 2008 var Rakel Hönnudóttir knattspyrnukona í Þór/KA

Þróstur Guðjónsson, formaður



Íþróttabandalag Akureyrar Ársskýrsla 2009

Á fyrsti fundi stjórnar ÍBA var farið yfir stöðu mála í samfélaginu og var almennt talið að starfsemi íþróttafélaganna væri í góðu horfi.

Formaður sat fund á vegum forvarnarfulltrúa Akureyrarbæjar um verkefnið Ungmennni í vanda.

Þann 15. febrúar lést Sigbjörn Gunnarsson, varaformaður ÍBA, eftir erfið veikindi og Haukur Valtýsson tók við varaformennsku.

Í febrúar voru tilnefndir fulltrúar á væntanlegt ÍSÍ þing í apríl 2009. ÍBA átti 7 fulltrúa á þinginu og fóru fjórir úr stjórn ÍBA, einn frá KA, einn frá Þór og einn frá Skotfélagi Akureyrar.

Í apríl var ný og glæsileg reiðhöll vígð við Hillíðarholt og Bíla-klúbbur Akureyrar hóf framkvæmdir á nýju svæði við Glerá í lok maí. Glæsileg aðstaða til iðkunar frjálsra íþrótta ásamt knattspyrnuvelli var tekin í notkun á íþróttasvæðinu við Hamar og er brýnt að sú aðstaða verði vel nýtt í samstarfi Þors og UFA.

9.-12. júlí 2009 var Landsmót UMFÍ haldið á Akureyri. Af því tilefni tilnefndi stjórn ÍBA 3ja manna undirbúningsnefnd til að það stuðla að því að ÍBA ætti þátttakendur í öllum greinum.

Nefndina skipuðu Áslaug Kristjánsdóttir, Hörður Sigurharðarson og Ármann Ketilsson. Nefndin vann mikið undirbúningsstarf og alls tóku 240 manns frá aðildarfélögum ÍBA þátt í Landsmótinu. Til að heildasvipur þátttakenda frá ÍBA yrði sem glæsilegastur voru keyptir íþróttagallar á alla þátttakendur með merki ÍBA og niðurgreiddi Bandalagið íþróttagallana að hálfu og greiddi auk þess þátttökugjöld fyrir alla. Talsverð spenna var í keppendahópnum þegar mótið hófst en að lokum stöðu þátttakendur ÍBA uppi sem sigurvegarar í heildarstigagjöf mótsins. Þetta er í fyrsta skipti á Landsmóti UMFÍ sem íþróttabandalag fer með sigur af hólmi.

ÍBA þakkar öllum sem komu að þessu verkefni en það verður trúlega erfitt að endurtaka.

Í byrjun júlí var haldinn fundur varðandi framhald afreksbrautar í framhaldsskólunum og farið yfir verkefnið frá síðasta vetri. Þótti vel hafa til tekist og ákveðið var að fjölga tímum í tvo á viku skólaárið 2009-2010.

ÍBA skilaði til ÍRA uppgjöri og áætlunum aðildarfélaganna í byrjun september skv. samskiptasamningi.

Í byrjun september var ákveðið að stofna nefnd til þess að undirbúa Vetrariþróttahátíð ÍSÍ 2010 á Akureyri. Frá 1970 hefur verið haldin Vetrariþróttahátíð ÍSÍ á tíu ára fresti. Nefndina skipuðu Þröstur Guðjónsson ÍBA, Viðar Sigurjónsson ÍSÍ, Kristinn Svanbergsson ÍRA og Guðmundur Karl Jónsson VMÍ. Haft var samband við þau félög er standa að vetrariþróttum á Akureyri og komið á tengslaneti. Hvert félag tók að sér undirbúning viðburða á sínu sviði.

Í október voru stjórn ÍBA kynnt drög að afreksstefnu Akureyrarbæjar og lýsti stjórnin ánægju með afreksstefnuna og vonar að henni verði hrint í framkvæmd sem fyrst.

Á formannafundi ÍBA í desember var nokkur umræða um orkudrykki og skaðsemi þeirra fyrir ungt fólk. Fulltrúi ÍRA og Valur Helgi Kristinsson, læknir fræddu fundarmenn um þessi mál og hvöttu félögin til þess að koma umræðunni áfram til félaga sinna. Þá var einnig rætt um það hvernig bæta megi kynningu á íþróttahreyfingunni hér í bæ.

Val á Íþróttamanni Akureyrar fór fram á svipaðan hátt og árið 2008. Undirbúningsnefnd, undir stjórn Friðu Pétursdóttur, undirbjó og sá um þessa glæsilegu uppskeruhátíð. Í nefndinni voru Friða Pétursdóttir ÍBA, Tryggvi Gunnarsson KA, Halldór Arinbjarnarson Óðni, Rúnar Haukur Ingimarsson Þór og Óskar Þór Halldórsson fulltrúi fjölmiðla. Kjörinu var lýst í Ketilhúsinu þann 13. janúar 2010.



Að valinu var staðið á sama hátt og árið 2008. Markmiðið með vali á íþróttamanni Akureyrar er að öll aðildarfélög Bandalagsins velji sinn íþróttamann og rökstyðji valið með vandaðri kynningu sem send er inn til nefndarinnar sem sér um valið á íþróttamanni Akureyrar.

Íþróttamaður Akureyrar árið 2009 er Bryndís Rún Hansen, Sundfélaginu Óðni.

Í gildi er ítarlegur samstarfssamningur milli ÍBA og ÍRA sem er orðin ástæða til að taka til endurskoðunar enda hefur borið á sambandsleysi og e.t.v. misskilningi á því hvernig samstarfið eigi að vera.

Ný félög eru að bætast í hópinn, þar má nefna Knattspyrnufélagið Draupni og Karatefélag Akureyrar sem sóttu um inngöngu í ÍBA á árinu 2008. Einnig hafa borist umsóknir frá Kraftlyftingafélagi Akureyrar og Svifflugfélagi Akureyrar, þannig að aðildarfélögum fjölga enn.

Innan ÍBA eru nokkur fyrirmyndarfélög ÍSÍ. Markmiðið var að öll aðildarfélög ÍBA yrðu fyrirmyndarfélög fyrir árslok 2008. Þetta markmið hefur ekki náðst og spurningin er hvort hvatinn til þess að verða fyrirmyndarfélag sé nægur. Félögnum finnst þetta ekki skila miklu en leggja þarf í mikila vinnu til þess að verða fyrirmyndarfélag og viðhalda því.

Aðildarfélög ÍBA eru með mikla og fjölbreytta starfsemi og er sú vinna að mestu unnin í sjálfboðavinnu. Stjórn ÍBA vill hvetja aðildarfélögin til að standa skil á starfsskýrslum til ÍSÍ og öðru er snýr að samskiptum við Bandalagið og opinbera aðila á réttum tíma.

ÍBA hefur átt fulltrúa í VMÍ frá upphafi. VMÍ hefur í gegnum árin, í samstarfi við Akureyrbæ, staðið að uppbyggingu í Hlíðarfjalli og Skautahöllinni ásamt fleiru.

ÍBA hefur átt fulltrúa í stjórn Afrekssjóðs Akureyrbæjar frá upphafi. Afrekssjóðurinn hefur árlega staðið að úthlutun styrkja til landsliðsfolks í einstaklings- og hópíþróttum.

Það er skoðun ÍBA að það þurfi að efla Afrekssjóðinn og að styrkir til kvenna í hópíþróttum verði settir inn í samninga sem viðkomandi íþróttafélög hafa við Akureyrbæ.

Öll aðstaða til iðkunar íþróttar hér á Akureyri er til fyrirmyndar í alla staði og stöðugt unnið að því að bæta hana. ÍBA hvetur bæjaryfirvöld til áframhaldandi sóknar í þessum málum því þetta er eitt af því sem styrkir gott fjölskyldulíf hér í bæ.

ÍBA er samnefni allra íþróttafélaga í bænum og vinnur jafnt fyrir þau öll. Íþróttabandalag Akureyrar þakkar Akureyrbæ fyrir samstarfið á liðnum árum.

Pröstur Guðjónsson, formaður



Minning

Sigbjörn Gunnarsson

f. 2. maí 1951, d. 15. feb. 2009



Sigbjörn Gunnarsson stundaði íþróttir á yngri árum, lék t.d. bæði knattspyrnu og handknattleik með Knattspyrnufélagi Akureyrar í mörg ár. Hann gegndi ýmsum trúnaðarstörfum innan íþróttahreyfingarinnar m.a. fyrir KA, KSÍ og GA og sat um tíma í íþróttaráði Akureyrar.

Á 58. ársþingi Íþróttabandalags Akureyrar 2008 var Sigbjörn kosinn í stjórn ÍBA og á fyrsta stjórnarfundum nýrrar stjórnar var hann valinn varaformaður.

Íþróttabandalag Akureyrar þakkar mikil og óeigingjörn störf Sigbjörns að íþróttamálum á Akureyri.

Blessuð sé minning Sigbjörns Gunnarssonar.



Íþróttabandalag Akureyrar 65 ára 1944-2009

Íþróttabandalag Akureyrar er 65 ára um þessar mundir, en það var stofnað 20. desember árið 1944. Á sextíu ára afmæli bandalagsins árið 2004 var stöðu og starfsemi þess gerð ítarleg skil, en í nokkrum orðum skal nú gerð grein fyrir því helsta sem hefur einkennt starfsemina á fyrsta áratug þessarar aldar.

Í október 2001 var ráðist í að gera samning á milli ÍBA og Akureyrarbæjar um samskipti þessara aðila og aðkomu bæjarins að starfi íþróttahreyfingarinnar í bænum. Hér var um merk tímamót að ræða þar sem fest voru í samningsform ýmis atriði, sem lengi höfðu verið í þessum samskiptum, auk þess sem nokkur nýmæli voru tekin upp. Rekstrar og fjárhagsmál höfðu lengi verið eitt af stærstu vandamálum íþróttafélaganna og var þess nú freistað að koma þeim málum í betra horf og lagði bærinn fram verulegar fjárhæðir í því sambandi. Í framhaldi af því var ákveðið að auka styrkveitingar til bandalagsins í því skyni að gera því kleyft að fylgjast með fjármálum hreyfingarinnar og einstökum félögum innan vébanda þess. Þetta var einmitt eitt af þeim skilyrðum sem bæjaryfirvöld settu um leið og fjárhagsleg endurskipulagning fór fram með atbeina þeirra. Var bandalagið nú komið í þá stöðu að hafa bolmagn til þess að opna skrifstofu og ráða starfskraft til þess að veita henni forstöðu. Starfssvið skrifstofunnar var margþætt, en aðaláherslan var lögð á að hafa eftirlit með rekstri einstakra félaga innan vébanda þess og vera nokkurs konar tengiliður á milli þeirra og bæjarins varðandi fjármál og rekstur. Í áður nefndum samningi hafði ÍBA skuldbundið sig til þess, fyrir hönd félaganna, að halda rekstri þeirra í viðunandi horfi. Skrifstofan tókst þannig á hendur umsjón með bókhaldi fyrir þau félög, sem sérstaklega þurftu þess með, og ennfremur var hún til ráðgjafar í rekstrar og fjárhagsmálum. Það er óhætt að fullyrða að þessar breytingar og inngríp áttu stóran þátt í því, að rekstrar og fjárhagsmálefni íþróttahreyfingarinnar á Akureyri færðust til betri vegar og leiddu til þess, að ábyrgðartilfinning forráðamanna hinna ýmsu félaga jókst til mikilla muna. Hins vegar er alveg ljóst, að þessi mál eru mjög viðkvæm og verða menn að vera á stöðugri vakt til þess að þau fari ekki úrskaiðis.

Annað stórt verkefni sem ÍBA hefur haft á sínum herðum er að samræma stefnu íþróttahreyfingarinnar varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja á vegum bæjarins og koma fram fyrir hönd hennar gagnvart bæjaryfirvöldum. Hefur bandalagið lagt fram stefnu sína og endurskoðað hana með jöfnu millibili þar sem oft hefur gengið hægt að koma henni áleiðis, en einnig vegna þess að forsendur eru oft fljótur að breytast og því nauðsynlegt að slík stefna sé ætíð í samræmi við breyttar aðstæður. Tekið skal fram að samvinna við Íþróttaráð Akureyrar hefur ætíð verið með miklum ágætum.

Merkur áfangi í samskiptunum við Akureyrarbæ náðist í janúar 2006 þegar gengið var frá samstarfssamningi á milli Akureyrarbæjar og nokkurra félaga innan vébanda ÍBA. Slíkir samningar höfðu að vísu verið gerðir árið 2001 við 4 stærstu félögin, en alltaf hafði staðið til að slíkt yrði einnig gert við önnur félög og var það mál þá loksins komið í höfn. Samningar þessir eru mjög mikilvægir og tengja betur saman þessa aðila, sem eiga mikið í húfi að mál séu í réttum og góðum farvegi.

Með nokkru millibili hefur stjórn ÍBA haldið formlega fundi með aðildarfélögunum þar sem rædd hafa verið hin ýmsu hagsmunamál þeirra. Hafa fundir þessi verið mjög gagnlegir, en þar hafa jafnan komið fram atriði, sem mjög brenna á félögunum og hafa í sumum tilfellum leitt til þess að úrbætur í þeim hafa fengist. Með hliðsjón af jákvæðri útkomu slíkra funda var ákveðið að koma á slíkum beinum tengslum við ÍRA. Fundir þessir voru haldnir í janúar og febrúar 2008 og gáfu góða raun. Þar gafst forráðamönnum hinna ýmsu félaga kostur á að koma milliliðalaust áhugamálum sínum og vandamálum á framfæri við fulltrúa bæjaryfirvalda auk þess sem þeir fengu góða innsýn í starfsemi félaganna. Fundir þessir þóttu gefa mjög góða raun og grundvöllur afreksstefnu Akureyrarbæjar sem verður væntanlega birt innan skamms.

Þessar fáu línur og þau atriði sem þar koma fram gefa nokkra innsýn í nokkur af mikilvægustu málaflökkum, sem ÍBA hefur á sinni könnu og hafa verið í stöðugri þróun á síðustu árum. Starf skrifstofunnar hefur verið í sífelldri þróun og verið þungamiðjan í því að skapa bandalaginu stöðu, sem samnefnari fyrir íþróttahreyfinguna í bænum. Aðildarfélögin eru nú 18 talsins og ná yfir flestar þær íþróttagreinar sem einhverju máli skipta. Starfsemi þeirra er einn af mikilvægustu þáttum í samfélaginu á Akureyri og má í því sambandi geta þess að um 3.500 börn og unglingar iðka íþróttir inna vébanda þeirra. Bæjaryfirvöldum hefur alla tíð verið þetta ljóst enda er stuðningur Akureyrarbæjar við íþróttahreyfinguna mjög mikill og stenst allan samanburð við stuðning annarra bæjarfélaga. Íþróttabandalagið þakkar stuðning bæjarins við þessi mikilvægu málefni en þá er vert að geta óvenju myndarlegs framlags Samherja hf. til íþróttar og æskulýðsfélaga síðastliðin tvö ár og þeim færðar þakkir fyrir þeirra framlag.

Íþróttabandalag Akureyrar lítur jákvæðum augum fram á veginn, þótt ef til vill blási vindar á móti um sinn. Bandalagið mun hér eftir sem hingað til leitast við að sinna hlutverki sínu sem regnhlífarsamtök eins vel og kostur er og þoka málum til áframhaldandi betri vegar.

Skrifað í desember 2009

Gunnar Ragnars

Stjórn og nefndir

Á aðalfundi Skíðafélags Akureyrar (SKA) þann 7. nóvember 2007 var kosin ný stjórn:

| | |
|---------------------------|---------------|
| Björn Gunnarsson | formaður |
| Tómas Ingi Jónsson | varaformaður |
| Björk Guðmundsdóttir | gjaldkeri |
| Hildigunnur Svavarsdóttir | ritari |
| Margrét Melstað | meðstjórnandi |
| Halldór Jóhannsson | meðstjórnandi |
| Aðalgeir Hallgrímsson | meðstjórnandi |
| Dagbjartur Halldórsson | meðstjórnandi |
| Guðmundur B. Guðmundsson | meðstjórnandi |

Stjórn SKA fundar að jafnaði tvisvar í mánuði. Fundir eru haldnir í fundaraðstöðu ÍBA. Í félaginu starfa tvær sérgreina-nefndir (alpagreina-nefnd og skíðagöngunefnd) og sex starfsnefndir (barna- og unglínganefnd, ferðanefnd, fjárhagsnefnd, mótanefnd, fræðslu- og útbreiðslunefnd og Andrésar Andarnefnd).

Æfingar og keppni

Starfssemin veturinn 2007-2008 var með hefðbundnum hætti. Eftir tilkomu snjóframleiðslu í Hlíðarfjalli þá hefjast reglulegar æfingar á snjó í nóvember og standa út apríl. Skíðvertíðin er því að jafnaði bæði lengri og stöðugri en áður. Fjölmörg mót voru haldin. Að venju voru Akureyrarmót, FIS- og bikarmót. Unglingameistaramót Íslands var haldið í apríl og þótti það takast vel. Það sama má segja um Andrésarleikana sem voru haldnir í 33. sinn. Í mars var haldin almennings-skíðaganga fyrir konur – „Í spor Þórunnar Hyrnu“. Þetta er fyrsta kvennaskíðaganga á Íslandi og voru þátttakendur um 70. Vonast er til að þetta verði árviss viðburður með æ fleiri þátttakendum. Svo mörg og fjölmenn skíðamót kalla á mikinn undirbúning og gríðarlegan tímafjölda í sjálfböðavinnu. Góð aðstaða í Hlíðarfjalli og öflugt starf SKA dregur til bæjarins mikinn og vaxandi fjölda ferðamanna.



Andrésarleikarnir voru haldnir í 33. sinn.

Afreksfólk á skíðum

Skíðafélag Akureyrar ber höfuð og herðar yfir keppinauta sína, enda er fjöldi iðkenda mikill og aðstaða til skíðaiðkunar hvergi betri hér á landi en í Hlíðarfjalli. Aðstaðan batnar ár frá ári, en þó vantar enn talsvert upp á að æfinga- og keppnis-aðstaða sé eins og hún gerist best erlendis. Félagið átti sem fyrr fjölmarga landsliðsmenn og konur sem margir njóta stuðnings Afreks- og styrktarsjóðs Akureyrarbæjar.



Iðkendur í röðum félagsins sópuðu að sér titlum og viðurkenningum. Hæst ber þar þátt Dagnýjar Lindu Kristjánsdóttur sem hætti keppni vorið 2008. Á keppnisferlinum keppti Dagný Linda á 316 alþjóðlegum mótum og varð 18 sinnum Íslandsmeistari á skíðum.

Landsliðsmenn 2008

| | |
|-----------------------------|-------------|
| Andri Steindórsson | Ganga |
| Ágúst Freyr Dansson | Alpagreinar |
| Björn Ingason | Alpagreinar |
| Brynjar Leó Kristinsson | Ganga |
| Dagný Linda Kristjánsdóttir | Alpagreinar |
| Gunnar Þór Halldórsson | Alpagreinar |
| Halla Sif Guðmundsdóttir | Alpagreinar |
| Inga Rakel Ísaksdóttir | Alpagreinar |
| Íris Guðmundsdóttir | Alpagreinar |
| Jón Viðar Þorvaldsson | Alpagreinar |
| Katrín Kristjánsdóttir | Alpagreinar |
| Pétur Stefánsson | Alpagreinar |
| Sigmar Örn Hilmarsson | Alpagreinar |
| Sigurgeir Halldórsson | Alpagreinar |
| Stefán Jón Sigurgeirsson | Alpagreinar |
| Tinna Dagbjartsdóttir | Alpagreinar |

Íslandsmeistarar 2008

| | |
|-------------------------|---|
| Andri Steindórsson | 30 km ganga frjáls aðferð, 15 km ganga hefðbundin aðferð, göngutvíkeppni SMÍ, boðganga karla 3x7,5 km |
| Ágúst Freyr Dansson | Stórsvig 17-19 ára |
| Björn Ingason | Samhliðasvig 17-19 ára |
| Brynjar Leó Kristinsson | 15 km ganga frjáls aðferð, 10km ganga hefðbundin aðferð, 10 km ganga frjáls aðferð, göngutvíkeppni SMÍ, boðganga karla 3x7,5 km |
| Dagný L Kristjánsdóttir | Stórsvig, svig og alpatvíkeppni |
| Eyþór Arnarson | Samhliðasvig 15-16 ára |
| Gauti Baldvinsson | Sprettboðganga drengja 13-16 ára |
| Hanna Dögg Maronsdóttir | 10 km ganga, frjáls aðferð |
| Jón Viðar Þorvaldsson | Alpatvíkeppni 17-19 ára |
| Jón Þór Guðmundsson | Boðganga karla 3x7,5 km |
| Katrín Kristjánsdóttir | Stórsvig, svig og alpatvíkeppni 15-16 ára |
| María Guðmundsdóttir | Stórsvig, svig, samhliðasvig og alpatvíkeppni 14 ára |
| Ólafur Birgir Björnsson | Sprettboðganga drengja 13-16 ára |
| Róbert Ingi Tómasson | Svig, stórsvig og alpatvíkeppni 13 ára |
| Sigurgeir Halldórsson | Stórsvig, svig og alpatvíkeppni 15-17 ára |
| Stefán J Sigurgeirsson | Svig 17-19 ára |
| Tinna Dagbjartsdóttir | Samhliðasvig 15-16 ára |

Stjórn SKA þakkar öllum þeim sem komu að starfi félagsins fyrir gott starf. Hjónin Dagbjartur Halldórsson og Kristveig Óladóttir fá sérstakar þakkir fyrir höfðinglegan stuðning við félagið.

Akureyri, 1. mars 2010
Björn Gunnarsson, formaður

Skíðafélag Akureyrar

Ársskýrsla 2009 (veturinn 2008-2009)

Stjórn og nefndir

Ný stjórn var kosinn á aðalfundi Skíðafélags Akureyrar (SKA):


| | |
|---------------------------|---------------|
| Björn Gunnarsson | formaður |
| Margrét Melstað | varaformaður |
| Svala Jónsdóttir | gjaldkeri |
| Hildigunnur Svavarsdóttir | ritari |
| Halldór Jóhannsson | meðstjórnandi |
| Gísli Einar Árnason | meðstjórnandi |
| Tómas Ingi Jónsson | meðstjórnandi |

Stjórn SKA fundaði 20 sinnum á starfsárinu. Auk stjórnar þá starfa tvær sérgreinanefndir (alpagreinanefnd og skíðagöngunefnd og sex starfsnefndir (barna- og unglinganefnd, ferðanefnd, fjárhagsnefnd, mótanefnd, fræðslu- og útbreiðslunefnd og Andrésar Andarnefnd).

Æfingar og keppnir

Starfssemi félagsins veturinn 2008-2009 var með hefðbundnum hætti. Haldin Akureyrarmót fyrir börn og unglinga, auk FIS- og bikarmóta. Skíðamót Íslands var haldið í apríl í frábæru veðri. Við það tækifæri var haldið upp á 70 ára afmæli skíðafélaga á Akureyri. Að því tilefni var sett upp sýning á gömlum búningum og búnaði á Glerártorgi og Skíðablaðið





gefið út eftir nokkurt hlé. Mikil ánægja var með mótahaldið og alla umgjörð mótsins. Andrésarleikarnir voru haldnir í 34. sinn. Keppendur voru um 800. Í fyrsta skipti var keppt í flokki fatlaðra, Stjörnuflokki. Mótið hefur skipað sér sérstakan sess í hugum allra skíðamanna á Íslandi og tilhlökkunarefni að halda afmælisleika árið 2010. Í mars var í annað sinn haldin almenningsskíðaganga fyrir konur – „Í spor Þórunnar Hyrnu“. 113 konur og stúlkur nutu þess að ganga eins langt og hratt og þær vildu í góðum félagsskap. Þrátt fyrir efnahagskreppu og vöntun á ýmsu efnislegu og lokunum dag og dag í sparnaðarskygni, þá er þessi vetur f.o.f minnstæður fyrir gríðarlega mikil snjóalög og frábært veður til æfinga og keppni á skíðum.

Afreksfólk á skíðum

Árangur afreksfólks í Skíðafélagi Akureyrar var ágætur. Félagið átti sem fyrr fjölmarga landsliðsmenn og konur. Kvinnalandslið Skíðasambands Íslands í alpagreinum var eingöngu skipað Akureyringum. Það er margir ungir og efnilegir skíðamenn sem stefna á landsliðsæti og framtíðin því björt hvað þetta varðar. Á næstu síðu er upptalning á landsliðsmönnum og Íslandsmeisturum úr röðum SKA veturinn 2008-2009.

Landsliðsmenn

| | |
|--------------------------|---|
| Sigurgeir Halldórsson | Alpagreinar – A landslið |
| Íris Guðmundsdóttir | Alpagreinar – A landslið |
| María Guðmundsdóttir | Alpagreinar – A landslið |
| Katrín Kristjánsdóttir | Alpagreinar – A landslið |
| Halla Sif Guðmundsdóttir | Alpagreinar – A landslið |
| Tinna Dagbjartsdóttir | Alpagreinar – A landslið / Junior2 unglingslandslið |
| Gunnar Þór Halldórsson | Alpagreinar – Junior2 Unglingslandslið |
| Karen Sigurbjörnsdóttir | Alpagreinar – Junior1 Unglingslandslið |
| Róbert Ingi Tómasson | Alpagreinar – Junior1 Unglingslandslið |
| Sigmar Örn Hilmarsson | Alpagreinar – Fis lið. |
| Björn Ingason | Alpagreinar – Unglingalið |
| Eyþór Arnarsson | Alpagreinar – Unglingalið |
| Jón Viðar Þorvaldsson | Alpagreinar – Fis lið |
| Ágúst Freyr Dansson | Alpagreinar – Fis lið |
| Andri Steindórsson | Skíðaganga – A landslið |
| Brynjar Leó Kristinsson | Skíðaganga – A landslið |



Íslandsmeistarar

| | |
|----------------------------|--------------------------------|
| Íris Guðmundsdóttir | Stórsvig konur |
| Íris Guðmundsdóttir | Stórsvig 17-19 ára |
| Íris Guðmundsdóttir | Samhliðasvig konur |
| María Guðmundsdóttir | Svig konur |
| María Guðmundsdóttir | Alpatvíkeppni konur |
| María Guðmundsdóttir | Svig 15-16 ára |
| María Guðmundsdóttir | Stórsvig 15-16 ára |
| María Guðmundsdóttir | Samhliðasvig 16-16 ára |
| María Guðmundsdóttir | Alpatvíkeppni 15-16 ára |
| Katrín Kristjánsdóttir | Svig 17-19 ára |
| Katrín Kristjánsdóttir | Alpatvíkeppni 17-19 ára |
| Sigurgeir Halldórsson | Stórsvig 17-19 ára |
| Sigurgeir Halldórsson | Alpatvíkeppni 17-19 ára |
| Róbert Ingi Tómasson | Samhliðasvig 14 ára |
| Kolbrún Lilja Hjaltadóttir | Svig 13 ára |
| Andri Steindórsson | 30 km ganga, hefðbundin aðferð |
| Andri Steindórsson | Sprettganga, frjáls aðferð |
| Andri Steindórsson | Boðganga karla |
| Andri Steindórsson | Göngutvíkeppni |
| Brynjar Leó Kristinsson | 15 km ganga, frjáls aðferð |
| Brynjar Leó Kristinsson | Boðganga karla |
| Brynjar Leó Kristinsson | Boðganga karla |

Stjórn SKA þakkar öllum sem komu að starfi félagsins fyrir óeigingjarnt starf. Sértafar þakkir fá SAMHERJI hf., Kristján Vilhelmsson og Kolbrún Ingólfssdóttir fyrir höfðinglegan stuðning við félagið.

Akureyri, 1. mars 2010
Björn Gunnarsson, formaður



Fimleikafélag Akureyrar

Ársskýrsla 2008

Skýrsla stjórnar

Fimleikafélags Akureyrar hefur verið að eflast mikið síðustu ár og umfang um allan rekstur félagsins orðin gífurlegur. Í dag höfum við yfir að ráða 32 tímum í íþróttahúsinu við Glerárskóla, iðkendur eru um 400 í 25 hópum talsins og þjálfarar eru 35 hjá félaginu. Starf félagsins er margþætt og fjölbreitt markmið gera það að verkum að sem flestir finna sér eitt-hvað við hæfi innan okkar vébanda.

4 til 5 ára hópar æfa einu sinni í viku á laugardögum, og aðrir iðkendur eru að æfa á virkum dögum.

Í vetur fórum við í gang með 3 og 4 ára hópa á virkum dögum, sökum plássleysis á laugardögum, eins fór í gang hópur sem heitir Jumpers og eru það strákar á aldrinum 10-16 ára sem æfa einu sinni í viku eins og fullorðnir.

Kostnaður við fimleikaæfingar er frá 11000-50000 þús. hver önn og fer það eftir tímafjölda. Systikaafsláttur er 25%, í vetur úthlutaði Samherji okkur styrk upp á 4 milljónir og skiptum við honum niður á æfingagjöld og keppnisferðir. Þ.e hvert grunnskólabaran fær 5000 króna niðurgreiðslu á æfingagjöldum og hver keppandi fær 6500 króna niðurgreiðslu á keppnisferð einu sinni á önn. Restinni af peningunum verður úthlutað næsta haust.

Stjórn FA hefur sinnt hefðbundnum stjórnarstörfum þetta starfsárið, ásamt því að halda foreldrafundi fyrir iðkendur í samráði við foreldrafélag. Fundað er einu sinni til tvisvar í viku á starfstímanum. Mikið hefur verið í gangi við uppbyggingu í félaginu þennan vetur, peningamálin eru komin í réttan farveg, og allar reglur og upplýsingar þá sérstaklega sem snúa að keppnisferðum til á blaði og öllum aðgengilegar sem vilja nýta sér þær.

Á aðalfundi sl. vetur gengu úr stjórn Andi Teitson meðstjórnandi, og Friðbjörn Möller formaður. Í stað þeirra komu Hrafnhildur Guðjónsdóttir og Inga Stella Pétursdóttir.

Í maí var lokasýning, vorsýning í höllinni hjá félaginu og var húsfyllir á þá sýningu, eins og aðrar sýningar og mót hjá FA.

Nokkur mót voru á vegum félagsins á árinu bæði innanfélagsmót þar sem keppt er í hópum og einstaklingskeppnum og Akureyrafjör sem er stærst keppnin okkar og tekur undirbúningur þar langan tíma. Nokkur lið komu og heimsóttu okkur og skemmtu allir sér mjög vel. Stjórnin hefur haldið utan um svona mót ásamt þjálfurum og allir vinna sjalfboðavinnu með bros á vör. Á Akureyrafjöri voru tæplega 100 stúlkur sem kepptu og komu frá Ármanni, Björk og Fimak. Akureyrarsprell er haldið fyrir þá hópa sem ekki fara í burtu í keppnisferðir og fá þannig allir að keppa a.m.k einu sinni á hverjum vetri.

Starfinu var haldið áfram hjá nokkrum hópum efti vorsýningu og var starfað fram í júní, og var það mjög gott innlegg í fimleikana. Og er stefna félagsins að halda úti sumarstarfi í fimleikunum á meðan Glerárskóli er opinn

FA státar af góðum þjálfurum sem hafa starfað lengi hjá félaginu. Mjög góður starfsandi hefur verið í vetur hjá þjálfurum og hefur það skilað sér í starfinu, með skemmtilegum æfingum og góðri útkomu á mótum.

Að hausti ber stjórn ábyrgð á því að koma starfi félagsins af stað á nýjan leik, sú vinna hefst raunar á vormánuðum þegar allir þjálfarar eru kallaðir saman og farið er yfir iðkendur og reynt að skipuleggja gróflega í hópa fyrir næsta vetur. Heimtur hafa verið góðar að hausti

Húsnæðismál voru í miklum brennidepli þetta árið eins og áður, og eins og allir vita er húsið risið en seinkun er á framkvæmdum en vonumst við eftir að hægt verði að komast inn og byrja að æfa í mars 2010. auðvitað er engin sáttur við þessa seinkun og hefur stjórnin ásamt Florin verið í sambandi við bæjaryfirvöld útaf þessum málum.



Jólasýning var haldin í desember og mættu for-eldrar og tóku þátt í æfingum með börnunum gekk hún vel fyrir sig og eins og á vorsýningu þá var fullt út úr dyrum.

Ferðastyrk fengum við frá FSÍ uppá 62.000 krónur aðra styrki höfum við ekki fengið á árinu, sóttum um í ferðasjóð Akureyrarbæjar en fengum ekki. Samherji veitti félaginu gífurlegan styrk að verðmæti 4 milljónir eins og fyrr segir.

FA hefur á árinu sent fréttatilkynningar í fjölmiðla norðanlands og fengið ágæta umfjöllun þar. Eins koma öll úrslit og tilkynningar inná heimasíðuna okkar og er hún mjög virk.

Foreldrafélag heldur utanum sýningar og mót ásamt stjórn.

Þjálfarafundir hafa verið því sem næst einu sinni í mánuði það sem af er þessum vetri. Markmiðið er að þeir verði einu sinni í mánuði hið minnsta. Og mun stjórn einnig veita þjálfurum allan þann stuðning sem mögulegt er að veita á þeim tíma sem starfað er.

Florin Paun er nú titlaður yfirþjálfari hjá félaginu og viljum við í stjórn beina því til allra að ef uppi eru einhver álitamál með þjálfun að snúa sér til hans með það sem bjátar á. Ef hann metur það sem svo þá leitar hann til stjórnar.

Skrifstofa félagsins hefur verið opin einn til tvo daga í viku. Guðrún Vaka hefur sinnt því starfi í vetur, og ákvað stjórn fimak að hún fengi frí æfingagiöld fyrir dóttir sína fyrir að sinna þessu starfi. Það er ósk okkar að í náinni framtíð gætum við ráðið starfmann í framkvæmdastjórarstarf í hlutastarf það er virkilega þarft í svona stóru félagi, og er það hugmynd sem er í vinnslu núna og verkefni nýrra stjórnar að taka á.

Á skrifstofunni var á árinu seldur varningur s.s fimleikabolir, tátíljur og fleira. Enn var tekin sú ákvörðun að hætta með allar vörur nema fimleikagallana.

FA stendur ekki fyrir skipulagði fjáröflun efn oftast er nú fengnir styrkir í formi matar þegar farið er í ferðir eða á mótum.

Tilnefning FA til Íþróttamanns Akureyrar var Evíta Möller.

Farið var á nokkur mót á vegum FA og gengu þau vel og mikil upplifun fyrir okkar krakka að koma inni fimleikahús eins og mörg félög í Reykjavík státa af.

Á síðasta aðalfundi þegar farið var yfir ársreikninga voru kynntar óskilgreindar úttektir af reikningi félagsins, sem fyrrverandi formaður félagsins tók út. Sú leið var farin eftir ítrekaðar beiðnir um skýringu á þessum peningunum var sú að hóta lögreglurannsókn á málinu og í framhaldi af því hefur fyrrverandi formaður lýst yfir vanrækslu með peninga og bókhald félagsins og endaði málið með sátt um skriflegar skýringar á því í hvað peningarnir fóru, þrátt fyrir að margt af því sem tekið var útaf kortinu hefði alls ekki átt að vera tekið þaðan, sbr. matur í keppnisferðir. Ákveðið var að fara þessa leið í samráði við ÍBA og FSÍ.

Stjórn félagsins ákvað frekar að vinna að uppbyggingu félagsins, en að eyða meiri kröftum í rannsókn á þessu mjög svo leiðinlega máli.

Nú slæ ég botninn í þennan pistil en stiklað hefur verið á stóru frá atburðum félagsins.



Gerður Kolbrá.

Þórhildur Þórhallsdóttir, formaður FA



Fimleikafélag Akureyrar

Ársskýrsla 2009

Aðalfundur Fimleikafélags Akureyrar var haldin 27. mars 2009 í Glerárskóla. Ný stjórn var kjörin á fundinum, hana skipa:

Hrafnhildur Guðjónsdóttir, formaður
Guðný Andradóttir, varaformaður
Eva Reykjalin, gjaldkeri
Inga Stella Pétursdóttir, ritari
Jón Kristinn Sveinmarsson, meðstjórnandi

Úr stjórn fóru þær Berglind Túliníus og Þórhildur Þórhallsdóttir.

Starfið

Árið 2009 var gott og skemmtilegt ár hjá félaginu. Haldnir voru stjórnarfundir 1-2x í viku á starfstímanum ásamt því að sitja fundi með ÍBA, ÍTA, bæjarstjóra og fleira góðu fólki. Formannafundur FSÍ var haldin í janúar og var þar eitt af okkar aðal baráttumálum að fá FSÍ til að taka á sig allan kostnað varðandi dómara sem hingað til hefur verið greiddur af foreldrum. Öll aðildafélögin tóku undir þessa tillögu og nú stendur á stjórn FSÍ að taka endanlega ákvörðun.

Fimleikafélagið hefur vaxið ört á síðustu árum og er árið 2009 engin undantekning á því. Iðkendur félagsins eru um 480 í 25 hópum og þjálfarar 37 alls og þar með eru taldir þeir frábæru unglingar sem veita Ármanni aðstoð á laugardagsmorgnum með 4 og 5 ára börnin. Félagið hefur enn aðstöðu sína í íþróttasal Glerárskóla eins og undafarin ár og eru tímarnir 32 talsins og þyrftu að vera fleiri. Félagið hefur boðið upp á sumarfimleika sem hafa verið mjög vel sóttir og mun verða áframhalda af því.

Æfingargjöld félagsins hafa ekki hækkað síðustu ár og er kostnaðurinn frá 11.000-50.000 og reiknast það út frá fjölda æfingátíma. Systkinaaafsláttur er 25% og sá mikilvægi peningastyrkur sem við fengum frá Samherja árið 2008 að upphæð 4.000.000 gerði félaginu kleift að greiða niður æfingagjöld og keppnisferðir fyrir iðkendur 6-16 ára.

Þjálfara

Þjálfara félagsins hafa verið duglegi að sækja námskeið og ná sér í aukin réttindi. FSÍ hefur bæði boðið upp á námskeið í Reykjavík og hér á Akureyri og hefur félagið tekið þátt í þeim kostnaði sem af þeim hlýst. Þjálfararnir halda foreldrafundi í upphafi vetrar í samráði við foreldrafélagið og kynna þar fyrir foreldrum starf félagsins og hvað sé framundan.



Þrjú lið í hópfimleikum fóru á mót á Selfossi.



Íþróttamaður ársins Guðrún Jóna Brastardóttir.

Foreldrafélagið

Foreldrafélagið tekur virkan þátt í starfi félagsins, situr fundi með þjálfurum og foreldrum, tekur þátt í undirbúningi og vinnu við Akureyrarsprell, Akureyrarfjör, Jólasýningu og vorsýningu. Með þátttöku þeirra á mótum og sýningum verður allt starfið auðveldara og skemmtilegra.

Fjárhagur

Fjármál félagsins standa betur en áður og í lok ársins var félagið skuldlaust þrátt fyrir að árin áður hafi verið félaginu mjög erfið. Með bjartari tímum er það von félagsins að geta staðið betur fjárhagslega á bak við keppendur og greitt þann kostnað sem hlýst að þeim keppnisferðum sem farnar eru yfir árið.

Keppnir og sýningar

Akureyrarsprell var haldið í mars í áhaldafimleikum stráka í Glérarskóla og fyrir stelpur í 6. þrepi og stóðu keppendur sig með mikilli þrýði.

Akureyrarfjör fyrir stelpur í áhaldafimleikum og hóp fimleikum var haldið í KA heimilinu 4. apríl. Í áhaldafimleikum var félögum annað staðar af landinu boðin þátttaka og tókst mótið mjög vel.

Vorsýning félagsins var haldin 3. maí í Íþróttahöllinni og var hún mjög vegleg að vanda.

Keppendur félagsins fara á þau FSÍ mót sem haldin eru fyrir hvern hóp ásamt því að sækja vinamót víðsvegar um landið. Keppendur hafa staðið sig mjög vel og skila inn fjölda titla sem félagið getur státað af.

Fimleikamaður ársins

Fimleikamaður ársins var Guðrún Jóna Þrastardóttir og var hún tilnefning félagsins til íþróttamanns Akureyrar.

Fimleikahúsið við Giljaskóla

Árið 2009 var mikið baráttu ár hjá félaginu varðandi nýja fimleikahúsið við Giljaskóla. Útlitið var ekki gott um mitt ár en með haustinu fór málið að skýrast og byggingin gengur vel. Yfirþjálfari félagsins hefur ásamt Ármanni Ketilssyni unnið hörðum höndum að því að húsið verði búið þeim tækjum sem til þarf. Mikil tilhlökkun fylgir tilkomu þessa glæsilega fimleikahúss og mun félagið hefja starfssemi sína þar í ágúst 2010.

Framkvæmdastjóri/starfsmaður

Daglegur rekstur og umfang Fimleikafélags Akureyrar er orðið það viðamikili að stjórnin lítur svo á að ekki verði hjá því komsit að ráða framkvæmdastjóra/starfsmann í að minnsta kosti 50% starf sem fyrst. Akureyrarbær hefur ekki tók á að aðstoða félagið og því liggur fyrir að félagið verði að fá peninga annar staðar frá eða með hækkun æfingargjalda.

Stjórn félagsins þakkar öllum þeim sem komu að starfi Fimleikafélags Akureyrar á einhvern hátt árið 2009 fyrir samvinnuna. Þátttaka og stuðningur frá foreldrum og velunnurum skiptir félagið mjög miklu máli.



Akureyrarmeistarar félagsins 2009.



4. þrep í áhaldafimleikum á Akureyrarfjöri ásamt Evitu Alice Möller sem varð Akureyrarmeistari í 3. þrepi.

Akureyri 9. mars 2010,
Fimleikafélag Akureyrar,
Hrafnhildur Guðjónsdóttir formaður



Sundfélagið Óðinn Akureyri Ársskýrsla 2008

Aðalfundur Sundfélagsins Óðins var haldinn í kaffiteríu Íþróttahallarinnar á Akureyri 9. apríl 2008.

Ný stjórn var kjörin á fundinum, hana skipa:

| | |
|--------------------------|---------------|
| Ásta Birgisdóttir | formaður |
| Ólína Freysteinsdóttir | varaformaður |
| Sigríður Einarsdóttir | gjaldkeri |
| Unnur A. Kristjánsdóttir | ritari |
| Halldór Arinbjarnarson | meðstjórnandi |
| Stefán Hallgrímsson | meðstjórnandi |
| Lísa B. Gunnarsdóttir | meðstjórnandi |

Árið 2008 var býsna gott með tilliti til árangurs. Hefðbundin innanfélagsmót voru haldin á árinu s.s. Gullmót, Páskamót, Langsundsmót, Fjörsumsmót, Vormót, Desembermót og einnig voru haldnar sundsýningar/foreldrasýningar þar sem foreldrum gafst kostur á að fylgjast með æfingum og sjá framfarir barnanna. Árlega sprengimótið okkar var haldið í lok september og bindum við vonir við að önnur félög fari að taka við sér og geri sér ferð til okkar á mótið.

Árs- og uppskeruhátíð félagsins fyrir árið 2008 var haldin í sal Brekkuskóla 12. janúar 2009. Þar voru samkvæmt venju veittar viðurkenningar fyrir árangur ársins.

| | |
|-----------------------------------|-------------------------|
| Stigahæsta konan | Bryndís Rún Hansen |
| Stigahæsti karlinn | Einar Helgi Guðlaugsson |
| Mesta bæting kvenna | Bryndís Rún Hansen |
| Mesta bæting karla | Baldur Þór Finnsson |
| Stigahæsta sund kvenna – fatlaðir | Kristín Jónsdóttir |
| Stigahæsta sund karla – fatlaðir | Vilhlem Hafþórsson |

Þá voru allir Íslandsmeistarar félagsins á árinu heiðraðir sérstaklega.

Freysteinn Viðar Viðarsson bætti aldursflokkamet dregja í 400m skriðsundi þegar hann synti á tímanum 4.39:35 í Reykjanesbæ í maí.

Bryndís Rún Hansen keppti með unglingslandsliði SSÍ í Lúxemborg, á Evrópumeistaramóti unglunga í Serbíu og á Norðurlanda meistaramóti unglunga í Svíþjóð.

Elín Erla Káradóttir keppti með unglingslandsliði SSÍ á Norðurlandameistaramót æskunnar í Finnlandi.

Á Evrópumeistaramóti Unglinga í Serbíu í júlí tví-bætti Bryndís stúlknamet í 50 m flugsundi og sló Íslandsmetið í greininni þegar hún synti á tímanum 27.93. Þá bætti hún einnig stúlknamentið í 50 m flugsundi í 25m laug í nóvember á tímanum 27.75.


Sundfélagið Óðinn valdi Bryndísi Rún Hansen sundmann ársins.

Bryndís er í dag meðal fremstu sundkvenna landsins og varð þriðja í kjöri á íþróttamanni Akureyrar fyrir árið 2008. Þá náði hún þeim einstaka árangri á árinu að verða önnur íslenska stúlkan til að synda í úrslitum á Evrópumeistaramóti unglunga.

Árangur sundbarna í hópum fatlaðra hjá Óðni er hreint frábær, krakkarnir æfa vel undir leiðsögn þjálfara sinna þeim Jóni Heiðari, Önnu Fanneyju, Dillu, Ingibjörgu og Hafdísi. Þegar að mótum kemur lætur árangurinn ekki á sér standa og uppskeran alltaf þó nokkur verðlaun hjá Óðinsfólki.



Jón Gunnar Halldórsson og Vilhelm Hafþórsson unnu sér inn þátttökurétt með unglingalandsliði Íþróttasambands fatlaðra og hafa farið til Reykjavíkur í æfingabúðir þar sem syntar eru æfingar og hlýtt á fyrirlestra um tækni, næringu og hvaðeina sem þarf að huga að til að ná enn frekari árangri. Það verður gaman að fylgjast með þeim sem og öðrum sundmönnum í þessum hópum á næsta ári. Á árinu fóru 16 sundmenn úr Krókódílum og Krossfiskum, ásamt fjölskyldum, í æfinga og keppnisferð til Færeyja. Tókst ferðin vel í alla staði.



Mikil aðsókn er á sundæfingar hjá félaginu og eru biðlistar í yngri hópnum. Fjölgun hefur einnig orðið í hópnum í útilauginni svo þröngt mega sáttir synda. Oft mætti vera meiri skilningur hjá fastagestum sundlaugarinnar á þeirri miklu vinnu sem krakkarnir og þjálfararnir leggja á sig á hverjum degi með þrotlausum æfingum svo árangur náist í íþróttinni.

Hákarlahópurinn samanstendur af ungum sundmönnum sem leggja ekki lengur áherslu á keppni en vilja stunda sund áfram sem líkamsrækt. Hópurinn hefur notið mikilla vinsælda og eru nú um 12 sundmenn skráðir í hópinn.

Æfingar hjá görpum eru alltaf jafn vinsælar enda er sund með betri líkamsrækt sem völ er á. Á árinu átti Óðinn þrjá Íslandsmeistara í garpaflokki og einn Norðurlandameistara hana Karen Malmquist. Mikið er spurt um skriðsundsnám-skeið fyrir fullorðna og væri gaman að geta endurvakið þau og haft reglulega yfir veturinn.

Fjáröflunarnefnd félagsins hefur unnið gott starf á starfsárinu og tekið að sér verkefni sem áður voru á herðum stjórnar. Hefðbundnar fjáraflanir voru á árinu. Við höfum komist aftur í að steikja kleinur og er það alltaf jafn mikið fjör og hópefli fyrir sundmenn og foreldra. Sumar fjáraflanir á ári eru persónubundnar en aðrar sameiginlegar. Í sameiginlegum fjáröflunum er ekki einungis verið að safna fé vegna keppnisferða heldur einnig til reksturs félagsins.

Það er alltaf kostnaður við rekstur félags þó stjórn vinni allt sitt starf í sjálfboðavinnu. Námskeið á vegum SSÍ og ÍSÍ eru sótt á hverju ári hvort heldur sem er þjálfaranámskeið, stjórnunarnámskeið, fararstjóranámskeið eða annað sem er í boði. Þá má nefna kostnað við að halda úti heimasíðu, skrifstofukostnað, leigu á sal vegna viðburða félagsins, kostnað vegna viðurkenninga o.s.frv. Óðinn óskaði eftir stuðningi frá Akureyrarbæ vegna launa við ráðningu starfsmanns í hlutastarf frá árinu 2008 en því miður gat bærinn ekki orðið við þeirri beiðni. Erfiðara verður að fá styrki á árinu 2009 svo endurskoða þarf allar fjáraflanir. Við höfum öfluga fjáröflunarnefnd og foreldra í okkar röðum svo við horfum bjartsýn á framtíðina og treystum á að samvinna skili okkur góðu ári.

Félagið hefur verið vel rekið árum saman. Árið 2008 var engin undantekning en til þess að það gengi upp þurftum við að huga að hverjum lið sér staklega. Vegna byggingar líkamsræktarstöðvar á sundlaugarsvæðinu urðum við af tekjum þar sem ekki reyndist unnt að innheimta styrki vegna auglýsinga á bakkanum en skiltin hafa skilað okkur tekjum í um fimm ár. Þá óskaði SSÍ eftir okkar aðstoð við að halda AMÍ þar sem sundlaugin að Ásvöllum í Hafnarfirði var ekki tilbúin og ljóst að SH gæti ekki haldið mótið eins og til stóð. Vegna framkvæmda á sundlaugarsvæðinu gátum við ekki orðið við þeirri beiðni og urðum því af umtalsverðum tekjum þar. Mikil og góð samskipti hafa verið við nýjan sundlaugarforstjóra Elínu Gísladóttur og reyndi hún eftir fremsta megni að þrýsta á frágang lóðar en það bar lítinn árangur, lóðin var ókláruð fram á haustið svo að sundlaugargestir og rekstaráðili urðu fyrir óþægindum. Íþróttaráði var sent erindi þar sem farið var yfir það fjárhagstjón sem framkvæmdirnar höfðu í för með sér fyrir félagið. Íþróttaráð fjallaði um erindið og áframsendi á Fasteignir Akureyrar sem höfðu umsjón með framkvæmdum en erindinu var aldrei svarað.



Áfram er það stefna stjórnar Óðins að farið verði með elstu iðkendurnar í um tveggja vikna æfingaferð til útlanda annað hvert ár. Þannig hefði í raun verið komið að slíkri ferð á árinu 2009 en í ljósi ástandsins var í samráði við foreldra ákveðið að fresta henni um eitt ár. Einnig hefur töluvert verið rætt um að bjóða afreksmönnum félagsins árlega upp á að fara í styttri ferðir, á eigin vegum, til útlanda til að keppa og til að búa þau enn frekar undir þau

verkefni sem þau eiga möguleika á í landsliðsverkefnum SSÍ.

Það er okkar draumur að stofnuð verði nefnd sem fer í að skoða framtíðarstaðsetningu nýrrar sundlaugar á Akureyrir með þarfir félagsins í huga. Það er ljóst að sú aðstaða sem Óðinn býr við nú er sprungin og farin að standa félaginu fyrir vexti. Við gerum okkur grein fyrir að ekki verður farið í byggingu nýrrar laugar alveg á næstunni en vildum gjarnan sjá undirbúningsvinnu unna og að þarfagreining fari fram.

Allar forsendur eru fyrir hendi til að Óðinn geti haldið áfram að vaxa og dafna. Félagið hefur breiðan hóp af vel menntuðum þjálfurum með áralanga reynslu, góðan grunn og efnilega sundmenn sem gera félagið að liði í 1.deild og eitt af fimm bestu liðum landsins. Hins vegar veldur brottfall unglinga okkur áhyggjum og er leitt að horfa á eftir þeim kveðja

íþróttina á besta aldri. Mikið hefur verið rætt um brottfall innan stjórnar og hvað sé til ráða. Þetta vandamál er ekki bara bundið við Óðinn, hefur þetta því einnig verið mikið rætt innan sundhreyfingarinnar. Við köllum nú eftir frekara samstarfi foreldra til þess að sundmenn megi njóta sín lengur í þeim góða félagskap sem íþróttin er.

Heimasíða Óðins www.odinn.is er fréttá- og upplýsingamiðill félagsins þar er m.a. að finna allar helstu upplýsingar. Allar fréttir um starfið hverju sinni, s.s. mót og aðrar uppákomur eru þar aðgengilegar og ekki má gleyma öllum þeim myndum sem teknar hafa verið á mótum eða viðburðum sem gaman er að skoða aftur og aftur

Ólína Freysteinsdóttir og Stefán Hallgrímsson hafa ákveðið að gefa ekki kost á sér í stjórn á komandi starfsári og er þeim þökkúð vel unnin störf fyrir félagið.

Stjórn Óðins þakkar öllum þeim sem komu að starfi Sundfélagsins á einhvern hátt árið 2008 fyrir samvinnuna. Þátttaka og stuðningur frá foreldrum og velunnurum skiptir félagið miklu máli.



Akureyri 20. febrúar 2010
Sundfélagið Óðinn
Ásta Birgisdóttir, formaður



Sundfélagið Óðinn Akureyri

Ársskýrsla 2009

Aðalfundur 2009

Aðalfundur Sundfélagsins Óðins var haldinn í kaffiteríu Íþróttahallarinnar á Akureyri 26. mars 2009.

Ný stjórn var kjörin á fundinum, hana skipa:

| | |
|--------------------------|---------------|
| Ásta Birgisdóttir | formaður |
| Halldór Arinbjarnarson | varaformaður |
| Sigríður Einarsdóttir | gjaldkeri |
| Lísa B. Gunnarsdóttir | ritari |
| Unnur K. Kristjánsdóttir | meðstjórnandi |
| Arnar Snorrason | meðstjórnandi |
| Halla B. Garðarsdóttir | meðstjórnandi |

Uppskeruhátíð

Árs- og uppskeruhátíð félagsins fyrir árið 2009 var haldin í sal Brekkuskóla 12. janúar 2010. Þar voru samkvæmt venju veittar viðurkenningar fyrir árangur ársins.

| | |
|------------------------------------|-------------------------|
| Stigahæsta konan, | Bryndís Rún Hansen |
| Stigahæsti karlinn, | Einar Helgi Guðlaugsson |
| Mesta bæting kvenna, | Júlía Ýr Þorvaldsdóttir |
| Mesta bæting karla, | Oddur Viðar Malmquist |
| Stigahæsta sund kvenna – fatlaðir, | Guðný Halla Jónsdóttir |
| Stigahæsta sund karla – fatlaðir, | Vilhelm Hafþórsson. |



Íslandsmeistarar félagsins á árinu 2009 voru heiðraðir sérstaklega á uppskeruhátíðinni.

Landsliðsverkefni

Jón Gunnar Halldórsson og Vilhelm Hafþórsson fóru í æfingaferðir til Reykjavíkur til æfinga með landsliði ÍF.

Erla Hrönn Unnsteinsdóttir og Hildur Þórbjörg Ármannsdóttir kepptu í tveggja landa keppni í Færyjum á vegum SSÍ í nóvember og stóðu sig með sóma.

Elín Erla Káradóttir og Halldóra Sigríður Halldórsdóttir kepptu með unglingslandsliði SSÍ á Norðurlandameistaramóti unglinga í Bergen í desember. Þær stóðu sig einnig með sóma.

Bryndís Rún Hansen keppti með unglingslandsliði SSÍ á mót í Ósló í maí og á Evrópumeistaramóti unglinga í Prag í júlí. Einnig keppti hún á Alþjóðlegu móti í París í mars.

Íþróttamaður Akureyrar

Sundfélagið Óðinn valdi Bryndísi Rún Hansen sundmann ársins. Á árinu vann hún þrjá Íslandsmeistaratitla og þá er hún tvöfaldur Íslandsmethafi. Hún var þannig Íslandsmeistari í 50 m flugsundi, bæði í 25 og 50 m laug, og bætti Íslandsmetið í báðum greinum. Þá varð hún Íslandsmeistari í 100 m flugsundi í 25 m laug.

Á Evrópumeistaramóti unglinga komst hún annað árið í röð í úrslit og er önnur íslenska stúlkun frá upphafi sem náð hefur að synda í úrslitum á Evrópumeistaramóti unglinga. Alls keppti hún á þremur alþjóðlegum mótum erlendis á árinu og vann þar til verðlauna. Á Aldursflokkameistaramóti Íslands varð hún fimmfaldur meistari.

Auk Íslandsmetanna bætti hún einnig á árinu aldursflokkamet stúlkna í 50 og 100 m flugsundi. Akureyrarmet á árinu voru sem fyrr mörg. Er hún í dag handhafi 52 Akureyrarmeta í kvenna-, stúlkna-, telpna- og meyjaflokki. Bryndís hefur nú lokið verkefnum með unglingslandsliði og setur stefnuna á A landsliðsverkefni.

Bryndís var kjörin íþróttamaður Akureyrar fyrir árið 2009. Þetta er í fyrsta skipti sem sundmaður er valin íþróttamaður Akureyrar og er Bryndís vel að tillinum komin.

Almennt um starfið

Árið 2009 var gott ár hjá Óðni. Þjálfarar félagsins hafa sinnt þjálfun mjög vel og tekist að halda stöðugleika meðal iðkenda, ekki hefur orðið teljandi brottfall sem rekja má til efnahagsástands. Sundmenn á öllum aldri eru í stöðugri sókn og margir efnilegir sundmenn að vaxa upp hjá félaginu. Æfingum eldri sundmanna hefur verið fjölgað og vinnur stjórn Óðins ötulllega að því að sundmenn standi jafnfætis keppnautum sínum á Suðurlandinu þrátt fyrir þröngan aðbúnað í sundlaug á sumum sviðum.

Mikið var rætt um aðstöðu Óðins á árinu þá sérstaklega í útilaug Akureyrar. Að vanda voru send inn erindi til ÍBA og Íþróttaráðs með ósk um bættu aðstöðu í sundlaug. Það er ljóst að plássleysi í laug er vandmál sem ekki verður leyst nema með byggingu nýrrar æfinga- og keppnislaugar á Akureyri. Stjórn Óðins mun halda áfram að minna á sig og leggja mikinn metnað í að sundmenn geti stundað íþróttina á Akureyri, frá sundskóla til afreksmanna og allt þar á milli.

Á árinu áttum við ekki einungis verðlaunahafa í sundi heldur einnig í ljósmyndun. Sævar Geir Sigurjónsson hefur verið sérlegur ljósmyndari félagsins undanfarin ár. Sævar sendi inn nokkrar myndir í Ljósmyndasamkeppni Evrópska Sundsambandsins (LEN). Ljósmynd Sævars „Super Challenging“ bar sigur úr bitum og var Sævari í framhaldinu boðið í ferð til Istanbul í Tyrklandi þar sem haldið var Evrópumeistaramót í 25m laug. Þar var honum var veitt viðurkenning við hátíðlega athöfn.



Ljósmynd Sævars „Super Challenging“ bar sigur úr bitum í Ljósmyndasamkeppni Evrópska Sundsambandsins (LEN).

Helstu mót

Bikarkeppni ÍF var haldin á Akureyri í júní og tókst afburða vel. Um 60 keppendur frá fjórum félögum voru skráðir til leiks. Matur og gisting voru í boði í Brekkuskóla og nýttu flestir sér það sem skapaði skemmtilega stemmingu. Í tengslum við mótið voru einnig opnar æfingabúðir undir stjórn landsliðsþjálfara ÍF. Þetta var í fyrsta skiptið sem Bikarmótið var haldið utan höfuðborgarsvæðisins og stefnir Óðinn á að endurtaka leikinn að ári þar sem keppendur og aðstandendur þeirra voru mjög ánægðir.

Aldursflokkeistaramót Íslands var haldið á Akureyri í lok júní í umsjón Óðins. Um 300 keppendur tóku þátt og að vanda þegar mótið er haldið á Akureyri er það einnig mikil fjölskyldustemmning. Mikil vinna er við skipulagningu móta, ekki síst þegar boðið er upp á fæði og gistingu, svo mikilvægt er að sem flestir leggi sitt af mörkum í vinnu við slík mót.

Landsmót UMFÍ var haldið á Akureyri í júlí. Þar sá Óðinn um skipulagningu sundhlutans. Karen Malmquist var greinastjóri og þótti landsmótið takast einstaklega vel og vera Óðni og Akureyringum til sóma. Ekki var verra að ÍBA var stigahæst og van mótið.

Búnaður og fjáraflanir

Óðinn fékk myndarlegan styrk frá Akureyrarbæ fyrir Landsmót UMFÍ til að kaupa nýjar tímatöflur en þær eru nauðsýnlegar á sundmótum. Búnaðurinn var keyptur í samvinnu við Sunddeild Akraness þar sem aðstæður til keppni eru sambærilegar og munu félögin samnýta töflurnar. Búnaðurinn var vígður á Landsmótinu og var um algera byltingu að ræða fyrir keppendur og áhorfendur.

Vaðandi fjáraflanir er ljóst að það verða allir að leggjast á eitt við að afla tekna í ferðasjóð og í almennan rekstur Óðins. Auglýsingaskiltin á bakkanum eru komin upp aftur og verður að tryggja að auglýsingar skili árlegum tekjum.

Lokaorð

Heimasíða Óðins www.odinn.is er frétt- og upplýsingamiðill félagsins. Þar er m.a. að finna allar helstu upplýsingar. Allar fréttir um starfið hverju sinni, s.s. mót og aðrar uppkomur, eru þar aðgengilegar og ekki má gleyma öllum þeim myndum sem teknar hafa verið á mótum eða viðburðum sem gaman er að skoða aftur og aftur.

Ásta Birgisdóttir og Unnur Kristjánsdóttir hafa ákveðið að gefa ekki kost á sér í stjórn á komandi starfsári og eru þeim þökkúð vel unnin störf fyrir félagið.

Stjórn Óðins þakkar öllum þeim sem komu að starfi félagsins á einn eða annan hátt árið 2009 fyrir samvinnuna. Þátttaka og stuðningur foreldra og velunnara er lykillinn að góðu starfi.

Akureyri 20. mars 2009
Sundfélagið Óðinn
Ásta Birgisdóttir, formaður



Nökkvi félag siglingamanna á Akureyri Ársskýrsla 2008-2009

Starfsskýrsla 2008

Starfsemi Nökkva var venju samkvæmt talsvert öflug á árinu. Æfingar á Bjargi fyrir siglingastrákana okkar hófust í janúar og stóðu fram á vor. Aðalfundur var haldinn í febrúar og voru eftirtaldir kosnir í stjórn, Rúnar Þór formaður og meðstjórnendur Herdís Jónsdóttir, Birkir Björnsson, Arnar Valsteinsson, Steinar Magnússon og í varastjórn þau Hörður Finnbogason og María Grenó. Fyrstu æfingar hófust snemma og fóru nokkrir siglarar á opnunarmót í Hafnarfirði seinnipartinn í maí undir stjórn Harðar Finnboga. Tekið var á móti nokkrum hópum sl vor frá skólunum í einskona siglinga- og sjósportkynningar kynningar og mætti efla það talsvert með fleiri starfsmönnum sem gætu hafið störf í maí. Siglinganámskeiðin hófust í byrjun júní undir stjórn Rúnars Þórs og stóðu óslitið fram í miðjan ágúst. Góð þáttaka var á námskeiðum sumarsins og æfingar voru flesta daga vikunnar eins og áður. Keyptir voru 5 eldri optimistar frá Siglunesi í Reykjavík, þeir þússaðir upp í samstarfi við fjölsmiðjuna hér í bæ og svo málaðir og græðaðir í Nökkva. Um mitt sumar fengum við lasersiglara, Alberte Lindberg til starfa en fyrstu vikuna var kærasti hennar með, Anton frá Svíþjóð en hann keppti síðan á Olympíuleikunum í Kína stuttu seinna eða í ágúst. Stórkostlegir siglarar og Alberte dvaldi síðan hjá okkur um mánaðartíma og stjórnaði æfingum eins og herforingi, ótrúlega dugleg og hæfaleikaríkur siglari sem kenndi okkur mjög mikið. Æfingabúðirnar í Hrísey voru feldar niður vegna fárra þáttakenda og spurning um framhald á þeim.

Kjölbátar klúbbsins, Kalli Hjalta og Paradís sem lentu í tjóni 2007 fengu báðir viðgerð en Paradís var þó kláruð fyrr og var í notkun seinnipart sumars. Klúbburinn verður að taka sig tak hvað varðar kennslu á kjölbátum fyrir fullorðna og efla fullorðinsstarfið, það hlýtur að vera hægt að gera góða hluti með þessa finu báta sem við eigum. Seglbrettin koma inn hægt og sigandi, fengum nokkrar heimsóknir góðra siglara að sunnan en þar er líka hægt að gera betur. Kayakinn komst heldur ekki í gang nema að litlu leiti, þrátt fyrir að við keyptum 4 nýja kayaka í júní og ljóst að þar eru talsverðir



möguleikar til vaxtar. Klúbburinn fékk um 15 nemendur RES orkuskóla sem félagsmenn og voru þeir duglegir að mæta, sigla, fara á kayak og seglbretti, hugsanlega verður reynt að gera samning við RES um áframhaldandi námskeið fyrir nýja nemendur. Íslandsmótið var haldið á Ísafirði og þrátt fyrir ömulega keppnisstjórn voru þátttakendur glaðir með ferðina og tóku að venju flest verðlaun og Íslandsmeistararitla sem í boði voru. Dísu Jóns og Karen Malmquist voru fararstjórnar og sáu um hópinn okkar þessa 3 daga og stóðu sig frábærlega. Ein móðir stóð sig þó öðrum þöbbum og mömmun betur í sumar en það var Linda, mamma strákanna Daniels og Sigga, sem eyddi miklum tíma og orku í klúbbnum við tiltekt, skipulagningu og þáttöku í æfingum, vildi að fleiri foreldrar gætu gefið sér þó ekki væri nema brot af þessum tíma fyrir klúbbinn okkar. Ekki var farið í neinar æfingabúðir erlendis eins og oft áður og enduðu siglingar sumarsins á þáttöku í lokamóti í siglingum fyrir sunnan hjá Ými. Kafaralúbbur var stofnaður undir Nökkvanafninu í loks sumarsins og hafa þegar um 30 áhugamenn um köfun skráð sig í klúbbinn. Miklar hugmyndir eru þar um bættu aðstöðu og útbúnað fyrir köfun og er þetta frábær viðbót við nú þegar fjölbreytta starfsemi klúbbsins. Nökkvi stóð einnig fyrir námskeiðum á Sauðárkróki og Húsavík og í framhaldi keyptu Húsvíkingar 4 optimista og einn Topper af klúbbnum og stofnuðu sinn eigin siglingaklúbb. Núna í desember fékk klúbburinn aðgang að 3-400 m² húsnæði í áður Rækjuverksmiðju Strýtu, með aðstoð og velvilja Samherja. Fyrirhugað að setja upp einskonar bátasmiðju þar sem unnið yrði í eldri seglbátum klúbbsins sem nokkrir þarfnast mikillar viðgerða og svo námskeið í nýsmíði á bátum af öllum gerðum og stærðum, allt eftir því hvað plássið býður upp á. Sumarið 2009 verður haldið Landsmót UMFÍ á Akureyri í júlí og eru þegar komnar hugmyndir af viðamikilli dagskrá fyrir siglingaklúbbinn.

Yfir heildina eigum við að vera ánægð með hvenig allt gengur, ég sem formaður vill þakka þessu frábæra fólki, starfsmönnum, stjórnarmönnum og velunnurum okkar og hvet okkur í Nökkva til að halda áfram á þessari braut, vera leiðandi í siglingum og allskonar sjósporti á landsvísu.

Starfsskýrsla 2009

Árið 2009 var annasamt ár hjá Nökkvamönnum. Fastar æfingar hófust á Bjargi í byrjun janúar undir stjórn Brynjars þjálfara. Bátasmiðja Nökkva sem hafði verið í undirbúningi nokkurn tíma hóf starfsemi sína í janúar í gömlu rækjuverksmiðjunni Strýtu með kayak og kanósmíði en rúmlega 40 karlmenn komu á fyrstu kynninguna. Eftir tæpa 2 mánuði urðum við svo að víkja úr Strýtu en fengum inni í gamla slippnum við Hjalteyrargötu. Ráðinn var iðnaðarmaður til starfa í 6 mánaða atvinnuáttak og voru allir eldri optimistar klúbbsins teknir og viðgerðir og máláðir. Þá hófst smíði á flotbryggjum í samstarfi við Akureyrarhöfn og einnig fengum við 2 starfsmenn frá Fjölsmiðjunni lánaða í nokkurn tíma. Heilmikil bátasmiði var í gangi fram á vorið og endaði með flottri báta-



sýningu á sjómannadaginn á flötinni neðan við leikhúsið. Við ásamt Akureyrarstofu, Húnamönnum og sjómönnum frá Samherja sáu alfarið um undirbúning og framkvæmd sjómannadagsins. Sex drengir frá Nökkva, Arnar Freyr, Björn Heiðar, Gauti Elfar, Sigurður, Oddur og Gunnar höfðu verið valdir til farar á Smáþjóðaleikana á Kýpur undir stjórn Harðar Finnboga þjálfara Nökkva og hófust æfingar því í apríl og stóðu æfingar fram að leikunum í byrjun júní. Námskeiðin hófust að venju í byrjun júní og voru vel sótt og stóðu fram í miðjan ágúst. Í byrjun júlí stóð Nökkvi fyrir æfingabúðum fyrir allt landið sem einnig var undirbúningur undir siglingakeppni Landsmótsins sem fram fór hér á Akureyri í júlí. Þetta reyndist frábær vika á allan hátt, æfingar voru alla daga og svo keppni í 2 daga og verður sú vika lengi í minnum höfð. Forseti Íslands, Hr Ólafur Ragnar Grímsson kom í heimsókn á Nökkvasvæðið meðan á leikunum stóð og er það sennilega í fyrsta skipti í sögu klúbbsins sem starfandi forseti lýðveldissins heimsækir klúbbinn. Helgina eftir landsmótið tóku nokkrir ungir siglarar úr Nökkva sig saman og tóku þátt í miðsumarsmóti í siglingum í Brokey, Nauthólmsvík, reddu sér fari fyrir bátana sína og drifu sig suður. Íslandsmótið í kænusiglingum var svo haldið í Hafnarfirði um miðjann ágúst og eins og venjulega var Nökkvi með um helming allra þáttakenda, árangur var ljómandi góður og þótt við fengum ekki eins marga titla eins og venjulega þá er þetta allt á góðri siglingu og við getum verið mjög stoltir af hópnum okkar. Mikil gróska er nú kominn af stað í nokkrum af klúbbnum fyrir sunnan þótt Hafnarfjörður sé



í óvenjulegri lægð og verðum við heldur betur að spíta í lófana og efla starf Nökkva næstu árin ef við eigum ekki að sitja alveg eftir. Akureyrarmót var haldið í september og einnig var farið suður á lokamótið sem haldið var í Kópavogi.

Kjölbátamenn áttu gott ár, Paradís var mikið notuð og átta einstaklingar kláruðu námskeið hjá Jóni Magg. Hörður, Gauti og Veigar tóku þátt í siglingakeppninni Midnight sun race frá Siglufirði til Grímseyjar og til baka ásamt Gógó og komu heim glaðir og reifir með bikar. Kayakk fólk undir stjórn Steinars Magnússonar sóttu mikið í sig veðrið þegar leið á sumarið, höfðu að vísu æft sig í sundlaug Glerárskóla fyrr um vorið en undir haustið var talsverður kraftur í fólki og farnar ferðir um fjörðinn næstum í hverri viku.

Kafaradeildin Nökkvi er talsverð öflug og verður vonandi enn öflugari í framtíðinni.

Bátasmiðjan hóf starfsemi sína í byrjun nóvember, tveir starfsmenn voru ráðnir og mikið af verkefnum sem liggur



fyrir. Fyrsta er viðgerð á BB11 ásamt samvinnuverkefnum fyrir Grasrót-Iðngarða en án þeirra samvinnu hefði bátasmiðjan ekki haft starfsgrundvöll. Annað stórt verkefni er endurgerð á plastbátinum Hvelli sem unnið er í samvinnu við bátasmiðjuna Seiglu en þeir gefa okkur efni til viðgerða en við leggjum til mannskap. Í lok ársins fengum við svo 2 styrki, annan upp á 500 þús frá Samherja og svo 200 þús frá Íþróttasjóði ríkisins. Því miður fékkst ekki fé í fyrirhugaðar framkvæmdir Nökkva og er ljóst að talsverða baráttu þarf áfram næstu misserin til að tryggja framgang þess. Áfram er unnið í deiliskupulagi svæðisins og verður það unnið í samstarfi við fleiri aðila en ljóst er að þessi framkvæmd verður að snúast um fleiri heldur en okkur. Siglingamaður Nökkva 2009 var valinn Gauti Elfar Arnarsson.

Rúnar Þór Björnsson, formaður



Íþróttafélagið Eik

Ársskýrsla 2008

Aðalfundur félagsins var haldinn 17. maí 2008.

Í aðalstjórn voru kjörnir eftirtaldir aðilar:

Haukur Þorsteinsson, formaður.
Ragnheiður Austfjörð, varaformaður
Ólafur Njáll Óskarsson, ritari
Stefán Jónsson, gjaldkeri.
Höskuldur Stefánsson, meðstjórnandi

Í varastjórn voru kjörnir eftirtaldir aðilar:

Aðalheiður Gísladóttir.
Guðrún Helgadóttir.
Valdimar Sigurðsson.

Skoðunarmenn voru kjörnir

Bjarni Guðmundsson og Margrét Alfreðsdóttir

Starfsemi félagsins

Það sem hæst bar á árinu var án nokkurs vafa að félagið náði þeim merka áfanga að verða 30 ára þann 16. maí. Í tilefni þess var haldin vegleg afmælisveisla þann 17. maí. Félagsmenn mættu vel í veisluna auk margra góðra gesta úr heima- byggð og frá fjarlægari stöðum sem heiðruðu félagið með nærveru sinn og færðu félaginu góðar gjafir. Meðal gesta má nefna Ólaf Jónsson formann íþróttaráðs Akureyrar, Svein Áka Lúðvíksson formann Í.F. og Ólaf Magnússon framkvæmdastjóra Í.F. Í tilefni afmælisins lét félagið útbúa tvær gerðir af barmmerkjum annars vegar heiðursmerki og merki í tilefni afmælisins. Í afmælishófinu var öllum gestum afhent afmælismerkið og nokkrir útvaldir fengu heiðursmerkið. Afmælisveislan tókst ákaflega vel í alla staði og félaginu til mikils sóma.

Í afmælisveislunni var tækifærið notað og afhentir voru tveir farandbikarar sem undanfarin ár hafa verið afhentir á vorfagnaði okkar. Að þessu sinni hlaut Nanna Antonsdóttir Hvatningabikar Eikar fyrir góða ástundun og mestu framfarir á árinu. En Í.S.Í. bikarinn hlaut Kristín Björnsdóttir, fyrir langa og farsæla veru sína í félaginu og einnig fyrir góða mætingu og ástundun.

Starfsemi félagsins var að öðru leyti með hefðbundnum hætti á árinu.

Haldnir voru 9 stjórnarfundir á árinu.

Formaður sat formannafundi Í.B.A.

Árþing ÍBA var haldið 8. apríl, fulltrúar félagsins voru stjórnarmennirnir Haukur Þorsteinsson og Stefán Jónsson.

Formannafundur Í.F. var haldin þann 29. apríl 2008 í Reykjavík, formannafundir eru haldnir annað hvort ár, þ.e. það ár sem sambandsþing eru ekki haldin. Á þessum fundum eru tekin fyrir þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni auk annarra málefna. Haukur Þorsteinsson formaður sat fundinn fyrir hönd félagsins

Æfingar hjá félaginu voru sem fyrr stundaðar á mánudögum, miðvikudögum, og laugardögum. En yfir sumarið voru æfingar í fótbolta á fimmtudögum.

Æfingar fóru fram í Íþróttahúsinu við Laugargötu, Íþróttahúsi Glerárskóla, Glerársundlaug, Akureyrarvelli og á sparkvelli við Brekkuskóla.

Íþróttgreinar sem lögð var stund á voru eins og undanfarin ár boccía, frjálsar íþróttir úti og inni, sund og knattspyrna úti og inni.

Þjálfarar sem störfuðu hjá félaginu á árinu voru, Fylkir Þór Guðmundsson, Anna Einarsdóttir, Egill Þór Valgeirson, Aðalheiður Gísladóttir og Stefán Guðnason

Þann 22. janúar var stjórn félagsins kölluð til fundar hjá ÍBA og Íþróttaráði Akureyrarbæjar. Þessi fundur var liður í fundarröð þessara aðila með öllum aðildarfélögum innan ÍBA. Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn fyrir hönd félags-



Stjórn og varastjórn Eikar á 30 ára afmæli félagsins 17. maí 2008. Frá vinstri Höskuldur Stefánsson, Stefán Jónsson, Ragnheiður Austfjörð, Þorgeir Jóhannsson, Aðalheiður Gísladóttir Haukur Þorsteinsson, Guðrún Helgadóttir og Valdimar Sigurðsson.



Sveinn Áki Lúðvíksson, formaður ÍF. og Haukur Þorsteinsson, formaður Eikar heiðra hvor annan á 30 ára afmæli félagsins.



Glaðir gestir mættu í veglega veislu í tilefni 30 ára afmælis félagsins 16. maí 2008.

ins, Haukur, Ragnheiður, Stefán og Þorgeir. Farið var yfir starfsemi félagsins og m.a. rætt um æfingaðstöðu okkar sem er afleit í Laugargötu. Vonir standa þó til þess að við fáum betri aðstöðu til æfinga og helst að hún sé í sama húsinu. Einnig var rætt um þær íþróttgreinar sem við stundum og hvort til greina kæmu fleiri greinar. Þá bar á góma hvað lítil nýliðun er í félaginu og hvaða leiðir væru til ná til yngri aldurshópa, þá kom upp sú hugmynd að leita til skóladeildar Akureyrar með það mál.

Þann 8. nóvember var haldin afreksráðstefna ÍF í Reykjavík, Haukur formaður og Fylkir þjálfari tóku þátt í ráðstefnunni. Þar var m.a. rætt um afreksfólk framtíðarinnar sem sjálfsagt má finna í hverju félagi, markmið og framkvæmd afreksstefnu Í.F. Einnig varð mikil umræða um nýliðun og hvaða leiðir séu færar í þeim efnum.

Íþrótta- og tómsundaráð Akureyrar hélt hóf milli jóla og nýárs til heiðurs þeim íþróttamönnum sem urðu íslandsmeistarar á árinu. Íslandsmeistarar félagsins voru að þessu sinni Heiðar Hjalti Bergsson og Vignir Hauksson.

Á árinu var ákveðið að ráðast í kaup á boccíasettum frá Danmörku, bæði fyrir félagið og keppendur, fyrstu settin komu þó ekki fyrir en á þessu ári og enn eigum við eftir að fá hluta þeirra, einnig hafa fleiri keppendur óskað eftir að fá boccíasett sem eru nú í þöntun.

Íþróttamót innanlands

Innanfélagsmót Eikar var haldið þann 8. mars í íþróttahúsinu á Hrafnagili. Mótið hefur frá upphafi verið kennt við verslunina Síðu á Akureyri, vegna stuðnings verslunarinnar við mótið í formi verðlauna. Rekstri Síðu var hætt og eigendur hennar hófu að reka aðra verslun sem heitir Bergkristalsbúðin Því var ákveðið að mótið yrði kallað Kristalsmót og eigendur verslunarinnar gáfu öll verðlaun á mótið. Félagar í Kiwanisklúbbum Kaldbak sáu um dómgæslu á þessu móti eins og mörg undanfarin ár.

Keppendur mótsins voru 28.

Úrslit mótsins voru þau að í sveitakeppni varð J sveit í 1. sæti, hana skipuðu Elísabet Hannesdóttir, Guðmundur Adólfsson og Heiðar Hjalti Bergsson.

Í 2 sæti varð H sveit, hana skipuðu Anna Ragnarsdóttir, Davíð Brynjólfsson og Sigfús Jóhannesson.

Í 3. sæti varð B sveit, hana skipuðu Kristín Björnsdóttir, María Gísladóttir og Telma Axelsdóttir.

Í einstaklingskeppni varð Elísabet Hannesdóttir í 1. sæti, Guðmunda Finnbogadóttir í 2. sæti og Telma Axelsdóttir í 3. sæti.

Norðurlandsmót vegna ársins 2007 var haldið 15. mars á Akureyri, mótinu varð að aflýsa á síðustu stundu vegna veðurs á árinu 2007. Það var íþróttafélagið Akur sem sá um framkvæmd mótsins. Keppendur félagsins voru 30.

Íslandsmót Í.F. í frjálsum íþróttum, innanhúss, var haldið í Reykjavík 4. apríl, keppendur frá félaginu voru 6. Heiðar Hjalti Bergsson varð í 1. sæti í sínum flokki í 60 m hlaupi, kúluvarpi með 5,5 kg kúlu, og langstökki. Aðrir keppendur okkar stóðu sig einnig vel, þótt þeir kæmst ekki á verðlaunapall.

Íslandsmót Í.F. í boccía, sveitakeppni, var haldið í Reykjavík 5.-6. apríl, 30 keppendur tóku þátt í mótinu.

Því miður tókst okkar liðum ekki að komast í verðlaunasæti í þetta sinn þrátt fyrir allir keppendur hefðu staðið sig mjög vel, en það eru mjög mörg og góð lið sem við erum að keppa við og engin skömm að tapa fyrir þeim.

Hængsmótið var haldið í Íþróttahöllinni á Akureyri 2. og 3. maí, þetta var í 26. skiptið sem Lionsklúburinn Hængur á Akureyri hefur staðið fyrir þessu mjög svo vinsæla móti. Keppendur félagsins voru 30 og í sveitakeppni komust 2 lið í milliriðil, en síðan keppti B sveit Eikar til úrslita og hafnaði í 3. sæti þ.e. brons. Hana skipuðu Kristín Ólafsdóttir, Magnús Ásmundsson og Vignir Hauksson.

Íslandsleikar Special Olympics í knattspyrnu og frjálsum íþróttum var haldið á Akureyri 13. september. Í.F. var umsjónaraðili mótsins í samráði félögin á Akureyri, Akur og Eik. Keppendur félagsins voru 6. Fylkir Guðmundsson átti veg og vanda að undirbúningi mótsins.

Í 3. deild í 50 m hlaupi varð Matthías Ingimarsson í 1. sæti, Heiðar Hjalti Bergsson í 2. sæti og Magnús Ásmundsson í 3. sæti. Í 1. deild kvenna varð Elma Stefánsdóttir í 1. sæti.

Í langstökki karla 2. deild varð Matthías Ingimarsson í 1. sæti, Magnús Ásmundsson í 2. sæti og Heiðar Hjalti Bergsson í 3. sæti, í 3. deild varð Vignir Hauksson í 1. sæti. Í 50 m hlaupi kvenna varð Elma Stefánsdóttir í 2. sæti.

Í knattspyrnu varð lið Eikar í 4. sæti í flokki getuminni.

Sparkvallarverkefni Í.F. og KSÍ var haldið þann 14. september í samvinnu við ÍBA. Þetta var opin æfing á sparkvelli Brekkuskóla þar sem Jónas L. Sigursteinsson, fyrrum þjálfari okkar, Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari og Kristinn R. Jónsson, þjálfari U 19 karla mættu á svæðið auk fleiri góðra gesta. Eikarfélagar mættu 7 talsins og varð þetta hin skemmtilegasta æfing og Ólafur landsliðsþjálfari gaf þeim sem mættu æfingatreyju landsliðsins og féll hún í góðan jarðveg.

Norðurlandsmót var haldið á Sauðárkrók 22. nóvember og síðan var lokahóf í Melsgili um kvöldið. Það var Gróska í Skagafirði sem sá um mótið að þessu sinni. Keppendur voru 31.

Í sveitakeppni í boccía unnu tvö lið Eikar til verðlauna, Anna Ragnarsdóttir og Telma Axelsdóttir urðu í 2. sæti og Heiðar Hjalti Bergsson og Matthías Ingimarsson í 3. sæti.

Íslandsmót Í.F. í boccía einstaklingskeppni var haldið á í Reykjavík 26. október og sá Íþróttafélagið Ösp um framkvæmd mótsins í samvinnu við boccianefnd Íþróttasambands fatlaðra. Keppendur félagsins voru 20, úrslit voru þau að Vignir Hauksson varð íslandsmeistari í 2. deild.

Fjáröflun

Fjáröflun félagsins var í aðalatriðum með hefðbundnum hætti þ.e. með félagsgjöldum, æfingagjöldum og sölu jólakorta.

Eins og undanfarin ár hafa fjölmargir aðilar bæði félagasamtök og fyrirtæki styrkt félagið með myndarlegum fjárframlögum og gjöfum. Á þessu ári voru styrkir óvenju margir, stórir og óvæntir. Einnig fékk félagið úthlutað styrk úr ferðasjóð ÍSÍ. Allir þessir styrkir koma sér ákaflega vel fyrir félagið og fara að stærstum hluta í að greiða verulega niður æfingagjöld og ferðakostnað iðkenda.

Lokaorð

Kæra íþróttafólk, árangur ykkar á s.l. ári var góður þegar á heildina er litið. En hafið það ávalt hugfast að kjörorð okkar er alltaf það sama, að stærsti sigurinn sé að vera með og hafa ánægju og gleði af öllu okkar starfi og því sem við erum að gera saman.

Að síðustu vil ég þakka samstarfsfólki mínu í stjórn, keppendum, þjálfurum og félagsmönnum öllum fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf á s.l. ári og ekki síst fyrir mikið og óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Einnig vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim sem stutt hafa starfsemi félagsins á einn eða annan hátt með ómetanlegri sjálfboðavinnu og fjárframlögum.

Haukur Þorsteinsson, formaður



Íþróttafélagið Eik Ársskýrsla 2009

Aðalfundur félagsins var haldinn 21. maí 2009.

Í aðalstjórn voru kjörnir eftirtaldir aðilar:

Haukur Þorsteinsson, formaður.
Ragnheiður Austfjörð, varaformaður
Ólafur Njáll Óskarsson, ritari
Stefán Jónsson, gjaldkeri.
Jakob Jóhannesson

Í varastjórn voru kjörnir eftirtaldir aðilar:

Aðalheiður Gísladóttir.
Guðrún Helgadóttir.
Valdimar Sigurðsson.

Skoðunarmenn voru kjörnir

Bjarni Guðmundsson og Margrét Alfreðsdóttir

Starfsemi félagsins

Það sem hæst bar á árinu var að félagið hélt Norðurlandsmót í einstaklingskeppni þann 31. október í Íþróttahöllinni á Akureyri. Keppendur voru um 80 alls, frá félögum á norðurlandi, Akri, Eik, Grósku, Snerpu og Völsungi. Dómarar voru frá Kiwanisklúbbnum Kaldbak og Emblu og yfirdómari var Þröstur Guðjónsson. Lokahóf var um kvöldið með rúmlega 100 gestum þar sem snæddur var kvöldverður, síðan var lifandi músík og dans fram á nótt. Slippurinn á Akureyri var aðal styrktaraðili mótsins og gaf m.a. öll verðlaun á mótið sem afhent voru á lokahófinu.

Vorfagnaður Eikar var haldinn á Botni í Eyjafjarðarsveit í tengslum við aðalfund félagsins þann 21. maí. En það oftast árviss viðburður í starfsemi félagsins þar sem félagarnir koma saman og fagna árangri og um leið lokum vetrarstarfsins. Við það tækifæri voru afhentir tveir farandbikarar, þ.e. hvatningabikar Eikar sem Baldvin Steinn Torfason hlaut fyrir góða ástundun og mestu framfarir á árinu. En Í.S.Í. bikarinn hlaut Guðmundur Adólfsson, fyrir langa og farsæla veru sína í félaginu og einnig fyrir góða mætingu og ástundun.

Starfsemi félagsins var að öðru leyti með hefðbundnum hætti á árinu.

Aðalfundur var haldin 31. maí, en stjórnarfundir á árinu voru 8.

Formaður sat formannafundi Í.B.A.

Sambandsþing Í.F. var haldið 15.-16. maí á Hótel Sögu í Reykjavík. Fulltrúar félagsins voru Haukur Þorsteinsson, Aðalheiður Gísladóttir og Höskuldur Stefánsson.

Íþróttasamband Fatlaðra hélt upp á 30 ára afmæli sitt þann 17. maí í Krika



Kristín Ólafsdóttir, Íslandsmeistari í 2. deild í boccia, einstaklingskeppni.

við Elliðavatn, fulltrúar sambandsþings mættu fyrir hönd Eikar og færðu Í.F. ásamt hinum félögnum á norðurlandi íslenska fánann að gjöf.

Æfingar hjá félaginu yfir veturinn voru sem fyrr stundaðar á mánudögum, miðvikudögum, og laugardögum. En yfir sumarið voru æfingar í fótbolta og frjálsum á fimmtudögum.

Æfingar fóru fram í Íþróttahúsinu við Laugargötu, Íþróttahúsi Glerárskóla, Glerársundlaug, Akureyrarvelli og á sparkvelli við Brekkuskóla.

Íþróttagreinar sem lögð var stund á voru eins og undanfarin ár boccía, frjálsar íþróttir úti og inni, sund og knattspyrna úti og inni.

Þjálfarar sem störfuðu hjá félaginu á árinu voru, Fylkir Þór Guðmundsson, Anna Einarsdóttir, Egill Þór Valgeirson og Aðalheiður Gísladóttir.

Íþrótt- og tómstundaráð Akureyrar hélt hóf milli jóla og nýárs til heiðurs þeim íþróttamönnum sem urðu íslandsmeistarar á árinu. Íslandsmeistari félagsins þessu sinni var Kristín Ólafsdóttir. Sama tækifæri var notað til að taka hópmynd af keppendum ÍBA á Landsmóti UMFÍ 9.-12. júlí á Akureyri.

Íþróttamót innanlands

Innanfélagsmót Eikar var haldið þann 21. febrúar í íþróttahúsinu á Hrafnagili. Mótið var að þessu sinni í fyrsta skipti nefnt Slippmótið vegna stuðnings fyrir-tækisins við mótið í formi verðlauna og viðurkenninga. Félagar í Kiwanisklúbbunum Kaldbak og Emblu sáu um dóm-gæslu á þessu móti.

Keppendur mótsins voru 29.

Úrslit mótsins voru þau að í sveita-keppni varð G sveit í 1. sæti, hana skipuðu Elma Stefánsdóttir og Telma Axelsdóttir.

Í 2. sæti varð E sveit, hana skipuðu Áskell Traustason, Dóra Magnúsdóttir og Kristín Ólafsdóttir.

Í 3. sæti varð B sveit, hana skipuðu Anna Ragnarsdóttir, Héðinn Ósmann Skjaldarson og Valdimar Sigurðsson.

Í einstaklingskeppni varð Sævar Bergsson í 1. sæti, Anna Ragnarsdóttir í 2. sæti og Kristín Ólafsdóttir í 3. sæti.

Íslandsmót Í.F. í frjálsum íþróttum, innanhúss, var haldið í Reykjavík 20. mars, keppendur frá félaginu voru 6. Heiðar Hjalti Bergsson varð í 3. sæti í sínum flokki í 60 m hlaupi og langstökki, Kristín Ólafsdóttir 2. sæti í 60 m hlaupi, Elma Stefánsdóttir 3 sæti í langstökki og Sigfús Jóhannesson 3. sæti í 200 m hlaupi. Aðrir keppendur okkar stóðu sig einnig vel, þótt þeir kæmust ekki á verð-launapall.

Íslandsmót Í.F. í boccía, sveitakeppni,



Guðmunda Finnbogadóttir og Valdimar Sigurðsson í 3. sæti hreyfihamlaðara í boccía á Norðurlandsmóti



Elma Berglind Stefánsdóttir og Matthías Ingimarsson í 1. sæti þroskaheftra í boccía á Norðurlandsmóti.

var haldið í Reykjavík 21.-22. mars. 30 keppendur tóku þátt í mótinu. Því miður tókst okkar liðum ekki að komast í verðlaunasæti í þetta sinn þrátt fyrir allir keppendur hefðu staðið sig mjög vel, en það eru mjög mörg og góð lið sem við erum að keppa við og engin skömm að tapa fyrir þeim.

Hængsmótið var haldið í Íþróttahöllinni á Akureyri 1 og 2. maí, Þetta var í 27. skiptið sem Lionsklúburinn Hængur á Akureyri hefur staðið fyrir þessu mjög svo vinsæla móti. Keppendur félagsins voru 32, í sveitakeppni komust 4 sveitir í úrslit og 9 keppendur í einstaklingskeppni. Engin félagsmaður komst þó á verðlaunapall.

Íslandsmót í frjálsum íþróttum utanhúss var haldið á Kópavogsvelli 6, júní og tóku 6 félagar þátt í mótinu. Kristín Ólafsdóttir varð í 2. sæti í 100 m hlaupi, Elma Stefánsdóttir varð 3. sæti í 100 m hlaupi 2. sæti í langstökki og Heiðar Hjalti Bergsson varð í 3. sæti í langstökki.

Norðurlandsmót í boccía var haldið af Íþróttafélaginu Eik þann 31. október. Keppendur félagsins voru 34.

Í sveitakeppni þroskaheftra varð sveit Eikar í 1. sæti, hana skipuðu Elma Stefánsdóttir og Matthías Ingimarsson, í flokki hreyfihamlaðra varð sveit Eikar í 3. sæti, hana skipuðu Guðmunda Finnbogadóttir og Valdimar Sigurðsson

Íslandsmót Í.F. í boccía einstaklingskeppni var haldið á Selfossi 3.-4. október, og sá Íþróttafélagið Suðri á Selfossi um framkvæmd mótsins í samvinnu við boccianefnd Í.F. Keppendur félagsins voru 23. Kristín Ólafsdóttir varð Íslandsmeistari í 2. deild, Sölvi Víkingsson varð 3. í 5. deild og Jón Óskar Ísleifsson 2. í 7. deild.

Landsmót UMFÍ var haldið á Akureyri 8.-12. júlí og kepptu 11 félagsmenn Eikar fyrir hönd ÍBA. Í boccía kepptu 6 félagar og 5 í frjálsum íþróttum.

Fjáröflun

Fjáröflun félagsins var í aðalatriðum með hefðbundnum hætti þ.e. með félagsgjöldum, æfingagjöldum og sölu jólakorta.

Eins og undanfarin ár hafa fjölmargir aðilar bæði félagasamtök og fyrirtæki styrkt félagið með myndarlegum fjárframlögum og gjöfum. Á þessu ári voru styrkir óvenju margir og stórir. Einnig fékk félagið úthlutað styrk úr ferðasjóð ÍSÍ. Allir þessir styrkir koma sér ákaflega vel fyrir félagið og fara að stærstum hluta í að greiða verulega niður æfingagjöld og ferðakostnað iðkenda.

Lokaorð

Kæra íþróttafólk, árangur ykkar á s.l. ári var góður þegar á heildina er litið. En hafið það ávalt hugfast að kjörorð okkar er alltaf það sama, að stærsti sigurinn sé að vera með og hafa ánægju og gleði af öllu okkar starfi og því sem við erum að gera saman.

Að síðustu vil ég þakka samstarfsfólki mínu í stjórn, keppendum, þjálfurum og félagsmönnum öllum fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf á s.l. ári og ekki síst fyrir mikið og óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Einnig vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim sem stutt hafa starfsemi félagsins á einn eða annan hátt með ómetanlegri sjálfboðavinnu og fjárframlögum.

Haukur Þorsteinsson, formaður



Íþróttafélagið Akur Ársskýrsla 2008

Aðalfundur félagsins var haldinn 14.5.2008.

Stjórn Akurs: Formaður Jósep Sigurjónsson, gjaldkeri Elvar Thorarensen, ritari Jón Heiðar Jónsson, meðstjórnendur Sigríður Þórunn Jósepsdóttir og Jón Heiðar Daðason.

Æfingar félagsins eru nú á sömu stöðum og í fyrra, undir handleiðslu okkar gamalreyndu þjálfara. Boccia æfingar eru í Íþróttahúsi Oddeyrarskóla og Íþróttahúsi Glerárskóla en þar og í Boganum æfum við einnig frjálsar íþróttir. Borðtennis æfingar eru í kjallara Sjafnarhússins við Austursíðu, þar er einnig aðstaða fyrir bogfimi og golf. Bogfimiaeingar hafa þó lítið farið í gang eftir flutningana úr Þórsstígnum og bíða væntanlegrar aðstöðu í Glerárskólahúsinu.

Geymsluaðstaða er þó engin eftir brotthvarfið úr Þórsstígnum.

Frammistaða og verðlaunasæti Akursfólks á mótum árið 2008

Þrír keppendur fóru ásamt fararstjóra til keppni á íþróttamótið Malmö-open, dagana 8.-10. febrúar 2008 í Svíþjóð. Það voru: Kolbeinn Jóhann Pétursson í borðtennis, Sigrún Björk Friðriksdóttir og Þorsteinn Kristinn Stefánsson í boccia. Fararstjóri var Sigríður Þórunn Jósepsdóttir.

13.-17. mars fór Elvar Thorarensen borðtennis þjálfari okkar til keppni á vegum ÍF, á Liverpool open sem er borðtennis mót í Englandi og gekk nokkuð vel.

Íslandsmeistaramót í borðtennis 18-21 árs, 19.-20. apríl, 3 keppendur: 4. sæti, Hlynur Sverrisson, 5. sæti, Guðmundur E. Gunnarsson.

Grand Prix í borðtennis, 20. apríl, 5 keppendur: Einliðal. 1. sæti, Guðmundur E. Gunnarsson, 2. sæti, Hlynur Sverrisson, 4-5. sæti, Stefán Thorarensen.

Tvíliðal. 3.-4. sæti Guðmundur E. Gunnarsson og Hlynur Sverrisson,.

Íslandsmót ÍF var haldið í byrjun apríl í Reykjavík nokkrir félagar fóru með flugi eða á annan hátt talsvert fyrir mót. Þeir okkar sem ætluðu hins vegar að ferðast á hefðbundinn hátt með bílaleigubíl, komust ekki lengra en að Hólum í Öxnadal þar sem farartækið endaði á hliðinni utan vegar eftir veltu. Allir voru fluttir á FSA og fengu að fara samdægurs heim nema Guðbjörg Ellý sem var handleggsbrotinn auk annara áverka. Þeir sem mættir voru á mótisstaðinn tóku þátt í keppninni með þokkalegum árangri.

Norðurlandamót í boccia fór fram í Noregi 23.-26. maí og var Stefán Thorarensen einn keppendanna þar.

Íslandsmót í frjálsum utanhúss 8. júní 2008, 400m hlaup, 1. sæti. Stefán Thorarensen. Langstökk, 1. sæti. Stefán Thorarensen.


Íslandsleikar Spec. Ol. 13. Sept. 2008, 50m hlaup, 3. sæti, Egill Andrés Sveinsson. Langstökk 3 sæti, Egill Andrés Sveinsson. Langstökk Konur, 1. sæti Guðbjörg Ellý Gústafsdóttir.



Akur í 2. og 3. sæti.



Norðurlandsmót 15. mars 2008, hreifihamlaðir.



Snjallir borðtennismenn.



Norðurlandsmót 22. nóvember 2008, hreifihamlaðir.



Akursfélaga á Hængsmóti.



Hreykinn formaður.

Íslandsmót í Boccia einstaklingskeppni 25.-26. okt. 2008 1. deild, 3. sæti, Helga Helgadóttir. 5. deild, 2. sæti, Sigróros Ósk Karlsdóttir.

U-flokkur: 1. sæti, Sigríður Þórunn Jósepsdóttir. 2. sæti, Díana Björk Friðriksdóttir.

Ætlunin var að Akur héldi norðurlandsmót í Boccia 17.11.2007. Vegna illviðris var ófært fyrir Sigfirðinga og Skagfirðinga að mæta til keppni og mótinu því frestað á síðustu stundu. Sá frestur lengdist fram yfir áramót og mótið haldið 15. mars 2008. Mótshaldið gekk farsælega með aðstoð Lionsklúbbsins Hængs og var Akursfólk sigursælt á mótinu.

Hængsmótið var haldið 2.-3. maí og áttum við þar allmarga keppendur. Við unnum Hængsbikarinn fyrir besta heildarárangur á mótinu. Þetta er í annað sinn sem keppt er um þennan farandbikar og unnum við hann einnig í fyrra.

Við fórum á Norðurlandsmót á Sauðárkrók í haust með góðum árangri.

Að venju héldum við innanfélagsmót í desembermót og á þorranum.

Við buðum upp á íþróttakynningu fyrir fötl-uð börn með aðstoð Guðnýjar Backman en aðsókn var í algjöru lágmarki.

Akur hefur notað opnu sína í Leó, félagsblaði Hængs og er það góður vettvangur til kynningar á félaginu.

7. desember 2008 veitti útgerðafélagið Samherji okkur 500 þúsund króna styrk sem var eyrnamerkur starfinu og keppnisferðum á árinu og er það langstærsti styrkur sem félagið hefur fengið. Auk þess hefur félagið nú eins og áður átt stuðning ýmsra fyrirtækja og félaga vísan til að fjármagna starfsemi sína. Einnig hafa íbúar á félagssvæðinu styrkt okkur með kaupum á Jólakortum.

Jósep Sigurjónsson, formaður



Íþróttafélagið Akur Ársskýrsla 2009

Íþróttafélagið Akur var stofnað 7. Desember 1974 og hét þá Íþróttafélag fatlaðra á Akureyri. Eins og nafnið bar með sér var það vettvangur fyrir fatlaða íþróttamenn á svæðinu. Þeir voru tregir til þátttöku fyrst í stað en voru síðan fljótir að skipa sér í forustu á mótum, bæði innanlands og erlendis.

Í mars 1979 stóð ÍFA fyrir fyrsta Íslandsmótinu í Boccia og Borðtennis fyrir fatlaða á Íslandi og höfum við átt keppendur á öllum Íslandsmótunum síðan og Íslandsmeistara á hverju ári.

Nú er félagið opið öllum, fötluðum og ófötluðum sem vilja stunda þær greinar sem félagið býður uppá

Stjórn Akurs skipa nú: Jósep Sigurjónsson, Elvar Thorarensen, Jón Heiðar Jónsson, Sigríður Þórunn Jósepsdóttir og Jón Heiðar Daðason

Á árinu varð félagið því 35 ára og 30 ár síðan fyrstu Íslandsmót fatlaðra voru haldin.

Æfingar félagsins eru nú sömu stöðum og í fyrra, undir handleiðslu okkar gamalreyndu þjálfara. Boccia æfingar eru í Íþróttahúsi Oddeyrarskóla og Íþróttahúsi Glerárskóla en þar og í Boganum æfum við einnig frjálsar íþróttir. Borðtennis æfingar eru í kjallara Sjafnarhússins við Austursíðu, þar er einnig aðstaða fyrir Bogfimi og Golf, bogfimiæfingar hafa þó lítið farið í gang eftir flutningana úr Þórsstígnum og biða væntanlegrar aðstöðu í Glerárskólahúsinu.

Geymsluaðstaða er þó engin eftir brotthvarfið úr Þórsstígnum.

Verðlaunasæti Akursfólks á Íslandsmótum árið 2009

Íslandsmót unglinga 15 ára og yngri í borðtennis, var haldið á Hvolsvelli 21. mars 2009, þangað fóru 8 strákar og stóðu sig vel þótt þeir lentu ekki í verðlaunasætum en þetta var fyrsta stórmót flestra þeirra.

Íslandsmót ÍF. 20.-22. mars 2009. Frjálsar innanhúss

Karlar 30-44 ára

60m hlaup, 2. sæti Stefán Thorarensen.
200m hlaup, 2. sæti Stefán Thorarensen.
Langstökk, 2. sæti Stefán Thorarensen.

Konur 30+

Langstökk, 1. sæti, Helga Helgadóttir.
Hástökk 1. sæti, Helga Helgadóttir.
Kúluvarp, 1. sæti, Helga Helgadóttir.
2. sæti Guðrún Ólafsdóttir.

Karlar, hástökk

3. sæti, Egill Andrés Sveinsson.

Konur, hástökk

1. sæti, Guðbjörg Ellý Gústafsdóttir.

Íslandsmót ÍF. 20.-22. mars 2009. Boccia sveitakeppni

2. sæti, Akur A, Guðrún, Sigurrós, Stefán.
3. sæti, Akur B, Kolbrún, Egill, Ellý.

Íslandsmót ÍF, Borðtennis. 4. apríl 2009

Tvíliðaleikur 3. sæti, Sunna Jónsdóttir/ Stefán Thorarensen.
ÍFR/Akur opinn flokkur, 3.-4. sæti Stefán Thorarensen.
Standandi karlar 2. sæti, Kolbeinn Pétursson.
Þroskah. karlar 2. sæti, Stefán Thorarensen.
Konur 2. sæti, Sigurrós Ósk Karlsdóttir.
3. sæti, Guðrún Ólafsdóttir.

Íslandsmeistaramót í Borðtennis 18-21 árs, 5. apríl 2009

Einliðaleikur karla 4. sæti, Hlynur Sverrisson.



Helga, Sigrún og Arnfríður með forsetanum á Landsmóti 2009.



Aðalsteinn vandar sig.

Tvíliðaleikur karla 3. sæti, Guðmundur E. Gunnarsson/ Hlynur Sverrisson.

Íslandsmót maí 2009. Dans

Ungmennli K, 1. sæti, Mariusz Daniel Kujawski og Guðný Ósk Karlsdóttir.

Fullorðnir K, 1. sæti, Mariusz Daniel Kujawski og Guðný Ósk Karlsdóttir.

Íslandsmót ÍF. júní 2009. Frjálsar utanhúss

Konur 30+ Kúla 1. sæti, Guðrún Ólafsdóttir.

Stúlkur 17-18 Kúla 1. sæti, Guðný Halla Jónsdóttir.

Karlar 30-44

Langstökk 1. sæti Stefán Thorarensen.

100m hlaup 2. sæti, Stefán Thorarensen.

400m hlaup 2. sæti, Stefán Thorarensen.



Sigurros og Stefán skyggna stöðuna.

Íslandsmót ÍF. 3.-4. okt. 2009. Boccia einstaklingskeppni

4.deild, 1. sæti, Sigurrós Ósk Karlsdóttir

Opinn flokkur

1. sæti, Díana Björk Friðriksdóttir.

2. sæti, Sigríður Þórunn Jósepsdóttir.

Við áttum keppendur á Hængsmóti 1.-2. maí.

Akur átti 13 keppendur á Landsmóti UMFÍ á Akureyri 9.-12. júlí.

Að venju héldum við innanfélagsmótin, desembermót og þorramót.

Vegna 500 þúsund króna styrksins sem Samherji veitti okkur í desember 2008 ákváðum við að greiða að fullu ferðakostnað á Íslandsmótin í mars og greiða önnur mikið niður. Í þetta fór bróðurparturinn af styrknum, auk þess höfum við reynt að halda keppnisgjöldum í lágmarki.

Félagið átti fulltrúa á 30 ára afmæli Íþróttasambands fatlaðra 17. maí 2009 og færðum við sambandinu fána að gjöf. Einnig áttum við fulltrúa á sambandsþingi ÍF sem haldið var 16. maí.

Félagið eignaðist nýlega Curling sett til að spila með á venjulegu gólfi og virðist það geta orðið vinsælt.

Akur hefur notað opnu sína í Leó, félagsblaði Hængs og er það góður vettvangur til kynningar á félaginu.

Í desember 2009 kallaði útgerðafélagið Samherji íþróttafélögin aftur á sinn fund til að styrkja íþróttastarf á svæðinu. Í okkar hlut kom kr. 550 þúsund sem verður ráðstafað líkt og styrknum frá 2008 til að greiða niður keppnisferðir og æfingagjöld.

Einnig höfum við átt stuðning ýmsra fyrirtækja og félaga vísan til að fjármagna starfsemi okkar, auk þess sem íbúar á félagssvæðinu hafa styrkt okkur með kaupum á jólakortum okkar.



Sigríður, Guðbjörg Ellý og Díana á Hængsmóti 2009.

Jósep Sigurjónsson, formaður



Golfklúbbur Akureyrar

Ársskýrsla 2008

Skýrsla stjórnar

1. nóvember 2007-31. október 2008

Stjórn starfsárið 2008

Aðalstjórn

| | |
|---------------|--------------------|
| Formaður | Halldór Rafnsson |
| Varaformaður | Rúnar Antonsson |
| Ritari | Gunnar Vigfússon |
| Gjaldkeri | Arnar Árnason |
| Meðstjórnandi | Örn Viðar Arnarson |

Varamenn í stjórn

1. varamaður Sveindís Almarsdóttir
2. varamaður Svanhvít Ragnarsdóttir

Inngangur

Ágætu kylfingar, ég vil byrja á að bjóða Dawid G Barnwell velkominn til starfa en hann hóf störf hjá klúbbnum í janúar. Í febrúar ákvað stjórnin að kaupa golfhermi sem settur var upp í Golfbæ og er hann hugsaður sem viðbót fyrir klúbbmeðlimi við frekar stutt golfsumur hér á Fróni.

Eins og kemur fram í skýrslu Vallarnefndar þá var hafist handa við áframhaldandi vinnu við völlinn í vor. Eins og komið hefur í ljós var gerð tjörn við áttundu og níundu braut, stífla og dæluhús. Í samningi við Akureyrarbæ var áætlað að við myndum fá vatn inn á völlinn frá tveimur stöðum, það er við fimmtu braut og fjórtánda braut.

Þegar farið var að skoða vatnsþörfina kom í ljós að þrýstingur á kerfinu hjá bænum var ekki nægilegur til þess að getað vökvað eins og talið er að þurfi, er ljóst að þarna varð nokkur aukakostnaður fyrir okkur sem ekki var reiknað með.

Við höfum áréttað við kylfinga að framkvæmdir verði nokkrar á vellinum og óskað eftir að þeir sýndu okkur biðlund á meðan við klárum þær. Ákveðið hefur verið að stoppa við í ár og loka þeim sárum sem þegar eru.

Í sumar sendi Golfvallahönnuðurinn okkar frá sér skýrslu um ástæður og stefnuna við hönnun og framkvæmdir á vellinum, var það þarft innlegg til kylfinga um allt land.

Í vor var farið í viðræður við Þyrpingu vegna Bónusverslunar hér í nágrenninu og samið um að uppgröftur frá henni yrði notaður í gerð manar við þriðju braut okkur að kostnaðarlausu, hefur þetta gengið eftir.

Skýrsla Vallarnefndar

Vinnudagur í vor var haldinn 17. maí og í kjölfarið var völlurinn opnaður að hluta.

Það má með sanni segja að þetta vor hafi byrjað með látum. Byrjað var á að grafa miðlunarlónið fyrir vökvunarkerfið og er flestir sammála um að þar hafi tekist vel.

Í lok apríl var ráðist í að setja niður stofnlögn fyrir vökvunarkerfið og er hún um 3000m að lengd. Það er óhætt að segja að hinum almenna kylfingi hafi brugðið heldur betur í brún þegar plógurinn hafði lokið sinni vinnu enda sumstaðar enn frost í jörðu og því fylgdi smá yfirborðs rask, sem hefur nú að mestu leyti náð að gróa. Mikil vinna tók þá við að tengja alla lausa enda á stofnlögninni, tengja rafmagnskapalinn og setja niður tengibox (grænt að lit) sem þið sjáið við hverja flöt. Lagður var 600m langur rafmagnstrengur frá rafmagnskassa við bílastæði niður að dæluhúsi.

Myndarlegt dæluhús var reist fyrir framan 5. gula teig og lagnir tengdar í það ásamt uppsetningu tveggja dælna sem sjá um að halda tilteknum þrýstingi á kerfinu. Stífla var sett í tjörnina og rör úr henni flytur vatn í dælurnar sem svo dæla því áfram út í stofnlögn.

Frágangur á 12. og 3. flöt var svo kláraður. Vökvunarkerfi var tengt á báðar flatir fyrir tyrpingu og var 12. flöt tyrft þann 7. júní en sú 3ja viku síðar eða þann 14. júní. Opnað var inn á þær í Arctic Open eins og okkar er von og vísa, en torfgæðin ollu okkur tölverðum vonbrigðum og verður unnið hörðum höndum að bæta þau gæði. Vökvunarkerfi var



Vinna við æfingaflatir.

einnig komið fyrir á 5., 6., 16., nýju 17. og öllum þrem æfingaflötunum og eru sprinklarar orðnir 36 talsins (þ.e.a.s. niðurkomnir).

Eftir að hafa mótað æfingaflatirnar þrjár og þeirra umhverfi var sáð í flatirnar. Eins og kylfingar hafa séð þá hafa flatirnar tekið vel við sér og vonast menn eftir því að geta opnað inná a.m.k eina næsta sumar en er þó orðið of snemmt að segja nákvæmlega hvenar.

Eftir að hafa lokið vinnu á æfingaflötum var farið í nýju 17. flöt. Umhverfi mótað og tyrft, og sáð í flötina sjálfa, er því komin græn sliki á þá flöt. Ekki gafst tími né nægur mannskapur til að takast á við 13. og 15. flöt, enda búið að mæða mikið á okkar mönnum í sumar.

Vallarstarfsmenn lögðu um 1 km af lögnum fyrir vökvunarkerfið þar sem fer c.a. 100m í hverja flöt og ofan á það búnir að þökuleggja eins og einn fótoltavöll með nánast berum höndum.

Völlurinn náði sér snemma á strik þetta sumarið og höfðu menn orð af því. Mikill þurrkur herjaði á allt landið í sumar og fengum við góðann skerf af því. Það gerði okkur því erfitt fyrir með yfirsáningu á 14 og 16 flötum þar sem stór svæði skemmdust yfir veturinn. Eins og var minnst á er búið að setja vökvunarkerfi á 16. flöt og með vorinu verður byrjað á þeirri 14.

Það er okkar markmið að á næsta sumri verður öllum opnum sárum lokað. Sum með tyrfingu og önnur stærra svæði verður sáð í.

Vallarstarfsmenn sumarið 2008: Steindór Ragnarsson Vallarstjóri, Arnór Jón Sveinnson Vélamaður, Valdimar Þengils-son, Ævar Knútsson, Ólafur Már Þórisson, Jan Eric Jessen, Gunnar Ernir Birgisson, Lars Óli Jessen, Jón Viðar Þorvalds-son, Hafþór Valgeirsson og Kristófer Knútsson. Þökkum við þeim fyrir vel unnin störf.

Einnig vill formaður vallarnefndar og vallarstjóri þakka öllum þeim sem lögðu til sína aðstoð og ber þar hæst að nefna meðlimi vallarnefndar fyrir upsetningu dæluhúss og Árna Árnasyni fyrir aðstoð sína við uppsetningu dælna.

*Örn Viðar formaður vallarnefndar
Steindór Ragnarsson vallarstjóri*

Skýrsla kappleikjanefndar

Úrslit allra móta GA er að finna á www.golf.is og www.gagolf.is undir fréttir.

Starfsárið byrjaði með móti til styrktar unglिंगastarfi GA – Sumargleði EJS, Christu, Coca Cola & Dominos Pizza sem haldið var 7. júní. Keppt var í karla-, kvenna- og unglिंगaflokki 16 ára og yngri. Skráðir í mót voru 105 og var veður eins og best verður á kosið.

14. júní var haldið Háforgjafarmót Dunlop & Svefn og heilsu – Vanur óvanur sem tókst með miklum ágætum. Glæsileg verðlaun voru í boði Svefn og Heilsu og Marka sem selur Dunlop golfvörur. 20 lið voru skráð til leiks og komu mjög mörg skemmtileg liðanöfn fram, vonandi verður þetta mót enn fjölmennara á næsta ári þar sem þetta er mjög gott leikfyrirkomulag fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í mótum.

Carlsberg Open var haldið 21. júní og voru þátttakendur 80 talsins. Var þetta annað af tveimur opnu högggleikjamótum sumarsins en háværar raddir forgjafarlægri kylfinga er um að ekki sé nóg haldið af mótum þar sem leikinn er högg-leikur með og án forgjafar – glæsileg verðlaun voru í boði frá Carlsberg og Vífilfelli.

Arctic Open var að vanda glæsilegt og haldið dagana 26.-28. júní. Nánar er fjallað um það hér í sér kafla í skýrslu stjórnar.

Stórmót Heimsferða og Karls K. Karlssonar var haldið 5. júlí. Fjöldi keppenda var 120 og léku veðurguðirnir við keppendur. Glæsileg veisla var í mótslok í boði Karls K. Karlssonar. Verðlaunin voru utanlandsferðir frá Heimsferðum og veglegir glaðningar frá Karli K. einnig var dregið úr skorkortum um utanlandsferð og enn ein ferðin var í nándarverðlaun á 18. braut

Meistaramótið var haldið í fyrsta sinn í fyrra í samvinnu við Heilsuræktarstöðina Átak en Golfklúbburinn, Átak & Aqua Spa gerðu með sér samning um Meistaramótið til þriggja ára og kemur fyrirtækið að kostun verðlauna í mótið sem fyrir vikið er með miklum glæsibrag.

Meistaramótið var haldið dagana 7.-12. júlí og tókst það með miklum ágætum og voru þátttakendur yfir 200 talsins.

Keppt er í eftirfarandi flokkum 70 ára og eldri karlar, 50-64 ára konur, 65 ára og eldri konur, 55-69 ára karlar, Mfl. kvenna, Mfl. karla, 4. fl. karla, 3. fl. karla, 2. fl. kvenna, 2. fl. karla, 1. fl. kvenna og 1. fl. karla.

Ingvar Karl Hermannsson sigraði í Meistaraflokki karla á 300 höggum. Sunna Sævarsdóttir sigraði í Meistaraflokki kvenna á 332 höggum. Í fyrsta flokki karla lék Þorvaldur Jónsson best á 318 höggum og Petrea Jónasdóttir í 1. flokki kvenna á 349 höggum. Í öldungaflokki karla 70 ára og eldri lék best Árni Björn Árnason á 260 höggum og í flokki 55 ára og eldri karla lék haraldur Júlíusson best á 235 höggum. Í flokki eldri kvenna sigraði Jakobína Reynisdóttir á 292 höggum. Önnur úrslit er að finna á heimasíðu GA eða á golf.is

Mótslok og verðlaunaafhending allra eldri flokka lauk með glæsilegum kvöldverði og verðlaunaafhendingu á laugardagskvöld í boði Norðlenska.

Keppni í barnaflokkum fór fram dagana 7.-9. júlí barnaflokkarnir eru ekki skráðir á golf.is en fjöldi þeirra var um 70 börn. David Barnwell ásamt unglिंगaráði sáu um framkvæmd á keppni barna- og unglिंगa sem lauk með verðlaunaafhendingu og pylsuveislu í boði Norðlenska um miðja vikuna.

Næsta stórmót sumarsins var svo Hjóna- og parakeppni GA, Hótel Akureyrar & Lostætis, haldið dagana 18.-19. júlí. Mót þetta var nú haldið í annað sinn og var uppselt í mótið. Aðalstyrktaraðilar eru Hótel Akureyri og Lostæti. Þetta er tveggja daga mót fyrri dag var spilað Greensome og seinni dag Betri bolti – sigurvegarar voru þeir sem höfðu best samantlagt úr höggleikur með forgjöf eftir báða dagana. Í mótslok var glæsileg verðlaunaafhending og veisla í boði Lostætis. Veislustjórn var í umsjón þeirra Konráðs Þorsteinssonar kokks frá Lostæti og Björgvins Þorsteinssonar frá Hótel Akureyri.

Sigurvegararnir voru úr GA þau Anna Einarsdóttir og Arinbjörn Kúld en þau hlutu í verðlaun flugferð til Florida með gistingu í hálfan mánuð í íbúð á Cedar Hammock Golf and Country club í Naples í Florida. Enn fremur voru í verðlaun gistinætur á Hótel Stykkilshólmi með kvöldverði, gisting á Hótel Akureyri með leikhúsmiða og skíðapassa og gisting á Hótel Ólafsvík ásamt snjósleðaferð á jökulinn. Einnig var fjöldinn allur af öðrum verðlaunum frá Kjarnafæði, Norðlenska, Bakarínu við Brúna, Ekrunni, Byr, Símanum og Vífilfelli.

Opið kvennamót í boði Karls K. Karlssonar heildverslunar og Kanebo var haldið sunnudaginn 20. júlí. Það voru um 60 konur sem tóku þátt í þessu glæsilega móti og var jafnað það þátttökumet sem slegið var í fyrra í kvennamót já GA.

26. júlí var nýtt mót á mótaskrá GA – Þar bauð Remax Akureyri upp á golfmót, annað opna golfmót sumarsins þar sem leikinn var höggleikur með og án forgjafar í karla og kvenna flokki. Þátttakendur voru 101 og var spilað í rjómabliðu hitinn fór yfir 20 °C.

VerslunarmannahelgarBomban var á sýnum stað í mótaskrá GA og var hún haldin 3. ágúst. Fjöldi vinninga voru frá Iceland Express, Ecco og Veitingahúsinu Strikinu á Akureyri. Fjöldi þátttakenda var 144.

Dagana 8.-10. ágúst var hér haldin sveitakeppni GSÍ 2. deild karla.

Og þar var það sveit Golfklúbbs Akureyrar sem vann sveit GV í úrslitum og í 3. sæti var sveit Golfklúbbs Ólafsfjarðar. Golfklúbbur Akureyrar mun því spila í 1. deild að ári.

Sveitina skipuðu þeir Birgir Haraldsson, Ingvar Karl Hermannsson, Hafþór Ingi Valgeirsson, Ólafur Gylfason, Jón Steindór Árnason, Ómar Halldórsson, Samúel Gunnarsson og Örvar Samúelsson. Liðstjóri var Björn Axelsson og honum til aðstoðar Finnur Bessi Sigurðsson.



Á 1. teig í Mitsubishi Open 2008.

Bautamótið og Opna 10-11 öldungamótið voru á sínum stað í mótaskrá GA helgina 16.-17. ágúst.

Bautamótið fór fram í blíðskaparveðri 18°C og sól skein í heiði. Mótið var haldið í 17. sinn og voru þátttakendur rétt tæplega 100 talsins. Fyrst var keppt í þessu móti 1991. Að venju bauð Bautinn upp á glæsilegt tertuhlaðborð í mótslok.

Opna 10-11 öldungamótið þar er keppt í 4 flokkum – Að þessu sinni voru keppendur ekki nema 73 þar sem þetta skaraðist við Íslandsmót öldunga en þrátt fyrir það komu keppendur alls staðar af landinu. Passað verður upp á að ekki verði árekstrar við önnur stór öldungamót að ári. Glæsileg verðlaun voru í boði Haga sem eiga og reka 10-11 búðirnar auk fleiri verslana. Þá koma Kjarnafæði og La Vita e Bella að mótinu en boðið er upp á glæsilegan kvöldverð í boði La Vita e Bella í mótslok.

Mitsubishi Open – Sú nýbreytni var höfð á núna að spilað var á föstudegi og laugardegi og héldu menn sömu rástímum og sama holti seinni dag og mæltist þetta mjög vel fyrir. Var síðan verðlaunaafhending á laugardagskvöldi þar sem Höldur og Hekla buðu upp á léttar veitingar. Og er það mál manna að þetta fyrirkomulag sé komið til að vera. Fjöldi þátttakenda var 186, lengi vel var langur biðlisti en hægt var að koma öllum að.

Bændaglíman og Firmakeppnin voru helgina 13.-14. sept.

Bændaglíman fór fram á laugardaginn og voru þær Sveindís I. Almarsdóttir og Svandís Gunnarsdóttir bændur. Mikil og góð þátttaka var og blíðskapar veður. Glíman var mjög spennandi alveg þar til síðustu menn komu í hús og endaði hún þannig að rauða liðið vann með 2 vinningum – í rauða liðinu var Sveindís bóndi.

50 fyrirtæki voru skráð til leiks í Firmakeppninni sem fram fór á sunnudaginn – voru það Rúnar Antonsson og Geir Aðalsteinsson sem spiluðu betri bolta til sigurs fyrir Nýju Kaffibrennsluna og fá þeir til varðveislu í eitt ár elsta og verðmætasta bikar í eigu klúbbsins gefinn af Helga Skúlasyni augnlækni – hefur verið spilað um hann síðan 1945 en þá vann Smjörlikisgerð KEA.

Boðið var upp á kaffi og kökur í mótslok á sunnudaginn.

Am-Am liðakeppni GA er nýtt mót á mótaskrá Golfklúbbsins og er það von manna að það verði árvissst þar sem mikil stemming var meðal kylfinga. Talað er um að það verði jafnvel haldið fyrr á tímabilinu.

Mætamenn sigruðu í þessu 1. móti – sveitina skipuðu þeir Víðir Jónsson, Leifur Þormóðsson og Hermann Guðmundsson þeir drógu sér síðan 4 mann sem var Jón Steindór Árnason. Léku þeir á 125 höggum.

Um var að ræða liðakeppni – fyrirkomulagið var þannig að þrjú kylfingar mynduðu sveit og drógu sér síðan 4 mann sem GA lagði til. Tvö bestu skorin töldu á hverri holu. Leikið var með forgjöf. Veitt voru verðlaun fyrir 3 efstu sætin. Í mótslok var boðið upp á mat og drykk.

Auk þeirra móta sem upp talin eru í þessari samantekt þá var haldin hér fjöldi fyrirtækjamóta bæði stór og smá svo mikið hefur verið um að vera hjá okkur í sumar.

Vill stjórn GA þakka öllum þeim sjálfboðaliðum og starfsfólki sem komu að mótahaldinu á einn eða annan hátt kærlega fyrir þeirra störf.

Síðast en ekki síst skal þakka öllum þeim fjölmörgu styrktaraðilum sem þarna áttu hlut að máli – því án þeirra væri mótaskrá okkar ansi lítil og litlaus.

Halla Sif f.h. kappleikjanevndar

Skýrsla eldri kylfinga

Þetta sumarið var keimlíkt þeim fyrri hjá eldri kylfingum GA, alltaf fjölgar í hópnum og flesta daga má sjá sömu andlitin á vellinum og mörg þeirra yfirleitt á sama tíma dags.

Á morgnana mæta þeir árrisulustu tímanlega – jafnvel á undan starfsmönnum vallarins.

Ekki voru nein „þriðjudagsmót“ haldin þetta sumarið, og er það miður – flestir fjölmennustu klúbbar landsins hafa verið með einhverskonar innanfélagsmót fyrir sína félagi – fyrst og fremst til að fá menn og konur til að „keppa“ og skila inn skorkortum sem tryggja klúbbfélögum rétta forgjöf – þetta er nauðsynlegt fyrir alla, og veldur ekki vandræðum, þegar kemur að stærri mótum, en fyrir því eru nokkur fordæmi. Jafnframt hafa þessi mót verið nokkurskonar fjáröflunarmót fyrir sveitir SEK, sem keppa fyrir hönd GA.

Ennfremur voru bæði Opna 10-11 mótið og Bautamótið vel sótt að vanda, þó svo óheppilega hafi tekist til þetta árið, að Íslandsmót Eldri Kylfinga var sett á sömu helgina og því voru margir sem ekki komu til Akureyrar þetta árið – en munu mæta á því næsta, að sögn.

Bæði Kvænna- og Karlalið GA tóku þátt í sveitakeppni Eldri Kylfinga, Íslandsmótinu sem haldið var í Leirunni.

Kvennaliðið stóð sig vel að vanda, en karlaliðið gerði sér lítið fyrir og urðu Íslandsmeistarar 2008, með því að leggja lið GR.

Sveit GA skipuðu, Björgvin Þorsteinsson, Viðar Þorsteinsson, Haraldur Júlíusson, Sævar Gunnarsson, Gunnar Sólmes, Þórarinn B Jónsson, Skúli Ágústsson og Guðmundur Lár., sem jafnframt var liðstjóri við góðan orðstír.

Þá má í lokin geta þess að tveir félagar þeir Viðar og Haraldur Júl, léku báðir í Landsliði LEK fyrir Íslands hönd þetta árið og höfum við ekki aðrar fréttir af því en þær, að þeir hafi verið með betri mönnum.

Skúli Ágústsson f.h. eldri kylfinga

Skýrsla unglínganevndar

Æfingar hófust undir stjórn, Davids Barnvell, í byrjun febrúar. Mæting var ágæt meðal yngstu kylfinganna okkar og eitt af aðalverkefnum Davids er að fjölga kylfingum í yngsta aldurshópnum.

Eitt fyrsta verkefni unglíngaráðs á þessu starfári var að undirbúa og skipuleggja æfingaferð, en að þessu sinni var farið á Spán í lok mars. David og Ólafur Gylfason voru farastjórar og ferðin gekk í alla staði vel. Alls fóru 14 krakkar í þessa ferð og einnig komu krakkar frá Dalvík með.

Unglingarnir og foreldrar voru mjög duglegir að standa fyrir fjáröflun vegna spánarferðar. Haldin var þúttmótaröð í Golfbæ sem var mjög vel sótt og einnig

stóðu þeir fyrir kaffihlaðborði á sumardaginn fyrsta sem mæltist mjög vel fyrir.

Sumargleðin var síðan haldin í byrjun Júní og tókst í alla staði mjög vel. Holukeppni unglíngaráðs er nú að vinna sér fastan sess í keppnishaldi GA og virðist áhugi vera vaxandi.

Árangur okkar krakka í sumar var ekki nógu góður, en að sögn David er framtíðin nokkuð björt því við eigum góðan hóp af yngri kylfingum.

Þar sem undirritaður er að hætta í unglíngaráðinu vil ég að lokum þakka samstarfsfólki mínu í unglínganevndinni fyrir gott samstarf á undanförunum árum.

Gunnar Vigfússon, formaður unglínganevndar

Skýrsla Nýliðanefndar

Síðastliðinn vetur héldum við áfram með fyrirtækjakynningar í Golfbæ en það voru einungis 2-4 einstaklingar frá hverju fyrirtæki sem mættu en þær kynningar sem voru á æfingasvæðinu voru að skila sér mun betur en hátt í 70 manns komu á þær.

Famhalds- og grunnskólarnir eru að koma með nemendur í golfkynningu í auknum mæli. 10 þriggja kvölda byrjendánámskeið voru haldin í sumar og voru þau mjög vel sótt. Í júlí var Hinrik Gunnarsson með reglunámskeið þar mættu 30-40 manns. Áfram verða reglunámskeið í boði en með breyttu fyrirkomulagi. Í lok sumars buðum við öllum sem höfðu verið á námskeiði í sumar innan klúbbs sem utan að vera með í móti sem tókst afskaplega vel. Nýskráningar í klúbbinn voru 40.

Þær tillögur sem nefndin kom með inn á borð til stjórnar í vetur fengu lítil viðbrögð og lýsum við yfir óánægju með það.

Að lokum teljum við brýnt að bæta þurfi aðstöðu fyrir nýliða til að þeir geti æft spilamennskuna hvort sem er með meiri sveigjanleika á vellinum eða bráðabirgðaæfingavelli.

Sveindís Almarsdóttir, formaður nýliðanefndar

Skýrsla Arctic Open nefndar

Arctic Open mótið var haldið dagana 26.-28. júní.

Að venju hófst undirbúningur strax að loknu mótinu 2007 en aðal vinna við skipulag og sölu á mótið fór fram frá ársbyrjun 2008. Markaðssetning mótsins undanfarin ár hefur nú skilað sér þannig að eftirspurn eftir þátttöku er mjög mikil og komust færri að en vildu í mótið að þessu sinni. Ákveðið var að fækka þátttakendum nokkuð frá árinu áður en þá voru 203 skráðir til leiks og mátti ekkert út af bregða til að hægt væri að keyra mótið með þeim fjölda. Þátttakendur í ár voru 180 og þar af 30 útlendingar frá fimm löndum.

Að venju þurfti að leggja nótt við dag síðustu daga fyrir mót til að tryggja að allir hlutir væru í fullkomnu lagi. Fjölmargir GA félagar hjálpuðu til við undirbúning og framkvæmd mótsins og er þeim þakkað kærlega fyrir sína framgöngu. Framkvæmd mótsins tókst vel þrátt fyrir óhagstætt veður og nokkuð mikinn kulda, sérstaklega fyrri nóttina.

Helstu styrktaraðilar Arctic Open 2008 voru Flugfélag Íslands, Landsbankinn og Saga Capital og verðlaun voru gefin af Golfbúðinni Hafnarfirði og NTC verslunum. Öllum þessum aðilum þökkum við samstarfið og bindum miklar vonir við þátttöku þeirra í áframhaldandi uppbyggingu mótsins.



Verðlaunahafar í Arctic 2008.

Á mótinu í ár var efnt til söfnunar til styrktar góðu málefni. Að þessu sinni var ákveðið að styrkja Íþróttafélagið Eik sem vinnur að því að eflaíþróttaiðkun þroskaheftra einstaklinga. Söfnuðumst um 800 þúsund krónur. Þessi fjáröflunar-leikur mæltist vel fyrir og voru þátttakendur ánægðir með að geta látið gott af sér leiða með þessum hætti.

Tekjur af mótinu voru tæpar 5,7 milljónir en gjöld rúmar 1,6 milljónir. Hagnaður nam því um rúmum 4 milljónum og ljóst að mótið skiptir miklu máli fyrir klúbbinn og mikilvægt að áfram sé haldið með uppbyggingu þess.

Í ljósi þeirrra þrenginga sem nú staðja að í efnahagslífi landsins er ljóst að erfiðara verður en oft áður að finna samstarfsaðila vegna mótsins á næsta ári. Framundan er því mikil vinna við að markaðssetja mótið og finna nýjar leiðir til að mótið skili áfram jafnmiklum tekjum til klúbbsins.

*Guðmundur Ómar Pétursson,
Jón Birgir Guðmundsson*

Skýrsla Afreksnefndar

Afreksnefnd hélt fjóra fundi síðast liðið starfsár ásamt nokkrum vegna sérstakra verkefna. Ákveðinn grunn var búið að vinna í nefndinni af fyrrum stjórnarmönnum og áfram verður haldið á þeirri braut með nýjum þjálfara okkar David.

Nefndarmenn sóttu fund hér að Jaðri í janúar sl. með Janusi Guðlaugssyni sem var um afreksfólk í golfi og íþróttum, hvað þarf til og hvenær þarf að byrja að byggja upp afreksmanninn. Þetta var fræðandi fundur sem hægt er að líta til framtíðar með.

Eins og svo oft áður þarf fjármagn til að standa straum af kostnaði við keppendur og afreksfólk. Nú í haust stóð afreksnefnd fyrir golfmóti til styrktar okkar keppendum, mótið mæltist vel fyrir og höldum við áfram með það á næsta ári.

Einnig var sú nýbreyttni að keppnisfólki okkar stóð til boða að þjálfa sig í líkamsræktarstöðinni Átaki sl. vetur sér að kostnaðarlausu.

Um leið og ég þakka nefndarmönnum starfið á liðnu starfsári vil ég hvetja alla kylfinga að æfa vel í vetur og nota þá aðstöðu sem G.A. hefur upp á að bjóða.

Rúnar Antonsson, formaður afreksnefndar

Skýrsla kvennanefndar

Í vor var mikill hugur í GA konum að fara í árlega vorferð. Ætlunin var að fara í Borgarnes og spila þar 18 holur og jafnvel daginn eftir að fara á Akranes og spila þar. Skemmst er frá að segja að okkur þótti ferðin vera orðin svo dýr að ákveðið var að setja upp það prógram að fara lengri ferðir annað hvert ár og spila heldur saman á völlum nær okkur hitt árið. Niðurstaðan varð að í vor mættum við galvaskar á vormót á Hamarsvelli á Dalvík og skemmtum okkur vel. Næsta vor er svo stefnan tekin á lengri vorferð ef ástandið í þjóðfélaginu leyfir.

Í sumar hittumst við 4 miðvikudaga og spiluðum 9 holur. Við þessi tækifæri höfum við reynt að taka vel á móti konum sem eru að byrja í golfi. Við spilum vanur-óvanur og hin ýmsu afbrigði golfíþróttarinnar. Þetta finnst okkur virka vel á nýliða, konurnar finna að þær eru velkomnar og halda frekar áfram að koma á Jaðar og spila golf.

20. júlí var svo opið kvennamót Kanebo & Karls K. Karlssonar sem flestar golfkonur í GA voru með í. Þátttaka var góð og hingað komu konur víðsvegar af landinu Mótið stóð í alla staði undir væntingum og verður vonandi fastur liður á hverju sumri hér eftir.

Hið árlega Hatta-og pilsamót var svo haldið 1. ágúst og þar var mikið gaman eins og venjulega. Reyndar söknuðum við vinkvenna okkar frá Dalvík, en þannig hittist á að stórmót var hjá GHD daginn eftir og konurnar bundnar af undirbúningi fyrir það mót. Það var reyndar einnig raunin fyrir ári síðan og spurning um hvort að við ættum að færa þetta litla mót okkar á aðra helgi.

Lokahóf sumarsins hjá kvennanefndinni var svo 29. Ágúst en þá hittumst við og spiluðum 9 holur og þegar við komum í hús beið okkar súpa ásamt fleiru góðgæti. Allir skemmtu sér vel og þetta var góður endir á frábæru golfsumri.

Kvennanefndin

Lokaorð

Ágætu golfarar, það hefur ekki farið fram hjá neinum að þrengingar eru í samfélaginu hér á landi og munum við hér í klúbbnum örugglega verða varir við það eins og aðrir klúbbar.

Eins og kemur fram í rekstraráætlun okkar fyrir næsta ár er reiknað með þó nokkrum samdrætti, en óneitanlega rennum við nokkuð blint í sjóinn með hversu slæmt ástandið muni verða.

Við ætlum að láta þennann niðurskurð duga en auðvitað sjáum við fljótlega á næsta ári þegar árgjöldin fara að koma og hverjar undirtektir stýrtaraðila verða og getum þá gert ráðstafanir ef ástæða er til.

Við höfum alltaf átt gott samstarf við klúbbfélaga þegar taka þarf til hendinni við völlinn og óneitanlega er ennþá meiri ástæða til að biðla til ykkar að aðstoða okkur þegar ljóst er að færri hendur munu koma að umhirðu vallarins í sumar vegna niðurskurðar.

Ég vona að þetta ástand verði frekar til að þjappa okkur saman og hvetja ykkur til að mæta og rétta okkur hjálparhönd við að fegra og styrkja uppbyggingu á þessum glæsilega velli sem við eigum.

Halldór M. Rafnsson, formaður



Golfklúbbur Akureyrar

Ársskýrsla 2009

Skýrsla stjórnar 2009

1. nóvember 2008-31. október 2009

Stjórn starfsárið 2009

Aðalstjórn

| | |
|---------------|--------------------|
| Formaður | Halldór Rafnsson |
| Varaformaður | Rúnar Antonsson |
| Ritari | Gunnar Vigfússon |
| Gjaldkeri | Arnar Árnason |
| Meðstjórnandi | Örn Viðar Arnarson |

Varamenn í stjórn

1. varamaður Sveindís Almarsdóttir
2. Varamaður Svanhvít Ragnarsdóttir

Ágætu kylfingar, nú er lokið einu erfiðasta starfsári hjá okkur til langs tíma og kom það fram á ýmsan hátt.

Í apríl hafði íþróttafulltrúi samband við formann um endurskoðun á samningi klúbbsins frá 2007, þar sem við vorum beðin um að færa til greiðslur til 2013. Þann 3. júní var skrifað undir breyttan samning og framkvæmdaráætlun um að kr. 44 milljónir yrðu greiddar til 15. apríl 2013. Við þetta urðu nokkrar breytingar á greiðslum á næstu árum þannig að í stað þess að við ættum að fá kr. 50 milljónir næsta vor fengjum við kr. 35 milljónir. Fyrir stuttu síðan boðaði íþróttafulltrúi formann aftur á fund og var með óskir frá Akureyrarbæ um frekari niðurskurð, vegna þeirra viðræðna varð að fresta aðalfundi sem átti að vera 26. nóvember sl. Eftir fund formanns með bæjarstjóra og formanni Íþróttaráðs tókst að ljúka því máli farsælega.

Í febrúar hafði Skipulagsstjóri samband við stjórn GA um að gera deiliskipulag af svæði golfvallarins, að ósk stjórnar var þeirri vinnu frestað þar sem hugmynd hafði komið upp í stjórn að reyna að fá svæði norðan vallarins við Miðhúsabraut undir golfvallarsvæðið, var skipulagsstjóra sent bréf þess efnis í apríl. Svar barst frá skipulagsstjóra í maí þess efnis að skipulagsnefnd tæki vel í erindið en gæti ekki afgreitt það að svo stöddu.

Nú í október sendi Skipulagsstjóri klúbbum bréf þar sem óskað var eftir að vinna við deiliskipulag gæti hafist, var stjórnin við því erindi og fékk Edwin Rögnvaldsson í verkið en Skipulagsstjóri hafði fengið Halldór Jóhannsson landslagsarkitek til að hafa forustu við þessa vinnu. Það er nokkuð ljóst að svæðið sem við óskuðum eftir norðan vallar verði hluti af vallarsvæði GA til framtíðar.

Á síðasta ári gerðist Golfklúbbur Akureyrar stofnaðili að Golf Iceland, sem hefur það markmið að kynna golfvelli og golf á Íslandi um allan heim með þátttöku í alþjóðlegum samtökum IAGTO. Í sumar var síðan fyrsta ráðstefnan á vegum Golf Iceland með þátttöku IAGTO þar sem formaður flutti erindi um uppbyggingu og sögu Arctic open.

Á árinu varð Gísli Bragi Hjartarson sjötugur og var það álit stjórnar að gera hann að heiðursfélaga Golfklúbbs Akureyrar fyrir störf hans á vegum klúbbsins, en hann hefur bæði verið framkvæmdarstjóri og formaður klúbbsins.

Það hefur verið ljóst í nokkurn tíma að aðstaða okkar í núverandi húsnæði í Golfbæ er ekki nógu góð, hefur því verið leitað nokkuð að húsnæði um tíma og er von okkar að það mál leysist farsælega á næstunni með aðstoð Íþróttafulltrúa.

Eins og fram kemur í reikningnum klúbbsins er rekstur í jafnvægi og ber því að fagna, en það hefur kostað nokkurn samdrátt á sumum sviðum í reksri.

Einnig skal vakin athygli á því að vinna verður hafin aftur á fullu við breytingar á vellinum í sumar og vonast stjórnin til að kylfingar sýni okkur og vallarstarfsmönnum þolinmæði en reynt verður að láta þessa vinnu raska spili sem minnst á vellinum.

Skýrsla Vallarnefndar

Um mánaðarmót apríl maí var byrjað á uppsetningu vökvunarkerfis á flötum 11, 14, 15 og 18. Vinnudagur var haldinn 16. maí og var mæting mjög góð, miklu var komið í verk þann daginn. Að loknum vinnudegi var svo haldið létt golfmót sem var annað mót af tveimur í nýrri mótarið á vegum vallarnefndar Vinnufúsir.

Ýmiss verkefni voru unnin þetta árið eins og t.d. vatnsbunkerar á 11. braut voru þökulagðir ásamt uppsetningu nýrra brúa á suðurvelli, þökulagning á umhverfi 15. flatar með hjálp vaskra sjálfboðaliða og einnig var sáð í nýja 15. flöt. Æfingaflattirnar þrjár komu vel út í sumar og er ljóst að þar hefur tekist mjög vel til. Þökuræktarsvæðið gaf vel af sér strax í sumar og er það framar vonum þar sem það er einnig bara eins árs, eigum við þar góðann banka sem verður hægt að nota í okkar framkvæmdir og munum við halda áfram að sá í þann grasbanka til frambúðar.

Mörg stór mót voru hér þetta sumarið og voru menn almennt ánægðir með völlinn og þá sérstaklega seinnipart sumars. Er það almennt álit manna að hér séu í gangi miklar og jákvæðar framkvæmdir að Jaðri sem mun skila sér í afbrigðis golfvelli innan tíðar.

Í júlí mánuði var svo opnaður æfingavöllur norðan við jaðarsvöll í samstarfi við Akureyrarbæ. Þetta er frír 6 holu völlur og stendur öllum til boða að koma og prufa golfíþróttina. Þessi framkvæmd heppnaðist mjög vel og var völlurinn mikið notaður.

Haustmánuðir voru góðir þetta árið og var opið inná sumarflatir til 26. október og er það með lengra móti.

Stefnt er að áframhaldandi framkvæmdum og ber þar helst að minnast á hálfkláraða teiga og fleiri „opin“ svæði. Vonumst við til að ljúka vinnu við þessu opnu svæði fyrir júní á næsta ári.

Vallarstarfsmenn sumarið 2009: Steindór Ragnarsson Vallarstjóri, Arnór Jón Sveinsson vélamaður, Valdimar Þengils-son, Ævar Knútsson, Jan Eric Jessen, Gunnar Ernir Birgisson, Lars Óli Jessen, Hafþór Valgeirsson og Einar Hannesson. Þökkum við þeim fyrir vel unnin störf.

Einnig vill vallarnefnd og vallarstjóri þakka öllum þeim sjálfboðliðum sem lögðu hönd á plóg. Er það okkar einlæga von að sjá sem flesta að ári.

Skýrsla kappleikjanefndar

Úrslit allra móta GA er að finna á www.golf.is og www.gagolf.is undir fréttir.

Starfsárið byrjaði með móti til styrktar unglिंगastarfi GA – Sumargleði EJS, Coca Cola & Dominos Pizza sem haldið var 6. júní. Keppt var í karla-, kvenna- og unglिंगaflokkum 18 ára og yngri. Þátttaka var góð, 85 skráðir til leiks – rennur þátttökugjald til unglिंगastarfsins hjá klúbbum. Kalt var í veðri og súldaði fyrst um morgunin en fór hlýnandi þegar leið á daginn.

Bleiki Toppbikarinn er mótarið sem styrkt er af Vífilfelli og var fyrsta mót sumarsins haldið að Jaðri á Akureyri föstudaginn 12. júní í blíðskapar veðri. Fyrirkomulagið var Texas Scramble punktkeppni með forgjöf og fékk sigurliðið þátttökurétt á lokamótinu sem haldið var í Borgarnesi 12. september. Hjónin Fylkir Þór Guðmundsson og Matthea Sigurðardóttir sigruðu en þau spiluðu frábært golf og fengu 46 punkta. Í lokin var dregið úr skorkortum og var vinningurinn ekki af verri endandum, en það var þátttökuréttur á lokamótið í Borgarnesi eins og sigurvegararnir hlutu. Þeir heppnu voru Hreiðar Gíslason og Guðmundur Finnsson. Þátttökugjald rann óskipt til rannasókna á brjóstakrabbameini.

14. júní var haldið Háforgjafarmót Dunlop & Svefn og heilsu – Vanur óvanur sem tókst með miklum ágætum. Glæsileg verðlaun voru í boði Svefn og Heilsu og Marka sem selur Dunlop golfvörur. Mörg lið voru skráð til leiks og komu mjög mörg skemmtileg liðanöfn fram, þar sem að Svefn og Heilsa var að styrkja mótið þótti liðsnafnið Rekkjunautar standa uppúr í ár. Leikin var Texas scramble punktkeppni þar sem það er mjög gott leikfyrirkomulag fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í mótum, annar leikmaður varð að hafa lága forgjöf og byrjandinn fulla forgjöf.

16. júní var haldið mjög skemmtilegt mót til styrktar afreksstefnu klúbbsins og var góð mæting. Þetta var liðakeppni þar sem 4 léku saman í liði og tveir betri töldu. Skemmtileg nýbreytni þarna á ferð. Sigurliðið var skipað þeim Jóni Viðari Þorvaldssyni, Þórhalli Pálssyni, Óskari Adamssyni og Þorvaldi Jónssyni.

Stórmót Heimsferða og Karl K. Karlssonar var haldið í mjög góðu veðri laugardaginn 20. júní. Fyrsta sæti var nánast aldrei í hættu en þeir Andri Geir Viðarsson og Gunnlaugur K. Guðmundsson spiluði á 63 höggum með forgjöf. Fyrir fyrsta sætið fengu þeir 50.000 kr. gjafabréf frá Heimsferðum. Það var meiri spenna um hin verðlaunasætin og þurfti að reikna til baka seinni 9 holurnar um bæði 2 og 3 sætið, í 2. sæti höfnuðu Egill Hólmsteinsson og Hólmsteinn Hólmsteinsson á 65 höggum með forgjöf en voru með betra skor á seinni 9. Sigurður Hjartarson og Júlíus Þór Tryggvason enduðu í 3. sæti á 65 höggum einnig en með lakara skor á seinni 9. Bæði 2. og 3. sætið fengu glæsilegverðlaun frá Karl K. Karlssyni. Alls tóku 80 kylfingar þátt. Glæsileg veisla var í mótslok í boði Karls K. Karlssonar. Verðlaunin voru gjafabréf frá Heimsferðum og veglegir glaðningar frá Karli K. Karlssyni, einnig var dregið úr skorkortum.

Arctic Open var að vanda glæsilegt og haldið dagana 25.-27. júní. Nánar er fjallað um það hér í sér kafla í skýrslu stjórnar.

Dagana 29. júní til 4. júlí var haldið fjölmennasta Meistaramót klúbbsins frá upphafi þar sem spilað var í flokkum fullorðinna karla og kvenna, barna- og unglिंगaflokkum og öldungaflokkum karla og kvenna. Keppni í barnaflokkum

för fram 29.-30. júní, David Barnwell ásamt unglingaráði sáu um framkvæmd á keppni barna- og unglinga sem lauk með verðlaunaafhendingu og pylsuveislu í boði Norðlenska um miðja vikuna. Þátttakan var mjög góð og var keppendum skipt niður eftir aldri og reynsli. Elstu og reyndustu krakkarnir fóru tvo 18 holu hringi og þau yngri og/eða minna reyndari fóru tvo 9 holu hringi. Svo fóru allra yngstu og/eða byrjendur í golfþrautir. Keppni var mjög spennandi í flestum flokkum og sýndu krakkarnir glæsileg tilþrif. Veðrið lék við keppendur og fylgdarmenn, foreldrar og aðstandendur voru duglegir að fylgja börnum sínum eftir.

Allir þátttakendur fengu viðurkenningarskjal um þátttöku. Úrslit er að finna á heimasíðu klúbbsins og á www.golf.is.

Í ár voru um 170 þátttakendur í fullorðinsflokkunum sem er met í Meistaramóti klúbbsins til þessa. Fyrstu tvo dagana var ræst út handahófskennt en seinni tvo eftir flokkum og skori. Öldungaflokkarnir spiluðu þrjá hringi í mótinu en allir aðrir fjóra. Á laugardagskvöld var svo boðið upp á grillveislu sem Konni Kokkur stýrði og var maturinn mjög ljúffengur. Eins og undanfarin ár er það Átak heilsurækt og Aqua Spa sem eru styrktaraðilar mótsins og þökkum við þeim stuðninginn, maturinn í lokahófi var í boði Norðlenska og þökkum við þeim einnig fyrir frábæran stuðning í gegnum árin.

Keppt er í eftirfarandi flokkum 70 ára og eldri karlar, 50-64 ára konur, 65 ára og eldri konur, 55-69 ára karlar, Mfl. kvenna, Mfl. karla, 4. fl. karla, 3. fl. karla, 2. fl. kvenna, 2. fl. karla, 1. fl. kvenna og 1. fl. karla.

Örvar Samúelsson sigraði í Meistaraflokki karla á 289 höggum. Sunna Sævarsdóttir sigraði í Meistaraflokki kvenna á 336 höggum. Í fyrsta flokki karla lék Kjartan Sigurðsson best á 306 höggum og Leanne Carol Leggett í 1. flokki kvenna á 372 höggum. Í öldungaflokki karla 70 ára og eldri lék best Hilmar Gíslason á 262 höggum og í flokki 55 ára og eldri karla lék Viðar Þorsteinsson best á 234 höggum. Í flokki eldri kvenna 55+ sigraði Guðný Óskarsdóttir á 261 höggi. Rósa Gunnarsdóttir sigraði í kvennaflokki 65+ á 293 höggum. Önnur úrslit er að finna á heimasíðu GA eða á golf.is

9.-12. júlí var haldið hér á Akureyri Landsmót UMFÍ og var keppt í golfi hér að Jaðri 10. og 11. júlí. ÍBA vann í kvennaflokki og einnig vann ÍBA eignarbikar fyrir samanlagðan árangur bæði í kvenna- og karlaflokki.

Kvennasveit ÍBA skipuðu þær Halla Berglind Arnarsdóttir, Petrea Jónasdóttir, Stefanía Kristín Valgeirsdóttir, Þórunn Anna Haraldsdóttir og Halla Sif Svavarsdóttir.

Karla sveit ÍBA lenti í 2. sæti hana skipuðu þeir Samúel Gunnarsson, Hafþór Ingi Valgeirsson, Jón Viðar Þorvaldsson og Ingvar Karl Hermannsson.



Hér er sigurlið GA í karla- og kvennaflokki í Landsmóti UMFÍ.



Sigurveggarar í kvennafllokki í Landsmóti 35 ára og eldri – Andrea okkar kona lengst til hægri Íslandsmeistari kvenna 35 ára og eldri.

Íslandsmót 35 ára og eldri var haldið hér dagana 16.-18. júlí í samvinnu við Gólfsamband Íslands. Keppendur voru 189, keppt var í 4 flokkum karla og 3 flokkum kvenna.

Byrjað var að ræsa út kl. 6:30 á morgnanna og stóð ræsing til rúmlega 17:00. Það var flott golfveður alla dagana en það hefði mátt vera hlýrra. Mótið gekk í alla staði vel og í mótslok áttum við hér hjá GA 3 íslandsmeistara og 2 aðra í verðlaunasæti. Andrea Ásgrímsdóttir sigraði 1. flokk kvenna spilaði á 232 höggum, Leanne Carol Leggett sigraði 2. flokk kvenna spilaði á 266 höggum, Konráð Vestmann Þorsteinsson sigraði 2. flokk karla spilaði á 235 höggum og í 2. sæti í þeim flokki eftir bráðabana var líka GA maður Ásbjörn Björgvinsson. Í 1. flokki karla áttum við 3. sætið það var hann Kristján Gylfason hann spilaði á 213 höggum. Glæsileg frammistaða okkar fólks þarna.

Opíð kvennamót í boði Karls K. Karlssonar heildverslunar og Purity Herbs var haldið sunnudaginn 26. júlí. Kvennyklingar þessa lands létu það ekki aftra sér að taka þátt þrátt fyrir kuldalegt veðurfar um mitt sumar.

VerslunarmannahelgarBomban var á sýnum stað í mótaskrá GA og var hún haldin 2. ágúst. Fjöldi vinninga voru frá Iceland Express, Ecco, Remax og Veitingahúsinu Strikinu á Akureyri. Fjöldi þátttakenda var 144 sami fjöldi keppenda og síðasta ár.

Dagana 7.-9. ágúst var hér haldin sveitakeppni GSÍ 1. deild karla.

Sveit Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar bar sigur úr bitum, GKG sigraði GR í úrslitaleik. GKJ varð í 3. sæti og Keilir í því fjórða en okkar menn féllu niður í aðra deild eftir stutt stopp í 1. deildinni. Sveit GA skipuðu þeir Birgir Haraldsson, Ingvar Karl Hermannsson, Hafþór Ingi Valgeirsson, Ólafur Gylfason, Samúel Gunnarsson, Björn Guðmundsson, Finnur Bessi Sigurðsson og Örvar Samúelsson. Liðstjóri var Björn Axelsson.

Næsta stórmót sumarsins var svo Hjóna- og parakeppni GA, Hótel Akureyrar & Lostætis, haldið dagana 21.-22. ágúst. Mót þetta var nú haldið í þriðja sinn og var uppselt í mótið. Aðalstyrktaraðilar eru Hótel Akureyri og Lostæti. Þetta er tveggja daga mót, fyrri dag var spilað Greensome og seinni dag Betri bolti – sigurveggarar voru þeir sem höfðu besta samanlagt skor úr höggleiknum með forgjöf eftir báða dagana. Í mótslok var glæsileg verðlaunaafhending og veisla í boði Lostætis. Veislustjórn var í umsjón þeirra Konráðs Þorsteinssonar kokks frá Lostæti og Björgvins Þorsteinssonar frá Hótel Akureyri.

Sigurveggararnir að þessu sinni voru Jón Gústaf Pétursson og Sigrún Ragna Sigurðardóttir en þau hlutu í verðlaun flug til Orlando, Flórída & gisting á Marriott Grande Vista í viku. Enn fremur voru í verðlaun gistinætur á Hótel Stykkilshólmi, Hótel Ólafsvík og Íslandía Hótel með kvöldverði og gisting á Hótel Akureyri með leikhúsmíða og skíðapassa. Einnig var fjöldinn allur af öðrum verðlaunum frá fjölmörgum fyrirtækjum hér í bæ. Veður var heldur hrissingslegt fyrri daginn svo ekki sé meira sagt og til að hlýja keppendum var boðið upp á léttar veitingar á hringnum sem mæltist mjög vel fyrir.

Hið árlega Bautamót var svo haldið 23. ágúst. Jafn glæsilegt og undanfarin ár. Mótið var haldið í 18. sinn og voru þátttakendur 113 talsins. Ræst er út frá 1. og 10. teig og er því þátttakenda fjöldi takmarkaður við rétt um 120 keppendur. Fyrst var keppt í þessu móti 1991. Að venju bauð Bautinn upp á glæsilegt tertuhlaðborð í mótslok.

Mitsubishi Open – Í fyrra var sú nýbreytni gerð að spilað var á föstudegi og laugardegi og héldu menn sömu rástímum og sama holti seinni dag og mæltist þetta mjög vel fyrir. Og er þetta fyrirkomulag komið til að vera. Var síðan verðlaunafhending á laugardagskvöldi þar sem Höldur og Hekla buðu upp á léttar veitingar. Uppselt var í mótið.

Golfklúbbur Akureyrar vill þakka öllum þeim sem tóku þátt í mótinu og er það von okkar hér að allir hafi skemmt sér vel og engum hafi orðið meint af þrátt fyrir ansi óblíðar veður móttökur á föstudag. Ennfremur vill GA þakka styrktaraðilum mótsins Heklu og Heldi bílaleigu ásamt Vodafone og Kjarnafæði fyrir frábært mót.

30. ágúst var svo uppskeruhátíð Norðurlandsmótaraðar unglunga – Greifamótið. Skráðir til þátttöku frá GA voru 57 af 120 þátttakendum sem gera 47,5% keppenda. Stór hópur krakka sem sveifluðu sínum fyrstu sveiflum í vor eru byrjuð að mæta í mótin og eiga þau mikið hrós skilið. Eftirtaldir náðu verðlaunasæti frá GA í mótinu: Í byrjendaflokki varð Almar Teitsson í öðru sæti og Lárus Ingi Antonsson í því þriðja en báðir á sama höggafjölda. Harpa Jóhannsdóttir varð í 3. sæti í 11 ára og yngri. Í 12-13 ára flokki áttum við svo fimm af sex verðlaunasætum. En þar sigraði Tumi Hrafn Kúld, í 2. sæti varð Kristján Benedikt og í 3. sæti varð Víðir Steinar. Stefanía Elsa varð önnur stúlkna og Guðrún Karitas þriðja.

Hægt er að sjá öll úrslit á golf.is nema byrjendaflokkinn sem er á gagolf.is. Einnig er hægt að sjá endanlega röðun á Norðurlandsmótinu á www.nordurgolf.is. Unglinganefnd GA vill þakka öllum þeim sem lögðu til krafta sína á einn eða annan hátt við mótshald. Einnig viljum við þakka styrktaraðilum fyrir glæsilega aðkomu: Greifinn, Norðlenska, Brauðgerð Kristjáns, Sjóvá, Ásprent, Vífilfell og KPMG.

Haldið var eitt opið haustmót 6. september sem tókst með ágætum og voru keppendur um 100 og léku veðurguðirnir við okkur þennan dag. Keppt var bæði í karla og kvennaflokki.

12. september var haldið hér að Jaðri síðasta mót Norðlensku mótaraðarinnar. Þessi mótarað er ný af nálinni en þátttökurétt hafa þeir kylfingar sem eru með 10 eða minna í forgjöf. Spilað er á völlum hér á norðurlandi.

Vinnufúsir – þetta mót var haldið á vegum vallarnefndar GA 13. sept. en þeir vildu þakka öllum þeim sjálfboðaliðum sem tóku þátt í vinnudegi í vor og öðrum þeim störfum sem kallað var til í sumar fyrir alveg hreint frábæra mætingu. Spilaðar voru 9 holur – ræst út á öllum teigum það mættu 51 til leiks og var veðrið eins og best veður á kosið. Sól og blíða. Í mótslok voru konurnar í klúbbnum búnar að reida fram dýrindis kökuhlaðborð eins og þeim einum er lagið.

Vallarnefnd vill þakka þeim sem studdu þetta mót en það voru Norðland Air, Húsasmiðjan, Brúin, JMJ/Joe's, Norðlenska, N1, Toppmenn og sport, David Barnwell golfkennari og Anna Freyja.

Bændaglíman var haldin laugardaginn 19. sept og voru þeir bændur Stefán Haukur Jakobsson fyrir bláa liðið og Hilmar Gíslason fyrir rauða liðið. Mikil og góð þátttaka var og blíðskapar veður, það fylgir Bændaglímunni blíðskapar veður á hverju ári. Glíman var mjög spennandi alveg þar til síðustu menn komu í hús og endaði með að lið Hilmars sigraði eftir bráðabana á 18. holu. Það var því rauða liðið sem vann.

Um 50 fyrirtæki voru skráð til leiks í Firmakeppninni voru það þeir Rúnar Antonsson og Geir Aðalsteinsson sem spiluðu betri bolta til sigurs fyrir Nýju Kaffibrennsluna annað árið í röð og fá þeir til varðveislu í eitt ár elsta og verðmætasta bikar í eigu klúbbsins gefinn af Helga Skúlasyni augnlækni – hefur verið spilað um hann síðan 1945 en þá vann Smjörlikisgerð KEA. Í öðru sæti var Sjóvá – fyrir þá spiluðu Hilmar Gíslason og Heimir Jóhannsson og í 3. sæti var Neyðarlínan en fyrir þá spiluðu þeir Ainbjörn Kúld og Jason Wright. Hilmar og Heimir höfðu betur í bráðabana á 18. um 2. sætið. Boðið var upp á kaffi og glæsilegt kökuhlaðborð í mótslok.

Am-Am liðakeppni GA er mót sem hóf göngu sína haustið 2008 og var stefnan tekin á að halda það árlega en jafnvel fyrr á tímabilinu en mönnum þykir fint að enda vertíðina á þessu móti og var það haldið nú í ár 26. september.

Kúld o. Co sigruðu í mótinu – sveitina skipuðu þau Arinbjörn Kúld, Tumi Hrafn Kúld og Anna Einarsdóttir og þeirra lágforgjafakylfingur var Kjartan Fossberg, þau spiluðu á 131 höggi tveir bestu töldu með forgjöf. Fyrirkomulagið



Tumi Hrafn Kúld með háttvísibikar 2009.

var þannig að þrír kylfingar mynduðu sveit og drógu sér síðan 4 mann sem GA lagði til. Tvö bestu skorin töldu á hverri holu. Veitt voru verðlaun fyrir 3 efstu sætin. Í mótslok var boðið upp á mat og drykk.

Holukeppnin var svo spiluð í allt sumar og var mikil og góð stemming í þeirri keppni. Holumeistari GA annað árið í röð var Hafþór Ingi Valgeirsson, í öðru sæti var Kjartan Sigurðsson og í 3. sæti Leanne Carol Leggett.

Auk þeirra móta sem eru upp talin í þessari samantekt þá var haldin hér fjöldi fyrirtækjamóta bæði stór og smá svo mikið hefur verið um að vera hjá okkur í sumar.

Vill stjórn GA þakka öllum þeim sjálfbóðaliðum og starfsfólki sem komu að mótahaldinu á einn eða annan hátt kærlega fyrir þeirra störf.

Síðast en ekki síst skal þakka öllum þeim fjölmörgu styrktaraðilum sem komu að mótahaldi okkar á einn eða annan hátt – því án þeirra væri móta-skrá okkar ansi lítil og litlaus.



Akureyrarmeistarar 2009 Sunna Sævarsdóttir og Örvar Samúelsson.

Skýrsla unglínganefndar

Unglingaráð hittist í byrjun árs 2009 og lagði drög að komandi ári.

Lagt var upp með að bæta og fjölga þátttakendum barna og unglínga í Golfklúbbi Akureyrar. Þá tók unglíngaráð þá ákvörðun að einbeita sér að uppbyggingu yngri flokka enda fáir orðnir eftir í hópi 15-18 ára.

Veturinn hófst á Púttmótaröð sem var haldin í Golfbæ til styrktar eldri unglíngum.

Þáskamót með þrautum og leikjum var haldið í Boganum við góðar undirtektir barna, unglínga og foreldra.

Kaffihlaðborð var haldið með hjálp foreldra sumardaginn fyrsta og var það vel sótt og fin fjáröflun fyrir unglíngaráð.

Börnum og unglíngum var boðið að koma og eiga góðan dag þar sem ýmislegt var á boðstólnum svo sem golfþrautir, dvd og pizzuveisla í lokin þar skemmtu sér saman börn og unglíngar frá 4-17 ára aldurs.

Við mættum einungis með eina sveit í sveitakeppni barna og unglínga 16 ára og yngri, var hún nánast skipuð mjög ungunum leikmönnum sem voru að stíga sín fyrstu skref í keppni á landsvísu, komu strákarnir okkar því reynslunni ríkari heim úr þeirri ferð þó ekki hafi náðst í titil. Þá lék Örvar Samúelsson í eldri sveit sveitakeppni 17-18 ára – GA, GSS og GHD sendu saman sveit þeir stóðu sig feikivel og sigraði Örvar m.a. alla sína leiki. Endaði sveitin í öðru sæti eftir hörku baráttu við sveit GR-inga.

Formenn unglíngaráða á Norðurlandi hittust og komu á Norðurlandsmótaröð fyrir börn og unglínga. Að henni stóðu GA, GHD, GSS, GÓ auk GH. Má með sanni segja að vel hafi tekist til við mótaröðina og í síðasta mótinu sem haldið var á Jaðri var þáttakan næstum tvöföld frá fyrsta mótinu sem haldið var á Dalvík eða yfir 120 keppendur og um 60 keppendur frá GA. Einn titill kom til GA og var það í hópi 12-13 ára stráka. Árangur hinna var samt með ágætum þar sem margir voru að stíga sín fyrstu skref í keppni og spila aðra velli.

Leið til að fjölga ungunum kylfingum í klúbbum var að bjóða öllum krökkum í 3. og 4. bekk í grunnskólum á Akureyri á Jaðar og prufa golfþróttina undir handleiðslu þjálfara, leiðbeinenda og unglíngaráðs. Tókst vel til og gríðarleg fjölgun varð á barnastarfinu í sumar sem má rekja beint til kynningarinnar fyrr um vorið. Þá kom íþróttastjóri nefndarinnar að skemmtilegum leikjum í mótarformi m.a rider, og Texas skramble keppni en ásamt því hélt David utan um nokkur miðvikudagsmót sem öll voru til að auka færni barna og unglínga í því að keppa og skrifa skor sitt og annara. Í lok sumars voru svo settir sér teigar fyrir byrjendurna og þeim leyft að fara á völlinn og spreyta sig.

Tekin var ákvörðun að fara ekki í æfingarferð út v/ ástands í þjóðfélaginu eins og farið hefur verið í síðustu ár. Hugmynd kom upp um að fara í stutta ferð innanlands og þá eitthvað suður en ekkert varð af því í þetta sinn. Á döfinni var að fara í sameiginlega útilegu að Ásbyrgi þar sem hægt er að spila golf en ekki náðist nægjanlegur fjöldi þannig að það var blásið af.

Skýrsla Nýliðanefndar

Nýliðastarfið byrjaði á opnum dögum í Golfbæ og urðu 2 sunnudagar fyrir valinu. Þar kynntum við klúbbin og starfs-semina, David fór yfir golfsveifluna, fólk prófaði að pútta og tókst þessi kynning ágætlega. Konurnar okkar standa alltaf fyrir sínu með miðvikudagskvöldin þar sem að þær spila með óvönnum konum og segja þeim til með einfaldar reglur, umgengni og kurteisisvenjur. Við leitum til klúbbmeðlima um að vera með í vanur og óvanur á þriðjudagskvöldum og voru margir sem gáfu kost á sér í að vera með. Við óskuðum jafnframt eftir því að norðurvöllurinn yrði lokaður á meðan, til að nýliðar væru ekki að spila undir pressu og var það gert. Þetta voru 6 spilakvöld og mikil og góð þátttaka og allir nýliðar sem og námskeiðisfólk voru mjög ánægð með þessi kvöld og er um að gera að halda áfram með þetta verkefni. Framhalds- og grunnskólarnir eru mjög duglegir að koma með nemendur á golfvöllinn og er það að skila sér í fjölgun barna og unglínga sem koma á námskeið. Við lýsum yfir mikilli ánægju með æfingavöllinn sem er komin norðan við Jaðarssvæðið, 6 holur og verður hann örugglega vel nýttur í framtíðinni. David Barnwell var með námskeið í hverri viku

í sumar og voru þau vel sótt. Nýskráningar í klúbbinn voru milli 50 og 60. Að lokum viljum við í nýliðanefndinni þakka öllum þeim sem aðstoðuðu okkur við starfið í sumar.

Skýrsla Arctic open

Arctic Open mótið var haldið dagana 25.-27. júní.

Að venju hófst undirbúningur strax að loknu mótinu 2008 en aðal vinna við skipulag og sölu á mótið fór fram frá ársbyrjun 2009. Strax á haustdögum 2008 varð ljóst að erfitt yrði að finna jafnmarga samstarfsaðila um framkvæmd mótsins og undanfarin ár. Fyrirtæki hafa dregið mjög saman þátttöku í viðburðum sem Arctic Open og ekki tilbúin til að senda starfsmenn og viðskiptavini á mótið í jafnríkum mæli og undanfarin ár. Markaðssetning mótsins og skipulag tók því mið af þessari staðreynd og ekki var jafnmikið lagt í umgjörð mótsins og verið hefur.

Þátttakendur á mótinu voru 129 sem er veruleg fækkun frá árinu á undan en þá var fjöldi þátttakenda um 170. Að venju þurfti að leggja nótt við dag síðustu daga fyrir mót til að tryggja að allir hlutir væru í fullkomnu lagi. Fjölmargir GA félagar hjálpuðu til við undirbúning og framkvæmd mótsins og er þeim þakkað kærlega fyrir sína framgöngu. Framkvæmd mótsins tókst í alla staði vel og var hagstætt veður þó sólina vantaði.

Flugfélag Íslands var aðal samstarfsaðili um framkvæmd mótsins og verðlaun voru gefin af Golfbúðinni Hafnarfirði og NTC versluninum. Öllum þessum aðilum þökkum við samstarfið og bindum miklar vonir við þátttöku þeirra í framtíðinni.

Á mótinu var efnt til söfnunar til styrktar góðu málefni. Að þessu sinni var ákveðið að styrkja barna- og unglingsstarf golfklúbbsins og söfnuðumst nokkur hundruð þúsund krónur meðal þátttakanda á mótinu. Stærsta framlagið kom frá tveimur Bandaríkjamönnum sem gáfu 2.000 dollara. Þessi fjáröflunarleikur mæltist vel fyrir og voru þátttakendur ánægðir með að geta látið gott af sér leiða með þessum hætti.

Tekjur af mótinu voru tæpar 2,5 milljónir en gjöld rúmar 1,9 milljónir. Hagnaður var því tæpar sex hundruð þúsund krónur. Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu megum við sémilega una við þessa niðurstöðu.

Það má búast við að erfitt verði að finna samstarfsaðila vegna mótsins á næsta ári. Því er framundan mikil vinna við að markaðssetja mótið og finna nýjar leiðir til að það skili áfram jafnmiklum tekjum til Golfklúbbsins og þegar best lét.

Skýrsla Afreksnefndar

Afreksnefnd kom saman 4 sinnum á liðnu starfsári, auk þátttöku í nokkrum sérstökum verkefnum. Tvö mót voru haldin á vegum nefndarinnar í byrjun sumars og svo aftur í lok september og þökkum við sérstaklega Norðlenska og Vífílfelli fyrir aðkomu þeirra að því verkefni. Bæði mótin mæltust vel fyrir og verður haldið áfram með þau. Þjálfun GA félaga og val okkar keppenda á mótum var undir stjórn Davids Barnwell þjálfara okkar eins og síðastliðið ár.

Mikil fjölgun var hjá GA félgögum í æfingaaðstöðunni okkar, bæði í Sjafnarhúsinu og í Boganum og er það vel, þó að Sjafnarhúsnæðið henti okkur engan vegin í dag. Í vetur stendur til að skipta um æfingahúsnæði og vonandi tekst það vel til. Sú nýbreytni var sl. sumar að farið var af stað með mót sem kallaðist Norðurlandsmótaröðin og tókst það með ágætum og styrkir okkar keppendur til frekari dáða og undirbúnings fyrir stærri mót. Vonandi heldur Norðurlandsmótaröðin áfram.

Okkar keppnismönnum tókst misvel upp sl. sumar en þó stendur upp úr Íslandsmótið sem haldið var hér að Jaðri fyrir 35 ára og eldri, þar gekk okkar fólki vel og má nefna að í 1. flokki karla náði Kristján Hilmir Gylfason 3. sæti og í 2. flokki karla sigraði Konráð Vestmann Þorsteinsson. Konurnar okkar gerðu enn betur og sigraði Andrea Ágrímsdóttir í 1. flokki og í 2. flokki kvenna sigraði svo Leanne Carol Leggett, óskum við þeim öllum til hamingju með þennan árangur. Sveitakeppni GSÍ í 1. deild var haldin hér að Jaðri en því miður tókst okkar mönnum ekki nógu vel upp á heimavelli og féll sveitin í 2. deild.

Jákvætt er að mikil fjölgun hefur verið í klúbbum hjá yngra fólkinu og David hefur stjórnað því starfi með sóma, þar sem horft er til framtíðar. Hins vegar þurfum við því miður að horfa á eftir David til Noregs eftir áramót en hann hefur ákveðið að skipta um starfsumhverfi að sinni. Við þökkum David ánægjulegt samstarf og óskum honum velfarnaðar í nýju landi. Við horfum þó björtum augum til framtíðar og munum með nýjum þjálfara reyna að skapa okkar keppendum eins góða aðstöðu og hægt er hverju sinni.

Skýrsla kvennanefndar

Golfsumarið 2009 byrjaði á hinum árlega vorkundi kvennadeildar GA og var haldinn á Strikinu 25. mars sl.

Mæting var mjög góð, vel yfir 30 konur og rætt var um fyrrihugaða golf- vorferð í Borgarnes. Tvær nýjar konur komu inn í stjórn, þær Unnur Hallsdóttir og Auður Dúadóttir. Anna Einarsdóttir og Eva Magnúsdóttir hættu og voru þeim þökkuð vel unnin störf.

Fjárhagsstaða kvennadeildar var mjög góð svo ákveðið var að fara í 3ja daga golfferð í Borgarnes. Eftir fundarhöld og

skipulagsstörf vegna sumarstarfs kvennanefndar héldum við í Borgarnes föstudaginn 29. maí sl. 33 konur úr Golfklúbbi Akureyrar. Áttum þar frábærar stundir og nutum gestrisni starfsfólks Hótel Hamars í Borgarnesi. Við spiluðum tvo hringi í Borgarnesi og héldum síðan golfmót á Akranesi. Ákveðið var eftir þessa ferð að stefna á lengri vor-golfferðir annað hvert ár, þar sem þessar ferðir eru kostnaðarsamar og fara frekar í styttri ferðir þess á milli.

Við í kvennanefndinni leggjum okkur fram við að taka vel á móti konum sem eru að byrja í golfi, með því að bjóða nýliðum að koma og spila 9 holur með okkur sem erum vanar. Ekki er ætlunin að hafa þetta sem golfkennslu, en nýliðar geta þarna kynnst því, hvernig það er að spila á „golfmóti“, fræðast um reglur og siði, og kynnst vellinum, svo eitthvað sé nefnt. Miðvikudagsmótin voru í 4 skipti í sumar og var vel mætt á þessi mót.

Opið kvennamót Kanebo & Karls K. Karlssonar var haldið 26. júlí sl. Þátttaka golfkvenna úr GA var góð, en því miður mættu ekki margar konur úr nærliggjandi klúbbum á þetta mót.

20 ára afmæli pilsa og hattamóts kvennadeildar Golfklúbbs Akureyrar var haldið 31. júlí sl. Spiluð var punktkeppni með forgjöf, 9 holur á syðri vellinum. Eftir mótið var grillveisla og verðlaunaafhending. Verðlaunin voru öll gefin af verslunum, fyrirtækjum og listakönnum hér í bæ. Kvennanefndin sá um alla skipulagningu fyrir þetta mót.

Lokaverkefni kvennanefndar var hið árlega „Súpukvöld“ sem haldið var 10. september sl. að þessu sinni í golfskálánum að Jaðri. Byrjað var á því að spila 9 holur og síðan hittumst við í golfskálánum til að borða saman og eiga notalega stund. Sumarstarfið var rifjað upp bæði í máli og myndum. Þetta er búið að vera skemmtilegt og viðburðarríkt sumar, takk fyrir okkur!

Að lokum, viljum við þakka starfsfólki GA fyrir hjálp við útreikninga og önnur tilfallandi verk með okkur sl. sumar. Það er ómetanlegt að geta fengið þá aðstoð sem við höfum fengið frá starfsfólkinu

Skýrsla öldunganefndar

Starf eldri kyllinga hefur í gegnum árin verið meira en verið hefur í sumar. Sveitakeppni öldunga var haldin að Flúðum og þangað fór sama sveit og vann gullverðlaun sumarið 2008 til að verja tiltilinn en þeir enduðu í 2. sæti. Sveit GA skipuðu, Björgvin Þorsteinsson, Viðar Þorsteinsson, Haraldur Júlíusson, Sævar Gunnarsson, Gunnar Sólmes, Þórarinn B Jónsson, Skúli Ágústsson og Guðmundur Lárusson, sem jafnframt var liðstjóri við góðan orðstír.

Konurnar mættu einnig með sveit en unnu ekki til verðlauna. Kvennasveitina skipuðu þær Guðný Óskarsdóttir, Jakobína Reynisdóttir, Unnur Hallsdóttir, Þórunn Bergsdóttir, Þórunn Anna Haraldsdóttir og Sunna Borg sem jafnframt var liðstjóri.

Ekki voru nein innanfélagsmót öldunga „Þriðjudagsmót“ haldin þetta sumarið, en það stendur nú til bóta að setja á einhverskonar viðmiðunarmót eða golfspil þar sem þeir skila inn kortum sem áhuga hafa á að spila og taka þátt í sveitakeppni fyrir hönd GA og standa að baki öflugum öldungastarfi. Jafnframt hafa þessi mót verið nokkurskonar fjáröflunar-



Hatta- og pilsamót 2009.

mót fyrir sveitir SEK, sem keppa fyrir hönd GA. Skipað hefur verið í öldungaráð fyrir næsta starfsár og munu þau sem þar sitja skipuleggja starfið. Í sumar var ekkert öldungamót haldið að Jaðri og er það miður þar sem alltaf hefur verið eitt stórmót öldunga haldið hér ár hvert.

Samkvæmt yfirliti frá LEK í lok júlí 2009 þá er Viðar Þorsteinsson með 525.0 stig, í 12 sæti í viðmiðunarmótum til landsliðs í flokki 55 ára og eldri. Viðar varð í 6. sæti á Íslandsmóti öldunga í Vestmannaeyjum og Björgvin Þorsteinsson lenti í því 8.

Lokaorð

Það kom fram fyrr í þessari ársskýrslu að stjórnin hafi þurft að beita aðhaldi í rekstri, það er þó ljóst að við verðum að gera betur gagnvart unglíngastarfinu hjá klúbbum, unglíngarnir eru jú framtíðin hér sem annarsstaðar. Það hefur einnig komið fram að David Barnwell er að hætta störfum og er það miður. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka honum fyrir samstarfið og óska honum velfarnaðar í nýju starfi.

Ég vil að lokum bjóða alla þá nýju kylfinga velkomna sem gengu í klúbbinn á árinu en fjöldi félaga er nú um 630.

Halldór M. Rafnsson, formaður



Ungmennafélag Akureyrar Ársskýrsla 2008

Ungmennafélag Akureyrar, UFA var stofnað 5. apríl 1988 og voru stofnfélagar tæplega 60. Tilgangur félagsins er að efla frjálsar íþróttir á Akureyri, þroska félags-anda og stuðla að heilbrigðu lífni. Í dag eru um eitt þúsund manns skráðir félags- menn og þar af 265 iðkendur.

Hér á eftir fer ársskýrsla félagsins fyrir starfsárið 2008.

Aðalstjórn

| | |
|------------------------------|------------------|
| Guðmundur Víðir Gunnlaugsson | formaður |
| Hólmfríður Erlingsdóttir | varaformaður |
| Rannveig Oddsdóttir | ritari |
| Kristinn Hreinsson | gjaldkeri |
| Svanhildur Karlsdóttir | meðstjórnandi |
| Ragnheiður Júlíusdóttir | meðstjórnandi |
| Sigurður Magnússon | meðstjórnandi |
| Arna Brynja Ragnarsdóttir | varamaður |
| Katrín Guðrún Pálsdóttir | varamaður |
| Þorsteinn Helgi Guðmundsson | fulltrúi iðkenda |

Skoðunarmenn reikninga

| | |
|----------------------|-----------|
| Hrönn Einarsdóttir | |
| Drífa Matthíasdóttir | |
| Sigþór Heimisson | varamaður |
| Magnús Arnarson | varamaður |

Skýrsla stjórnar

Starfið gekk vel á árinu og verður að flestu leyti að teljast öflugt.

Hillir nú undir bættar aðstæður til iðkunar frjálsra íþróttar og er vallaruppbygging á fullu skriði. Yfir stendur bygging 8 brauta fullbúins frjálsíþróttavallar á íþróttasvæði Þórs, sunnan Hamars. Gert er ráð fyrir að völlurinn standist alla alþjóðlega staðla og stefnt er að verklokum snemmsumars 2009.

Með tilkomu þessa mannvirkis verður breytingin fyrir frjálsíþróttaiðkendur gífurleg. Einnig styrkir tilkoma vallarins rekstur UFA verulega, því með tilkomu hans verður komin boðleg aðstaða til mótahalds hér heima. Einangrun á veggjum Bogans er í gangi hiti kominn á í hluta hússins. Til stendur að ljúka þessu verki innan tíðar. Verður þar einnig um mikla bót að ræða. Má því segja að nú hilli undir langþráða drauma okkar frjálsíþróttááhugamanna.

Heimasíðu UFA, *ufa.is*, var haldið úti sem fyrr. Hún tengist síðu ÍBA *iba.is* og birtast allar fréttir sem skráðar eru á síðuna einnig á *iba.is*. Má þar fylgjast með því sem á döfinni er á hverjum tíma, sem og árangri og helstu afrekum okkar íþróttafólks. Heimsóknir á síðuna eru um 780.000 sem er gífurleg aukning frá fyrra ári. Frjálsíþróttafólk og aðrir íþróttunnendur af öllu landinu fylgjast með síðunni, auk þess sem fréttamiðlar á svæðinu miðla fréttum af henni.

Það er skoðun stjórnar UFA að æfingagjöldum hjá félaginu sé mjög í hóf stillt og þá stuðst við samanburð við þáttökugjöld í öðrum íþróttgreinum. Æfingasókn iðkenda var lengst af með ágætum. Ljóst er að margt af okkar helsta íþróttafólki tók miklum framförum á árinu og eru okkar sterkustu einstaklingar komnir í fremstu röð á Íslandi í sínum greinum.

Endurnýjun á búningamálum félagsins stendur yfir í samráði við iðkendur en þeim málum þarf að vera lokið fyrir þáttöku í landsmótinu í sumar.

Fjárhagur UFA telst þökkalegur, þótt aðeins hafi hallað undan fæti, en mikill tími og orka forrystufólksins fer í að halda honum á réttum kili. Gefið var út afmælisblað, í

tilefni af 20 ára afmæli félagsins og var blaðinu dreift inn á öll heimili á Akureyri. Gekk útgáfan vel og er hún stærsta einstaka fjáröflunarleið félagsins. Við öflun auglýsinga í blaðið má glöggft finna þá velvild sem félagið nýtur í bænum.

KEA er áfram bakhjarl Akureyrarhlaupsins og færum við þeim þakkir fyrir.

Ýmsar hefðbundnar fjáröflunarleiðir voru farnar. Má nefna sölu á pennum fyrir Krabbameinsfélag Akureyrar og sölu á dagatölum Þroskahjálpar. Kleinur voru bakaðar og seldar í dyragáttum og klósettpappír var seldur vinum og velunnurum frjálsíþróttaiðkenda og sem fyrir skilaði það drjúgu. Blóm voru seld fyrir páska, staðið í sölu á harðfiski og fleira af þessum toga má tína til. Til dæmis firmakeppni til fjáröflunar fyrir utanlandsferð unglunga í æfingabúðir um páskana.

Mótahald er ein af þeim fjáröflunarleiðum sem gefur félögum af þessum toga tekjur. Nær engir slíkir möguleikar eru til staðar í okkar félagi vegna aðstöðuleysis. Nú þykir ekki ásættanlegt að keppa á öðrum brautum en lögðum gerviefnum og öll innanhúsmót á vegum FRÍ fara nú orðið fram í nýrri og glæsilegri frjálsíþróttahöll í Laugardalnum í Reykjavík. Boginn er þó besta innanhúsaðstaðan á Norðurlandi og eftir að ylur kom í húsið var stigið gott skref í rétta átt.

Félagið tók þátt í fjölgreinaffjóri á vegum Akureyrarbæjar, þar er börnum í vistun gefinn kostur á að kynnst hinu ýmsu íþróttagreinum á vistunartíma.

Ekki hefur gengið eftir að fá jákvæð viðbrögð félagsmanna við að greiða árgjald sem var samþykkt á síðasta aðalfundi að innheimta.

Helstu viðburðir og verkefni

Hér á eftir verður fjallað um helstu viðburði og verkefni UFA á árinu. Langhlauparadeild og glímudeild eru gerð skil sér aftast í skýrslunni. Úrslit mótanna má finna á heimasíðu FRÍ www.fri.is undir Mótaforrit.

Stórmót ÍR

Stórmót ÍR var haldið í Laugardalshöllinni 19. janúar. Tvö Íslandsmet UFA manna. Bjarki Gíslason sigraði og setti Íslandsmet í stangarstökki í 17-18 ára flokki(drengja), þegar hann stökk 4,40 m. Auk hans unnu Andri Már Bragason, Örn Dúi Kristjánsson og Þorsteinn Helgi Guðmundsson til gullverðlauna í sinni grein sem var 60 m grinda-hlaup. Keppendur okkar voru 18 og unnu þeir til 11 verðlauna.

Meistaramóti Íslands 15-22 ára

UFA átti 12 keppendur á mótinu sem var haldið í Laugardalshöllinni 2.-3. febrúar. 3 Íslandsmeistaratitlar unnust, Bjarki Gíslason vann sigur í þristökki drengja og stangarstökki, Bjartmar Örnuson varð Íslandsmeistari í 800 hlaupi ungkarla 19-22 ára. Einnig unnust 4 silfur og 4 brons.

Meistaramót Íslands

MÍ aðalhluti haldið í Laugardalshöllinni 9.-10. febrúar. Sjö keppendur frá okkur. Bjarki varð Íslandsmeistari í stangarstökki með stökki upp á 4,40 m sem er jöfnun á Íslandsmeti hans. Hann vann einnig til silfurverðlauna í þristökki á nýju persónulegu meti 14,04 m. Sá árangur er jafnframt besti árangur UFA liðsmanns frá upphafi. Sömu sögu er að segja um árangur Bjartmars í 400 m hlaupi sem hann hljóp á 50,76 sek.

MÍ í fjölþrautum

MÍ í fjölþrautum í Laugardalshöllinni 16.-17. febrúar. UFA átti 4 fjóra keppendur á þessu móti. Engin verðlaun unnust en Agnes Eva Þórarinsdóttir náði lágmarki inn í Úrvalshóp FRÍ þegar hljóp 60 m grind á 9,77 sek.

Aðalfundur UFA

Um 60 manns sóttu aðalfund UFA sem haldinn var í Íþróttahöllinni 27. febrúar. Gísli Pálsson var fundarstjóri. Nánari umfjöllun um fundinn er annars staðar í skýrslunni.

Héraðsmót HSP

Tólf keppendur fóru til Húsavíkur 1. marz og tóku þátt í héraðsmóti HSP og fóru á tónleika með Ljótu hálfvitunum. Krakkarnir stóðu sig ljómandi vel og var uppskera dagsins 10 gull, 13 silfur og 9 brons.

Námskeið

Þjálfaranámskeið á vegum ÍSÍ var haldið á Akureyri í febrúar og mars, í A, B og C hluta. Fjarnám hófst 11. febrúar.

Í febrúar var einnig boðið upp á skyndihjálparnámskeið fyrir íþróttáþjálfara.

Meistaramóti 12-14 ára

Meistaramóti 12-14 ára var haldið í Laugardalshöllinni 5.-6. apríl. 11 krakkar kepptu á mótinu. Þrír Íslandsmeistaratitlar unnust. Ásgerður Jana Ágústsdóttir sigraði í hástökki og langstökki í flokki 12 ára telpna og Andri Már Bragason í 60m grindahlaupi í flokki 14 ára pilta. Alls unnu krakkarnir til 5 verðlauna.

Samherjamót

Ungmennafélagið Samherjar hefur staðið fyrir mótum á Hrafnagili síðustu misseri.

Krakkar frá UFA hafa verið duglegir að sækja þessi mót og oft bætt árangur sinn og komið „klyfjaðir“ heim af verðlaunapeningum Engin undantekning var frá þessu á liðnu starfsári Sömuleiðis átti UFA keppendur í Nýársmóti UMSE eins og venja er.

Bikarkeppni Norðurlands 12. apríl í Boganum

Fjögur félag tóku þátt og voru keppendur milli 50 og 60. UFA vann stigakeppnina.

Krakkamót

Sunnudaginn 27. apríl stóðu þjálfarar fyrir krakkamóti, 14 ára og yngri, í Íþróttahöllinni Mótið tókst mjög vel og fengu þátttakendur sem voru um 100 viðurkenningu, pizzu og drykk í lok móts. Keppendur komu frá Sauðárkróki, Siglufirði, UMSE og UFA.

1. maí hlaup

Góð þátttaka var í 1. maí hlaupi UFA þótt hún væri ekki jafngóð og árið áður. Þátttakendur voru alls um 400. Flestir hlupu 2 km, 23 hlupu 4 km og 49 hlupu 10 km. Enn og aftur var það Valsárskóli sem landaði bikarnum góða í skóla-keppninni með 54% þátttöku nemenda fimmta árið í röð. Oddeyrarskóli átti besta hlutfall skólanna á Akureyri

Afmælisblað UFA

Afmælisblað var gefið út í tilefni af 20 ára afmæli félagsins. Blaðið var hið vandaðasta og var borið út til allra heimili á Akureyri. Útgáfa blaðsins var ein aðaltekjulind félagsins auk þess að kynna starfsemi þess.

Eru öllum þeim sem léðu þessari útgáfu lið færðar bestu þakkir svo og öllum þeim fjölmörgu sem styrktu félagið með framlagi sínu jafnt smáu sem stóru.

Meistaramótið í fjölþrautum

Meistaramótið í fjölþrautum fór fram í Borgarnesi 24.-25. maí. Elvar Örn varð Íslandsmeistari í tugþraut drengja (17-18 ára) og Agnes Eva þriðja í sjöþraut meyja (15-16 ára) en UFA átti 3 keppendur á þessu móti.

Dómaranámskeið

Dómaranámskeið í frjálsum íþróttum var haldið að Hrafnagili laugardaginn 31. maí í tilefni væntanlegs aukins móta-halds á Akureyri með tilkomu nýs frjálsíþróttavallar. En þar ber hæst landsmót UMFÍ sumarið 2009. Kennarar á námskeiðinu voru Birgir Guðjónsson milliríkjadómari og Gunnar Sigurðsson UMSS stjórnarmaður í FRÍ.

Þokkaleg mæting var á námskeiðið eða 27 manns, 14 frá UFA og 13 frá UMSE.

Vormót UFA

Vormót UFA fór fram sunnudaginn 1. júní á Akureyrarvelli í góðu veðri. Keppendur voru um 80 talsins; flestir frá UFA en einnig frá UMSE, HSP, UMSS og Eik. Nokkrir voru að keppa í sínu fyrsta móti og höfðu gaman af.

Skólaþráþraut FRÍ

Í nýendurvakinni skólaþraut sem FRÍ stendur fyrir ásamt íþróttakennurum landsins, vann Ásgerður Jana Ágústsdóttir það glæsilega afrek að bera sig úr bítum í keppni telpan í 6. bekk. Í verðlaun er keppni á hinum árlegu Gautaborgarleikum sem eru haldnir hvert sumar.

Vormót ÍR

Fór fram á Laugardalsvelli 12. júní, UFA átti þrjá keppendur á mótinu, Bjartmar vann 800 m hlaupið.

Júnímót HSP

Haldið 7. júní á Laugum. Bjarki Gíslason setti nýtt Íslandsmet í stangarstökki drengja þegar hann stökk 4,45 m. Í leiðinni jafnaði hann unglingsmetið í flokki 19 – 20 ára.

Fimmtarþrautarmót UMSS

Fór fram á Sauðárkróki 18. júní, 5 keppendur frá okkur. Þorsteinn Helgi sigraði í fimmtarþraut karla.

Vormót UMSE 18. og 19. júní

Fór fram á Dalvík, keppendur frá okkur voru margir og unnu þeir til fjölda verðlauna.

Veður var fremur hráslagalegt bæði kvöldin og þess vegna ekki mikið um bætingar. En gott mót engu að síður.

Akureyrarhlaup KEA

KEA er aðalstyrktaraðili Akureyrarhlaupsins til þriggja ára og mun hlaupið heita Akureyrarhlaup KEA. Markmið samstarfssamnings UFA og KEA er að efla umfang hlaupsins og gera það að meiri og stærri viðburði á landsvísu.

Alltaf hefur verið lögð mikil vinna í undirbúning þessa hlaups, í kynningu og auglýsingumeiri og lagt upp úr því að gera umgjörð hlaupsins íburðarmeiri ár frá ári.

Hlaupið fór að þessu sinni fram um mitt sumar eða 21. júní en hegur um margra ára skeið verið haldið um miðjan september. Nokkur vonbrigðu urðu með þátttöku í hlaupinu en vonir voru bundnar við að ný tímasetning hlaupsins myndi auka þátttökunamíðað við þann kraft sem settur var í kynningu og auglýsingastarf. Boðið var upp á 4 hlaupa-vegalengdir, 3, 5, 10 og 21,1 km.

Um 150 manns tóku þátt sem er minni þátttaka en árið á undan eins áður kemur fram. Flestir voru í 10 km eða um 50 manns og 23 hlupu hálf maraþon.

Stórhátíð Gogga galvaska

Engin formleg þátttaka var í þessu móti á vegum UFA í þetta skiptið.

Bikarkeppni 2. deild

Bikarkeppni 2. deildar féll niður sökum ónógrar þátttöku en í henni átti sameiginlegt lið UFA og UMSE rétt á þátttöku.

Sumarleikar HSP

Fóru fram á Laugum 19. og 20. júlí. UFA átti marga keppendur á mótinu, sem sópuðu að sér verðlaunum eða alls 96 verðlaunapeningum, 58 gull, 31 silfur og 21 brons. Á þessu móti kepptu margir til að fá reynslu og löglega skráðan árangur þar sem fullbúinn frjálsíþróttavöllur er til staðar á Laugum.

MÍ aðalhluti

Fór fram í Reykjavík 26.-27. júlí. UFA sendi 5 keppendur að þessu sinni. Bjartmar vann til silfurverðlauna í 800 m hlaupi. Í stigakeppni milli félaga og sambanda hafn-aði lið UFA í 10. sæti af 16 þátttökuliðum.

Unglingalandsmót

Fór fram í Þorlákshöfn 1.- 3. ágúst. 16 keppendur voru þar frá UFA ásamt fjölskyldum sínum, 15 í frjálsum og einn í glímu. Þessir keppendur stóðu sig með þryði, 7 landsmótsmeistarar og alls 20 verðlaun. Þar fór fremstur í flokki nýliði í frjálsum íþróttum Kolbeinn Höður Gunnarsson.

MÍ 11-14 ára

Í fyrsta sinn voru 11 ára iðkendur gjaldgengir á Íslandsmót í frjálsum íþróttum. Á frjálsíþróttapingi í apríl sl. hafði tillaga þessa efnis verið samþykkt og er það í samræmi við reglur ÍSÍ og UMFÍ. Þetta mót fór fram á Laugum í Reykjadal 16.-17. ágúst. Kolbeinn Höður Gunnarsson varð fjórfaldur Íslandsmeistari í flokki 13 ára pilta og Andri Már Bragason þrefaldur meistari í 14 ára piltaflokknum. Auk þeirra urðu Hjalti Björnsson 14 ára og Valþór Ingi Karlsson Íslandsmeistarar í sínum greinum sem eru spjótkast og kúluvarp. Lið UFA stóð sig frábærlega vel á þessu Íslandsmóti; liðsmenn þess stóðu 18 sinnum á verðlaunapalli og urðu 3. sæti í heildarstigakeppninni af 21 þátttökuliði.

Norðurlandsleikar á Sauðárkróki

Nokkrir UFA krakkar, flestir ungir að árum, tóku þátt í Norðurlandsleikunum á Sauðárkróki sömu helgi og Íslandsmistaramótið fór fram á Laugum 16.-17. ágúst. Þeir stóðu sig með sóma og sópuðu að sér verðlaunum.

Akureyrarmót

Var haldið á Akureyrarvelli væntanlega í síðasta sinn dagana 11., 14. og 30. ágúst. Eins og tvö undanfarin sumur í samvinnu við UMSE en UMSE heldur aldursflokkamót sitt á sama tíma. Keppendur frá UFA voru um 75 alls á ldrinum 5 til 40 ára.

MÍ 15-22 ára

Fór fram á Sauðárkróki 23.-24. ágúst. UMSS var ábyrgðaraðili þessa móts en mótið var haldið samstarfi við UFA og UMSE. Upphaflega höfðu síðarnefndu félögin sótt um að halda það saman á Akureyri en þar sem nýja aðstaðan var ekki tiltæk var þessi lausn fundin en á Sauðárkróki er fullbúin aðstaða til frjálsíþróttakeppni utan-húss. UFA átti þarna 20 keppendur og stóðu þeir sig í alla staði með miklum sóma. Uppskeran var 34 verðlaunasæti, 9 gull, 9 silfur og 16 brons. Allir keppendur UFA fengu verðlaun sem er einstakt. Íslandsmeistarar urðu Örn Dúi Kristjánsson í fjórum greinum, þristökki, 400 m hlaupi og 100 m og 300 m grindahlaupum, Bjartmar Örnuson í þremur, 400, 800 og 3000 m hlaupum, og Bjarki Gíslason í tveimur stangarstökki og 300 m grindahlaupi.

Af 18 þátttökuliðum varð lið UFA í þriðja sæti í heildarstigakeppni liðanna.

Haustfagnaður UFA

Að þessu sinni fór haustfagnaðurinn fram á Akureyrarvelli í bliðskaparveðri. Farið var að venju í ýmsa leiki undir stjórn Unnars Vilhjálmssonar og borðaðar pizzur frá

Ekki varð þátttaka eins mikil og þegar fagnaðurinn hefur farið fram í Kjarnaskógi

Bikarkeppni 16 ára og yngri

Fór fram á Sauðárkróksvelli 6. sept. Tvö lið, A og B, voru send til keppinnar. Liðin stóðu sig vel en UFA var með sam-eiginlegt lið með UMSE eins og venja er í bikar-keppninni. A-liðið varð bikarmeistari í liðakeppninni og í sveinaflokki og barðist um sigursætið við A-lið ÍR í meyjaflokknum. Stúlkurnar urðu að láta sér lynda annað sætið en engu að síður frábær frammistaða. Ungir liðsmenn B-liðsins fengu dýrmæta keppnisreynslu. Í einstaklingskeppninni vann Örn Dúi 100 m grindahlaup og sveinasveitin sigraði í 1000 m boðhlaupi. UFA-krakkarnir urðu auk þess 6 sinnum í öðru sæti og hlutu ein bronsverðlaun

Haustfundur

Árlegur haustfundur UFA var haldinn í kaffiteríu Íþróttahallarinnar miðvikudaginn 8. október. Á fundinum voru veittar viðurkenningar fyrir þátttöku í Akureyrarmótinu í sumar og starfið framundan rætt. Þar á meðal landsmótið á sumri komandi.

Nóvembermót UFA

Fór fram í Boganum 1 nóvember. Mótið fór mjög vel fram voru keppendur 100 frá 6 félögum. Keppendur og aðrir voru ekki hvað síst ánægðir með þá hitabreytingu sem orðið hefur í húsinu eftir að komið var á hitakerfi í það en hitinn þennan dag var 15-17 gráður á C.

Nóvembermóti HSB

Að venju átti UFA keppendur á Nóvembermóti HSB sem fram fór á Húsavík 15. nóvember og stóðu þeir sig mjög vel.

Silfurleikar ÍR

Silfurleikar ÍR voru haldnir laugardaginn 22. nóvember. UFA átti þar 8 keppendur og komust 7 þeirra á verðlaunapall. Magnús Arius Ottósson sigraði í hástökki og þristökki, varð 2. í 60 m hlaupi og 3. í kúluvarpi 11 ára. Ásgerður Jana vann hástökkið í 12 ára flokki. Kolbeinn Höður vann 60m, 60m grind og 800 m hlaup og varð 2. í 200m hlaupi. Stefán Þór Jósefsson varð 3. í 800m hlaupi 15-16 ára, Örn Dúi vann 60m grind og þristökk og varð 3. í hástökki í sama aldursflokki, Heiðrún Dís varð 2. í 60m grind og Agnes Eva 3. í þristökki í meyjaflokki 15-16 ára.

Samherjastyrkurinn

Sunnudaginn 7. desember voru forrystumenn íþróttamála á Akureyri og forsvars-menn margra íþróttafélaga boðaðir á samkomu í Ketilhúsinu af eigendum fyrirtækisins Samherja hf. Samherjamenn boðuðu til hófsins til að tilkynna heilmiklar styrkveitingar til viðkomandi félaga. UFA fékk hálfkr. milljón kr. styrk. Þessi styrkveiting er fyrst og fremst ætluð til niðurgreiðslu á ferðum og þátttöku í mótum fyrir iðkendur yngri en 17 ára. Styrkurinn er félaginu mikil lyftistöng og hvatning. Eru Samhejamönnum færðar bestu þakkir fyrir rausnarlega gjöf.

Á árinu rann út þriggja ára samningur við Sparisjóðinn Byr og Þekkingu ehf. Þessum styrktaraðilum eru einnig færðar þakkir fyrir þeirra framlag. Unnið er að endurnýjun á þessu samstarfi og hófanna leitað við önnur fyrirtæki með fyrirgreiðslu af einhverju tagi.

Bætingamót UFA

Tvö bætingamót voru haldin í Boganum í desember, 12 til 15 manns kepptu á þessum mótum frá fjórum félögum.

Á seinna mótinu, 14. des., bætti Bjarki Gíslason Íslandsmetið í stangarstökki innanhúss í þremur aldursflokkum þegar hann stökk yfir 4,60 m. Hann bætti eigið drengjamet um 40 cm og metin í 19-20 ára unglingsflokki og ungarlametið 21-22 ára um 8 cm.

Jólamót UMSS

Haldið á Sauðárkróki 20. desember. Bjarki Gíslason var eini keppandinn frá UFA og sigraði hann í sinni grein, stangarstökki.

Viðurkenningahóf Íþróttaráðs Akureyrar

Árlegt hóf Íþróttaráðs var haldið 29. desember í Íþróttahöllinni. Níu einstaklingar frá UFA urðu Íslandsmeistarar á árinu og hlutu viðurkenningar frá ÍRA fyrir þann glæsilega árangur.

Áramót Fjölnis

Haldið í Laugardalshöllinni 28. desember, 2 keppendur frá okkur tóku þátt. Bjarki bætti nýsett met sitt í stangarstökki um einn cm þegar hann stökk 4,61 m og sigraði með yfirburðum. Bjartmar sigraði í 800 m hlaupi á góðum tíma, 1:56,26

mín, eftir hörkukeppni við bráðefnilegan ungan ÍR-ing. Bjarki tók líka þátt í 60 m hlaupi og setti þar persónulegt met þegar hann hljóp á 7,50 sek.

Bjarka þáttur Gíslasonar!

Á jólamóti ÍR sem var haldið 30. desember í Laugardalshöllinni gerði Bjarki sér enn lítið fyrir og bætti met sitt í stangarstökki innanhúss í þriðja sinn í mánuðinum. Að þessu sinni sveif hann yfir 4,65 m.

Gamlárshlaup og ganga

Mjög góð þátttaka var í Gamlárshlaupi UFA og göngu þetta árið. Gott hlaupaveður en hlaupaleiðin hál á köflum. Um hundrað manns tóku þátt og hlupu eða gengu 4 eða 10 km. Flestir voru þátttakendur í 10 km hlaupi en 73 hlauparar hlupu þá vegalengd, sem er töluverð fjölgun frá síðasta ári sem taldist þó gott ár. Í 4 km hlaupi voru þátttakendur 19 og 10 til 15 manns gengu 10 km. Árið var á heildina lítið gott ár í almenningshlaupum á Akureyri og greinilegt að æ fleiri hlaupa sér til ánægju og heilsubótar.

Þjálfarar

Unnar Vilhjálmsson og Gísli Sigurðsson störfuðu allt árið hjá félaginu og báru hitann og þungann af þjálfuninni. Einnig unnu að þjálfuninni Þuríður Þorsteinsdóttir íþróttakennari og leiðbeinendurnir Agnes Eva Þórarinsdóttir Bjarki Gíslason, Bjartmar Örnuson, Elvar Freyr Pálsson, Elvar Örn Sigurðsson, Heiðrún Dís Stefánsdóttir Inga Vala Gísladóttir, Íris Eva Hauksdóttir Valgerður Þorsteinsdóttir og Þorsteinn Helgi Guðmundsson. Þar að auki hefur Birgitta Guðjónsdóttir íþróttakennari tekið afleysingar. Er öllu þessu fólki þökkúð vel unnin störf.

Úrvalshópur FRÍ

Í árslok höfðu eftirtaldir iðkendur náð árangri inn á úrvalshópinn:

Agnes Eva Þórarinsdóttir
Bjarki Gíslason
Bjartmar Örnuson
Elvar Örn Sigurðsson
Erla Rán Friðriksdóttir
Heiðrún Dís Stefánsdóttir
Hulda Margrét Hauksdóttir
Örn Dúi Kristjánsson

Í byrjun maí voru æfingabúðir í Reykjavík fyrir unglíngana í úrvalshópnum og fóru þeir iðkendur frá UFA. Var þetta eina verkefni ársins á vegum FRÍ í þessum málaflokki.

Landsliðsmál

Bjarki Gíslason var valinn í A-Landsliðið til keppni í stangarstökki í Evrópubikarnum í Tallin í Eistlandi 21.-22. júní. Hann var einnig valinn til keppni í stangarstökk og 200 m hlaup á Norðurlandamót unglíngna sem haldið var í Bergen í Noregi 16.-17. ágúst.

Nú á UFA tvo iðkendur í A-landsliði Íslands því auk Bjarka er Bjartmar Örnuson í liðinu.

Um miðjan janúar var gerður styrktarsamningur af hálfu Akureyrarbæjar við UFA og Bjartmar Örnuson. Er það styrkur úr Afreks- og styrktarsjóði sveitarfélagsins sem er veittur þeim sem eru valdir í íslenska landsliðið í sinni íþróttgrein. Í Bjartmars tilfalli var um að ræða upphæð sem dreifðist jafnt á 12 mánuði ársins. Vegna landsliðsliðspátttöku Bjarka var um eingreiðslu að ræða. Einnig var önnur eingreiðsla til félagsins sem greidd er félögum fyrir hvern landsliðsmann sem þau eiga.

Þessir styrkir og viðurkenning er fengur fyrir félagið og iðkendur sem færðar eru þakkir fyrir.

Utanlandsferðir

Eldri iðkendur félagsins, rúmur tugur að tölu, fóru í æfingabúðir til Portúgals ásamt iðkendum úr nágrennabyggðum 19. -29 marz. Þjálfarar félagsins þeir Gísli Sig. og Unnar Vilhjálmss. fóru báðir með.

Til að fjármagna þessa ferð stóðu iðkendur fyrir firmakeppni í frjálsum, bingói og ýmiss konar sölu, s.s. kleinusölu, klósettpappírssölu og harðfiskssölu.

Þóttu þessar æfingabúðir takast með ágætum og komu allir ánægðir heim.

Yngri iðkendur félagsins áttu kost á að fara til Svíþjóðar síðustu vikuna í júní og taka þátt í hinum árlegu Gautaborgarleikum. Undirbúningur þessarar ferðar hafði staðið lengi yfir enda að mörgu að huga. Iðkendur sem fóru eru á aldrinum 12-15 ára.



UFA í Gautaborg 2008.

Alls fóru rúmlega 20 manns en sumir eldri nýttu sér ferðina til æfinga og keppni. Unnar Vilhjálmsson þjálfari var með þeim yngri í för og tvo foreldri en Gísli Sig. fylgdi þeim eldri eftir. Þessi ferð var farin í samfloti við frjálsíþróttafólk úr ÍR og úr fleiri félögum víða að. Yngri iðkendurnir fjármögnuðu sína ferð með sölu á ýmsum varningi m. a. sölu á blómum um þáskana.

Lokaorð

Hér að framan hefur verið hlaupið á því helsta sem borið hefur við hjá UFA á liðnu ári, þótt eflaust hafi eitthvað gleymst sem heima hefði átt í þessari skýrslu.

Forrysta félagsins hefur lengst af verið störfum hlaðin og oft viljað gera meira og betur en hún hefur orkað. Þá er það mat stjórnar félagsins að flestir þættir í starfi UFA séu í góðu horfi.

Ef litið er um öxl og horft yfir liðið ár má sjá að flestir iðkendur, sem lagt hafa stund á íþróttina af einhverri alvöru hafa tekið miklum framförum. Í fyrsta sinn átti félagið landsliðsmann í karlalandsliðinu. Þó er það svo ef UFA ætlar að státa af að eiga keppnislið í fremstu röð í fullorðinsflokki, þarf meiri fjöldi iðkenda í hópinn. Að því ber að vinna.

Á haustönn hófst samstarf UFA og blakdeildar KA um þjálfun barna í 1.-3. bekk og gengur verkefnið undir nafninu Íþróttaskóli UFA og Blakdeildar KA. Með þessu samstarfi hefur iðkendum fjölgað í þessum aldursflokki hjá báðum félögum.

Virðist vera almenn ánægja með þetta fyrirkomulag.

Sumarið 2009 verður haldið Landsmót UMFÍ hér á Akureyri. Verður það án efa langstærsti viðburður sem UFA hefur staðið að. Verður þetta mót jafnframt afmælistmót landsmótanna, en árið 1909 var fyrsta landsmót UMFÍ haldið á Oddeyrartúni. Landsmótsnefndin er skipuð níu valinkunnum einstaklingum frá UMFÍ, UFA og UMSE. Undirbúningur mótsins er í fullum gangi og er m. a. fyrirhugað að ráða í starf framkvæmdastjóra mótsins frá næstu áramótum.

Undirbúningur byggingar nýs frjálsíþróttavallar er í fullum gangi á félagssvæði Íþróttafélagsins Þórs, sunnan félagsheimilisins Hamars. Rís þar fullkominn 8 brauta völlum sem standast mun alla alþjóðlega staðla. Stefnt er að því að völlumurinn verði tilbúinn snemmsumars 2009. Fyrirhugað er annað dómaramámskeið í vor til að þjálfa starfsfólk sem best fyrir fyrir stórmót eins og landsmótið er svo og annað mótahald.

Einangrun veggja Bogans er að ljúka og er von okkar að von bráðar verði unnt að hita húsið í að minnsta kosti 10 gráður í kaldari veðrum. Verður það stór bót fyrir frjálsíþróttaiðkendum þótt ósk UFA gangi lengra og kjörhiti til iðkunar frjálsra íþróttará sé nokkru hærri.

Það eru því spennandi tímar framundan hjá Ungmennafélagi Akureyrar og öllum frjálsíþróttaiðkendum hér í Eyjafirði.

Stjórn UFA færir öllum þeim sem með einum eða öðrum hætti hafa lagt félaginu lið á liðnu ári þakkir sínar. Sérstakar þakkir færur við þjálfurum félagsins sem sýnt hafa óvenjulegan dugnað og fórnfýsi í störfum fyrir félagið.



Þátttakendur í einu af vetrarhlaupum UFA 2008.

Fyrir hönd Ungmennafélags Akureyrar

Katrín G. Pálsdóttir, Rannveig Oddsdóttir, Svanhildur Karlsdóttir

Íslandsmeistarar UFA í frjálsum íþróttum 2008

| | |
|---|---|
| Andri Már Bragason | 60 m grindahlaup 14 ára pilta innanhúss og 80 m grindahlaup, 100 m hlaup og langstökk utanhúss í 14 ára piltaflokki. |
| Ásgerður Jana Ágústsdóttir Bjarki Gíslason | Hástökk og langstökk 12 ára stelpna innanhúss. Þrístökk og stangarstökk 17-18 ára drengja innanhúss og stangarstökk karla innanhúss. |
| Bjartmar Örnuson | 800 m hlaup innanhúss í 19-22 ára flokki og 400 m hlaup, 800 m hlaup og 3000 m hlaup utanhúss í 19-22 ára flokki. |
| Elvar Örn Sigurðsson | Tugþraut drengja 17-18 ára. |
| Hjalti Björnsson | Spjótkast 14 ára pilta |
| Kolbeinn Höður Gunnarsson | 100 m hlaup, 800 m hlaup, 80 m grindahlaup og hástökk 13 ára pilta utanhúss. |
| Valþór Ingi Karlsson | Kúluvarp 11 ára stráka utanhúss. |
| Örn Dúi Kristjánsson | 100 m grindahlaup, 300 m grindahlaup, 400 m hlaup og þrístökk utanhúss í sveinaflokki 15-16 ára. |

Bjarki Gíslason margbætti Íslandsmetin í stangarstökki í ýmsum aldursflokkum, jafnt innanhúss sem utan. Hæst stökk hann á árinu 4,68 m utanhúss og 4,65 m innanhúss.

Þessi afrek eru hvort fyrir sig Íslandsmet í þremur aldursflokkum, drengjameit 17-18 ára, unglíngameit 19-20 ára og ungarlamet 21-22 ára.

Bjartmar Örnuson setti Íslandsmet unglínga 19-20 ára í 800 m hlaupi innanhúss þegar hann hljóp á 1:55,38 mín. á sterku móti í Danmörku sl. vetur. Hann bætti þar eigið met frá fyrra ári.

Starfsemi Langhlaupardeildar UFA

Langhlaupardeild UFA hefur nú starfað í fimm ár og hefur starfsemin verið svipuð frá ári til árs.

Deildin stóð fyrir æfingum þrjá daga vikunnar og aðstoðaði við undirbúning þeirra hlaupa sem UFA stóð fyrir á árinu. Þátttaka í almenningshlaupum var góð á árinu og fjölgaði þátttakendum í flestum hlaupum. 1. maí hlaupið, Akureyrarhlaupið og Gamblárhlaupið hafa árum saman verið hluti af mótahaldi UFA og Vetrarhlaupin sem Langhlaupardeildin hefur staðið fyrir hafa nú náð góðri fötfestu og eiga án efa sinn þátt í því að fjölga hlaupurum í bænum.

Nú stendur til að halda maraþonhlaup á Akureyri samhliða landsmóti 2009. Það mun verða í fyrsta skipti sem maraþonhlaup er þreytt á Akureyri.

Langhlaupardeildin á sitt svæði á heimasíðu UFA. Þar er hægt að fylgjast með því helsta sem er á döfinni í hlaupum á Norðurlandi hverju sinni, lesa greinar um hlaup og hlaupaferðir félagsmanna og ýmislegt annað sem tengist hlaupum.

Stjórn deildarinnar skipa: Rannveig Oddsdóttir, formaður.
Valur Þór Hilmarsson, meðstjórnandi
Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, meðstjórnandi
Elías Gíslason, varamaður

Ársskýrsla glímudeildar

Glímudeild Ungmennafélags Akureyrar var stofnuð í febrúar á síðasta ári eftir að stjórn félagsins hafði af gæsku sinni veitt til þess tilskilin leyfi.

Glímuæfingar hófust strax undir stjórn Halldórs Óla og sendum við keppendur á Grunnskólámót GLÍ og Íslandsmeistaramótið, en bæði mótin voru haldin sömu helgina. Frá Glímudeild UFA fóru 4 keppendur; Reynir Dagur, Sveinbjörn, Þorlákur og Hjalti komust 2 þeir síðastnefndu í úrslit á Íslandsmeistaramótinu og náði Hjalti verðlaunasæti. Einn keppandi; Þorlákur Gunnarsson fór síðan á Landsmót Ungmennafélags Íslands á Höfn í Hornafirði og náði 3. sæti í sínum aldursflokki.

Æfingar lágu niðri yfir sumartímamann en hófust aftur í byrjun október. Nýir þjálfarar Jóhanna Guðrún Magnúsdóttir frá K.R. og Silvía Ósk Sigurðardóttir frá H.S.Þ. tóku til starfa hjá deildinni í haust og er gott að geta notið krafta þeirra. Halldór Óli hefur eftir sem áður yfirumsjón með þjálfunarmálum.

Æfingabúðir voru haldnar í Reykjahlíð í október í samstarfi við Mývetninga og Reyðfirðinga. Tókust þær vel, en að ósekju hefði mátt vera meiri þátttaka frá UFA.

Nokkur tími hefur farið í að afla fés eins og kerlingin sagði, en Glímudeildin á nú 30 belti og fyrirhuguð eru kaup á dýnum.

Jón Einar Haraldsson Lambi, formaður



Ungmennafélag Akureyrar Ársskýrsla 2009

Ungmennafélag Akureyrar, UFA var stofnað 5. apríl 1988 og voru stofnfélagar tæplega 60. Tilgangur félagsins er að efla frjálsar íþróttir á Akureyri, þroska félagsanda og stuðla að heilbrigðu lífneri. Í dag eru um eitt þúsund manns skráðir félagsmenn og þar af 265 iðkendur.

Hér á eftir fer ársskýrsla félagsins fyrir starfsárið 2009.

Aðalstjórn

| | |
|------------------------------|------------------|
| Guðmundur Víðir Gunnlaugsson | formaður |
| Svanhildur Karlsdóttir | varaformaður |
| Una Kristj. Jónatansdóttir | ritari |
| María Aldís Sverrisdóttir | gjaldkeri |
| Arna Brynja Ragnarsdóttir | meðstjórnandi |
| Hólmfríður Erlingsdóttir | varamaður |
| Rannveig Oddsdóttir | varamaður |
| Bjartmar Örnuson | fulltrúi iðkenda |

Skoðunarmenn reikninga

| | |
|----------------------|-----------|
| Hrönn Einarsdóttir | |
| Drífa Matthíasdóttir | |
| Sigþór Heimisson | varamaður |
| Magnús Arnarsson | varamaður |

Skýrsla stjórnar

Starfið gekk vel á árinu og verður að flestu leyti að teljast öflugt. Langstærsta verkefni félagsins var að sjálfsögðu að halda 26. landsmót UMFÍ ásamt UMSE.

Tekinn var í notkun nýr frjálsíþróttavöllur við Hamar í sumar og hann vígður á landsmótinu 9.-12. júlí. Þessi nýi völlur „hefur verið tekinn út“ og stenst alla alþjóðlega staðla. Tilkoma vallarins ætti að renna sterkari stoðum undir fjárhag UFA, því með honum er komin boðleg aðstaða til mótahalds hér heima.

Heimasíðu UFA, *ufa.is*, var haldið úti sem fyrr. Hún tengist síðu ÍBA *iba.is* og birtast allar fréttir sem skráðar eru á síðuna einnig á *iba.is*. Má þar fylgjast með því sem á döfni er á hverjum tíma, sem og árangri og helstu afrekum okkar íþróttafólks. Heimsóknir á síðuna eru hátt í milljón sem er aukning frá fyrra ári. Frjálsíþróttafólk og aðrir íþróttáunnendur af öllu landinu fylgjast með síðunni, auk þess sem fréttamiðlar á svæðinu miðla fréttum af henni.

Þessi síða er stolt félagsins og er þeim til sóma sem sjá um hana, setja inn á hana alls konar upplýsingar og fréttir.

Það er skoðun stjórnar UFA að æfingagjöldum hjá félaginu sé mjög í hóf stillt og er þá stuðst við samburð á þátttökugjöldum í öðrum íþróttageinum. Æfingasókn iðkenda á árinu var lengst af með ágætum. Ljóst er að margt af okkar helsta íþróttafólki tók miklum framförum á árinu og eru okkar sterkustu einstaklingar komnir í fremstu röð á Íslandi í sínum greinum.

Endurnýjun á búningamálum félagsins stendur yfir í samráði við iðkendur.

Fjárhagur UFA telst góður enda hagnaður verulegur af landsmótinu.

Mikill tími og orka forrystufólksins fer þó í fjáraflanir af ýmsu tagi og rekstur félagsins. UFA og UMSE gáfu út landsmótsblað fyrir landsmótið í samvinnu við landsmótsnefnd. Blaðinu var dreift á allt Eyjafjarðarsvæðið, austur í sveitir og landleiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur. Gekk útgáfan vel og er hún ein stærsta einstaka fjáröflunarleið félagsins. Við öflun auglýsinga í blaðið má glöggst finna þá velvild sem félagið nýtur í bænum. Ýmsar hefðbundnar fjáröflunarleiðir voru farnar. Kleinur voru bakaðar og seldar í dyragáttum kökubasar settur upp nokkrum sinnum í anddyri Glerártorgs. Klósettappír var seldur vinum og velunnurum frjálsíþróttaiðkenda og skilar alltaf sínu.

Mótahald er ein af þeim fjáröflunarleiðum sem gefur félögum af þessum toga tekjur. Nú eru möguleikar á að halda stórmót í frjálsum íþróttum fyrir hendi á Akureyri.

Helstu viðburðir og verkefni

Hér á eftir verður fjallað um helstu viðburði og verkefni UFA á árinu 2009. Langhlauparadeild og glímudeild eru gerð skil aftast í skýrslunni. Úrslit mótanna má finna á heimasíðu FRÍ www.fri.is undir mótaforrit.

Ólafsfjarðarleikar

Ólafsfjarðarleikarnir 2009 voru haldnir í Ólafsfirði 2.janúar. Sex keppendur frá UFA tóku þátt og stóðu sig vel.

Stórmót ÍR

Átta keppendur frá UFA tóku þátt í stórmóti ÍR sem fram fór í Laugardalshöllinni 17. og 18.janúar. Uppskeran var frábær 11 komust á verðlaunapall. Fyrst skal nefna Kolbein Höð Gunnarsson sem sigraði í 5 greinum í 13-14 ára flokki og í flestum með nokkrum yfirburðum 60m, 60 m grind, 200m og 800m hlaupum og í hástökki. Í 15- 16 ára flokki sigraði Örn Dúi Kristjánsson í þristökki, 60m og 60m grindahlaupi, hann varð 2. í langstökki og 2.-3. í hástökki. Andri Már Bragason í flokki 15-16 ára varð 3. í langstökki og 60m grindahlaupi. Eiríkur Árni Árnason varð 3. í stangarstökki í flokki 15-16 ára, Magnús Aríus Ottósson í 12 ára flokki vann langstökk og 60 m grind og varð 3. í 60 m hlaupi. Valþór Ingi Karlsson í 12 ára flokki vann kúluvarpið og Daniel Arnar Ómarsson varð í 2. sæti. Í 13-14 ára flokki varð Borgþór Ingvarsson 3. í hástökki og langstökki og Ásgerður Jana Ágústsdóttir 3. í hástökki, Heiðrún Dís Stefánsdóttir vann 60m grindahlaup 15-16 ára og Elvar Örn Sigurðsson varð 2. í langstökki og 60m hlaupi og 3. í stangarstökki karla.

Reykjavík International 2009

Reykjavík International var haldið í Laugardalshöllinni 18.janúar. Þetta er alþjóðlegt boðsmót þar sem Bjarki Gíslason, Bjartmar Örnuson og Börkur Sveinsson voru meðal keppenda. Bjarki varð 2. stökk 4,40 m, Bjartmar 3. í 800m hlaupi á 1:58,63 mín og Börkur 3. í kúlu varpaði kúlunni 13,19 m.

MÍ 15-22 ára

Meistaramót Íslands 15-22 ára var haldið í Laugardalshöllinni 31. jan-1. feb. UFA átti 13 keppendur. Börkur Sveinsson varð Íslandsmeistari í kúluvarpi drengja og Örn Dúi Kristjánsson í 60m grindahlaupi sveina,

Örn Dúi varð 3. í 60m hlaupi sveina, Elvar Örn varð 3. í langstökki drengja og Bjartmar 3. í 800m hlaupi ungarla.

Örn varð einnig 2. í þristökki, Elvar Örn varð 2. í stangarstökki og 3. í kúluvarpi drengja og ungarlasveitin varð 3. í 4x400m boðhlaupi. UFA varð í 3. sæti í stigakeppni sveina og drengja og í 6. sæti í heildarstigakeppninni.

MÍ aðalhluti

Meistaramót Íslands, aðalhluti var haldið í Laugardalshöllinni 7.-8. febrúar. Fimm keppendur frá UFA tóku þátt. Bjartmar stóð sig frábærlega og náði 3. sæti í 400m hlaupi.

MÍ í fjölþrautum

Meistaramót Íslands í fjölþrautum var haldið í Laugardalshöllinni 14. og 15. febrúar. UFA keppendur voru 6. Elvar Örn Sigurðsson sem varð Íslandsmeistari í sjöþraut í flokki drengja 17-18 ára og Bjarki Gíslason hafnaði í 2. sæti í sjöþraut í karlaflokki. Agnes Eva Þórarinsdóttir varð í 3. sæti í fimmtarþraut í meyjaflokki og Örn Dúi Kristjánsson í 3. sæti í sjöþraut í sveinaflokki.

Bikarkeppni FRÍ

Bikarkeppni FRÍ var haldin í Laugardalshöllinni 21.febrúar.UFA tók þátt í Bikarkeppni FRÍ í sameiginlegu liði Norðurlands ásamt UMSS, UMSE og HSÞ. Konurnar höfnuðu í 3. sæti en karlaliðið í 6. sæti og samanlagt í 5. sæti. Bjarki Gíslason vann stöngina og varð annar í 60m grindahlaupi, Bjartmar Örnuson varð annar í 400m hlaupi. Kvennasveitin vann svo 4x400m boðhlaupið.

MÍ 11-14 ára

Meistaramót Íslands 11-14 ára var haldið í Laugardalshöllinni 28. feb.-1. mars. Fjölmennit lið fór frá UFA, samtals 24 keppendur sem allir stóðu sig frábærlega og úr varð mjög skemmtileg ferð.

Íslandsmeistaratitlarnir sem unnust voru 7 og liðið náði 5. sæti í heildarstigakeppninni. Kolbeinn Höður Gunnarsson varð þrefaldur Íslandsmeistari; í 60m, 60m grind og 800m hlaupi, 2. í langstökki og 3. í hástökki pilta 14 ára. Ásgerður Jana Ágústsdóttir varð Íslandsmeistari í 60m grind og hástökki og 2. í langstökki 13 ára telpna. Sunna Rós Guðbergsdóttir varð Íslandsmeistari í langstökki og 3. í 800m hlaupi og 3. í 60m hlaupi 12 ára telpna. Stelpurnar í 11 ára flokki urðu Íslandsmeistarar í 4x200m boðhlaupi, Kristín Arnórsdóttir 2. í 60m hlaupi og Andrea Mist Pálsdóttir varð 3. í langstökki í 11 ára flokknum. Valþór Ingi Karlsson varð 2. í kúluvarpi 12 ára stráka og telpnasveitin 14 ára 3. í 4x200m boðhlaupi. 7 gull, 4 silfur og 3 brons.

Bíkarkeppni Norðurlands

21. mars síðastliðinn fór Bíkarkeppni Norðurlands fram í Boganum. UFA sigraði í keppninni með 121 stigi, UMSS var í öðru sæti með 112 stig og USAH í því þriðja með 33 stig.

Krakkamót UFA

Krakkamót UFA var haldið 21. mars í Boganum, keppendur voru samtals 104 frá UFA, UMSE, HSP, UMSS, Umf. Narfa í Hrísey og Umf. Glóa á Siglufirði. Mótið tókst vel og héldu allir ánægðir til sins heima að móti loknu.

Héraðsmót HSP 18 ára og yngri

Héraðsmót HSP 18 ára og yngri var haldið á Húsavík 18. apríl. UFA átti 16 keppendur á mótinu sem unnu til margra verðlauna. Samtals voru keppendur tæðlega 100.

Hörpumót UMSE

Hörpumót UMSE var haldið 21. apríl í Boganum. Keppendur UFA voru 12

Hríseyjarmótið

Hríseyjarmótið í frjálsum íþróttum fór fram í Hrísey 30. apríl. Keppendur voru rúmlega 30 frá Ungmennafélaginu Narfa í Hrísey, UMSE og UFA. Mótið tókst vel, keppendurnir gistu, farið var í sund og einnig var pizzuveisla.

1. maí hlaup

Um 330 manns tóku þátt í 1. maí hlaupi UFA, 260 krakkar hlupu 2 km, 20 manns hlupu 4 km og um 50 hlupu 10 km. Grunnskólinn í Hrísey náði bestri hlutfallslegri þátttöku en 82% nemenda tók þátt í hlaupinu og lauk þar með margra ára sigurgöngu Valsárskóla sem var í öðru sæti með 32% þátttöku. Oddeyrarskóli var í þriðja sæti í skólakeppninni með 17% þátttöku.

Dómaranámskeið

Dómaranámskeið í frjálsum íþróttum var haldið á Dalvík laugardaginn 2. maí í tilefni Landsmóts UMFÍ og væntanlegs aukins mótahalds á Akureyri með tilkomu nýs frjálsíþróttavallar.

Kennarar á námskeiðinu voru Birgir Guðjónsson milliríkjadómari og Gunnar Sigurðsson UMSS stjórnarmaður í FRÍ. Þökkaleg mæting var á námskeiðið eða 26 manns sem skiptust jafnt, 13 frá hvoru félagi UFA og UMSE.

Fimmtarþrautarmót UMSS

Fór fram á Sauðárkróki 20. júní. UFA átti ekki keppendur á þessu móti en nokkrum dögum áður, 14. júní, héldu UFA og UMSE æfingamót á Sauðárkróki til að þjálfar starfsmenn fyrir landsmótið. Á það mót mættu 16 keppendur frá UFA. Veður var fremur svalt og hamlaði góðum árangri en mótið þótti takast vel.

Vormót UMSE 9. og 11. júní

Fór fram á Dalvík, keppendur frá okkur voru rúmlega 30 og unnu þeir til fjölda verðlauna.

Veður var fremur hráslagalegt bæði kvöldin og þess vegna ekki mikið um bætingar. En gott mót engu að síður.

Akureyrarhlaup KEA

KEA er aðalstyrktaraðili Akureyrarhlaupsins til þriggja ára og mun hlaupið heita Akureyrarhlaup KEA. Markmið samstarfssamnings UFA og KEA er að efla umfang hlaupsins og gera það að meiri og stærri viðburði á landsvísu. Alltaf hefur verið lögð mikil vinna í undirbúning þessa hlaups, í kynningu og auglýsingu og lagt upp úr því að gera umgjörð hlaupsins íburðarmeiri ár frá ári. Hlaupið fór að þessu sinni fram um aðra helgi í júlí í tengslum við 26. landsmót UMFÍ. og var að því leyti sögulegt að þetta var í fyrsta sinn sem heilt maraþon var þreytt á Akureyri. Þátttaka var góð, rúmlega 50 manns tóku þátt í heilu maraþoni, 65 í hálfmaraþoni og tæplega 140 manns í 10 km hlaupi.



Fyrsta æfingin á nýja vellinum.



Gull í 4x100m boðhlaupi 11 ára stelpna á MÍ innanhúss, 2009.



Örn Dúi, Íslandsmeistari æi 60m grindahlaupi í sveinaflokki á MÍ 15-22 ára innanhúss 2009

Stórhátíð Gogga galvaska

Engin formleg þátttaka var í þessu móti á vegum UFA en einn liðsmanna þess, Ásgerður Jana Ágústsdóttir, keppti á mótinu og stóð sig með miklum ágætum. Hún sigraði í hástökki og langstökki í flokki telpanna 13-14 ára.

Sumarleikar HSP

Fóru fram á Laugum 27. og 28. júní. UFA átti marga keppendur á mótinu, rúmlega 60 talsins, sem sópuðu að sér verðlaunum.

Sumarhátíð UÍA

Var haldin 3. júlí á Vilhjálmsvelli á Egilsstöðum. UFA átti þar 7 krakka sem stóðu sig vel, unnu til þrenna gullverðlauna auk tvenna silfurverðlauna og bronsverðlauna.

MÍ aðalhluti

Fór fram í Kópavogi 4.-5. júlí. UFA sendi 7 keppendur að þessu sinni. Bjarki G. vann til silfurverðlauna í stangarstökki og hlaut bronsið í 110 m grindahlaupi. Bjartmar Ö. fékk bronsið í 400 m grindahlaupi. Í stiga-keppni milli félaga og sambanda hafnaði lið UFA í 8. sæti af 13 þátttökuliðum.

26. landsmót UMFÍ á Akureyri.

Þetta stórmót var haldið 9.-12. júlí og var fjölmennasta og líklega fjölsóttasta mót sinnar tegundar hér á landi. Mótið þótti takast mjög vel. Frjálsíþróttakeppnin fór fram á hinum nýja og glæsilega velli við Hamar. Í frjálsíþróttakeppnina voru skráðir tæplega 250 keppendur. Af þeim kepptu tæplega 40 undir merkjum UFA/UMSE.

Í heildarstigakeppni milli félaga og sambanda hafnaði hið sameiginlega lið mótshaldara UFA og UMSE í fimmta sæti og í frjálsíþróttakeppninni einnig í fimmta sæti.

Styrktaraðilum landsmótsins eru færðar sérstakar þakkir fyrir þeirra mikla framlag en þar voru aðalstyrktaraðilar KEA, Alcoa, Landsbankinn og Saga Capital.



Magnús Arius Ottósson í langstökki á sumarleikum HSP 2009.

Unglingalandsmót UMFÍ

Það fór fram á Sauðárkróki 31. júlí-2. ágúst. UFA átti þar tæplega 40 keppendur sem mættu á Krókinn ásamt fjölskyldum sínum. Einn keppandi fór til keppni í glímu en hinir allir mættu til keppni í frjálsum íþróttum. Þessir keppendur stóðu sig með þryði, 3 landsmótsmeistarar í einstaklingsgreinum og ein boðhlaupssveit og alls 18 „hrein“ verðlaun. En í þremur boðhlaupum unnu einstaklingar í UFA til verðlauna í blönduðum sveitum. Fremst í flokki, í annars jöfnu og góðu liði, voru Kolbeinn Höður Gunnarsson, Agnes Eva Þórarinsdóttir, Elvar Örn Sigurðsson, Ásgerður Jana Ágústsdóttir, Heiðrún Dís Stefánsdóttir og Valþór Ingi Karlsson.



Setning 25. Landsmóts UMFÍ 2009.

Bikarkeppni FRÍ 1. deild

Bikarkeppni FRÍ 1. deild fór fram á Laugardalsvellinginum í Reykjavík 7.-8. ágúst. Norðurlandsliðin fjögur, HSP, UFA, UMSE og UMSS, tefldu fram sameiginlegu liði undir heitinu Norðurland. 28 einstaklingar voru valdir í liðið. Þar af voru 10 frá UFA. Að þessu sinni riðu félögin ekki feitum hesti frá keppni en liðið varð í 5. sæti af 6 þátttökuliðum.

MÍ 11-14 ára

Þetta mót fór fram á Höfn í Hornafirði 15.-16. ágúst. Kolbeinn Höður Gunnarsson varð þrefaldur Íslandsmeistari í flokki 14 ára pilta og Valþór Ingi Karlsson varð Íslandsmeist-



Yngri iðkendur á Landsmóti UMFÍ 2009 ásamt Unnari Vilhjálmsyni hjálfara.

ari í kúluvarpi 12 ára stráka. Lið UFA uppskar 8 einstaklingsverðlaun og stóð þrisvar á palli eftir keppni í boðhlaupum. Félagið varð í 6. sæti af 16 þátttökuliðum.

Norðurlandsleikar á Sauðárkróki

Þeir voru felldir niður á þessu ári, þar sem UMSS tók að sér að halda Unglinga-landsmót UMFÍ eftir að HSH hafði sagt sig frá að halda það.

Akureyrarmót

Var haldið á nýja frjálsíþróttavellinum við Hamar dagana 22.-23. ágúst. Eins og tvö undanfarin sumur í samvinnu við UMSE en UMSE heldur Aldursflokkamót sitt á sama tíma. Keppendur frá UFA voru um 80 alls. Auk keppenda UFA og UMSE kepptu voru þrír þátttakendur frá HSB og UMSS.

MÍ 15-22 ára

Fór fram á Kópavogi 29.-30. ágúst í umsjá Ungmennafélagsins Breiðabliks. UFA átti 12 keppendur þarna. Þrír keppendanna unnu til 7 Íslandsmeistaratitla. Þau Agnes Eva Þórarinsdóttir í kringlukasti og sleggjukasti meyjja, Örn Dúi Kristjánsson í 100 m grindahlaupi, 300 m grindahlaupi og þristökki og Börkur Sveinsson í kúluvarpi og kringlukasti drengja. Uppskeran var 20 verðlaunasæti, 7 gull, 6 silfur og 7 brons.

Fyrir utan Íslandsmeistarana kvað allmikið að Bjartmari Örnusyni á þessu móti í hlaupagreinum.

Af 21 þátttökuliði varð lið UFA í fjórða sæti í heildarstigakeppni liðanna.

Haustfagnaður UFA

Að þessu sinni fór haustfagnaðurinn fram á nýja frjálsíþróttavellinum við Hamar í ágætis veðri. Fjöldi manns mætti til leiks og var farið að venju í ýmsa leiki og „keppni“ undir stjórn Unnars Vilhjálmssonar þjálfara. Boðið var upp á drykki frá Vífilfelli og pilsur á góðum kjörum. Pylsubrauðin voru gefins frá Kristjáns bakaríi. Eru þessum aðilum færðar bestu þakkir fyrir framlagið. Haustfagnaðurinn þótti takast með miklum ágætum.

Bikarkeppni 16 ára og yngri

Keppnin fór fram í Vík í Mýrdal. 5. sept. UFA og UMSE sendu eitt lið sameiginlega til keppinnar. 11 lið voru mætt til leiks. Sameiginlegt sveinaliðið varð í 2. sæti og í heildarkeppninni varð liðið í 3. sæti. Aðall liðsins var jafnagott lið. Ein gullverðlaun unnust þegar Agnes Eva Þórarinsdóttir vann kringlukastið með yfirburðum og fern silfurverðlaun, m. a. í 100 m hlaupi sveina, Kolbeinn Höður Gunnarsson og í 100 m grindahlaupi, Örn Dúi Kristjánsson. Þá hreppti Heiðrún Dís Stefánsdóttir bronsið í 80 m grindahlaupi meyjja.



Börkur Sveinsson Íslandsmeistari í kúluvarpi í drengjaflokki á MÍ 15-22 ára innanhúss 2009.

Haustofundur

Árlegur haustfundur UFA var haldinn í sal Félagsmiðstöðvarinnar að Hamri fimmtudaginn 15. október. Á fundinum voru veittar viðurkenningar fyrir þátttöku í Akureyrarmótinu í sumar. Fulltrúi UFA í Landsmótsnefnd, Gísli Pálsson, heiðraður og þökkvað vel unnin störf fyrir UFA. Þá var starfsemi félagsins framundan rædd og kaffiveitingar í boði félagsmanna sjálfra.

Nóvembermót UFA

Mótið fór fram í Boganum 7. nóvember. Það fór mjög vel fram voru keppendur um 100 frá 6 félögum.

Nóvembermóti HSB

Að venju átti UFA keppendur á



Rím Árnadóttir, 11 ára, stekkur hástökk á Akureyrarmóti 2009.

Nóvembermóti HSB, sem fram fór á Húsavík 14. nóvember. Alls voru þetta 13 keppendur og stóðu þeir sig vel, unnu sigur í 9 greinum af 39 sem keppt var í.

Silfurleikar ÍR

Silfurleikar ÍR voru haldnir laugardaginn 21. nóvember. UFA átti þar 6 keppendur og komust 4 þeirra á verðlaunapall. Ásgerður Jana Ágústsdóttir sem vann 60 m grindahlaup og hástökk í flokki 13 ára telpna, Örn Dúi Kristjánsson vann 60 m grindahlaup og þristökk í sveinaflokki, Borgþór Ingvarsson varð annar í hástökki 14 ára pilta og Stefán Þór Jósefsson varð annar í 60 m grindahlaupi sveina. Þá unnu þau Ásgerður Jana og Örn Dúi hvort um sig til bronsverðlauna í tveimur greinum til viðbótar.

Styrkir

Endurnýjaður var samningur við Þekkingu ehf og endurnýjun á samningi við Sparisjóðinn Byr er í vinnslu. Þessum styrktaraðilum eru einnig færðar þakkir fyrir þeirra framlag.

Bætingamót UFA

Í desember var haldið eitt bætingamót á vegum UFA í Boganum. Keppendur voru 16 frá UFA og UMSE. Tvö vetrar-kastmót fóru fram í sama mánuði í samvinnu við UMSE.

Jólamót UMSS

Þetta árlega mót var haldið á Sauðárkróki 20. desember. UFA átti þar 8 keppendur sem sigruðu í samtals 10 greinum af 21 keppnisgrein. Þetta voru þau Agnes Eva Þórarinsdóttir, Bjarki Gíslason, Elisabet Gylfadóttir og Stefán Þór Jósefsson.

Jólamót ÍR

Þriðja jólamót ÍR var haldið í Laugardalshöllinni 28. desember. 12 keppendur frá UFA tóku þátt.

Viðurkenningahóf Íþróttaráðs Akureyrar

Árlegt hóf Íþróttaráðs var haldið 28. desember í Íþróttahöllinni. Tólf einstaklingar frá UFA urðu Íslandsmeistarar á árinu og voru heiðraðir af ÍRA fyrir þann glæsilegan árangur.

Gamlárshlaup og ganga

Metþátttaka var í Gamlárshlaupi UFA og göngu þetta árið. Hlaupið fór fram í björtu og fallegu vetrarveðri. Yfir hundrað manns tóku þátt og hlupu eða gengu 4 eða 10 km. Flestir voru þátttakendur í 10 km hlaupi. Árið var á heildina litið gott ár í almenningshlaupum á Akureyri og greinilegt að æ fleiri hlaupa sér til ánægju og heilsubótar.

Þjálfarar

Unnar Vilhjálmsson og Gísli Sigurðsson störfuðu allt árið hjá félaginu og báru hitann og þungann af þjálfuninni eins og undanfarin ár. Einnig unnu að þjálfuninni María Aldís Sverrisdóttir leikskólakennari frá hausti og leiðbeendurnir Agnes Eva Þórarinsdóttir og Heiðrún Dís Stefánsdóttir yfir sumartímam samkvæmt samningi félagsins við vinnuskóla Akureyrarbæjar. Þá vann Kolbeinn Höður Gunnarsson sem léttadrengur hjá þjálfurunum yfir hásumarið Er öllu þessu fólki þökkud vel unnin störf.

Úrvalshópur FRÍ

Í árslok 2009 höfðu eftirtaldir iðkendur náð árangri inn í úrvalshópinn.

Agnes Eva Þórarinsdóttir
Andri Már Bragason
Bjarki Gíslason
Bjartmar Örnuson
Börkur Sveinsson
Elvar Örn Sigurðsson
Heiðrún Dís Stefánsdóttir
Kolbeinn Höður Gunnarsson
Örn Dúi Kristjánsson

Í byrjun mars voru æfingabúðir í Reykjavík fyrir unglina í úrvalshópnum og fóru 5 iðkendur frá UFA. Aðrar æfingabúðir voru síðan haldnar á Akureyri vetrar-



Þátttakendur í skemmtiskokki í Akureyrarhlaupi á Landsmóti UMFÍ 2009.

byrjunarhelgina í október. Rúmlega 60 iðkendur mættu til leiks. Æfingarnar fóru fram í Boganum og á nýju vallaraðstöðunni við Hamar. Þessar búðir þóttu takast vel og komu þjálfarar UFA og annað heimafolk mikið við sögu. Stjórnarmenn og aðrir liðsmenn í UFA og UMSE sáu um vinnu í mötuneyti sem var í Glerárskóla svo og ýmsan undirbúning og frágang.

Landsliðsmál og utanlandsferðir

Bjarki Gíslason var valinn í A-Landsliðið til keppni í stangarstökki í Evrópubikarnum í Sarajevo í Bosníu 20.-21. júní. Hann var einnig valinn til keppni í stangarstökki, langstökki og boðhlaupi á Norðurlandamót unglinga, 19 ára og yngri, sem haldið var í Vaasa í Finnlandi 22.-23. ágúst.

Þeir félagar Bjarki G. og Bjartmar Ö. fóru einnig á mót erlendis á eigin vegum undir leiðsögn Gísla Sig. þjálfara.

Lokaorð

Hér að framan hefur verið hlaupið á því helsta sem borið hefur við hjá UFA á liðnu ári, þótt eflaust hafi eitthvað gleymst sem átt hefði heima í þessari skýrslu. Forrysta félagsins hefur lengst af verið störfum hlaðin og oft viljað gera meira og betur en hún hefur orkað. Þó er það mat stjórnar félagsins að flestir þættir í starfi UFA séu í góðu horfi.

Ef litið er um öxl og horft yfir liðið ár má sjá að flestir iðkendur, sem lagt hafa stund á íþróttina af einhverri alvöru hafa tekið miklum framförum. Í fyrsta sinn átti félagið landsliðsmann í karlalandsliðinu. Þó er það svo ef UFA ætlar að státa af að eiga keppnislið í fremstu röð í fullorðinsflokki, þarf meiri fjölda iðkenda í hópinn. Að því ber að vinna.

Annað haustið í röð var hafið samstarf UFA og blakdeildar KA um þjálfun barna í 1.-3. bekk og gengur verkefnið undir nafninu Íþróttaskóli UFA og Blakdeildar KA. Með þessu samstarfi hefur iðkendum fjölgað í þessum aldursflokki hjá báðum félögum. Almenn ánægja virðist vera með þetta fyrirkomulag.

Sumarið 2009 var haldið Landsmót UMFÍ hér á Akureyri. Er það án efa langstærsti viðburður sem UFA hefur staðið að. Þetta mót var jafnframt afmælistmót landsmótanna, en árið 1909 var fyrsta landsmót UMFÍ haldið á Oddeyrartúni.

Unnið er að samningi um notkun og umgengni á nýja vallarsvæðinu við Íþróttafélagið Þór.

Fyrirhugað er annað dómaramámskeið í vetur til að þjálfa starfsfolk sem best fyrir fyrir stórmót eins og landsmót svo og annað mótahald en UFA og UMSE hefur verið falið að halda NM 19 ára og yngri næsta sumar.

Það eru því spennandi tímar framundan hjá Ungmennafélagi Akureyrar og öllum frjálsíþróttaiðkendum hér í Eyjafirði.

Stjórn UFA færir öllum þeim sem með einum eða öðrum hætti hafa lagt félaginu lið á liðnu ári þakkir sínar. Sérstakar þakkir færum við öllum þeim sem fórnðu tíma sínum og lögðu á sig ómælda vinnu við undirbúning og framkvæmd landsmótsins.

Fyrir hönd Ungmennafélags Akureyrar

Guðm. Viðir Gunnlaugsson, Rannveig Oddsdóttir, Svanhildur Karlsdóttir, Jón Einar Haraldsson Lambi

Íslandsmeistarar UFA í frjálsum íþróttum 2009

| | |
|----------------------------|--|
| Agnes Eva Þórarinsdóttir | Kringlukast og sleggjukast utanhúss í meyjaflokki 15-16 ára. |
| Ásgerður Jana Ágústsdóttir | 60 m grindahlaup og hástökk. |
| Börkur Sveinsson | Kúluvarp og kringlukast utanhúss í drengjaflokki 17-18 ára. |
| Elvar Örn Sigurðsson | Sjöþraut drengja 17-18 ára innanhúss. |
| Kolbeinn Höður Gunnarsson | 60 m hlaup, 60 m grindahlaup og 800 m hlaup 14 ára piltá innanhúss og 100 m hlaup, 80 m grindahlaup og langstökk utanhúss. |
| Sunna Rós Guðbergisdóttir | Langstökk innanhúss í flokki 12 ára stelpna. |
| Valþór Ingi Karlsson | Kúluvarp 12 ára stráka utanhúss. |



Íslandsmeistarar og afreksfólk UFA 2009.

Örn Dúi Kristjánsson 100 m grindahlaup, 300 m grindahlaup, þristökk utanhúss og 60 m grindahlaup innanhúss í sveinaflokki 15-16 ára.

Boðhlaupssveit UFA í flokki 11 ára stelpna varð Íslandsmeistari innanhúss í 4x200 m boðhlaupi en sveitina skipuðu Agla Arnarsdóttir, Andrea Mist Pálsdóttir, Kristín Alfa Arnórsdóttir og Rún Árnadóttir.

Kolbeinn Höður Gunnarsson setti Íslandsmet í 80 m grindahlaupi í piltáflokki þegar hann hljóp á 11,24 sek sl. sumar.

Starfsemi Langhlauparadeildar UFA

Líkt og fyrri ár stóð langhlauparadeildin fyrir hlaupaæfingum nokkrum sinnum í viku sem voru ágætlega sóttar. Í september var ákveðið að bjóða upp á sprettæfingar á nýja frjálsíþróttavellinum og voru fengnir fastir tímar á vellinum tvisvar í viku. Þær æfingar hafa mælst vel fyrir og verið vel sóttar, enda gott að geta sprett úr spori á auðri brautinni þegar snjór og háлка er á götunum.

Langhlauparadeildin kom að undirbúningi þeirra almenningshlaupa sem UFA stóð fyrir á árinu. Bar þar hæst landsmótshlaupið sem haldið var í tengslum við landsmót UMFÍ en þar var í fyrsta skipti boðið upp á keppni í maraþonhlaupi á Akureyri.

Almenningshlaup UFA voru vel sótt þetta árið, góð þáttaka var í 1. maí hlaupi, Gamlárshlaupi og vetrarhlaupunum sem haldin eru mánaðarlega yfir vetrartímann.

Stjórn deildarinnar skipa: Rannveig Oddsdóttir, formaður.
Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, meðstjórnandi
Elías Gíslason, meðstjórnandi

Ársskýrsla Glímudeildar UFA 2009

Glímuárið 2009 var fremur tilþrífalítið. Fólk hefur komið og verið með um tíma en ekki staldrað lengi við. Þorlákur Gunnarsson er eini drengurinn sem keppt hefur á vegum félagsins þó nokkrir fleiri hafi komið á æfingar. Síðastliðinn vetur hófum við að sinna æfingum fyrir aðkomumenn, það er Mývetninga og Reyðfirðinga. Við veitum þeim aðstöðu og þjálfun og njótum einnig krafta þeirra við þjálfun okkar manna. Meðal annars er varaformaður Glímusambands Íslands við þjálfun hjá okkur. Fyrirhugað er að hafa einu sinni í viku glímuæfingu fyrir hérstadda og Þingeyinga.

Þorlákur Gunnarsson keppti á þremur mótum á síðasta glímuári. Hann hafnaði í 4. sæti á Íslandsmóti um vorið, á Unglingalandsmóti í sumar lenti hann í 3. sæti og svo lenti hann í 4. sæti á Grunnskólámótinu í haust.

Glímudeildin tók upp síðasta haust samstarf við júdódeild KA og væntum við mikils af því samstarfi.

Jón Einar Haraldsson Lambi, formaður Glímudeildar



Tennis- og badmintonfélag Akureyrar

Ársskýrsla 2008

Stjórn félagsins

Ný stjórn félagsins var kosin á aðalfundi félagsins í maímánuði og er hún þannig skipuð:

Hjördís Sigursteinsdóttir, formaður
Kristján Már Magnússon, ritari
Benedikt Barðason, gjaldkeri
Sigurður Albertsson, meðstjórnandi
Leifur Þorsteinsson, meðstjórnandi

Almennt um félagið

Fram til vors 2008 var fyrirkomulag æfinga óbreytt frá því sem lagt var upp með haustið áður. Æfingatímar voru á þriðjudögum frá kl. 19.30 til kl. 21.00, fimmtudögum frá kl. 18.00 til kl. 19.15, föstudögum frá kl. 18.30 til kl. 20.00 og sunnudögum frá kl. 13.00 til kl. 15.00. Sigurður Óli Þorvaldsson ásamt trimmurum sáu um þjálfun hjá félaginu fram á vorið en ljóst var þörf var á breytingum.

Ný stjórn setti á oddinn að finna menntaðan badmintonþjálfara til að taka að sér æfingar hjá félaginu því nauðsynlegt er að geta boðið upp á góðar og gagnlegar æfingar til að laða fleiri iðkendur að íþróttinni og til að byggja upp blómlegt starf hjá félaginu. Í ágúst mánuði hafði leitin ekki borið árangur og því var ákveðið að senda þrjá iðkendur úr hópi elstu iðkendanna á þrjú þjálfaranámskeið hjá Badmintonsambandinu. Tvær þeirra luku öllum þremur námskeiðunum og skrifuðu undir tveggja ára þjálfarasamning hjá félaginu. Leitin að yfirþjálfara hélt þó áfram á haustdögum og bar loks árangur í nóvember. Þá samþykkti Kristján Pétur Hilmarsson að taka að sér yfirþjálfun hjá félaginu en Kristján Pétur flutti heim til Akureyrar í Desember frá Danmörku þar sem hann hefur spilað og þjálfað síðastliðin átta ár. Hann mun taka við þjálfun frá áramótum og er samningsbundinn fram á vor 2010 eins og báðar stelpurnar.

Allir krakkarnir frá vetrinum áður skiluðu sér á æfingar auk þess sem byrjaði fjöldinn allur af nýjum, einkum ungum, iðkendum. Útlitið með veturinn var mjög bjart og oft fjölmennt á æfingum. Virkur hópur var um 30 krakkar á æfingu en í vetur hafa yfir 50 iðkendur skráð sig hjá félaginu en sumir mætt illa. Á haustin hefur félagið auglýst fri æfingagjöld í september og mætti fjöldinn allur á æfingar til að byrja með en eins og áður þá fækkaði verulega í hópnun þegar kom að því að skrá sig í félagið og fara að standa skil á æfingagjöldum. Til þess að bregðast við þessum vanda var hafður tvennur háttur á; annars vegar rann allur ágóði af fjáröflun beint til þeirra iðkenda sem tóku þátt í henni og gátu þau valið um að greiða æfingagjöld sín með henni og hins vegar verða æfingagjöld felld niður hjá krökkum 11 ára og yngri frá og með næstu áramótum sem væntanlega mun skila fleirum inn á æfingar á næsta ári.

Ný heimasíða fyrir félagið leit dagsins ljós í vetur og sjá má að þó nokkur fjöldi kíkir á síðuna okkar á degi hverjum. Heimasíðan er liður í því að gera félagið sýnilegra og einnig leið til að koma upplýsingum á framfæri við badminton-iðkendur, foreldra þeirra og aðra áhugasama um badmintoníþróttina eða félagið.

Jafnframt var ákveðið að kaupa félagsbúninga fyrir iðkendur og leita til fyrirtækja á Akureyri eftir fjárhagsstyrkjum. Jafnframt voru settar í gagn fjáröflunarleiðir fyrir iðkendur til þess að fjármagna búningakaup og keppnisferðir.

Mótahald og þátttaka í mótum

Að þessu sinni var Íslandsmeistaramót unglinga haldið hér á Akureyri í byrjun mars og þótti mótahald takast vel. Um 160 þátttakendur voru skráðir til leiks og kepptu þar sterkustu krakkar landsins í aldursflokkunum U3-U19. Keppt var í A-flokki og aukaflokki í einliðaleik. Fyrirfram var búist við mun fleiri krökkum á mótið en almennt komu fáir B-flokks krakkar á þetta móti hver svo sem ástæðan fyrir því er.

Á vordögum var síðan haldið Norðurlandsmót unglinga og fullorðinna á Ólafsfirði en það mót hefur ekki verið haldið í þó nokkurn tíma. Krakkarnir frá TBA stóðu sig mjög vel og sópuðu að sér verðlaunum.

Haustið hjá okkur byrjaði með hinu árlega haustmóti TBA sem er hluti af stigamótaröð BSÍ. Þátttaka á mótinu var góð. Þátttakendur komu frá sex badmintonfélögum og tókst mótshald vel. Liðlega 100 krakkar komu frá öðrum félögum

ásamt þjálfurum og foreldrum. Áætluð við að um 120 manns hafi komið hingað til Akureyrar á þetta mót. Stjórn TBA og foreldrar sáu alfarið um mótahald og aðstöðu fyrir keppendur sem og morgunmat og veitingasölu, allt í sjálfboðavinnu.

Krakkar frá TBA tóku þátt í þremur badmintonmótum fram að áramótum og voru öll þeirra A-flokks mót. Stóðu krakkarnir okkar sig nokkuð vel og enduðu nokkur þeirra á verðlaunapalli, bæði í A-flokki og aukaflokki. Öll þessi mót voru haldin í Reykjavík.

Þrír iðkendur tóku þátt í æfingabúðum sem Badmintonsambandið bauð upp á í ágúst mánuði og voru þau mjög ánægð með þetta framtak fræðslufulltrúa sambandsins. Þessir sömu iðkendur tóku einnig þátt í tveimur æfingabúðum fyrir U15 landsliðið sem landsliðsþjálfarinn Árni Þór Hallgrímsson boðaði til. Það er mikill fengur fyrir iðkendur okkar að komast í svona æfingabúðir með fjölbreyttum æfingum og hópi góðra spilara að takast á við.



Efri röð frá vinstri: Brynhildur Laufey, Páll Axel, Heiðar Freyr, Elsa Rún og Brynhildur Svava. Neðri röð frá vinstri: Eydis Helena, Barði og Kristján Pétur.

Árangur og markmið

Árangur krakkanna í TBA á mótum árið 2008 verður að teljast mjög góður miðað við þær aðstæður sem þau búa við í samanburði við aðra badmintonklúbba, bæði hvað varðar æfingar og þjálfun. Í unglingsflokkum, þótt fámennir séu, eigum við nokkra góða spilara sem standa sig vel í keppni og komast iðulega á verðlaunapall.

Markmið félagsins hlýtur enn sem fyrr að vera að laða fleiri iðkendur að íþróttinni og að veita þeim góða þjálfun, alhliða hreyfingu og gott veganesti inn í framtíðina. Nú, þegar ráðnir hafa verið þrír þjálfarar hjá félaginu til að starfa næstu árin, horfum við björtum augum á framtíðina og vonumst við til þess að þeir nái að hlúa betur að þessum hæfileikaríku krökkum sem er að finna meðal iðkenda TBA. Stjórnin og foreldrafélagið sem starfað hefur í vetur hafa verið mjög virk og framundan er stefnumótunarvinna þar sem ætlunin er að stjórn, í samráði við þjálfara félagsins, setji fram ákveðin markmið sem unnið verður markvisst að á næstu misserum.

Hjördís Sigursteinsdóttir, formaður TBA



Tennis- og badmintonfélag Akureyrar

Ársskýrsla 2009

Stjórn félagsins

Stjórn félagsins var kosin á aðalfundi félagsins 29. maí 2009 og er hún þannig skipuð:

Hjördís Sigursteinsdóttir, formaður
Kristján Már Magnússon, ritari
Benedikt Barðason, gjaldkeri
Sigurður Albertsson, meðstjórnandi
Leifur Þorsteinsson, meðstjórnandi
Snæfríð Egilson varamaður

Almennt um félagið

Fram til vors 2009 var fyrirkomulag æfinga óbreytt frá því sem lagt var upp með haustið áður (2008). Æfingátímar voru á þriðjudögum frá kl.19.30 til kl. 21.00, fimmtudögum frá kl. 18.00 til kl. 19.15, föstudögum frá kl. 18.30 til kl. 20.00 og sunnudögum frá kl. 13.00 til kl. 15.00. Kristján Pétur Hilmarsson var ráðinn yfirþjálfari hjá félaginu og kom að fullu til starfa strax í byrjun janúar. Honum til aðstoðar voru Brynhildur Laufey Brynjarsdóttir og Brynhildur Svava Ólafsdóttir og eru þau öll samningsbundin við félagið til vors 2010. Loksins eru komnir til starfa hjá félaginu þjálfarar sem hafa reynslu, menntu og getu til að byggja félagið upp til framtíðar. Félagið bauð börnum 10 ára og yngri að æfa frítt á vorönninni og þurftu þau einungis að greiða félagsgjald. Jafnframt fengu allir byrjendur sem greiddu æfingagjöld eða félagsgjöld nýjan badmintonspaða að gjöf frá félaginu. Þetta virtist mælst vel fyrir því margir nýir iðkendur komu á æfingar.

Ekki urðu neinar breytingar á æfingátímum hausti 2009 þrátt fyrir umleitan til þeirra sem úthluta æfingátímum á vegum Akureyrarbæjar. Iðkendur hjá TBA eru á stóru aldursbili auk þess sem getustig þeirra er mjög mismunandi. Fáir og stuttir æfingátímar gera það að verkum að erfitt er að nýta þessa æfingátíma sem skyldi þannig að allri fái það sem þeir þurfa út úr æfingunum. Ákveðið var að breyta til að skipta æfingum upp eftir aldri og getu. Byrjendur á fimmtudögum og sunnudögum og lengra komnir á þriðjudögum og föstudögum. Auk þess voru tveir nýir hópar teknir inn á æfingar, iðkendur 4-8 ára (miniton) og fullorðinsflokkur. Minitonið er hugsað til að byggja upp félagið í framtíðinni en fullorðinsflokkurinn til að fá fjölbreyttara spil fyrir elsta keppnishópinn. Með báðum þessum hópum komu nýir iðkendur inn auk fjölmargra annarra sem vildu spreya sig á badminton þetta haustið. Þessi breyting þýddi í raun að æfingátími sterkasta keppnishópsins var skertur verulega og greina má ákveðinn þirring meðal þeirra gagnvart þessum breytingum. Þau eru þó sammála um að þau fái meira út úr hverjum æfingátíma með því að hafa fullorðna þarna inni í stað byrjenda en hins vegar sé ekki nóg að æfa aðeins tvisvar í viku til að halda í keppnishópa annarra badmintonfélaga sem æfa 4-6 sinn- um í viku.

Eins og fyrir vetur fellu niður ansi margar æfingar, sérstaklega í nóvember, vegna skemmtanahalds og annarra viðburða í Íþróttahöllinni. Þetta hefur veruleg áhrif á mætingu krakkanna þegar ítrekað þarf að fella niður æfingar og vikur falla út.

Í lok árs bárust okkur þær gleðifréttir að fyrirtæki hér í bæ, Samherji hf, hefði ákveðið að styrkja íþróttastarf barna hér í bæ. Fengum við styrk frá þeim að upphæð kr. 250.000 til þess að niðurgreiða æfingagjöld og keppnisferðir barna og mun þessi styrkur koma sér vel til þess að efla starfið enn frekar á næsta ári og færur við þeim kærar þakkir fyrir.

Mótahald og þátttaka í mótum

Í árs tók keppnishópurinn þátt í Reykjavík International Games2009 og stóðu krakkarnir sig þar með þryði. Farið var með krakkana á tvö önnur mót fyrir Íslandsmót, annars vegar á Þórsmótið í Þorlákshöfn sem er B flokksmót ætlað byrjendum og styttra komnum iðkendum og hins vegar á Landsbankamót ÍA sem er í stjórnuröð BSÍ og etja þar bestu badmintonspilararnir kappi. Stóð krakkarnir okkar sig vel á báðum þessum mótum og þó nokkrir verðlaunapeningar bættust í safnið hjá þeim.

Að þessu sinni var Íslandsmeistaramót unglunga haldið í Mosfellsbæ í byrjun mars og þótti mótahald takast vel. Alls

voru 264 keppendur mættir til leiks frá 14 félögum. Tólf iðkendum frá TBA tóku þátt í mótinu. Besta árangrinum náðu Ivalu Birna Falck-Petersen og Elsa Rún Brynjarsdóttir en þær hlutu silfur í tvíliðaleik meyjja (U15). Nokkri keppendur náðu þeim árangri að komast í undanúrslit, Tinna Björk Sigþórsdóttir í einliðaleik táta (U11) en þetta var hennar fyrsta mót, Ivalu Birna Falck-Petersen í einliðaleik meyjja (U15) og Heiðar Freyr Leifsson í einliðaleik í B-flokki sveina (U-15).

Á vordögum var síðan haldið Norðurlandsmót unglinga og fullorðinna í Íþróttahöllinni á Akureyri. Iðkendum frá TBA stóðu sig mjög vel sem endranær og sópuðu að sér verðlaunum. Iðkendum úr TBA urðu norðurlandsmeistarar í öllu flokkum sem þau tóku þátt í nema tveimur. Þau sem náðu að verða Norðurlandsmeistarar 2009 eru:

Elsa Rún Brynjarsdóttir – einliðaleikur meyjja og tvenndarleikur meyjja og sveina.

Heiðar Freyr Leifsson – tvenndarleikur meyjja og sveina og tvíliðaleikur sveina.

Páll Axel Sigurðsson – tvíliðaleikur sveina.

Barði Benediktsson – einliðaleikur drengja.

Brynhildur Svava Ólafsdóttir – einliðaleikur stúlkna og tvenndarleikur fullorðinna.

Kristján Pétur Hilmarsson – einliðaleik karla og tvenndarleik fullorðinna.

Einn keppandi frá TBA, Ivalu Birna Falck-Petersen tók þátt í Meistaramóti Íslands og hlaut hún gullverðlaun í einliðaleik B-flokki kvenna og þar með Íslandsmeistaratitil í þeirri grein. Hún var jafnframt valin til þess að taka þátt í Nordic Camp í Finnlandi ásamt 5 iðkendum úr TBR.

Haustið hjá okkur byrjaði með hinu árlega haustmóti TBA sem er hluti af stigamótaröð BSÍ. Sökum veðurs komst ekki helmingur þátttakenda á mótið en stór hópur frá TBR var skráður til leiks ásamt iðkendum frá BH og UMSB en enginn þeirra komust norður. Um 50 keppendur frá þremur félögum, TBA, TBS og Samherja spiluðu mótið og tókst mótshald vel þrátt fyrir niðurfellingu 60% leikjanna.

Iðkendum frá TBA tóku þátt í tveimur mótum þetta haustið, haustmóti TBR og unglíngamóti TBS og gekk þeim vel eins og endranær. Þrír iðkendum, Elsa Rún Brynjarsdóttir, Heiðar Freyr Leifsson og Ivalu Birna Falck-Petersen voru boðuð í æfingabúðir fyrir U17 landsliðið í nóvember. Það er mikill fengur fyrir iðkendum okkar að komast í svona æfingabúðir með fjölbreyttum æfingum og hópi góðra spilara að takast á við.



Bronsið á Landsmóti UMFÍ 2009. Elsa Rún Brynjarsdóttir, Ivalu Birna Falck-Petersen, Heiðar Freyr Leifsson, Kristján Pétur Hilmarsson, Brynhildur Laufey Brynjarsdóttir og Barði Benediktsson.



Bronsið á Landsmóti UMFÍ 2009. Elsa Rún Brynjarsdóttir, Ivalu Birna Falck-Petersen, Heiðar Freyr Leifsson, Kristján Pétur Hilmarsson, Brynhildur Laufey Brynjarsdóttir og Barði Benediktsson.


Fjárhagur og rekstur

Allt starf innan félagsins, utan þjálfun, er unnið í sjálfboðavinna af foreldrum iðkenda og velunnurum félagsins. Þannig hefur verið hægt að halda félaginu gangandi síðustu árin, með lágmarks útgjöldum, ötulu starfi forelda við að afla tekna og eiginframlagi foreldra við keppnisferðir. Ákveðið var að lækka æfingagjöldin haustið 2009 og fella niður ógreidd æfingagjöld frá fyrra tímabili. Þetta þýddi að ganga varð á sjóð félagsins til að standa undir útgjöldum. Fjárhagur félagsins er ennþá þökkalegur þó eflaust væri betra að hafa sterkari sjóð til að grípa til.

Árangur og markmið

Árangur krakkanna í TBA á mótum árið 2009 verður að teljast viðunandi miðað við fjölda æfingatíma og fábreytni í spili. Markmið félagsins hlýtur enn sem fyrr að vera að laða fleiri iðkendum að íþróttinni og að veita þeim góða þjálfun, alhliða hreyfingu og gott veganesti inn í framtíðina. Nú, þegar ráðnir hafa verið þrír þjálfar hjá félaginu horfum við björtum augum á framtíðina og vonumst við til þess að þeir nái að hlúa betur að þessum hæfileikaríku krökkum sem er að finna meðal iðkenda TBA og laða enn fleiri iðkendum að þessari skemmtilegu alhliða íþrótt.

Hjördís Sigursteinsdóttir, formaður TBA



Skautafélag Akureyrar

Ársskýrsla 2008-2009

Skýrsla stjórnar LSA 2008-2009

Stjórn LSA skautaárið 2008-2009:

Hilda Jana Gísladóttir, formaður
Hólmfríður Jóhannsdóttir, varaformaður
Hólmfríður Egilsson, gjaldkeri
Rut Hermannsdóttir, ritari
Guðlaug Reynisdóttir, meðstjórnandi
Katrín Thorarensen, meðstjórnandi

Það leikur enginn vafi á því hvað stendur upp úr í starfi liðsins skautavetrar. Það eru öll þau glöðu og heilbrigðu börn sem iðka íþróttina hjá deildinni. Bros þeirra sýnir okkur að við erum á réttri leið.

Segja má að æfingabúðirnar á Akureyri í ágústmánuði marki jafnan upphafið af nýjum skautavetri. Í ár fengum við tvo gestaþjálfara í skautabúðirnar, þær Ivetu Reitmayerovu, ásamt börnum sínum Ivönu Reitmayerovu, sem keppti á Ólympíuleikunum í Vancouver og son hennar Peter Reitmayer, sem var hársbreidd frá því að tryggja sér sæti á Ólympíuleikunum og keppa fyrir hönd Slóvakíu, en þessir flottu krakkar eru einungis 16 og 17 ára gömul. Audrey Freyja Clark, ein besta skautakona landsins í gegnum tíðina tók að sér afisþjálfun í búðunum. Við fengum veglegan stuðning frá fjölmörgum fyrirtækjum á Akureyri sem varð til þess að hádegismaturinn var ótrúlega vel útlátinn og ókeypis. Þegar á heildina er litið þá gengu æfingabúðirnar vonum frammar og ótrúlegur árangur sem iðkendur ná á þessum tíma.

Þennan skautavetur var Helga Margrét Clarke, yfirþjálfari deildarinnar, sem fyrr stóð hún sig venju samkvæmt með mikilli þrýði og er það gríðarlegur fengur fyrir deildina að hafa hana í forystu starfsins. Auk hennar eru um 11 yngri þjálfarar að störfum í yngri flokkum og koma þeir þjálfarar verulega sterkir inn og taka þeir ár frá ári meiri ábyrgð innan deildarinnar, sem er fagnaðarefni – á þeim vettvangi eigum við sannkallaða gullkistu. Sarah Smiley, hokkiþjálfari sá að hluta til um afís, auk Gyðu Drafnar og Helgu Margrétar. Ólöf María sá auk Gyðu um þjálfun C-flokka.

Við höldum nokkur mót í vetur, sem hafa verið haldin með framúrskarandi umgjörð í stjórn Huldu Bjargar Kristjánsdóttur, Sigríðar Stefaníu Stefánsdóttur og Jóhönnu Sigmarsdóttur, en þær vinna eftir gæðahandbók, sem



Helga Jóhannsdóttir.



Urður Arnarsdóttir.



Hrafnhildur Ósk.

Hulda Björg gerði verulega fagmannlega í fyrra. Auk þess sem við tókum þátt í nokkrum mótum í Reykjavík, öllum mótum Skautasambandsins, Kristalsmótsins fyrir C-skautara og Reykjavík International fyrir A-skautara og eldri B-skautara. Deildin stóð fyrir tveimur sýningum á liðnu skautaári. Jólasýningin og vorsýning, sem báðar voru alveg ótrúlega mikil skemmtun, þá sýna iðkendur oft sínar bestu hliðar og gleðin er alls ráðandi í höllinni.

Ýmis fjáröflun hefur verið í vetur, fyrir einstaklinga hefur verið í boði að selja kerti, klósettpappír, páskaegg og eldhúsrúllur. Seld voru kerti fyrir jólin og verður ágóðinn notaður til niðurgreiðslu fyrir einstaklinga í æfingabúðunum. Venju samkvæmt var öskudagsnammið lang stærsta einstaka fjáröflunin og gekk hún vonum ágætla þrátt fyrir ástandið í þjóðfélaginu, en salan hins vegar hefur minnkað jafnt og þétt frá hruninu. Áheitasöfnun fyrir maraþonið verður nú í lok vetrar gekk. Fjáröflunin hefur því þegar á heildina er litið gengið mjög vel.

Iveta Reitmayerova og börnin hennar 2, Ivana og Peter, komu á ný til Akureyrar í í vetur, þar sem Iveta var gestaþjálfari í einn mánuð. Mjög mikilvægt er fyrir bæði menntun þjálfara og fyrir framför skautara að fá þjálfara erlendis frá til að auka þekkinguna í þessari ungu íþrótt, en einungis 10 ár eru frá því að skautahöllin var reist og er yfirþjálfari deildarinnar ein sú fyrsta til að æfa íþróttina en er hún engu að síður einungis 25 ára að aldri.

Nú í febrúar verður haldið byrjendanámskeið fyrir fullorðna, sem er að verða hefð hjá deildinni

Töluverð breyting er að verða á íþróttinni með tilkomu svokallaðra grunnprófa. Allir sem vilja keppa í A eða B flokkum verða að taka slíkt próf til þess að geta keppt í viðkomandi getuflokkum. Margir hafa gengið í gegnum það að falla á þessum prófum, sem getur reynt á börnin. Á næsta ári verður innleiðingu þessa kerfis lokið og allir keppendur búnir að fara í gegnum slíkt próf. Jákvæðu hliðarnar á slíku prófi er að það setur ákveðin viðmið fyrir skautara og þjálfari sem er mjög nán skauturum og foreldrum tekur ekki einn ákvörðun um í hvaða flokki viðkomandi á að vera. Neikvæðu hliðarnar geta verið að prófum sem þessum fylgi álag og vonbrigði við að falla.

Í deildinni nú eru skráðir rétt rúmlega 130 iðkendur sem er örlítill fækkun frá árinu áður. Skautabúðir verða haldnar síðar í sumar líkt og síðast liðið sumar. Vonir standa til þess að Audrey Freyja Clarke, komi aftur inn sem afisþjálfari og Iveta komi á ný sem gestaþjálfari. Stefnt er að því að kanna hug foreldra og iðkenda til þess að fara til Slóvakíu í æfingabúðir í sumar, en ein helsta hindrunun fyrir því að Ísland nái að verða á svipuðum standard og skautarar á norðurlöndunum er að skautahallirnar eru opnar of stutt á hverju ári. T.a.m. stendur Skautafélag Akureyrar einungis fyrir því að höllin sé opin 8 mánuði ársins, en til að verða framúrskarandi skautari er talið eðlilegt að taka sér 6 vikna frí frá æfingum á ári hverju en ekki 4 mánuði eins og sakir standa í dag. Dregið var úr ýmsum kostnaði á liðnu skautaári og en er fjárhagslega engu að síður mjög erfitt að standa í rekstri deildarinnar. Samherjastyrkurinn er mjög mikil lyftistöng og eru iðkendur og foreldrar mjög þakklátir fyrir hann. Engu að síður er líklegt að hækka þurfi æfingagjöld fyrir næsta vetur til að standa straum af lágmarkskostnaði við rekstur deildarinnar. Hlutverk stjórnar verður engu að síður að reyna að halda þeim kostnaði í lágmarki.

Þegar á heildina er litið var liðið skautaár vel heppnað, en nú þarf að halda áfram og bæta deildina enn frekar á næsta skautaári.

F.h. LSA

Hilda Jana Gísladóttir, formaður

Skýrsla Krulludeildar SA fyrir árið 2008



Upphaf starfsemi Krulludeildar árið 2008 byrjaði með leikjum úr Akureyrarmóti sem tilheyrir árinu 2007 ásamt Bikarmóti sem einnig tilheyrði árinu 2007, en 10 lið tóku þátt í þessum mótum.

Íslandsmótið 2008 fór fram í febrúar og mars en alls spiluðu ellefu lið á því móti.

Það lið sem verður Íslandsmeistari öðlast rétt til að leika fyrir Íslands hönd í Evrópukeppni landsliða sem fer fram í byrjun desember ár hvert. Lið Mammúta varð deildarmeistari en í öðru sæti urðu Víkingar, - þá Garpar og Norðan 12 í fjórða sæti. Mammútar sigruðu síðan í úrslitakeppninni og urðu þar með Íslandsmeistarar árið 2008.

Fjórir félagar úr Krulludeild SA og einn úr Krulludeild Þróttar kepptu fyrir Íslands hönd á HM 50+ í Vierumäki í Finnlandi dagana 9.-15. mars. Þetta er í þriðja skipti sem Ísland sendir lið til keppni á Heimsmeistaramóti eldri leikmanna.

Strákarnir spiluðu 8 leiki og náðu að vinna einn leik, á móti Norðmönnum.

Árlega heldur krulludeildin Marjomót til minningar um Marjo Kristinsson sem var ein af aðal drifjöðrum skauta og krulluþróttarinnar á Akureyri en hún féll frá fyrir nokkrum árum.

Sigurvegarar í þessu móti urðu Haraldur Ingólfsson og Hannela Matthíasdóttir. (Jóhanna María Elena Matthíasdóttir).

Lokamót leikársins ICE CUP fór fram dagana 1. til 3. maí. ICE CUP er alþjóðlegt mót sem haldið er í lok hvers keppnistímabils og liðum erlendis frá er boðið að koma til keppni.

Fjórtán lið tóku þátt í mótinu að þessu sinni eða tæplega 60 manns.

Alls komu fjórtán erlendir keppendur af fimm þjóðernum á Ice cup þetta árið.

Hæst ber að bandarískar vinkonur okkar þær, Sue Haigney, Sue Porada, Gwen Krailo og Judy Melzer, komu í þriðja skipti til okkar, en mikill og góður vinskapur hefur myndast við þessar ágætu konur og færði deildin þeim lopapeysur að gjöf í þakklætisskyni fyrir þessar endurteknu heimsóknir en konan Kristján Þorkelssonar, Jóhanna María Gunnarsdóttir þrjónaði einmitt allar peysurnar.

Sigurvegarar á Ice Cup 2008 eftir úrslitaleik við íslenska liðið Víkinga voru ungir danskir strákar frá vinaklúbbi okkar í Tårnby í Danmörku, þeir Martin Poulsen, Martin Uhd Grønbech, Daniel Abrahamsen og Morten Svendsen sem kepptu undir nafninu Stonehangers. Aðrir erlendir keppendur komu frá Kanada og Hollandi.

Upphaf stafsárs 2008-2009 fór frekar hægt af stað en fyrsta mót ársins var Gimli Cup sem hófst þann 29. september. Átta lið tóku þátt að þessu sinni og spiluðu allir við alla.

Sigurvegarar í því móti urður Mammútar en liðsmenn Mammúta voru Arnar Sigurðsson, John Júlíus Cariglia, Jens Gíslason, Jón Ingi Sigurðsson og Ólafur Númason. Garpar urðu í öðru sæti og Skyttur í því þriðja.

Akureyrarmótið fylgdi í kjölfarið og var það leikið í tveimur fjögurra liða riðlum. Víkingar og Fífurnar léku til úrslita og unnu Víkingar þá viðureign og urðu Akureyrarmeistarar árið 2008. Fífurnar urðu í öðru sæti en Garpar í því þriðja.

Bikarmót 2008 var leikið í byrjun desember og er það leikið



Mammútar frá v. Ólafur Númason, John Júlíus Cariglia, Arnar Sigurðsson, Jón Ingi Sigurðsson.



Sue Haigney, Sue Porada, Gwen Krailo, Judy Melzer og Kristján Þorkelsson.



Liðsmenn Víkinga voru Gísli Kristinsson, Jóhann Björgvinsson, Kristján Bjarnason Kristján Þorkelsson og Rúnar Steingrímsson.



Svarta gengið Húsbygg bikarmeistarar 2008.



Svanfríður Sigurðardóttir, krullukona ársins og Ólafur Númason, krullumaður ársins.

með útsláttarfyrirkomulagi. Byggingafélagið Húsbygg styrkti mótið og gaf verðlaunin. Svarta gengið stóð uppi sem sigurvegari eftir úrslitaleik við Riddarana.

Evrópukeppni landsliða fór fram Örnöldsvík í Svíþjóð í byrjun desember og áformaði lið Mammúta að taka þátt í því móti þar sem þeir höfðu öðlast þann rétt með því að sigra á Íslandsmótinu. Þau áform runnu út í sandinn þar sem mörg fyrirtæki sem höfðu lofað þeim stuðningi gátu ekki staðið við það sökum bankakreppunnar.

Krulludeildin heldur ávallt árlegt áramótamót í enda desember þar sem fólk mætir og dregur sig í lið rétt fyrir keppni og spilar þrjá stutta leiki og gerir sér glaðan dag með veitingum á eftir. Met í mætingu var sett á mótinu í ár þar sem 36 manns mættu.

Fyrir mótið var tilkynnt um val krullumanns og krullukonu ársins 2008. Krullukona ársins var valin Svanfríður Sigurðardóttir og krullumaður ársins var valinn Ólafur Númason.

Þó nokkuð var um heimsóknir frá skólum og fyrirtækjum í krullu á árinu en sökum skorts á tíma eru þær heimsóknir færri en æskilegt væri.

Hallgrímur Valsson, formaður Krulludeidar SA

Skýrsla Krulludeildar SA fyrir árið 2009



Starfsemi Krulludeildar felst aðallega í mótum á milli þeirra liða í krulludeild SA.

Fyrsta mót ársins var Janúarmót sem leikið var í tveimur riðlum. Alls tóku 10 lið þátt að þessu sinni. Sigurvegarar Janúarmótsins voru Mammútar sem sigruðu Garpa í úrslitaleik en í þriðja sæti enduðu Víkingar.

Næsta mót var KEA Hótel deildarkeppnin er forkeppni Íslandsmóts. Fjögur efstu liðin í deildarkeppninni spiluðu síðan um Íslandsmeistaratitilinn 2009. Deildarmeistarar urðu Mammútar, Garpar enduðu í öðru sæti og Üllevál í þriðja sæti.

Mammútar unnu síðan lokakeppnina eftir æsispennandi leik við Víkinga og urðu þar með Íslandsmeistarar árið 2009.

Næsta mót var Marjomótið, það er minningarmót um Marjo Kristinsson. Sigurvegarar urðu Mammútar eftir úrslitaviðureign við Garpa þar sem skotkeppni þurfti til að útkljá sigurvegara.

Ice Cup lokamót tímabilsins 2008-2009 var haldið dagana 30. apríl til 2. maí. Ice Cup er lokamót krulludeildar og er uppskeruhátíð deildarinnar þar er erlendum liðum er boðið að koma til keppni og hafa ávalt nokkur lið komið til þátttöku.

Krulludeildin fær ísinn til umráða á sunnudagskvöldi og unnið er sleitulaust í fjóra daga fram að keppni við að gera ísinn eins sléttan og hægt er til að skapa sem bestar aðstæður til keppni, en það er nokkuð sem við krullarar getum ekki allt tímabilið þar sem ísinn er aldrei sléttur.

Alls kepptu 12 lið á mótinu. Sigurvegarar og Ice Cup meistarar 2009 urðu Skyttarnar.



Liðsmenn Mammúta eru Haraldur Ingólfsson, Jón Ingi Sigurðsson, Ólafur Númason, Jens Gíslason og Sveinn H. Steingrímsson.

Aðalfundur Krulludeildar var haldinn þann 12. maí og var hann með hefðbundnu sniði.

Í lok aðalfundar var kosin ný stjórn en Ásgrímur Ágústsson og Eiríkur Bóasson gáfu ekki kost á sér áfram.

Ný stjórn:

Hallgrímur Valsson, var endurkjörinn formaður

Ólafur Hreinsson, varaformaður

Svanfríður Sigurðardóttir, ritari

Davíð Valsson, gjaldkeri

Ólafur Númasson, meðstjórnandi

Gísli Kristinsson og Sævar Sveinbjörnsson, varamenn

Fulltrúar Krulludeildar í aðalstjórn voru kosnir þeir

Davíð Valsson og Jón Rögnvaldsson.

Fyrsta mót tímabils 2009-2010 var Akureyrarmótið sem hófst þann 28. september. Átta lið tóku þátt að þessu sinni. Í úrslitum unnu Skyttur Garpa og urðu því Akureyrarmeistarar árið 2009.

Liðmenn í Skyttum voru Ágúst Hilmarsson, Árni Arason, Árni Ingólfsson, Jón S. Hansen og Sigurgeir Haraldsson.

Víkingar enduðu í þriðja sæti Akureyrarmótsins.

Bikarmót Krulludeildar sem er útsláttarkeppni hófst þann 23. okt. með þátttöku 8 liða.

Fífur og Garpar léku til úrslita þar sem Garpar sigruðu og urðu Bikarmeistarar Krulludeildar 2009.

Gimli Cup er mót þar sem spilað er um bikar sem Vestur Íslendingar gáfu Krulludeildinni árið 2000 við opnun skautahallarinnar.

Sigurvegaraar í þessu móti urðu Skyttarnar, Mammútar í öðru sæti og Garpar í þriðja sæti.

Liðmenn í Skyttum voru þeir Ágúst Hilmarsson, Árni Arason, Árni Ingólfsson, Jón S. Hansen og Sigurgeir Haraldsson.

Lið frá Krulludeild SA á Evrópumóti landsliða í krullu.

Lið Mammúta tók þátt í Evrópumóti landsliða í krullu sem fór fram í Aberdeen dagana 5. til 12. desember. Mammútar spiluðu 9 leiki, unnu tvo og töpuðu sjö leikjum. Telst þetta vel viðunandi árangur miðað við þá aðstöðu sem við búum við. Það er einfaldlega ekki hægt að búast við miklum árangri þar sem við náum aldrei að æfa við þær góðu aðstæður sem erlendir keppendur hafa.

Síðasta mót ársins var hið árlega Áramótamót sem krulludeildin heldur.

Met þátttaka var að þessu sinni en alls mættu 38 manns til leiks. Sigurvegaraar þessa móts voru að sjálfsögðu Jólasveinarnir.

Helstu baráttumál krullara eru að fá betri aðstöðu heldur en er í dag, en deildin hefur aðeins um 4 klukkutíma til að spila í hverri viku. Æfingatímar eru á mánudögum frá kl. 20 og miðvikudögum frá kl. 21. Mikil vinna liggur í því að vinna svellið fyrir keppni en áður en keppni getur hafist þurfa meðlimir að vinna við svellið í um 40 mínútur áður en það er leikhæft. Eins og sést á þeim tíma sem deildin hefur er ómögulegt að hefja unglingsstarf sem er nauðsynlegt fyrir framgang íþróttarinnar og einnig er mikil ásókn í að komast í krullu af fyrirtækjum og öðrum hópum sem vilja koma og prófa.

Óskastaðan væri að fá sér hús fyrir krullu, en það er sennilega ekki raunhæfur möguleiki eins og staðan er í dag, en við teljum okkur geta komið upp aðstöðu fyrir 40-50 milljónir ef þær finnast einhversstaðar.



Skyttarnar: Ágúst Hilmarsson, Árni Arason, Árni Ingólfsson, Fimmur Aðalbjörnsson, Jón Hansen, og Sigurgeir Haraldsson



Garpar: Árni Grétar Árnason, Björn Sigmundsson, Hallgrímur Valsson og Ólafur Hreinsson.



Mammútar í Evrópukeppni.



Krullumaður ársins 2009 var valinn Jón Ingi Sigurðsson.

Hallgrímur Valsson, formaður Krulludeildar SA



Skýrsla Íshökkídeildar Skautafélags Akureyrar 2008

Stjórn Hökkídeildar 2008.

Ólöf Björk Sigurðardóttir, formaður
Héðinn Björnsson, varaformaður
Jón Gíslason, ritari
María Stefánsdóttir, gjaldkeri
Sveinn Björnsson, meðstjórnandi
Hrönn Vignisdóttir, meðstjórnandi
Ásdís Sæmundsdóttir, meðstjórnandi

Seinni hluti tímabilsins var með með líku sniði og áður. Þjálfarar deildarinnar voru Sveinn Björnsson Sara Smiley ásamt aðstoðarþjálfurum. Vel gekk með yngri flokkana og stóðu þau sig vel á mótum bæði heima og að heiman. Áttum við marga í landsliðshóp karla, fóru frá okkur tólf keppendur og voru landsliðin þrjú, U-18, U-20 og A-landslið. Voru fjórir sem spiluðu bæði í U-18 og U-20. Kvennlandsliðið fór einnig í ferð og áttum við þar átta stúlkur. Þær unnu alla sína leiki og urðu heimsmeistarar í fjórðu deild. Var þessi hópur okkur til mikils sóma. Tímabilið endaði svo á úrslitakeppni í meistaraflokki karla þar sem við höfðum betur, en að vísu eftir kærumál. Meistaraflokkur kvenna varð Íslandsmeistari. Fjórði flokkur B vann einnig Íslandsmeistaratitil.

Tímabilið byrjaði seinustu dagana í ágúst og var komið á fulla ferð strax í september með líku sniði og fyrrverandi ár. Breyting varð á þjálfurum hjá deildinni er Sara Smiley tók við aðalþjálfun og er það í fyrsta skipti sem kona er aðalþjálfari karla í ishokki á Íslandi og kannski í heiminum. Naut hún aðstoðar frá Josh Gribben sem og Stefáni Hrafnssyni sem sá um 6.-7. flokk og nýliða, honum til aðstoðar voru Jóhann Már Leifsson og Ingólfur Elisson. Gekk okkur ágætlega að



Ingvar Jónsson lætur vaða á markið.



Pung sókn að marki SA í meistaraflokki kvemna.

halda okkar iðkenndum frá fyrra tímabili og reyndum að fara í skólana til að kynna íþróttina en það gekk ekki vel að fá inngöngu í bekkina, en gátum fengið að skilja eftir bæklinga frá okkur og vonuðumst til þess að kennarar kæmu þeim til barnanna. Breyting varð á mótaskipulagi og var 4.-5. flokkur saman á móti 6.-7. flokki og spilaði 3. flokkur með Meistaraflokki karla, sem er mikil afturför hjá okkur. Fyrsta barnamótið var haldið hér, en þá var bikarmót fyrir 4.-5. flokk. Svo kom að okkar árlega Brynjumóti sem var haldið í 15. sinn, þar spila yngstu iðkenndurnir. Þökkum við þeim Brynjuhjónum kærlega fyrir að halda þetta mót með okkur. Ágætlega hefur gengið hjá eldri hópum á þessum hluta tímabils, var þá helst of mikil pásá á elstu iðkenndum.





Skýrsla Íshökkídeildar Skautafélags Akureyrar 2009

Stjórn Hökkídeildar 2009

Ólöf Björk Sigurðardóttir, formaður
Héðinn Björnsson, varaformaður
Jón Gíslason, ritari
María Stefánsdóttir, gjaldkeri
Sveinn Björnsson, meðstjórnandi
Hrönn Vignisdóttir, meðstjórnandi
Ásdís Sæmundsdóttir, meðstjórnandi

Seinni hluti tímabilsins spilaðist eins og vanalega, yngstu keppendurnir spiluðu heima og að heiman. Gaman er að fylgjast með mótum yngstu barnanna sem spila öll af lífi og sál, alltaf er gott að vinna, en best að fá pizzu í mótslok. Áttum marga í landsliðum, U-18, U-20 og A-landsliði, ennfremur áttum við í landsliði kvenna sem þjálfarinn okkar hún Sarah þjálfar einnig. Ekki var farið út með þær, en haldið var mót héra heima og komu erlend lið hingað til að spila við þær. Var það stórskemmtilegt mót og þakkir til þeirra sem komu að því. Ekki gekk okkur að halda Íslandsmeistarattitlinum í meistaraflokki karla en meistaraflokkur kvenna varð Íslandsmeistari og gekk okkur upp og ofan í öðrum flokkum.

Tímabilið hófst snemma þetta árið, en það var ákveðið að prófa hafa hér æfingabúðir í hokki. Byrjuðum við í ágúst og voru þá þjálfarar okkar Sarah Smiley og Josh Gribben sem sáu um skipulag og þjálfun búðanna sem tókst með miklum ágætum og vonumst við til að þær séumkomnar til að vera. Byrjuðum við svo hefðbundnar æfingar í byrjun september. Með tilkomu styrks frá Samherja gátum við boðið lægri æfingagjöld þennan veturinn og þökkum við Samherjamönnum innilega fyrir þann styrk. Smá breytingar urðu á þjálfara málum þar sem Josh tók við sem aðalþjálfari meistaraflokks karla, þar sem hann er spilandi þjálfari og einnig 2. flokk karla. Sarah var svo aðalþjálfari annara flokka, sem og spilandi þjálfari í meistaraflokki kvenna. Stór hópur stúlkna er að æfa og var ákveðið að skipta hópnum í „senior“ og „junior“, þannig að það urðu þrjú lið í meistaraflokki kvenna þetta árið. Síðustu árin hafa aðeins verið eitt lið frá SA og Birninum. Þannig að núna eru aðeins fleiri leikir yfir tímabilið. Fjórir aðstoðarþjálfarar hjá okkur tóku þjálfaranámskeið hjá ÍSÍ og gekk það mjög vel. Fyrsta mót vetrarins var hjá 4. flokk og var það haldið hér fyrir norðan. Fórum við svo með okkar yngsta hóp suður og var það stór og góður hópur, en mikið var um byrjendur hjá okkur nú um haustið, og fá allir sem vilja að koma með í þessar ferðir. Héldum við svo okkar árlega Brynjumót í nóvember. Fórum í jólafrí um miðjan desember.



Josh Gribben fagnar marki.



Starfsemi Skautafélagsins og allra deilda þess hefur gengið vel síðustu tvö ár. Hver deild heldur utan um sína starfsemi og hafa allar deildir verið reknar með hagnaði, ekki miklum en hagnaði þó. Aðalstjórn hefur yfirsjón með allri starfsemi félagsins auk þess að reka Skautahöllina.

Miklu aðhaldi hefur verið gætt í öllum rekstri, bæði hallarinnar sem og deilda félagsins og á tímabilinu náðist það markmið að gera félagið skuldlaust. Allar deildir sem og aðalstjórn skila rekstrarafgangi og skuldir eru engar. Framtíðin er björt.

Sigurður Sigurðsson, formaður Skautafélags Akureyrar





Íþróttafélagið Narfi Ársskýrsla 2008-2009

2008

Starfsemin er með hefðbundnu sniði. Leikjanámskeið um sumarið fyrir börn yngri en 10 ára, og knattspyrnuæfingar tvisvar í viku fyrir þau eldri. Nýtt íþróttahús var svo tekið í notkun í júní 2008 og gerbreytti það allri aðstöðu. Þá um haustið hófust á vegum félagsins frjálsíþróttæfingar undir stjórn Unnars Vilhjálmssonar.

Í framhaldinu hafa svo börn og unglingar tekið þátt í nokkrum frjálsíþróttamótum undir merkjum Narfa. Þá hefur félagið staðið fyrir leikjanámskeiði fyrir yngstu börnin.

Á aðalfundi var stjórn endurkjörin.

Þröstur Jóhannsson, formaður
Gunnar Páll Hálfðásson, gjaldkeri
Hjördís Ýrr Skúladóttir, ritari
Heimir Áslaugsson
Narfi Freyr Narfason

2009

Starfsemin með svipuðu sniði. Aðaláherslan er lögð á að hafa æfingar og námskeið fyrir börn í leikskóla og grunnskóla. Ný stjórn kosin á aðalfundi 2009.

Gunnar Páll Hálfðásson, formaður
Pétur Steinþórsson, gjaldkeri
Bára Steinsdóttir, ritari
Heimir Áslaugsson
Narfi Freyr Narfason





Léttir hestamannafélag Ársskýrsla 2008

Skýrsla stjórnar Léttis starfsárið 2008

Árið 2008 var viðburðaríkt hjá Léttismönnum eins og reyndar hjá þjóðinni allri enda mörg stór mál í gangi hjá félaginu. Þann 5. nóvember 2008 fagnaði félagið 80 ára afmæli sínu en þann dag var opið hús í reiðhöllinni. Fjölmarginir bæjarbúar lögðu leið sína þangað og virtu fyrir sér þetta stórglæsilega hús um leið og yngri kynslóðin skemmti sér við að fara á bak og virða fyrir sér hin ýmsu húsdýr. Vel þótti til takast og höfðu allir gaman af. Í tilefni afmælisins héldu Léttismenn veglega afmælisveislu og uppskeruhátíð þann 15. nóvember sl. Þar var einkar vel mætt, viðurkenningar voru veittar og þrír félagsmenn gerðir að heiðursfélögum, en það eru þeir Jón Ólafur Sigfússon, Jón Höskuldsson og Björn Jóhann Jónsson. Íþróttamaður Léttis var krýndur Þorbjörn Hreinn Matthíasson.

Árið 2008 var fyrsta starfsár reiðhallar og tókst rétt áður en kreppan skall á að landa rekstrarsamningi við Akureyrarbæ sem á að tryggja rekstur hallarinnar um ókomna tíð. Aðalfundur félagsins var haldinn í febrúar þar sem Ásta M. Ásmundsdóttir var kjörin formaður í þriðja sinn en aðrir í stjórn voru; Andrea Margrét Þorvaldsdóttir, Erlingur Guðmundsson, Garðar Lárusson og Úlfhildur Sigurðardóttir en varamenn voru Baldvin Ari Guðlaugsson, Pétur Vopni Sigurðsson og Sigríður Steinbjörnsdóttir. Í október 2008 sagði Ásta af sér formennsku og tók þá Erlingur Guðmundsson varaformaður við sem formaður félagsins og Baldvin Ari varð aðalmaður í stjórn í hans stað. En nú verður fjallað nánar um einstaka þætti starfseminnar.

Reiðhöll



Í upphafi ársins 2008 var leitað til Akureyrarbæjar um frekari fjármögnun til að koma reiðhöllinni í starfshæft ástand. Ekki tókst að fá það fé sem þurfti og hægði það verulega á framkvæmdum við húsið enda félagið févana. Starfsemi hófst þó í húsinu hálfkláruðu að innan í mars 2008. Búið var að ganga frá reiðgólfi, lýsingu og hita en annað í húsinu var að mestu óklárað. Reiðhöllin var höfð opin fyrir félagsmenn á ákveðnum tímum auk þess sem námskeið voru haldin fyrir alla aldurshópa. Æskulýðsnefndin var dugleg að nýta sér húsið til æfinga og námskeiðahalds. Í sumar lá starfsemi að mestu niðri í Reiðhöllinni en reiðhallarnefnd og stjórn Léttis vann að því að fá rekstrarsamning við Akur-



eyrarbæ þannig að hægt væri að halda úti stöðugri og öflugri starfsemi í reiðhöllinni.

Í byrjun september var auglýst eftir starfsmanni í Reiðhöllina með vilyrði frá Akureyrarbæ um að rekstrarsamningur yrði gerður. Friðrik Kjartansson var ráðinn í starfið en umsækjendur voru fimm um stöðuna. Í sama mánuði skrifaði formaður Léttis og bæjarstjóri Akureyrar undir rekstrarsamning sem tryggir rekstur hússins. Í haust hefur verið unnið að því að koma húsinu í rekstrarhæft ástand, m.a. hafa verið sett upp salerni, aðstaða fyrir starfsmann, hesthús innréttað og áhorfendabekkir settir upp. Mörg fyrirtæki og einstaklingar hafa styrkt félagið vegna bygg-

ingu reiðhallarinnar og færir stjórn Léttis þeim bestu þakkir fyrir. Stærstu styrktaraðilar reiðhallar að öðrum ólöstuðum eru Lífland, Húsasmiðjan, KEA og Sandblástur og málmhúðun. Einnig gladdi Herbert „Kóki“ Ólafsson okkur með höfðinglegri gjöf í tilefni afmælisins. Stjórnin þakkar öllum þeim sem unnið hafa óeigingjarnt starf í reiðhöllinni undanfarna mánuði en án sjálfboðavinnu félagsmanna væri þetta ekki hægt. Tekist hefur að klára það nauðsynlegasta í reiðhöllinni þannig að þar getur farið fram öll sú starfsemi sem við viljum sjá í þessu húsi. Framtíðin verður þó að leiða í ljós hvenær við getum lokið við framkvæmdir á félagsaðstöðu á efri hæð hússins. Nú er að hefjast annað starfsár reiðhallarinnar og er búið að setja upp metnaðarfulla dagskrá vetrarins með fjölbreyttu móta- og námskeiðahaldi.

Aðstaða hestamanna

Á þessu ári mun hestamannafélagið Léttir halda Íslandsmót í hestaíþróttum. Íslandsmótsnefnd tók til starfa í haust og hefur hún staðið fyrir framkvæmdum á vallarsvæðinu norðan Reiðhallarinnar skv. deiliskipulagi. Ætlunin er að koma upp nýjum keppnisvelli. Kreppan hefur sett strik í reikninginn og hefur félagið ekki fengið styrk í þessa framkvæmd hvorki frá Akureyrarbæ né öðrum. Þetta verður nánar kynnt hér á eftir.

Skipulagsmál í Glerárdal

Í febrúar 2008 stóð Léttir ásamt LH fyrir ráðstefnu um öryggismál hestamanna. Hingað komu sjö menn frá LH. Þeir funduðu einnig með bæjarstjóra, skipulagsstjóra og fleirum til þess að koma sjónarmiðum hestamanna skýrt á framfæri og styðja Létti í baráttunni gegn akstursíþróttasvæði í mynni Glerárdals. Ráðstefnan tókst vel en hún var því miður ekki vel sótt. Kann Léttir LH bestu þakkir fyrir stuðninginn í þessu máli. Staðan í málinu núna er sú að Akureyrarbær hefur samþykkt deiliskipulagstillöguna þrátt fyrir langt yfir 100 athugasemdir frá ýmsum aðilum aðallega hestamönnum. Léttir hefur kært úrskurð Skipulagsstofnunar fyrr á árinu um að framkvæmdin á akstursíþróttasvæðinu þyrfti ekki að fara í umhverfismat og hefur sú kæra ekki ennþá verið afgreidd. Kæran byggir á því að þrátt fyrir umsagnir ýmissa aðila eins og t.d. umhverfisstofnunar um að starfsemin muni hafa truflandi áhrif á nágrenni sitt og umtalsverð umhverfisáhrif sem erfitt er að sjá fyrir, þá hafi Skipulagsstofnun ekki talið hefðbundið umhverfismat nauðsynlegt. Enn fremur byggði kæran á að ekki var leitað eftir umsögn hestamanna sem eru augljósir hagsmunaaðilar í málinu.

Nefndir

Ötult starf hefur verið unnið í fjölmörgum nefndum félagsins. Stjórnin vill þakka öllum þeim sjálfboðaliðum sem að nefndarstörfum hafa komið. Á borðunum er að finna ljósrit af greinargerðum nokkurra nefnda og hvetjum við ykkur til að líta á þær.

Lokaorð

Kæru félagar, of langt mál yrði að telja upp allt það sem gert var á síðasta ári. Við látum staðar numið hér. Hestamannafélagið Léttir hefur staðið í stöngu í mikilvægum málum sem varða hagsmuni félagsmanna. Mikill metnaður hefur verið lagður í að byggja upp frábæra aðstöðu til æfinga, sýninga og keppni í hestamennsku og ef markmið félagsins ná fram að ganga getum við státað af einu glæsilegasta aðstöðu hestamanna á landinu. Það eru fleiri mál sem brenna á mönnum og ber þá helst að nefna betri reiðleiðir og betri lýsingu þeirra. Þau mál þarf að taka föstum tókum en óvissa í skipulagsmálum hefur einnig tafið fyrir þessum málaflokki. Einnig þurfum við hestamenn að standa saman og verja hagsmuni okkar þar sem stöðugt þrengir að hvað varðar landsvæði og aðra starfsemi í nágrenni við okkar hefðbundnu svæði.

Akureyri 20. janúar 2009

Erlingur Guðmundsson formaður Léttis

Ásta M. Ásmundsdóttir fyrrv. formaður Léttis



Léttir hestamannafélag Ársskýrsla 2009

Skýrsla stjórnar hestamannafélagsins Léttis starfsárið 2009

Árið 2009 hefur verið viðburðaríkt og að mörgu leyti tímamótaár hjá hestamannafélaginu Létti.

Á aðalfundi félagsins í janúar var samþykkt að ganga til samninga við þá aðila sem gert höfðu tilboð í helmingshlut Léttis í stóðhestahúsi á Melgerðismelum. Í framhaldi af því var gengið til samninga við Baldvin Birgisson og féлага. Söluverð á hlut félagsins var 5,6 milljónir króna. Kaupendur yfirtóku okkar hlut í lánnum sem voru tilkominn vegna framkvæmda fyrir Landsmót hestamanna 1998 á Melgerðismelum. Til að ljúka þessu söluferli og þá aðallega vegna uppgjör á lánnum var nauðsynlegt að ganga frá ákveðnum skipulagsmálum á Melgerðismelum sem snéru að breyttu deiliskipulagi. Sú vinna reyndist flóknari og mun tímafrekari en reiknað var með og því var það ekki fyrir en nú janúar 2010 sem endanlegt uppgjör lá fyrir.

Á aðalfundinum í janúar var einnig borið upp tilboð þar sem Jónas Vigfússon fyrir hönd Funa gerði tilboð í hlut Léttis í Melgerðismelum. Tilboði þessu var hafnað en samþykkt að skipa nefnd sem í sætu fulltrúar beggja félaga. Verk þessarar nefndar yrði að skrá sameiginlegar eignir félagana og þær yrðu svo metnar af hlutlausum aðila. Þessi listi er nú kominn til Jónasar Karlessonar hjá Verkfræðistofunni Verkís. Jónas ætlar að klára þetta mat á næstunni, þannig að félögin geti unnið að framgangi málsins.

Í apríl samþykkti félagsfundur að ganga að tilboði Lundsgolf ehf. í félagsheimili okkar, Skeifuna. Kaupverð var 3,5 milljónir staðgreitt. Lundmenn sáu um og báru sjálfir ábyrgð á flutningi hússins. Flutningurinn tókst vel og hefur Skeifann öðlast nýtt hlutverk sem golfskáli í Fnjóskárdal.

Í haust samþykkti félagsfundur tilboð Ólafs Þórðarsonar í grunn og viðbyggingu Skeifunnar. Tilboðið hljóðaði upp á 1 milljón króna. Kaupverðið var að fullu greitt eftir breytingu á deiliskipulagi á lóðinni þar sem hún var minnkuð og samþykkt sem hesthúsalóð.

Samningar náðust við Ólaf um að leigja félaginu salernisaðstöðuna í viðbyggingunni fram á mitt ár 2010.

Alla vinnu vegna sölu á þeim fasteignum félagsins sem taldar eru hér upp á undan annaðist Björn Guðmundsson á fasteignasölu Byggð. Sölu laun voru greidd með auglýsingasamningi Léttis og fasteignarsölu. Kunnum við Birni bestu þakkir fyrir.

Reiðhöll

Mikil starfsemi hefur verið í Top Reiter höllinni frá því að hún var tekin í notkun. Í byrjun árs var öll aðstaða orðin vel boðleg til námskeiðs- og mótahalds. Aðsókn á mót, sýningar og námskeið hefur verið mjög góð. Fullt hefur verið á öll námskeið sem haldin hafa verið og ekkert virðist vera lát á þeirri aðsókn.



Einn stærsti dagur félagsins á árinu 2009 var án efa laugardagurinn 18. apríl. Þá fór fram stórsýning okkar Léttismanna „Fákar og fjör“ og um leið formleg vígsla á nýrri reiðhöll, TOP REITER höllinni. Þessi sýning tókst í alla staði vel og var þeim sem að henni komu og félaginu til mikils sóma. Til þess að sýningin yrði að veruleika var nauðsynlegt að fara í töluverðar framkvæmdir vegna athugasemda byggingarfulltrúa. Helst var það uppsetning eldvarnarkerfis sem var mjög dýr framkvæmd. Einnig var farið í lagfæringar á bílaplani sunnan við höllina. Anddyri og salerni flísalagt og



salernisaðstæða kláruð ásamt öðrum verkum sem lokið var við á síðustu dögum fyrir sýningu. Leyfi til að halda sýninguna fékkst og tókst hún í alla staði vel.

Í maí var haldin í reiðhöllinni sýningin **Æskan og hesturinn**. Léttir og hestamannafélögin í Skagafirði hafa gert með sér samning um að halda sýninguna til skiptis. Nú var komið að því að halda sýninguna í fyrsta sinn á Akureyri. Undirbúningurinn var mikill og er óhætt að segja að allt hafi tekist vel nema veðrið var aðeins að stríða okkur.

Nauðsynlegt er að halda áfram og efla enn frekar þá starfsemi sem fram fer í höllinni, sérstaklega yfir sumar- og haustmánuði.

Ýmis fyrirtæki og félagsmenn Léttis hafa lagt okkur lið við framkvæmdir og starf í Top Reiter höllinni. Kunnum við þeim öllum bestu þakkir.

Okkar helstu styrktaraðilar á liðnu ári eru Top Reiter, sem gaf glæsilegt hljóðkerfi og reiðtygi í tilefni af vígslu hallarinnar og KEA sem fjármagnaði KEA-mótaröðina.

Þessum fyrirtækjum þökkum við kærlega fyrir.

Landsmót UMFÍ

Akureyringar héldu Landsmót UMFÍ sumarið 2009 og var keppni í hestaíþróttum haldin á nýju vallarsvæði Léttismanna. Í þessari keppni nýttist reiðhöllin og nýtt svæði svo sannarlega vel.



Íslandsmót

Ljóst var í aðdraganda Íslandsmóts að mikil vinna væri fyrir höndum ef vel ætti að takast til. Miklar umræður fóru fram um hvort rétt væri að leggja slíkt á félagið í ljósi efnahagsástandsins. Að vel íhuguðu máli var einhugur innan stjórnar félagsins að hvika hvergi frá þeirri áætlun að halda Íslandsmót fullorðinna í hestaíþróttum á félagssvæði Léttis. Í hönd fór mikil vinna við vallargerð og undirbúning sjálfs mótsins. Sú vinna var að mestu á herðum Íslandsmótsnefndar og sjálfboðaliða úr röðum félagsins. Einnig studdi Akureyrarbær okkur ríkulega, sérstaklega með efni í velli og vélavinnu á svæðinu.

Með samhentun átaki hafðist þetta þó að lokum og var Íslandsmót fullorðinna í hestaíþróttum haldið á Akureyri dagana 16.-18. júlí. Á landsþingi Landsambands hestamanna á Kirkjubæjarklaustri haustið 2008 var samþykkt tillaga okkar Léttismanna að einungis yrði keppt í einum flokki í hverri grein á Íslandsmóti. Í grein 5. tbl. Eiðfaxes sl. sumar var fjallað um Íslandsmótið á Akureyri: „*Það var sannarlega mál manna að þessi breyting hafi verið af hinu góða og mótið á Akureyri sérlega áhorfendavænt og þarna voru samankomin bestu knapar og hestar landsins í íþróttinni*“. Greinarhöfundur lýkur umfjöllun sinni með þessum orðum: „*Léttismenn mega vera ánægðir með framkvæmd og skipulagningu Íslandsmótsins. Mikil vinna hefur verið lögð í að gera gott svæði þeirra enn betra með tilkomu reiðhallar og nú nýs keppnisvallar. Eiðfaxi óskar Léttismönnum til hamingju með gott mót og frábært svæði.*“

Við teljum að Léttir hafi komist vel frá mótinu þó eflaust hafi einhverstaðar mátt gera betur, slíkt á sennilega við um flest hestamannamót.

Fjárhagsleg útkoma mótsins er vel ásætlanleg, mótið skilaði hagnaði upp á 400.000 kr. Þrátt fyrir að ekki fengjust stórir styrktaraðilar að mótinu. Léttir sá um veitingasölu á mótinu. Veitingastaðurinn, sem gekk undir vinnuheitinu GEIRA GRAND CAFÉ, skilaði mjög góðum hagnaði. Þetta má sjá nánar í reikningum félagsins. Helsti ávinningurinn af því að halda Íslandsmót er án vafa að eftir stendur glæsilegt vallarsvæði sem mun nýtast félaginu næstu árin.



Landsmót 2014

Á aðalfundi síðasta árs var samþykkt að Léttir skyldi sækja um Landsmót hestamanna árið 2014. Töluverð vinna hefur verið lögð í undirbúning þeirrar umsóknar. Akureyrarbær hefur lýst yfir stuðningi við umsóknina og aðstoðað okkur við undirbúning hennar með ýmsum hætti. Þar þar helst að nefna Akureyrarstofu og Íþróttaráð Akureyrar. Fulltrúar þeirra auk bæjarstjóra sátu svo með okkur kynningarfund sem fram fór 29. janúar í Hamri. Þar kynnti stjórn Landssambands hestamanna sér áform okkar um nýtt vallarsvæði. Fulltrúar Akureyrarstofu og Íþróttaráðs kynntu það sem bærinn hefur upp á bjóða hvað varðar gistingu, afþreyingu og þá reynslu sem bærinn býr yfir við að halda stórviðburði sem þennan og að taka á móti fjölda gesta.

Lokaorð

Ötult starf hefur verið unnið í nefndum félagsins. Stjórnin vill þakka öllum þeim sem að nefndarstörfum og annarri sjálfböðavinnu hafa komið – við stór verk sem smá.

Hér hefur verið stiklað á stóru um starf félagsins síðast liðið ár. Ýmis stór mál eru í höfn en ný verkefni bíða, s.s. nýting Skjaldarvíkurlands fyrir hagabeit og til útreiða, ákvörðun um framtíð Melgerðismela og áframhaldandi uppbygging á félagssvæði okkar.

Félagið verður að halda áfram því þrotlausu starfi sem þarf til að bæta aðstöðu hestamanna á Akureyri.

Stjórn Léttis var þannig skipuð 2009:

Erlingur Guðmundsson, formaður
Andrea Margrét Þorvaldsdóttir, varaformaður
Inga Bára Ragnarsdóttir, ritari
Jónas Kristjánsson, gjaldkeri
Baldvin Ari Guðlaugsson, meðstjórnandi

Varamenn:

Kjartan Helgason
Sveinn Ingi Kjartansson

Eva Símonardóttir var ritari fram á mitt ár 2009, en þá tók Inga Bára við ritarastarfinu.



Hamrarnir

Ársskýrsla 2008-2009

Starfsemi Hamranna á síðustu tveimur árum hefur tekið talsverðum breytingum frá því sem var á fyrstu árum þess, en það var stofnað árið 2005. Árið 2008 sameinaðist knattspyrnulið félagsins öðru akureysku liði, Vinum, og tók liðið þátt í 3. deild Íslandsmótsins undir nafninu Hamrarnir/Vinir. Liðið lék í riðli fyrir sunnan, enda flestir leikmanna liðanna búsettir þar. Árangurinn var frábær og eftir að hafa komist í úrslitakeppni deildarinnar með því að enda í öðru sæti síns riðils, gerði liðið sér lítið fyrir og stóð uppi sem sigurvegari 3. deildarinnar og tryggði sér þar með sæti í 2. deild. Aðstöðuleysi og mannfæð réði því að ákveðið var að ganga í samstarf með Íþróttafélagi Hafnarfjarðar og spilaði liðið því undir merkjum ÍH/HV sumarið 2009 en áfram var spilað á kennitölu Hamranna. Gengi þessa sameiginlega liðs var eftirtektarverður en liðið hafnaði í 6. sæti deildarinnar. Að loknu því sumri var tekin ákvörðun um að slíta samstarfinu við ÍH og Vini enda taldi stjórn félagsins að starfsemin væri búin að fjarlægjast upphafleg markmið þess um of. ÍH fékk að halda sæti Hamranna/Vina í 2. deildinni þrátt fyrir að liðin hættu samstarfi.



Í ljósi þess að nýtt knattspyrnufélag hefur verið stofnað á Akureyri hefur verið ákveðið að senda ekki knattspyrnulið frá Hömrnunum til keppni í Íslandsmóti í knattspyrnu á næstu árum.

Haustið 2008 hófust óformlegar handknattleiksæfingar á vegum Hamranna. Ástæða þess var tvíþætt – annars vegar sú að sameining KA og Þórs í Akureyri Handboltafélag gerði það að verkum að einungis eitt handknattleikslíð í meistara-flokki var starfrækt í bænum, og hins vegar að starfsemi knattspyrnuliðs Hamranna var að mestu flutt suður. Fréttir af nýju handboltaliði bárust fljótt manna á milli og var mæting mjög góð, en allt í allt mættu yfir 30 manns á æfingar yfir veturinn. Ákveðið var að taka þátt í landsmóti UMFÍ, sem haldið var á Akureyri sumarið 2009, og endaði liðið í 3. sæti. Í kjölfar góðs árangurs og mikils áhuga leikmanna var liðið skráð til leiks í Utandeild HSÍ fyrir veturinn 2009-2010, en í henni taka 18 lið þátt og því er um nokkuð stórt verkefni að ræða.

Liðið sigraði alla leiki sína, átta talsins, í fyrri hluta mótsins og tryggði sér þar með sæti í efri deild Utandeildarinnar eftir áramót. Stefna liðsins er að sjálfsögðu að tryggja sér þátttöku í úrslitakeppni deildarinnar, en fjögur efstu liðin komast í hana.

Undirtektir vegna handknattleikslíðsins hafa verið framar vonum og er það mat stjórnar félagsins að nauðsynlegt sé að halda úti öðru meistaraflokksliði í handknattleik á Akureyri eftir að stóru félögin sameinuðust. Um þessar mundir er verið að leggja mat á það hvort grundvöllur sé fyrir því að skrá liðið til þátttöku í 1. deild karla fyrir veturinn 2010-2011 en því myndi eðlilega fylgja aukin útgjöld og meiri vinna. Ein af forsendum fyrir því að hægt sé að halda úti slíku liði er aðgangur að íþróttamannvirkjum bæjarins og er það von forsvarsmanna félagsins að með frekari uppbyggingu íþróttamannvirkja í bænum opnast fleiri möguleikar í þeim efnum.

Stjórn Hamranna

Formaður: Hannes Rúnar Hannesson
Varaformaður: Þorgeir Rúnar Finnsson
Gjaldkeri: Helgi Már Jósepsson
Ritari: Gunnar Þórir Björnsson
Meðstjórnandi: Sindri Kristjánsson



Knattspyrnufélag Akureyrar Ársskýrsla 2008-2009

Á aðalfundi þann 10. apríl 2008 voru eftirfarandi kjörnir í stjórn:

Stefán Gunnlaugsson, formaður
Tryggvi Gunnarsson, varaformaður
Guðmundur B. Guðmundsson, gjaldkeri
Hrefna G. Torfadóttir, ritari
Erlingur Kristjánsson, meðstjórnandi
Ragnheiður Júlíusdóttir, varamaður

Formenn deilda sátu einnig í stjórn en þeir voru:

Sigurður Arnar Ólafsson, fyrir blakdeild
Jón Óðinn Waage, fyrir júðódeild
Gunnar Gunnarsson, fyrir knattspyrnudeild
Bjarni Áskelsson tók svo sæti Gunnars fyrir knattspyrnudeild
að afloknum aðalfundi knattspyrnudeildar í mars 2009.

Aðalstjórn hélt 15 bókaða fundi á starfsárinu og auk þess var sú nýbreytni tekin upp seinni part vetrar að 5 manna stjórnin, sú sem kjörin er á aðalfundi, hittist viku fyrir aðalstjórnarfund til undirbúnings.

Eins og fram kom á síðasta aðalfundi var Örlygur Helgason ráðinn Framkvæmdastjóri KA er Gunnar Jónsson lét af störfum. Örlygur fór svo í feðraorlof í nóvember sl. og í kjölfar þess ákvað hann að snúa ekki aftur til starfa hjá KA. Ákvað aðalstjórn þá að fela Stefáni, formanni, og Gunnari Jónssyni, störf framkvæmdastjóra til 1. maí næstkomandi. Frá þeim tíma mun Gunnar Jónsson taka við aftur sem framkvæmdastjóri KA og býð ég hann hjartanlega velkominn til starfa á ný.

Það má segja að kreppan hafi gert lítið úr draumsýn okkar KAmanna um frábæra aðstöðu til knattspyrnuíðkunar og keppni hér á okkar svæði, því strax í upphafi bankahruns, nokkrum klukkutímum eftir að byrjað var að grafa á KA-svæðinu kom tilkynning frá Akureyrarbæ um að fresta yrði vallarframkvæmdum hér um óákveðinn tíma.

Þrátt fyrir mikil vonbrigði ákváðum við að láta ekki deigan síga og gerður var samningur við Akureyrarbæ um að KA fengi Akureyravöll til umsjónar frá og með vori 2010 og mun KA þá sjá um rekstur vallarins samkvæmt rekstrarsamningi við Akureyrarbæ. Fram að þeim tíma hefur KA sama aðgang að Akureyrarvelli og hingað til og eftir að Þór og Ungmennafélagið hafa flutt starfsemi sína af Akureyrarvelli mun KA geta nýtt svæðið að fullu í samráði við forstöðumann.

Í ljósi stöðunnar verður þetta að teljast besta lausnin. Jafnframt má geta þess að í desember sl. kom bréf frá bæjarstjóra þar sem segir að þó að uppbyggingu á KA svæði hafi verið frestað um ótiltekinn tíma vegna efnahagsaðstæðna standi uppbyggingaráform sem er að finna í samningnum frá júlí 2007 óhöggð.

Síðla sumars urðu nokkrar umræður innan aðalstjórnar um rekstur Akureyri Handboltafélags og það mikla tap sem var á honum og skiptar skoðanir á því hvað gera skyldi, en KA er í ábyrgð fyrir helming skuldanna á móti Þór. Uppi voru raddir um að skoða hvort hægt væri að losna undan þessum 5 ára samningi sem félögin KA og Þór gerðu. Niðurstaðan varð samt sú að það væri skárri fyrir KA að halda þennan samning og að Stefán, formaður og Guðmundur, gjaldkeri myndu fylgjast grannt með málum fyrir hönd KA.

Þau gleðilegu tíðindi gerðust svo að kvennaboltinn kom heim. Ástæðan var sú að ekki virtist vera, innan Akureyri Handboltafélags, áhugi fyrir kvennaliði handboltans og ýmislegt talið því til foráttu að þeirri starfsemi yrði haldið áfram. Kvennaráð handknattleiksdeildar KA undir forystu Erlings Kristjánssonar var því endurvakið og tók það meistara- og unglingsaflokkinn að sér og keppa þær undir merkjum KA og Þórs. Óskar aðalstjórn þeim alls hins besta.

Í lok október var kynnt til sögunnar verkefni sem hefjast skyldi í byrjun árs 2009 og fékk þetta verkefni svo nafnið Útivist og Hreyfing. Eins og flestir hér vita eflaust þá er þetta verkefni ókeypis heilsurækt fyrir alla. Hér er um að ræða heilsurækt af ýmsum toga og hefur þetta mælst mjög vel fyrir og flestir þættir vel sóttir. Samherji styrkir þetta verkefni veglega.

Það má hugsanlega segja að þetta sé heilsurækt fyrir líkama og sál því maður er jú manns gaman og með því að sækja tíma í allskyns heilsurækt kynnist fólk og myndar ný tengsl eða styrkir gömul.

Samherji studdi ekki síður veglega við barna- og unglíngastarf KA því að í tilefni af 25 ára afmæli Samherja veitti fyrirtækið KA 10 milljón króna styrk til að lækka æfingagjöld barna og unglínginga og/eða lækka kostnað við keppnisferðir þeirra veturinn 2008-2009.

KA færir Samherja bestu þakkir fyrir.

Systkini Jakobs heitins Jakobssonar knattspyrnumanns, sem Jakobs sjóður er til minningar um, óskuðu eftir breytingum á lögum sjóðsins í þá veru að hann kæmi fyrst og fremst knattspyrnuakademíu til góða. Í skipulagsskrá fyrir sjóðinn sem samþykkt var af aðalstjórn KA stendur því: „Tilgangur sjóðsins er að styðja við og byggja upp knattspyrnuakademíu/skóla í yngriflokkastarfi KA í knattspyrnu, sem komi til viðbótar við reglulegar æfingar yngri flokka félagsins. Sjóðstjórn er þó heimilt að veita styrki til annarra verkefna innan Knattspyrnufélags Akureyrar, enda séu þau til eflingar starfs viðkomandi deildar félagsins.”

Gefin voru út ný minningarspjöld sjóðsins á þessu ári. Gömlu spjöldin voru orðin úrelt enda ártal þeirra frá síðustu öld.

Þann 11. janúar 2009 var haldið upp á 81. árs afmæli KA. Þar var lýst kjöri íþróttamanns KA sem í þetta sinn var knattspyrnumaðurinn Matus Sandor, í öðru sæti var Piotr Slawomir Kempitsy blakmaður og í þriðja sæti voru Una Margrét Heimisdóttir blakkona og Arna Valgerður Erlingsdóttir handknattleikskona. Formenn KA afhentu svo formannabikarinn, en þann skemmtilega síð tóku þeir uppá á 75 ára afmæli félagsins og hafa haldið honum síðan.

Það nýmæli var tekið upp á afmælinu að flytja annál liðins ár og einnig var vakinn á ný sá síður að hafa svignandi kökuhlaðborð, svona eins og í bestu fermingarveislu. Hvort tveggja mæltist vel fyrir.

Íþrótta- og leikjaskóli var starfræktur á síðastliðnu sumri í samstarfi við Akureyrarbæ sem fyrr. Rekstur hans gekk ekki vel og var það aðallega launakostnaður sem var starfseminni þungur baggi. Skólinn verður starfræktur einnig næsta sumar en með örlítið öðru og minna sniði vegna efnahagsástandsins.

Stofnaður var í upphafi þessa árs klúbbur eldri félaga KA. Þeim félögum KA sem komnir voru á og yfir vissan aldur var sent bréf um stofnun nýs klúbbs. Félagar hittast á föstudögum kl 10. Ég verð að segja að mér finnst það mjög jákvætt að fá aftur inn til okkar eldri félaga, sumir hafa þó aldrei hætt en aðrir kannski tekið smá hlé.

Hér verður ekki fjallað um árangur flokka né rekstur deilda og vísast í ársskýrslur hvernar deildar.

Mig langar að lokum til að leggja áherslu á gildi félagsstarfs. Fyrir börn og unglínginga hefur það mikið uppeldis og forvarnargildi að taka þátt í félagsstarfi sem því sem fram fer hjá KA. Það verður seint metið til fulls. Við eigum mikið af efnilegu ungu fólki og eigum svo sannarlega að styðja við bakið á þeim.

En félagsstarfið hefur líka gildi fyrir okkur hin sem ekki getum talist til unglínginga lengur. Við sem vinnum sjálfboðavinnu hér svo árum eða áratugum skiptir gerum það vegna þess góða félagsskapar sem hér er. Það að vera KA-maður er nefnilega svolítið sérstakt. Samhugurinn og samkenndin sem við finnum fyrir, bæði við tap og sigur eru ómetanleg. Á tímum sem þessum þegar erfiðleikar steðja að þjóðfélaginu eigum við KA-menn að snúa bökum saman og leggja enn harðar að okkur. Við eigum að horfa jákvæðum augum fram á við og leggja okkar að mörkum félaginu okkar til heilla.

*Fyrir hönd aðalstjórnar KA
Hrefna G. Torfadóttir, ritari*

Aðalsjórn KA Starfsárið 2009-2010

Eftirtaldir sátu í aðalsjórn KA starfsárið 2009-2010:

Stefán Gunnlaugsson, formaður
Tryggvi Gunnarsson, varaformaður
Guðmundur B. Guðmundsson, gjaldkeri
Hrefna G. Torfadóttir, ritari
Bjarni Bjarnason, meðstjórnandi
Ragnheiður Júlíusdóttir, varamaður

Formenn deilda sátu einnig í stjórn en þeir voru:
Sigurður Arnar Ólafsson, fyrir blakdeild
Erlingur Kristjánsson, fyrir handknattleiksdeild
Jón Óðinn Waage, fyrir júdódeild
Bjarni Áskelsson, fyrir knattspyrnudeild

Þetta starfsár einkenndist, eins og árið á undan, nokkuð af því efnahagsástandi sem við búum við. Mikil vinna var lögð í sparnaðaráætlanir, vel var skoðað hvar hægt væri að minnka kostnað og breyta til batnaðar. Gunnar framkvæmdastjóri, Guðmundur gjaldkeri og Stefán formaður eiga þakkir skildar fyrir þá miklu vinnu sem þeir lögðu í það verkefni.

Síðastliðið sumar var leikjaskóli starfræktur enn á ný. Hann var með nokkru öðru sniði en áður, einungis var boðið

upp á skólann hálfan daginn. KA ákvað að halda gjöldum í lágmarki og tókst það vegna veglegs styrks frá Samherja. KA þakkar Samherja fyrir velvild þeirra í garð félagsins.

Framkvæmdir í kjallara voru á fullu þetta starfsár og sér nú fram á endann á þeim. Þar er að rísa hin besta heilsurækt og að öðrum ólöstuðum verður að minnast hér á þátt Tryggva Gunnarssonar sem hefur verið vakinn og sofinn yfir þessu verkefni og lagt ómældar stundir í það.

Þjálfarafélag var stofnað í desember að frumkvæði Sævars Árnasonar. Í stjórn eru Jón Óðinn Waage, Jóhannes Bjarnason og Pétur Ólafsson. Sævar Árnason mun sjá um fræðslumál. Þjálfarafélagið, ásamt Gunnari framkvæmdastjóra, hefur þegar staðið fyrir skyndihjálparnámskeiði fyrir starfsfók hússins og þjálfara félagsins.

20 ára Íslandsmeistarar í blaki og 20 ára Íslandsmeistarar í knattspyrnu heimsóttu félagið til að halda upp á þessi tímamót.

Nefnd á vegum aðalstjórnar hefur unnið með nefnd á vegum bæjarins (íþróttaráðs) að skipulagningu og uppbyggingu Akureyrarvallar og hefur það samstarf gengið mjög vel. KA vill þakka Akureyrarbæ og íþróttaráði fyrir gott samstarf.

Í nóvember sl. tilkynni Samherji um veglegan styrk til barna og unglingsstarfs. KA vill ítreka þakkir sínar til Samherja fyrir velvild þeirra í garð félagsins og ómetanlega styrki.

Í janúar sl. var haldið upp á 82 ára afmæli KA með veglegu Hnallþóruboði. Annáll ársins var fluttur, minnst var látinna félaga, séra Svavar Jónsson flutti tölu og síðast en ekki síst var kynntur íþróttamaður KA árið 2009. Tilnefndir voru:

Frá blakdeild: Auður Anna Jónsdóttir og Piotr Slawomir Kempisty.

Frá handknattleiksdeild: Martha Hermannsdóttir og Arna Valgerður Erlingsdóttir.

Frá júdódeild: Helga Hansdóttir.

Frá knattspyrnudeild: Haukur Heiðar Hauksson.

Íþróttamaður KA að þessu sinni varð Piotr Slawomir Kempisty, í öðru sæti varð Haukur Heiðar Hauksson og í þriðja sæti varð Helga Hansdóttir.

KA fékk höfðinglega gjöf í tilefni afmælisins en það var hjartastuðtæki sem ónefndur, góður KA maður gaf. KA færir honum þakkir sínar.

Að lokum vil ég enn á ný undirstrika mikilvægi félagsstarfs á þessum umbrotatímum. Höldum utan um börnin okkar og unglingsana okkar. Reynum að halda þeim sem lengst í íþrótt- og félagsstarfi. Það er þeim til hagsbóta. Við fullorðna fólkið eigum að leggja hönd á plóginn nú sem aldrei fyrr til að byggja upp heilbriggt íþrótt- og félagsstarf fyrir unga fólkið.

Fyrir hönd aðalstjórnar KA,

Hrefna G. Torfadóttir, ritari.

Ársskýrsla Blakdeildar KA 2008-2009

Blakdeild KA telfdi fram sterku karlaliði tímabilið 2008-2009 og var liðið til alls líklegt. Marek Bernat var áfram þjálfari liðsins eins og undafarin 2 ár. Liðið komst í úrslit bikarkeppninnar með 3-0 sigri á Fylki í hörkuleik og spilaði til úrslita við Þrótt frá Reykjavík. KA byrjaði leikinn frábærlega og vann öruggan sigur í fyrstu 2 hrinunum. En þetta dugði ekki til. Reynslumikið lið Þróttara komu sterkt til baka í leiknum og vann næstu þrjár hrinurnar með frábærri spilamennsku og varð KA að játa sig sigrað 3-2.

KA liðið spilaði vel í deildarkeppninni og tryggði sér silfurverðlaun þar með sigri á erkióvinunum Þrótti Reykjavík. Liðið spilaði gegn Stjörnunni í fjögurra liða úrslitum Íslandsmótsins en var slegið út í oddaleik af Stjörnunni en meiðsli og veikindi lykilmanna í oddaleiknum settu okkar menn út af laginu og Íslandsmeistaradraumurinn var úti þetta árið.

Karlaliðið hefur spilað vel það sem af er tímabilinu 2009-2010 þrátt fyrir að hafa misst marga leikmenn frá í fyrra meðal annarra tvíburana öfluglu Hafstein og Kristján Valdimarssyni sem spila í vetur með danska liðinu Aalborg HIK. Davíð Búi Halldórrson hefur einnig lítið leikið með liðinu sem af er en mun koma inn í liðið aftur á næstu vikum. Karlaliðið hefur það sem af er keppnistímabilinu aðeins tapað einum leik og er efst í MIKASA deildinni þegar mótið er hálfnað. Liðið stefnir að sjálfsögðu á að taka langþráða titla á árinu 2010 en 16 ár eru síðan síðasti stóri titill okkar blakmanna hjá KA kom í hús. Nú skal það takast!

Kvennalið KA spilaði í 2. deild tímabilið 2008-2009. Liðið var ungt og fór rólega af stað en undir lok tímabilsins fór liðið að vinna leiki og vann flesta leiki sína seinni hluta mótsins þó ekki dyggði það til verðlauna í deildinni.

Haustið 2009 hóf kvennaliðið síðan aftur þátttöku í 1. deild kvenna eftir tveggja ára veru í annarri deild en liðinu var boðin þátttaka eftir að deildarfyrirkomulagi var breytt og liðum í 1. deild fjölgað í 7. Mikil uppsveifla er í kvennablakinu á Íslandi um þessar mundir. Þannig spila 16 lið í 2. deild og 20 lið í 3. deild. Samtals eru þetta því 43 lið sem spila í þremur deildum og er þessi mikla fjölgun liða auðvitað mikið fagnaðarefni fyrir blakíþróttina.

Kvennaliðið stóð sig gríðarlega vel fyrri hluta tímabilsins 2009-2010. Eftir fjórar fyrstu umferðirnar var liði taplaust og efst í MIKASA deildinni auk þess sem það vann sér keppnisrétt í fjögurra liða úrslitum bikarkeppninnar með því að



vinna alla sína leiki í fyrri forkeppni mótsins. Liðið tapaði svo reyndar tveimur síðustu leikjum ársins en var þá reyndar ekki með sitt sterkasta lið. KA er í 3. sæti deildarkeppninnar nú þegar deildarkeppnin er hálfnuð nokkuð sem engin bjóst við fyrirfram. Tveir reyndir og mjög öflugir leikmenn gengu til liðs við KA liðið í haust en það eru þær Birna Baldurdóttir og Hulda Elma Eysteinsdóttir en þær eru báðar þrautreyndir blakmenn með fjölda landsleikja að baki. Það er ljóst að innkoma þeirra hefur styrkt kvennalið KA mikið og hinir ungu leikmenn KA blómstra nú með þeirra stuðningi. Kvennalið KA er ungt og mjög efnilegt og framtíðin er björt hjá liðinu. Hver veit nema KA liðið geti áfram komið á óvart í vetur- þó raunhæfara verði að telja að liðið þurfi 1-2 ár til viðbótar til að blanda sér af krafti í toppbaráttuna.

Blakdeild KA tók að sér að halda seinna Íslandsmót yngriflokka BLÍ vorið 2009. Mótið var eitt stærsta yngriflokkamót sem haldið hefur verið hér á landi hingað til, en alls tóku 73 lið þátt í mótinu. Spilað var í 2 daga samfelldu, í 13 deildum, á 8 völlum, um 200 leikir. Þurfti bæði íþróttahús KA og Síðuskóla til að koma mótinu fyrir. Talið er að um 500 manns hafi komið að mótinu með einum eða öðrum hætti.

Árangur KA var upp og ofan á Íslandsmótum yngriflokka tímabilsins 2008-2009 en engir Íslandsmeistararitlar unnust þetta árið. Strákarnir í 2 fl. náðu að vinna silfurverðlaun í 2. fl. eftir hreinan úrslitaleik við HK í miklum hasarleik. Stúlkurnar hans Piotr Kemisty í 4. fl. kvenna fengu bronsverðlaun og sömuleiðis stúlkurnar hans Mareks í 3.fl. kvenna. Stúlkurnar í 3. flokki eiga allar eftir 1 ár í 3. flokki og eiga þannig góða möguleika á betri árangri á næsta keppnistímabili. Að lokum unnu stúlkurnar í 2. fl. þriðju bronsverðlaunum KA þannig að segja má að þetta hafið verið bronsárið mikla í blakinu – 3 brons og eitt silfur. Yngriflokkamótin nú í haust hafa farið vel af stað. Strákarnir í 3. og 4. flokki töpuðu ekki hrinu á fyrra Íslandsmótinu á Neskaupstað og stúlkurnar í 2. 3. og 4 flokki eru allar í öðru sæti og eiga þannig ennþá góðan möguleika á Íslandsmeistararitlum.

KA átti 4 leikmenn í A-landsliði Íslands á árinu. Það voru þeir: Hilmar Sigurjónsson, Kristján Valdimarsson, Hafsteinn Valdimarsson og Árni Björnsson. Karla-landsliðið náði sínum besta árangri í mörg ár á Smáþjóðaleikum á Kýpur og komu heim með bronsverðlaun. Liðið varð svo aftur í þriðja sæti í lokakeppni Smáþjóðaleikanna í Luxembourg stuttu síðar. Með þeim árangri vann liðið sig upp um styrkleikaflokk í Evrópukeppninni, úr C í B. Því miður gat BLÍ ekki skráð liðið til keppni í B-deildinni vegna fjárskorts.

KA átti 5 leikmenn í undir 19 ára landsliðum Íslands sem tóku þátt í NEVZA mótinu í blaki í Danmörku í október. Þeir voru í karlaflokki: Árni Björnsson, Daniel Sveinsson, Jóhann Eiríksson og Sigurbjörn Friðgeirsson. Og í kvennaflokki: Auður Anna Jónsdóttir og Guðrún Margrét Jónsdóttir. Undirbúningur liðanna var því miður lítill og lélegur. Hér hefði Blaksamband Íslands getað staðið sig mun betur. Liðin lentu bæði í neðsta sæti mótsins.

KA átti 2 leikmenn í undir 17 ára landsliði kvenna sem tóku þátt í NEVZA mótinu í blaki í Danmörku í desember en það voru þær Sesselja Fanneyjardóttir og Harpa Björnsdóttir. Undirbúningur U17 liðanna var einnig lítill og lélegur eins og U19 liðanna og árangurinn eftir því en liðin lentu bæði í neðsta sæti mótsins. Þessi landsliðsverkefni í U17 og U19 eru þó mikilvæg fyrir okkar iðkendur sem þar fá mikilvæga reynslu sem skilar sér síðar í betri leikmönnum.

Blakdeild KA tekur nú þátt í afreksbraut Menntaskólans á Akureyri og Verkmenntaskólans á Akureyri. Alls stunda 15 leikmenn Blakdeildar KA nám á brautinni. Æfingar á brautinni fara fram tvisvar í viku á mánudags- og miðvikudagsmorgnum auk þess sem hluti námsins er bóklegur. Þessi braut er gríðarlega mikilvæg fyrir framþróun afreksíþróttar á Akureyri og mikilvægt fyrir KA að styðja við hana með ráð og dáð.

Beinar útsendingar á Sport TV eru frábær tíðindi fyrir blakáhugamenn. 5 leikir hafa þegar verið sýndir beint og hægt er að skoða útsendingar frá þeim á heimasíðu Sport TV. Mikil ánægja hefur verið með þessa þjónustu og er hún hvatning til okkar fólks að bæta sig í íþróttinni.

Öldungablakið hjá KA er í miklum blóma. Þrjú karlalíð og 2 kvennalið tóku þátt í Íslandsmóti öldunga á Egilstöðum og Seyðisfirði í maí en alls tóku 107 lið þátt í mótinu – sem er nýtt met. Einnig tóku 7 KA lið þátt í Opna KA mótinu sem





haldið er árlega í nóvember hér í KA heimilinu. Þar mættu til leiks 5 öldungalið og 2 unglingslið og hafa aldrei spilað fleiri lið fá KA á þessu móti.

Sem sagt í stuttu máli – það er allt í blóma hjá Blakdeild KA og líklega hefur blakdeildin sjaldan eða aldrei staðið sterkar þegar á heildina er litið. Nú vantar bara stóru titlana – vonandi láta þeir sjá sig með vorinu.

Viðbót sett saman fyrir skýrslu fyrir Blakdeild KA fyrir árið 2009 ásamt framtíðarsýn.

Núverandi formaður blakdeildar KA Sigurður Arnar Ólafsson mun láta af störfum á aðalfundi deildarinnar 10. mars næstkomandi. Sigurður hefur ráðið sig til vinnu í Stavanger í Noregi en hann hefur starfað sem formaður Blakdeildar KA frá því 2008 og sem stjórnarmaður með hléum frá árinu 1986 þar sem hann bar m.a. ábyrgð á yngriflokkamállum. Unnið

er að því að finna nýjan formann en stjórn deildarinnar er sterk og sama má segja um baklandið hér á Akureyri þar sem starfar fjöldi fyrrum leikmanna KA sem einnig eru margir virkir í öldungablaki félagsins.

Lið KA eru bæði kominn í fjögurra liða úrslit bikarkeppni BLÍ sem fram fer 13.-14. mars. Karlalið KA er efsti í MIKASA deildinni og er líklegt til að vinna sinn fyrsta deildarmeistaratitil í 16 ár og kvennaliðið hefur tryggt sér sæti í fjögurra liða úrslitum Íslandsmótsins. Framtíð Blakdeildar KA verður því að teljast mjög björt. Deildin á marga mjög unga og efnilega iðkendur sem munu koma inn í m.fl. karla og kvenna á næstu einu til tveimur árum. Deildin hefur nokkra sterka þjálfara sem hafa reynslu af íþróttinni á alþjóðlegu stigi og geta miðlað af mikilli reynslu sinni af þeim vettvangi. Mikilvægt er að stjórn deildarinnar verði áfram sterk og geti stutt við öflug lið í meistaraflökki og unnið af uppbyggingu yngriflokka. Þannig verður áfram sköpuð umgjörð til að á góðum íþróttalegum árangri – vonandi ennþá betri en hingað til.

Stjórn Blakdeildar KA 2009-2010

Sigurður Arnar Ólafsson, formaður
Gunnar Garðarsson, varaformaður
Ingigerður Ósk Helgadóttir, ritari
Guðríður Friðriksdóttir, stjórnarmaður
Fanney Valsdóttir, gjaldkeri
Una Heimisdóttir, stjórnarmaður
Harpa Ævarsdóttir, formaður yngri flokka

*F.h. Blakdeildar KA
Sigurður Arnar Ólafsson.*

Ársskýrsla Handknattleiksdeildar KA 2008-2009

Í maí 2008 var komu nokkrir áhugamenn um handknattleik kvenna saman í KA heimilinu til að ræða framtíðina. Það hafði verið ljóst um nokkurt skeið að innan Akureyri handboltafélags var enginn áhugi á kvannahlið handboltans, þær í raun taldar vera fyrir, og stór hópur var því fylgjandi að leggja kvannahandbolta niður á Akureyri. Því var það að nokkrir áhugasamir fengu leyfi til að endurvekja kvennaráð innan Handknattleiksdeildar KA en keppt er undir merkjum KA og Þórs.

Fljótlega var stofnuð 5 manna stjórn sem var skipuð Örnú Alfreðsdóttur, Erlingi Kristjánssyni, Jóhannesi Bjarnasyni, Kristínu Hilmarsdóttur og Tryggva Gunnarssyni. Fljótlega bættist svo Kristveig Atladóttir í hópinn. Eftir áramótin komu Árni Gréttar Árnason og Sigríður Hulda Ingvarsdóttir inn í stjórnina. Þessi stjórn hélt utan um 3. flokk (unglingaflokk) og meistaraflokk kvenna og fundaði á 2-3 vikna fresti.

Ákveðið var í upphafi að draga lið meistaraflökks úr efstu deild og mæta til leiks í 2. deild og vera þar í 1-2 ár til uppbyggingar. Ástæðan fyrir þessu var að aðeins 3-4 leikmenn voru eftir á meistaraflökksaldri í liðinu en hins vegar voru öflugir leikmenn í unglingsflokk. Annað var ákveðið, en það var að reyna að fá til baka stelpur sem hætt höfðu í handboltanum og minnka brottfall við 16 ára aldurinn. Því var samið við Átak heilsurækt um að stelpurnar gætu farið þangað að vild auk þess að æfa handbolta. Kostnaði var haldið niðri, engar launagreiðslur nema til þjálfara, lítil umgjörð í leikjum,

ferðakostnaði haldið niðri og gamlir búningar fundust í kjallaranum voru notaðir.

Stefán Guðnason var í lok sumars ráðinn þjálfari og var gengi liðanna mjög gott á þessu ári, 3. fl. endaði í 3. sæti í fyrstu deild og meistaraflokkur í 2. sæti í 2. deild. Auk þess voru 4 af stúlkur viðloðandi unglingslandslíð tvær þeirra kepptu með 19 landsliði í Bosnía. Um 20 stúlkur að æfðu í 3. flokki og meistaraflokki en alls komu uppundir 30 stúlkur á æfingar. Fjárhagslega var veturinn í jafnvægi og réttu megin við núllið. Þetta getum við þakkað góðum styrkjum frá velunnurum okkar.

Á vormánuðum 2009 var ákveðið að senda liði aftur til keppni í efstu deild. Allflestar stúlkurnar lýstu yfir áhuga á þessu, auk þess sem tvær gamlar KA stúlkur voru að flytja aftur í bæinn og fleiri eldri leikmenn höfðu sýnt áhuga á að vera með í efstu deild. Um sumarið var svo Hlynur Jóhannsson ráðinn þjálfari og Stefán Guðnason til aðstoðar. Þarna er um að ræða lið í meistaraflokki og tvö lið í 3. flokki, alls um 30 stúlkur. Lengst af hefur róðurinn í efstu deild verið þungur en liðið er í 7. sæti af 9 liðum. Það að senda tvö lið til leiks í 3. flokki var valið með það að markmiði að halda stúlkunum lengur í handbolta, að skapa vettvang fyrir þær sem ekki eru tilbúnar til að æfa og keppa með þeim bestu.

Sama stjórn hefur starfað þessi tvö ár og reksturinn gengið vel. Rekstur liðsins í efstu deild er um 100% dýrari en í 2. deild. Samt sem áður verður deildin rekin á sléttu.

Í desember 2009 var gengið formlega frá samningi milli KA og Þórs um að rekstur kvinnahandbolta yrði áfram með sama sniði næstu árin með ákveðnum skilyrðum.

*Erlingur Kristjánsson,
formaður handknattleiksdeildar*

Ársskýrsla unglingaráðs Handknattleiksdeildar 2008 og 2009

Í unglingaráði 2008 voru:

Sigfús Karlsson, formaður
Hannes Pétursson, varaformaður
Sigríður Jóhannsdóttir, gjaldkeri
Sigurður Tryggvason

Á árinu 2008 unnust engir Íslandsmeistararitlar, en 4 flokkur kk. spilaði úrsitaleik við FH og tapaði með einu marki. Á tímabilinu fengum við aftur til starfa hjá okkur reynslumikla þjálfara þá Sævar Árnason, Jóhannes Bjarnason og Einvarð Jóhannsson og var það ómetanlegt að fá þessa menn í yngri flokka starfið.

Iðkendum fækkaði örlítið á tímabilinu og var það sérstakt áhyggjuefni hve fáar stelpur voru að æfa í yngstu flokkunum. Við vorum í samstarfi við Þór um rekstur 5.-8. flokks kvenna. Það samstarf gekk mjög vel og var stefnan sett á að 4. flokkur færi inn í þetta samstarf á árinu 2009, sem gekk svo eftir.

Við sáum um að halda þrjú mót í 5.-6. flokki samstarfi við unglingaráðið í Þór og tókust þau öll mjög vel, almenn ánægja var hjá liðunum fyrir sunnan að koma hingað norður á mót. Við fórum svo fjöldan allan af ferðum suður á mót eins og gengur. Kostnaður foreldra við ferðir suður er ansi mikill fyrir þá sem fara oftast og niðurgreiddum við hvert rútusæti um 2.000 kr. með peningum úthlutuðum úr ferðajöfnunarsjóði ÍSÍ til að veita upp á móti þessum kostnaði.

Á árinu 2009 voru sömu aðilar í unglingaráðinu og bættust við:

Sigurður Baldursson
Höskuldur Stefánsson
Edda Bryndís Örlygsdóttir





Árið 2009 unnust heldur engir Íslandsmeistaratitlar, en starfið allt á uppleið. Við héldum svo til sömu þjálfurum frá fyrra ári og teljum okkur vera með mjög hæfa og góða þjálfara í öllum flokkum.

Iðkendum fjölgaði töluvert mikið í öllum flokkum og er það auðvitað mikið að þakka góðum árangri landsliðsins á ólympíuleikunum. Í þriðja flokki karla þar sem hafa verið um 15 iðkendur eru nú um 25 strákar og margir þeirra utan að landi sem komu sérstaklega í skóla á Akureyri því þá langaði til að æfa handbolta með KA. Við fengum landsliðsmann til að koma norður og fara með þjálfara frá okkur í skólana norðan við á og kynna handboltann í KA, tókst það mjög vel. Haustið 2009 sáu Sævar Árnason og Jóhannes Bjarnason um skólamót í handbolta fyrir 3.-4. bekk og 5.-6. bekk og var það frábært framtak hjá þeim sem tókst vel, stefnan að halda svona mót aftur næsta haust.

Við fórum í átak í að fá fleiri stelpur til að æfa og þá sérstaklega að fá stelpur úr þórshverfinu til að prófa, þar sem þær hafa verið mjög fáar. Stefán Guðnason, aðalþjálfari okkar í kvennaflokkum, útbjó kynningarbækling um kvennstarfið hjá KA/Þór og var hann borinn í hús til allra stelpna á Akureyri á aldrinum 6-14 ára. Þetta skilaði þó nokkrum árangri og menn sátir með fjölgunina sem þetta skilaði. Við þurfum þó að gera enn betur og er mikilvægt að fá æfingátíma fyrir stelpurnar í Síðuskóla til að koma á móts við þær sem búa í því hverfi þ.e. að allar æfingar í sameiginlegu liði KA/Þórs fari ekki bara fram í KA heimili heldur líka í þorpinu. Kvennastarfið er sem sagt á uppleið.

Við héldum tvö mót í 6. flokki karla og kvenna í samstarfi við unglingaráðið í Þór. Á seinna móttinu sem við héldum haustið 2009 breyttum við út af vananum og sáum um allan mat, héldum kvöldvöku ofl. (svipað og N1 mótið í fótbolta). Þetta tókst mjög vel og fáum vonandi að halda mót með þessu sniði í framtíðinni. Eins og venjulega sendum við okkar krakka í margar ferðir til Reykjavíkur, en vegna höfðingslegs styrks frá Samherja gátum við greitt allan ferðakostnað fyrir krakkana og er það ómetanlegt fyrir foreldra á þessum tímum. Miklar þakkir enn og aftur til Samherja.

Í stuttu máli er handboltinn hjá yngri flokkum í KA á góðri siglingu, en það þarf þó alltaf að vera á tánum og halda vel utan um hlutina.

Hér má bæta við að nauðsynlegt er að fá nýtt gólf í KA heimilið sem first. Þjálfarar í eldri flokkunum tala um að það séu ansi margir krakkar farin að finna fyrir álagsmeiðslum sem má rekja til þess hve gólfíð er lélegt.

*F.h. Unglingaráðs
Sigríður Jóhannsdóttir*

Ársskýrsla júdódeildar KA 2008

Starfsemi júdódeildar KA hefur gengið með hefðbundnu sniði árið 2008. Eins og undanfarin ár hafa þeir Jón Óðinn Óðinsson og Hilmar Trausti Harðarson borið hitann og þungann af þjálfun iðkenda deildarinnar. Hilmar Trausti þjálfar sem fyrr 4-10 ára krakkana en Jón Óðinn 10-14 ára krakka ásamt því að þjálfa meistaraflokk deildarinnar. Iðkendafjöldi var svipaður og í fyrra.

Það er nánast orðið að vana að Júdódeild KA gangi vel á mótum. Deildin vann til margra verðlauna á flestum mótum sem hún tók þátt í. Íslandsmeistarar á árinu 2008 urðu:


Astrid Stefánsdóttir, 11-12 ára
Gunnar Örn Stephensen, 13-14 ára
Arnór Þorri Þorsteinsson, 13-14 ára
Karl Stefánsson, 13-14 ára
Steinar Eyþór Valsson, 15-16 ára
Helga Hansdóttir, 15-16 ára
Bergþór Steinn Jónsson, 15-19 ára

Nú í lok árs náði Hans Rúnar Snorrason þeim áfanga að fá svarta belt-ið. Hans Rúnar hefur verið með brúnt belt lengst allra sem náð hafa svörtu belt-i eða í um 20 ár. Hann er því vel að beltinu kominn. Eru því nú þrír einstaklingar með svart belt-i sem stunda júdó hér á Akureyri.

Stjórn júdódeildar KA skipa:

Jón Óðinn Óðinsson, formaður og gjaldkeri
Hans Rúnar Snorrason, ritari
Hilmar Trausti Harðarsson, varamaður stjórnar

Jón Óðinn Óðinsson
Formaður JKA



Ársskýrsla júdódeildar KA 2009

Starfsemi júdódeildar KA hefur verið með miklum ágætum árið 2009. Jón Óðinn tók við þjálfun allra aldursflokka í haust og hefur þjálfun nú að sínu aðalstarfi. Það fyrirkomulag hefur gengið ákaflega vel sem birtist best með stigvaxandi iðkendafjölda á haustönn.

Aðstaða okkar hefur gjörbreyst til hins betra eftir að við fengum herbergi til afnota sem áður hýsti skrifstofu handboltadeildar. Nú höfum við aðstöðu til að setjast niður fyrir og eftir æfingar sem er mikil bylting fyrir okkur.

Árangur júdómanna heldur áfram að vera góður eins og undanfarin ár. Eftirfarandi einstaklingar urðu Íslandsmeistarar á árinu:

Helga Hansdóttir, -57 kg fullorðinna og -63kg 15-16 ára
Skafti Þór Hannesson, -38 kg 11-12 ára og sveitakeppni 11-12 ára
Guðmundur Daníelsson, -42 kg 11-12 ára og sveitakeppni 11-12 ára
Hermann Sæmundsson, -66 kg 15-16 ára
Bergþór Steinn Jónsson, -66 kg 15-19 ára
Adam Brands Þórarinnsson, -81 kg 15-19 ára
Andrés Athit Viðisson, sveitakeppni 11-12 ára
Arnar Þór Björnsson, sveitakeppni 11-12 ára
Hilmar Örn Jórunnarson, sveitakeppni 11-12 ára

KA-menn gerðu það einnig gott á erlendri grundu. Á alþjóðlegu júdómóti í Danmörku sigraði Bergþór Steinn Jónsson í -66 kg flokki



og hlaut brons í opnum flokki. Adam Brands Þórarinnsson sigraði í -81 kg flokki og hlaut brons í opnum flokki. Helga Hansdóttir sigraði í opnum flokki og hlaut brons í -57 kg flokki.

Að öðrum ólöstuðum er árangur Helgu Hansdóttur sérlega góður á árinu. Hún hefur vakið mikla athygli og er þegar farin að stíga sín fyrstu skref með landsliðinu í júdó. Í árslok var hún valin efnilegasta júdókona landsins af Júdósambandi Íslands.

Júdódeild KA hélt þrjú nokkuð stór mót á árinu 2009. Eitt þeirra móta var í tengslum við Landsmót 2009. Þessi mót gengu með miklum ágætum og var KA frumkvöðull í innleiðingu tölvutækni í mótshaldi í júdó á Íslandi.

Í byrjun árs 2009 fékk júdódeildin, auk annarra íþróttafélaga, myndarlegan styrk frá fyrirtækinu Samherja ehf. sem nýttur var á þann hátt að æfingagiöld voru felld niður á vorönn. Það mæltist ákaflega vel fyrir meðal foreldra. Júdódeild KA vill nota tækifærið og þakka Samherja fyrir þeirra myndarlega framlag.

Hilmar Trausti gekk úr stjórn og í hans stað kom Ingþór Örn Valdimarsson. Stjórn júdódeildar KA skipa:

Jón Óðinn Óðinsson, formaður og gjaldkeri
Hans Rúnar Snorrason, ritari
Ingþór Örn Valdimarsson, varamaður stjórnar

Jón Óðinn Óðinsson, formaður JKA

Ársskýrsla Knattspyrnudeildar KA 2008

Á aðalfundi deildarinnar í febrúar 2008 voru kjörin í stjórn:

Gunnar Gunnarsson, formaður
Hallur Stefánsson, varaformaður
Bjarni Áskelsson, gjaldkeri
Valgerður Davíðsdóttir, ritari
Gunnar Nielsson, meðstjórnandi
Auðunn Víglundsson, varamaður
Tómas Lárus Vilbergsson, varamaður

Stjórnin hefur haldið formlegra fundi, einu sinni í viku kl. 17:15, eins og fundargerðarbók stjórnarfunda ber vitni um auk fjölda annara funda og hefur samstaða í stjórn verið til fyrirmyndar.

Fjármál: Verulegur viðsnúningur varð á rekstri deildarinnar árið 2008, að öðru leyti er vísað til reikninga deildarinnar og umræðu um þá hér á eftir.

Fjárafliar: N1-mótið var sem fyrr undir forystu Gunnars Gunnarssonar og Magnúsar Sigurólasonar og gekk vel að vanda vil ég þakka öllu því frábæra fólki sem lagði hönd á plóginn, kærlega fyrir þeirra framlag í þessari langstærstu og mikilvægustu fjáröflun deildarinnar.

Einnig var unnið að ótal öðrum verkefnum til þess að fjármagna rekstur deildarinnar.

Helstu styrktaraðilar knattspyrnudeildarinnar KA 2008 voru N1, Goði, Greifinn, Bílaleiga Akureyrar, Landsbankinn, Ölgerðin, Nettó og Ásprent-Stíll og vil ég hér með koma á framfæri þakklæti fyrir stuðninginn.

Vallarmál

Framkvæmdir hér á KA svæðinu hófust föstudaginn 3. október sl. og stöðvuðust svo mánudaginn 6. október vegna aðstæðna í þjóðfélaginu.

Við KA menn höfum barist fyrir því undanfarin ár að eignast alvöru heimavöll og loksins virtist sem að ósk okkar væri að rætast en því miður varð niðurstaðan sú að fresta framkvæmdum um óákveðinn tíma.

Nú nýverið skrifaði formaður KA undir samning við Akureyrarbæ varðandi aðkomu KA að Akureyrarvelli og er það jákvætt í stöðunni, en að mínu mati er Akureyrarvöllur barns síns tíma völlumurinn er fallegur en öll önnur aðstaða er komin til ára sinna og verulegar úrbætur þurfa að eiga sér stað til þess að Akureyrarvöllur verði gjaldgengur aftur.

Ef að ekki tekst að koma því svæði sem grafið var upp í október sl. í stand fyrir N1 mót 2009 þá gætum við verið í þeirri stöðu að þurfa að fækka þátttökuliðum sem þýddi gífurlegt tekjutap fyrir deildina en vonandi koma tímar og ráð.

Það er brýnt að aðalstjórn og stjórn knattspyrnudeildar leggist á eitt að þrýsta á bæjaryfirvöld að setja saman hugmyndir varðandi uppbyggingu á KA svæðinu hið fyrsta.

Yngri-flokkaráð undir forystu Óskars Þórs, Unnar Sigurðardóttur, og Sigurbjörns Sveinssonar hefur unnið frábært starf ásamt Péttri Ólafssyni yfirþjálfara yngriflokka KA og er ég þess fullviss að þeirra störf munu skila KA frábærri framtíð.

Einnig er ötullega unnið að menntun þjálfara og það er ljóst að KA getur státað sig í dag af mjög vel menntuðum þjálfurum.

Ég mun ekki fara yfir árangur hvers flokks á sl. keppnistímabili en að mínu mati er yngriflokkastarf KA til mikillar fyrirmyndar og ég held að ég geti fullyrt að KA sé í úrvalsdeild hvað varðar yngri flokka starf.

Dean Martin var ráðinn þjálfari mfl í október 2007 og Steingrímur Örn Eiðsson aðstoðarþjálfari og verð ég að hæla þeim félögum fyrir öguð og frábær vinnubrögð... það er ljóst að við munum setja pressu á þá félagi að gera betur en sl. sumar og vil minna alla KA-menn á að það eru 20 ár í haust frá því að KA vann sinn fyrsta og eina Íslandsmeistaratitil í knattspyrnu.

Þrátt fyrir erfiðleika í þjóðfélaginu þá tel ég að það sé sóknarfæri hjá okkur KA mönnum og með markvissu starfi þjálfara, stjórnar og hins almenna KA-manns þá sé það markmið sett að komast í úrvalsdeild sem fyrst og hvet ég alla KA menn til þess að leggjast á eitt að það verði að veruleika.

Það er staðreynd að mun auðveldara er að afla fjár ef að liðið okkar er í úrvalsdeild og einnig eru styrkir til félagi í úrvalsdeild af þeirri stærðargráðu að verulega máli skiptir í rekstri hvers félags.

Örlygur Þór Helgason kemur aftur til starfa hjá KA sem þjálfari 2. flokks.

Í lokahófi Knattspyrnudeildar var Arnar Már Guðjónsson kosinn besti leikmaður sumarsins og Haukur Heiðar Hauksson sá efnilegasti.

Sandor Matus var svo kosinn íþróttamaður KA á afmælisdegi félagsins.

Landslið

Á sl. ári spilaði Steinn Gunnarsson með undir 19 ára landsliði Íslands, Andri Fannar Stefánsson og Haukur Heiðar Hauksson spiluðu með undir 18 ára landsliði Íslands og stóðu þeir sig með þrýði eins og vænta mátti frá þessum frábæru strákum.

Dómarar

KA maðurinn Jóhannes Valgeirsson var kosinn besti dómari á Íslandi á lokahófi KSÍ sl. haust og einnig eru þeir Áskell Gíslason og Sverrir Pálmason landsþekktir dómarar. Óhætt er að segja að þeir félagar hafi staðið sig með þrýði í sínum störfum sem oft á tíðum eru ekki öfundsverð en algjörlega nauðsynleg ef spilaður skal fótbolti yfir höfuð.

KA hefur lagt áherslu á að senda sem flesta leikmenn okkar á dómaranámskeið á vegum KSÍ sem vonandi verður til þess að fleiri KA menn dæmi í efstu deild í framtíðinni.

Í ljósi gríðarlegra vinsælda og árangurs í knattspyrnu kvenna þá er það nauðsynlegt að kvenfólkið fari að láta til sín taka hvað dómgæslu varðar og hvet ég stelpur í KA til þess að fara á dómaranámskeið.

Að mínu mati er Knattspyrnudeild KA mjög öflug og vel mönnuð, það er stutt síðan að ég átti fund með nokkrum af lykilstarfsmönnum KSÍ þar sem þeir tjáðu mér að það væri sérstaklega ánægjulegt að vinna með KA allt starf hjá KA væri til fyrirmyndar. Þetta gladdi mig mjög vegna þess að gott umtal segir mér að félagið mitt er á réttri leið og það sé gott að vinna með KA-mönnum.

Ég vona að ný stjórn verði samhent og hafi það markmið að leiðarljósi að vinna að enn frekari framgangi knattspyrnunnar hjá KA bæði í grasrótinni sem og í andliti hvers félags sem er meistaraflokkur, einnig hvet ég alla KA-menn til þess að styðja okkur í að gera gott félag enn betra.

Að lokum vil ég þakka leikmönnum, þjálfurum og starfsmönnum í KA heimilinu fyrir samstarfið og ekki síst þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum fyrir gott og mikið starf hjá Knattspyrnudeild KA árið 2008.

Gunnar Gunnarsson, formaður knattspyrnudeildar KA





Ársskýrsla Knattspyrnudeildar KA flutt á aðalfundi 25. febrúar 2010

1. Fundargestir boðnir velkomnir – Bjarni Áskelsson, formaður knattspyrnudeildar, bauð fundarmenn velkomna og tilnefndi Steindór Gunnarsson sem fundarstjóra og Óskar Þór Halldórsson sem ritara. Bjarni gaf síðan Steindóri fundarstjóra orðið.

2. Fundarstjóri kynnr dagskrá fundarins – Steindór bauð fundar gesti velkomna og fór stuttlega yfir dagskrá fundarins. Hann gaf síðan orðið til Bjarna Áskelssonar, formanns stjórnar knattspyrnudeildar, sem flutti skýrslu stjórnar.

3. Skýrsla stjórnar fyrir 2009 – Bjarni Áskelsson rifjaði upp í upphafi skýrslu sinnar að á aðalfundi knattspyrnudeildar sem var haldinn árið 2009 voru kjörin í stjórn Bjarni Áskelsson, Gunnar Gunnarsson, Gunnar Jónsson, Valgerður Davíðsdóttir, Páll Jónsson, Auðunn Víglundsson og Halldór Aðalsteinsson. Varamenn voru kjörnir Gunnar Nielsson og Siguróli Magni Sigurðsson.

Bjarni sagði rekstur knattspyrnudeildar KA hafa gengið mjög vel á árinu 2009. Bjarni sagði að það yrði að teljast frábær árangur miðað við þær aðstæður sem hafi skapast í þjófélaginu undanfarna mánuði og væri hann virkilega ánægður með hversu vel hafi til tekist. Tekist hafi að greiða niður skuldir og nú séu skuldir knattspyrnudeildar sáralitlar.

Bjarni sagði N1-mótið sem fyrir vera langstærstu fjáröflun knattspyrnudeildar og hafi þátttakan í mótinu sl. sumar verið mjög góð. Undir stjórn Magnúsar Sigurólasonar mótstjóra og hans hundtrygga aðstoðarmanns, Gunnars Gunnarssonar, hafi mótið gengið mjög vel fyrir sig og þeir ásamt heilum her sjálboðaliða séð til þess að mótið hafi verið til fyrirmyndar og KA til sóma. Af öðrum fjáröflunum knattspyrnudeildar nefndi Bjarni tónleikahald, blóma-, bóka- og könnusölu og margt fleira. Sagði Bjarni framlag mikils fjölda sjálboðaliða vera ómetanlegan og vildi hann og stjórnin koma á framfæri kæru þakklaeti fyrir þeirra mikla og óeigingjarna starf í þágu knattspyrnudeildar KA. Án þeirra mikla starfs væri afar erfitt að reka knattspyrnudeild KA. Einnig þakkaði Bjarni helstu styrktaraðilum knattspyrnudeildar 2009 fyrir stuðninginn, en þeir eru N1, Goði, Greifinn, Bílaleiga Akureyrar, Landsbankinn, Ölgerðin, Nettó, Ásprent-Stíll, Hummel og Sportver. Bjarni sagði yngriflokkaráð undir forystu Unnar Sigurðardóttur hafa unnið frábært starf á síðasta ári, eins og árið áður, og væri rekstur þess í góðum farvegi. Spennandi verði að fylgjast með nýjasta útspili yngriflokkastarfsins næsta sumar þegar Arsenal-menn mæti á KA-svæðið.

Samstarf knattspyrnudeildar KA við MA og VMA varðandi uppbyggingu á knattspyrnuakademíu við skólana, hélt áfram, að sögn Bjarna, en þar eru allar deildir KA og önnur íþróttafélög á Akureyri að vinna í því að hægt sé samræma íþróttir og námið.

Bjarni sagði að í nóvember sl. hafi Þjálfarafélag KA verið stofnað og væri tilgangur þess að miðla þekkingu og reynslu milli þjálfara allra deilda KA. Fulltrúi knattspyrnudeildar í stjórn Þjálfarafélags KA er Pétur Ólafsson.

Bjarni rifjaði upp að sl. sumar hafi KA endað í 5. sæti í 1. deildinni, sem var mjög jöfn og lengi vel hafi nokkur lið átt möguleika á að fara upp um deild. Að lokum fór það svo að Selfoss og Haukar fóru upp og næstu lið þar á eftir voru HK, Fjarðarbyggð og KA. KA var 9 stigum frá sætinu sem gaf þátttökurétt í efstu deild. Bjarni sagði markmið KA næsta sumar vera að gera enn harðari atlögu að því að komast upp um deild. En ljóst sé að það verði ekki auðvelt og reikna megi með að deildin verði ekki síður jöfn næsta sumar.

Annar flokkur karla spilaði í A-deild sl. sumar og endaði í 7. sæti. Þjálfari liðsins síðasta sumar var Örlygur Þór Helgason. En núna í haust tók Slobodan Milisic, Miló, við þjálfun flokksins og mun hann, að sögn Bjarna, ásamt Dean Martin og Steingrími Erni Eiðssyni, undirbúa strákana undir komuna í meistarflokk. Þá sér Miló einnig um þjálfun þeirra sem æfa með knattspyrnuakademíunni.

Í lokahófi knattspyrnudeildar sl. haust var Haukur Heiðar Hauksson kosinn besti leikmaður sumarsins og Hallgrímur Mar Steingrímsson sá efnilegasti. Haukur Heiðar endaði síðan í öðru sæti í kjöri á íþróttamanni KA.

Bjarni sagði að fimm knattspyrnumenn í KA hafi á síðasta ári spilað með landsliðum Íslands. Þetta voru Helena Jónsdóttir og Ágústa Kristinsdóttir sem spiluðu með landsliði U/17, Andri Fannar Stefánsson og Haukur Heiðar Hauksson sem spiluðu með U/19 landsliði Íslands og Ómar Friðriksson sem spilaði með U/17 landsliði Íslands. Bjarni ræddi um varamál KA og sagði að eins og flestir vissu hafi lítið gerst í framkvæmdum á KA-svæðinu frá síðasta aðalfundi, enda hafi allar framkvæmdir við uppbyggingu á stúku og knattspyrnuvelli verið stöðvaðar. Ákveðið hafi verið að KA fengi Akureyrarvöll til afnota og strax eftir að síðasta leik lauk s.l. haust hafi framkvæmdir við völlinn hafist. Unnið hafi verið að því að að slétta völlin og verði spennandi að sjá í vor hvernig til hafi tekist.

Þá gat Bjarni um að þessa dagana standi yfir viðræður við Akureyrarbæ um rekstur Akureyrarvallar og eins um uppbyggingu á KA svæðinu. Verið sé að kortleggja næstu 5-10 árin í samstarfi KA og Akureyrarbæjar. Þær viðræðum gangi nokkuð vel og sé niðurstöðu að vænta innan tíðar.

Í lok skýrslu stjórnar þakkaði Bjarni leikmönnum, þjálfurum og starfsmönnum í KA-heimilinu fyrir frábært samstarf og endurtók þakklæti stjórnar knattspyrnudeildar til þeirra fjölmörgu sjálfboðaliða sem unnu í þágu deildarinnar á síðasta starfsári fyrir gott og mikið starf.

4. Skýrsla formanns yngriflokkaráðs – Unnur Sigurðardóttir, formaður yngriflokkaráðs, sagði árið hafa gengið mjög vel. Mjög gott þjálfarateymi héldi utan um þjálfun yngri iðkenda, sem væri stöðugt að fjölga. Þannig séu yfir 300 krakkar að æfa í vetur, sem er met. Þá hafi met verið slegið sl. sumar í fjölda iðkenda í yngri flokkunum. Sérlega ánægjulegt hafi verið að sjá mikinn fjölda iðkenda í áttunda flokki, en þegar mest var mættu um 80 krakkar á æfingar í þessum flokki. Unnur sagði að Samherjastyrkurinn svokallaði hafi gert það að verkum að unnt var að bjóða æfingar í áttunda flokki án endurgjalds og einnig hafi verið unnt að lækka æfingagjöld iðkenda KA um níu þúsund krónur. Unnur sagði framlag Samherja ómetanlegan styrk við barna- og unglíngastarf í félaginu og ýta undir meiri þátttöku í knattspyrnunni en ella. Fyrir þetta væri yngriflokkastarfið afar þakklátt.

Unnur nefndi þá nýjung í yngriflokkastarfinu hjá KA að efna til samstarfs við enska úrvalsdeildarliðið Arsenal, en frumkvæði í því máli hafi átt Pétur Ólafsson, yfirþjálfari yngriflokkastarfsins. Nú væri unnið á fullu við undirbúning Knattspyrnskóla Arsenal á KA-svæðinu í júní nk. Unnur sagði áhugann á skólanum hafi verið afar mikinn og á stuttum tíma hafi öll pláss í skólanum selst upp, en í það heila eru þau 300. Gaman væri að segja frá því að í skólann komi krakkar allsstaðar að af landinu, en rúmlega helmingur þátttakenda komi frá Akureyri.

Þá gat Unnur um að Arna Alfreðsdóttir hafi styrkt yngriflokkastarfið í knattspyrnunni með fjárframlagi, sem hafi nýst vel til þess að greiða fyrir aukaæfingar og styrktaræfingar sem Dean Martin stýri.

Stjórnarkjör – Fundarstjóri bar upp tillögu um stjórn knattspyrnudeildar fyrir næsta ár og var hún samþykkt samhljóða. Í stjórn voru kjörnir aðalmenn: Bjarni Áskelsson, Halldór Aðalsteinsson, Gunnar Gunnarsson, Gunnar Nielsson og Páll Jónsson. Varamenn voru kjörin Sigurbjörn Sveinsson og Valgerður Davíðsdóttir.



Bjarni Áskelsson, formaður knattspyrnudeildar KA



Íþróttafélagið Þór Ársskýrsla 2008-2009

Skýrsla aðalstjórnar Íþróttafélagsins Þórs 2008 og 2009



2008

Starfsemi Íþróttafélagsins Þórs var á margan hátt með eðlilegum hætti en þó ekki. Umfangsmiklar framkvæmdir sem hófust á árinu við uppbyggingu á knattspyrnu- og frjálsíþróttaaðstöðu og byggingu áhorfendastúku á félagssvæðinu setti mjög mark sitt á alla starfsemi félagsins. Allir knattspyrnuíðkendur sem trúlega voru nærri 500 hundruð talsins þurftu að deila með sér einum knattspyrnuvelli utan dyra allt sumarið. Nokkur fjöldi barna þurfti að æfa allt sumarið innan dyra í Boganum við mismikinn fögnuð, eðlilega.

Einn af föstu póstum í starfi Þórs er árleg þrettándagleði Þórs féll niður þetta árið sökum áður greindra framkvæmda.

Í maí stóð félagið fyrir opnu húsi þar sem starfsemi knattspyrnudeildar var kynnt. Á opnu húsi var gert opinbert að Páll Stefánsson fyrrum formaður Þórs (1955-1958) hafi verið kjörin heiðursfélagi Þórs. Við sama tækifæri var þeim Jóni Heiðari Árnassyni fyrrum formanni Þórs (2000-2006) og Magnúsi Jónatanssyni fyrrum knattspyrnu- og körfuknattleiksmanni veitt gullmerki félagsins. Þá var þeim Ingva Rafni Jónssyni og Hreiðari Aðalsteinssyni veitt silfurmerki félagsins.

20. Pollamót Þórs var haldið daganna 4.-5. júlí við afar erfiðar aðstæður og fór stór hluti mótsins fram í Boganum. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður voru skráð 47

lið til leiks í þremur deildum þ.e. Polla – Lárvarðar og Skvísudeild. Mótið tókst afar vel sökum þess hve fólk sýndi þeim sérstöku aðstæðum sem félagið bjó við þetta sumarið mikla þolinmæði.

Í byrjun október var svo haldið opið hús þar sem starfsemi körfubolta- og handknattleiksdeildar ásamt Tae-kwo-do deildar var kynnt. Við þetta tækifæri var tveimur Þórsfélögum veitt silfurmerki Þórs þeir eru Vignir Traustason fyrir störf sín í unglíngaráði handknattleiksdeildar og Árni K. Bjarnason sem veitti m.a. unglíngaráði körfuknattleiksdeildar forstöðu til fjölda ára. Þá var Gunnari Jónssyni veitt gullmerki Þórs en Gunnar veitti Tae-kwo-do deild Þórs formennsku fyrstu ár þess innan raða Þórs.

Einnig voru undirritaðir samstarfsamningar handknattleiksdeildar og körfuknattleiksdeildar við nokkur fyrirtæki í bænum sem standa þétt að baki barna- og unglíngastarfi félagsins. Þetta eru: Byr, Höldur Bílaleiga og Greifinn veitingahús hjá körfuboltadeild og að lokum skrifaði unglíngaráð handboltadeildar undir samstarfsamning við Hagkaup.

Þann 29. desember var svo árið 2008 gert upp með veglegum hætti á opnu húsi sem er orðið að hefð hjá félaginu og ber yfirskriftina „Við áramót“. Þar er m.a. kjöri á íþróttamanni Þórs lýst, landsliðsfólk veittar viðurkenningar, félagar heiðraðir, látinna félaga minnst og fl.

Í kjöri um íþróttamann Þórs var knattspyrnukonan Rakel Hönnudóttir hlutskörpust og var kjörin íþróttamaður Þórs 2008. Rakel er um leið knattspyrnumaður Þórs 2008. Þá var Jón Orri Kristjánsson kjörin körfuknattleiksmaður Þórs 2008 og Björn Heiðar Rúnarsson Tae-kwo-do maður Þórs 2008. Þessir félagar voru sæmdir silfurmerki Þórs: Bryndís Jóhannesdóttir, Gunnhildur Einarsdóttir fyrir störf sín hjá unglíngaráði handboltadeildar, Hanna Rúna Jóhannesdóttir fyrir margvísleg störf í þágu félagsins og Ómar Aspar sem setið hefur um langt árabil í stjórn körfuknattleiksdeildar.

Á árinu 2008 stóð félagið fyrir fjölmörgum súpufundum í samstarfi við Greifann veitingahús og Vífilfells. Þessir fundir er gjarnan vel sóttir og á þeim vakna margar spurningar og það sem mestu skiptir, þar eru mörgum spurningum svarað.

Stjórn Þórs árið 2008 var þannig skipuð:

Sigfús Ólafur Helgason, formaður

Árni Óðinsson, varaformaður

Nói Björnsson, gjaldkeri

Páll Jóhannesson, ritari

Meðstjórnendur formenn deilda:

Unnsteinn Jónsson knattspyrnudeild
Kári Þorleifsson körfuknattleiksdeild
Hörður Sigurharðarson handknattleiksdeild
Georg Styrmir Rúnarsson Tae-kw-do deild

Varamenn:

Halldór Áskelsson
Valdimar Pálsson

2009

Árið 2009 var afar viðburðarríkt hjá Íþróttafélaginu Þór í öllu tilliti þar, sem að þeim miklu, framkvæmdum sem staðið höfðu yfir á Þórssvæðinu lauk og þar með hófst nýr kafli í sögu félagsins.

Fyrstu verkefni ársins var þegar félagið hélt hina árlegu Þrettándagleði (sem þó hafði fallið niður árið áður) með nýju og breyttu sniði. Félagið hóf samstarf við Akureyrarstofu sem gerði það að verkum að bæjarbúum var boðið á þennan viðburð án endurgjalds. Þrettándagleðin var færð upp að Rangárvöllum þar sem hlaðin var bálkóstur en þá framkvæmd var á höndum starfsmanna Akureyrarbæjar. Álfakóngur og drottning ásamt jólasveinum, tröllum, þúkum og allskyns öðrum kynjaverum mættu á svæðið og kvöddum árið með gestum með á annað þúsund gesta sem skemmtu sér hið besta, sem sagt fjölbreytt dagskrá.

Um miðjan janúar var haldið hóf í Ketilhúsinu þar sem kjöri á íþróttamanni Akureyrar 2008 var lýst. Þar varð Raket Hönnudóttir kjörin íþróttamaður Akureyrar 2008.

Á opnu húsi í Hamri þann 1. maí var mikið fjör og margt til gamans gert. Auk þeirra föstu liða sem er að kynna starfsemi knattspyrnudeildar Þórs var m.a. Þórsfélögum veittar viðurkenningar fyrir störf sín í þágu félagsins. Þessi fengu silfurmerki Þórs: Rósberg Óttarsson og Þórdís Sigurðardóttir fyrir margvísleg störf sín í þágu Þórs. Þá var Einari Gunnlaugssyni fyrrum frjálsíþróttamanni Þórs veitt gullmerki félagsins. Við þetta tækifæri var tilkynnt um að á fundi þann 29. apríl hafi Aðalsteinn Sigurgeirsson fyrrum formaður Þórs (1985-1995) verið kjörin heiðursfélagi Þórs sem og að veita konu hans Önnu Grétu Halldórsdóttir gullmerki félagsins. Þeim hjónum voru tilkynnt þessi tíðindi á 60. ára afmæli Aðalsteins þann 8. maí 2008. Einnig var upplýst að Árni Stefánsson fyrrverandi íþróttamaður hafi verið veitt silfurmerki Þórs í tengslum við 50 ára afmæli hans.

Mikill orka fór á vordögum og fram eftir sumri í að ljúka framkvæmdum á Þórssvæðinu. Félagar í Þór lögðu gríðarlega mikla vinnu í að koma öllu í sem allra besta horf áður en svæðið yrði endurvígt með pompi og prakt á Landsmóti UMFÍ. Félagsheimilið fékk mikla andlitsupplýftingu jafnt innan- sem utandyra. Allir lögðust á eitt við að allt sem snéri að Þór og um leið allt svæðið yrði í sem allra glæsilegasta horfi þegar stundin rynni upp.

Málningin var vart þornuð og fjölmargir verktakar við störf alveg fram á síðustu mínútu markiðið var að ekkert myndi vanta uppá þegar Landsmótið hæfist. Það tókst og svæðið var allt hið glæsilegasta þegar landsmótið hófst.

Árlegt Pollamót Þórs var haldið 3.-4. júlí og tókst með miklum ágætum. Til leiks voru skráði 56 lið í þremur flokkum þ.e. Polla- Lávarðar og Skvísudeild. 177 leikir 503 mörk eða 2,84 að meðaltali í leik litu dagsins ljós á þessum tveimur dögum. Aðstæður voru glæsilegar enda hafði bæst við nýtt svæði þ.e. Lundurinn og um leið fækkaði til muna þeim leikjum sem spila þyrfti í Boganum.

Opið hús að vanda í október þar sem handbolta- og körfuboltadeildir ásamt Tae-kwon-do deild kynntu starfsemi sína tókst afbragðs vel þar sem Tae-kwo-do deildin var m.a. með fjölmörg sýningaratriði sem vöktu mikla lukku.

Árinu lauk með þar sem haldið var opið hús „Við Áramót“ eins og venja er til þar sem árið var gert upp. Landsliðsfólk heiðrað, félögum veitt gull og silfurmerki félagsins, látinna félaga minnst og hápunktur dagsins var þegar kjöri á íþróttamanni Þórs 2009 var lýst. Íþróttamaður Þórs 2009 var Raket Hönnudóttir og er þetta annað árið í röð sem hún vinnur þennan titil. Þá var Linda Hlín Heiðarsdóttir kjörin körfuknattleiksmaður Þórs og Björn Heiðar Rúnarsson Tae-kwo-do maður Þórs.

Þessi hlutu silfurmerki Þórs: Bergljót Sigurðardóttir og Davíð Ómar Þorsteinsson fyrir áralangt starf við unglingaráð körfuknattleiksdeild, Einar Steindór Valbergsson fyrrum körfuknattleiksmaður. Einar hefur einnig starfað sem þjálfari





hjá unglingaráði í fjölmörg ár. Hermína Brynja Sigurðardóttir fyrir áralangt starf hjá unglingaráði knattspyrnudeildar. Brynja er einn af stofnendum Goðamótanna og er kölluð „Mamma Goðamótanna”.

Þá stóð félagið fyrir mörgum súpufundum í samstarfi við Greifann veitingahús og Vífilfells og voru þeir vel sóttir og greinilega komnir til að vera.

Það sem stóð upp úr á árinu var að sjálfsgöðu endurvígsla Þórsvallarins eftir gríðarlega miklar endurbætur sem á honum höfðu verið gerðar. Þótti vel við hæfi að fyrsti knattspyrnuleikurinn á vellinum yrði viðureign Akureyrarliðanna Þórs og KA í 1. deild karla. Stutt hátíðardagskrá var á undan leiknum þar sem þeir Hermann Jón Tómasson bæjarstjórinn á Akureyri og Geir Þorsteinsson formaður KSÍ héldu ræður ásamt Sigfúsi Ólafi Helgasyni formanni Þórs. Séra Arnaldur Bárðarson sóknarprestur við Glerárkirkju vígði völlinn.

Mikil eftirvænting var hjá bæjarbúum fyrir þennan leik og fór svo að nærri 1500 manns mættu á völlinn og urðu vitni af stórskemmtilegum leik, sem lauk með sigri heimamanna í Þór 3-2 þar sem Matthías Örn Friðriksson skoraði fyrsta markið á nýendurgerðum Þórsvellinum. Fyrstu spyrnuna á vellinum tók Halldór Áskelsson fyrrum leikmaður Þórs og A- landsliðsmaður og þótt það vel við hæfi. Aðstæður allar á Þórsvellinum eru orðnar eins og þær best geta orðið.

Nýja svæðið ofan við Hamar þ.e. Lundurinn gerbreytti allri aðstöðu til iðkunnar hjá yngri iðkendum félagsins og féll það vel í kramið hjá ungu kynslóðinni að geta æft utan dyra nánast alla daga. Miklar endurbætur voru gerðar innan sem utan dyra á Hamri. Félagshemilið og allt umhverfi þess skartaði sínu fegursta, þökk sé öllu því fólki sem lagði hönd á plóginn við þá vinnu.

Stjórn Þórs árið 2009:

Sigfús Ólafur Helgason, formaður
Árni Óðinsson, varaformaður
Nói Björnsson, gjaldkeri
Páll Jóhannesson, ritari

Meðstjórnendur formenn deilda:

Unnsteinn Jónsson knattspyrnudeild
Kári Þorleifsson körfuknattleiksdeild
Hörður Sigurharðarson handknattleiksdeild
Helga María Sigurðardóttir Tae-kw-do deild

Varamenn:

Halldór Áskelsson
Valdimar Pálsson

Stjórn íþróttafélagsins Þórs vil í lok þessarar skýrslu þakka öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóg við enduruppbyggingu Þórsvæðisins og sérstaklega vil stjórn félagsins þakka bæjarstjórn Akureyrar fyrir samstarfið og sem og öllum verktökum sem unnu að uppbyggingu Þórsvallar.

Knattspyrnudeild Þórs

Undanfarin tvo ár hefur starf kn. Þórs verið öflugt. Fjöldi fólks kemur að starfinu í einni eða annarri mynd. Allt það góða fólk sem leggur starfinu lið með framlagi sínu, í hvaða mynd sem er, á hinar bestu þakkir skildar. Starfsemin er mjög fjölbreytt og krefst gríðarlegs vinnuframlags sjálfboðaliða sem seint verður metið til fjár.

Síðustu fjögur ár hefur kn. Þórs verið rekin með hagnaði og er það grundvallaratriði í áframhaldandi uppbyggingu hennar að svo verði áfram. Nauðsynlegt er áfram að sýna fyllstu aðgæslu í rekstri.

Núna er skipurit kn. þannig að undir stjórn eru unglingaráð og leikmannaráð karla og kvenna. Auk þess er starfandi sérstök Goðamótsnefnd. Unglingaráð er með starfandi knattspyrnskóla Þórs fyrir unglunga í 3. flokki. Sérstök stjórn er yfir Afreksskóla kn. Þórs sem stofnaður var á haustmánuðum 2007.

Hér er sérstaklega rétt að geta Goðamótana. Þau hafa verið að vaxa með hverju árinu og nú í vetur er reiknað með að þátttökulið verði í heildina um 200. Goðamótin hafa tekist mjög vel og eru félaginu og bæjum til sóma. Aðstaðan sem boðið er upp á, Boginn, gisting í Glerárskóla og innangengt aðgengi í Glerársundlaug er einstök.

Stjórn kn. 2008 var skipuð eftirfarandi:

Unnsteinn Jónsson, formaður
Sveinn Guðmundsson, varaformaður
Ragnheiður Jakobsdóttir, gjaldkeri
Gauti Hallsson, ritari
Edvard van der Linden, meðstjórnandi
Hannes Kristjánsson, meðstjórnandi
Peter Jones, meðstjórnandi

Stjórn kn. 2009 var skipuð eftirfarandi:

Unnsteinn Jónsson, formaður
Vignir Traustason, varaformaður
Ragnheiður Jakobsdóttir, gjaldkeri
Heimir Guðlaugsson, ritari
Edvard van der Linden, meðstjórnandi
Sveinn Guðmundsson, meðstjórnandi
Hannes Kristjánsson, meðstjórnandi.

Landsliðsfólk Þórs

Eitt af markmiðum þeirra sem leggja stund á knattspyrnu af fullum áhuga er að fá að spila fyrir hönd þjóðarinnar. Margir Þórsarar náðu þeim áfanga síðastliðin tvö ár að komast í landslið og/eða æfingahópa fyrir landslið.

Landsleikir 2008

| | | |
|---------------------------|----------------------------|----------------|
| Rakel Hönnudóttir | A landslið kvenna | 9 leikir |
| Gísli Páll Helgason | U18 landslið karla | 3 leikir |
| Silvía Rán Sigurðardóttir | U17 og U19 landslið kvenna | 10 og 1 leikir |
| Atli Sigurjónsson | U18 landslið karla | 3 leikir |
| Arna Sif Ásgrímsdóttir | U17 og U19 landslið kvenna | 9 og 6 leikir |

Landsleikir 2009

| | | |
|---------------------------|---------------------|-----------|
| Rakel Hönnudóttir | A landslið kvenna | 13 leikir |
| Silvía Rán Sigurðardóttir | U19 landslið kvenna | 9 leikir |
| Arna Sif Ásgrímsdóttir | U19 landslið kvenna | 8 leikir |
| Íunn Eir Gunnarsdóttir | U19 landslið kvenna | 1 leikur |
| Katla Ósk Káradóttir | U17 landslið kvenna | 1 leikur |
| Sonja Geirsdóttir | U19 landslið kvenna | 1 leikur |
| Alda Karen Ólafsdóttir | U17 landslið kvenna | 3 leikir |
| Gísli Páll Helgason | U19 landslið karla | 4 leikir |



Meistara- og annar flokkur Þórs 2008

Árangur eldri flokka var vel viðunandi á þessu tímabili.

Lárus Orri Sigurðsson þjálfaði áfram meistaraflokk, honum til aðstoðar var Páll Gíslason. Hlynur Eiríksson þjálfaði 2. flokk karla. Saman mynduðu þessir þrír teymi sem kom að þjálfun beggja flokkanna. Meistaraflokkur karla endaði í áttunda sæti fyrstu deildar með einu stigi meira en 2007 og komst í 32 liða úrslit í VISA bikar.

Dragan Stojanovic þjálfaði meistaraflokk kvenna og honum til aðstoðar var Siguróli Kristjánsson Mfl. kvenna náði sínum besta árangri í úrvalsdeild og endaði í 4. sæti. Er það sannarlega glæsilegur árangur. Munur á milli ára var mjög mikill. Stelpurnar skoruðu mun fleiri mörk en áður og fengu miklu færri á sig. Nettó markatala var 53 mörkum betri en 2007. Í VISA bikar komst liðið í 8 liða úrslit gegn Breiðablik.

2. fl. karla náði 8. sæti í A deild Íslandsmóts og tryggði sér þar með áframhaldandi veru í A-deild. Í VISA bikar féll liðið út í fyrstu umferð fyrir Val.

2. flokkur kvenna spilaði í A deild. Stóðu þær sig ágætlega og enduðu í 3. sæti. Þær léku líka til úrslita í VISA bikarnum.

2. flokkur kvenna 2008

Í sumar gerði knattspyrnudeild samstarfssamning við knattspyrnudeild Völsungs sem fólst í því að Húsvíkingar lánuðu Þór/KA leikmenn í leiki og lék því liðið undir merkjum Þórs/KA/Völsungs. Gengi 2. flokks var með miklum ágætum. Liðið lék í A – deild á Íslandsmóttinu og lauk keppni í 3. sæti deildarinnar. Liðið komst alla leið í úrslitaleikinn í VISA bikarnum. Þar hafði liðið titil að verja.

Liðið lék gegn Breiðabliki fyrir sunnan og varð að setta sig við 2-0 tap. Engu að síður frábær árangur. Þær Arna Sif Ásgrímsdóttir og Silvía Rán Sigurðardóttir sem báðar voru lykilmenn í meistara- og 2. flokki voru fastamenn í U-17 og U-19 ára landsliðum Íslands. Tóku þær þátt í mörgum verkefnum fyrir Íslands hönd og stóðu sig báðar með miklum sóma. Frábæru knattspyrnuári hjá Stelpunum okkar að ljúka og full ástæða til að hlakka til knattspyrnusumarsins 2009.

2. flokkur karla 2008

Gengi 2. flokks karla í sumar var með ágætum þegar upp er staðið. Liðið spilaði í A – deild eftir nokkurt hlé. Liðið lauk keppni í 8. sæti deildarinnar með 16 stig. Liðið vann 4 leiki, gerði 4 jafntefli og tapaði 10 leikjum. Í VISA bikarnum féll liðið úr keppni í fyrstu umferð fyrir Hlíðarendapiltunum í Val eftir framlengdan leik og vítaspyrnukeppni. Liðið bjó við þær aðstæður í ár að tiltölulega fáir leikmenn á elsta ári spiluðu með liðinu. Uppistaðan í liðinu voru strákar á yngsta og mið ári. Ekki er hægt að taka neinn leikmann úr hópnum sem staðið sig hafi betur en annar, árangurinn í sumar er liðsheilidarinnar. Í flokknum eru margir mjög efnilegir strákar sem eru farnir að banka á dyrnar hjá meistaraflokki. Ekki einvörðungu hafa nokkrir strákar bankað á dyr meistaraflokks heldur hafa þeir leikið stór hlutverk í yngri landsliðum Íslands. Óhætt að segja að framtíðin sé björt og engin ástæða til að annars en horfa björtum augum til framtíðar. Þjálfari 2. flokks var Hlynur Svan Eiríksson.

Meistara- og annar flokkur Þórs 2009

2. fl. karla náði 3. sæti í A deild Íslandsmóts. Í VISA bikar féll liðið út í fyrstu umferð fyrir Víkingi Reykjavík.

2. fl. kvenna náði 5. sæti í A deild Íslandsmóts. Í VISA bikar féll liðið út í fyrstu umferð fyrir Haukum eftir vítaspyrnukeppni.

Í þessum flokkum eru framtíðarleikmenn okkar og þar á meðal nokkrir sem hafa æft og spilað með yngri landsliðum. Einnig eru margir sem eiga fast sæti í meistaraflokks liðunum og eru því lítið með sínum aldursflokki. Árangur í 2. flokki er því mjög misjafn á milli leikja og ekkert við því að segja. Markmiðið er jú að bestu leikmennirnir í öðrum flokki séu það góðir að þeir leiki sem mest með meistaraflokki og sem minnst með sínum flokki.

Það er líka gott til þess að vita að á bak við þessa flokka er öflugur hópur foreldra sem styður við þá. Þetta sést t.d. vel á þeim móttökum sem gestalið fá eftir okkar heimaleiki.

Mfl. karla endaði tveimur sætum ofar en í fyrra í 1. deild, endaði í 6. sæti með sex stigum meira en þá, eða 31 stig. Tímabilið var mjög kaflaskipt, gekk illa fyrstu 9 leikina en síðan tók við mjög góður 13 leikja kafli.

Fróðlegt er að horfa á stigasöfnunina eins og hún var í sumar, skulum hafa í huga að lið með 1 stig eða minna úr leik er í fallhættu og lið með 2 stig eða meira úr leik er að jafnaði í einu af tveimur efstu sætum í deild:

| | |
|---------------------------|----------------|
| Fyrri umferð: | 1,09 stig/leik |
| Seinni umferð: | 1,73 stig/leik |
| Mótið í heild: | 1,41 stig/leik |
| Síðustu 13 leikir: | 1,92 stig/leik |
| Sigurveggarar í 1. deild: | 2,14 stig/leik |
| Annað sæti í 1. deild: | 2,00 stig/leik |
| Þriðja sæti í 1. deild: | 1,64 stig/leik |

Seinni hluti sumars gefur því sannarlega von um að við séum á réttri leið.

Í VISA bikar vann liðið Víking Ólafsvík í 32 liða úrslitum og tapaði síðan naumlega á útivelli fyrir Keflavík í 16 liða úrslitum.

Mfl. kvenna byrjaði sumarið með glæsibrag, unnu sigur í Lengjubikar kvenna á vordögum. Síðan náði liðið sínum besta árangri í úrvalsdeild og endaði í 3. sæti. Sannarlega mjög glæsilegur árangur. Munur á milli ára er áfram mikill. Stelpurnar skorudu mun fleiri mörk en áður og fengu jafn mörg á sig. Nettó markatala var 19 mörkum betri en í fyrra. Í stigum fóru þær úr 29 í fyrra í 39 í ár.

Þegar við skoðum stigasöfnun var hún kaflaskipt eins og hjá strákunum:

| | |
|-------------------------|----------------|
| Fyrri umferð: | 1,78 stig/leik |
| Seinni umferð: | 2,56 stig/leik |
| Mótið í heild: | 2,17 stig/leik |
| Síðustu 12 umferðirnar: | 2,67 stig/leik |
| Íslandsmeistarar Vals: | 2,44 stig/leik |

Það er fróðlegt að sjá að 8 af 10 stigum sem Íslandsmeistarar Vals töpuðu í ár töpuðust á Hlíðarenda, það voru Breiðablik og stelpurnar okkar sem hirtu þessi stig. Það er því ljóst að í efstu deild kvenna getur í raun allt gerst.

Í VISA bikar féll liðið út í 8 liða úrslitum gegn Breiðabliki.

Yngri flokkar Þórs 2008

3. flokkur karla

Besti leikmaður 3. flokks á eldra ári

Hann er mjög fjölhæfur og klókur leikmaður, les leikinn vel, býr yfir góðri boltatækni og er öskufljótur. Spilaði bæði sem miðvörður og miðjuleikmaður og var valin í úrtakshóp u17 í sumar. Leikmaðurinn er Halldór Orri Hjaltason.

Efnilegasti leikmaður 3. flokks á eldra ári

Hann er fæddur markaskorari, með mikið markanef, hann er mjög teknískur með góðar gabbhreyfingar og hörku-skotmaður. Leikmaðurinn er Kristinn Rósbergsson.

Besti leikmaður 3. flokks á yngra ári

Hann var einn 3ja á yngra ári sem voru í A-liði. Mjög útsjónasamur og skynsamur spilari sem spilaði mjög vel í allt sumar. Miðjumaður að upplagi en leysti líka miðvörð og bakvörð mjög vel. Hann er mjög kvikur á fótum og leggur sig alltaf 100% fram. Dæmigerður fyrirliðakandidat. Leikmaðurinn er Ómar Friðriksson.

Efnilegasti leikmaður 3. flokks á yngra ári

Leikmaður sem allir vilja hafa í sínu liði. Mikill baráttuhundur sem gefur allt sitt fyrir liðið. Hann er nautsterkur, viljamikill og hefur góðan hraða. Var lykilmáður í A-liði í sumar og spilaði mjög vel, þrátt fyrir að hafa fótbrotnað rétt fyrir mót. Leikmaðurinn er Geir Guðmundsson.

Hugarfarsverðlun 3. flokks

Verðlaun fyrir besta hugarfarið í 3. flokki fær leikmaður sem alltaf leggur sig fram, mætir vel á æfingar, er jákvæður, kappmikill, metnaðargjarn ásamt því að vera mjög góður fótboltamaður. Hugarfarsverðlaun flokksins fær. Ingimar Hlynsson.

Jósepsbikarinn

Einnig er verðlaunaður leikmaður með framúrskarandi virkni, áhuga og ástundun, ásamt því að vera lykilmáður í A-liði í sumar. Hugarfar afreksmanns sem sem margir mættu taka til fyrirmyndar. Jósepsbikarinn fær Freysteinn Þórhallsson.



3. flokkur kvenna

Sumarið hjá 3. flokki kvenna var erfitt en lærdómsríkt og skemmtileg. Flokkurinn sendi tvö lið til leiks A-lið og Blið. A-liðið náði að halda sæti sínu í A-deild eftir mikla fallbaráttu allt sumarið. B-liðakeppnin varð hins vegar að hálfgerðum sirkus og því má segja að engin lokastaða hafi orðið í henni. Flokkurinn endaði sumrið með glæsibrag því í síðasta leik tryggðu stelpurnar sér bikarmeistaratitil Norðurlands.

Besti leikmaður á eldra ári

Leikmaður þessi lék gríðarlega stórt hlutverk í liðinu í sumar, enda mæddi mikið á henni í oft erfiðum leikjum fyrir lið okkar sem átti í harðri botnbaráttu allt sumarið. Hún skilaði sínu hlutverki frábærlega og var oftast en ekki besti leikmaður liðsins í leikjum sumarsins. Þessi verðlaun eru vonandi bara þau fyrstu á hennar ferli enda veit ég að hún stefnir hátt og hefur gríðarlegan metnað. Besti leikmaður á eldra ári er markmaðurinn öruggi: Kristín Hólm Geirsdóttir.

Framfaraverðlaun á eldra ári

Það er engum ofsögum sagt að erfitt er að velja framfaraverðlaun í þessum flokki í sumar enda tók liðið allt miklum framförum. Ég held þó að á engan halli þegar sagt er að þessi stúlka hafi tekið mestum framförum allra á eldra ári. Hún byrjaði sumarið á bekknum en endaði sem lykilmáður í liðinu. Framtíð hennar er björt með sama áframhaldi. Framfaraverðlaun á eldra ári fær varnarmaðurinn sterki: Íris Þengilsdóttir.

Besti leikmaður á yngra ári

Sumarið var þessari stelpu eins og stöllum hennar frekar erfitt en lærdómsríkt. Hún spilaði vel þrátt fyrir mótlæti og gaf sig alla í öll verkefni. Hún er mjög lipur leikmaður sem hefur verið að styrkjast mikið og er framtíðar leikmaður í meistaraflokki okkar. Besti leikmaður á yngra ári er sóknarmaðurinn knái: Laufey Elísa Hlynisdóttir

Framfaraverðlaun á yngra ári

Valið var ekki sérstaklega flókið þegar að því kom að velja þessa nafnbót og aldrei þessu vant held ég að allir geti verið sammála. Þessi stúlka tók alveg hreint lygilegum framförum á stuttum tíma og vonandi er þetta bara byrjunin enda fer þarna sterkur persónuleiki. Framfaraverðlaun á yngra ári fær húmoristinn: Harpa Svava Einarsdóttir.

Hugarfarsverðlaun

Að velja hugarfarsverðlaun er gríðarlega erfitt í þessum flokk. Margar eru tilkallaðar en einungis ein tilnefnd og þá er ljóst að hún er virkilega vel að þessari útnefningu komin. Hún spilaði vel og hún sýndi gott hugarfar með því að kvetja liðið í gegnum súrt og sætt. Hugarfarsverðlaunin að þessu sinni fær miðjumaðurinn blíði: Hildur Mist Pálmarsdóttir.

4. flokkur karla

Árið hjá 4. flokk ver með hefðbundnu sniði...

- 1 Greifamót
- 2 Íslandsmót
- 3 Rey Cup
- 4 Landsbankamót

Í öllum þessum mótum gekk okkur mjög vel bæði í A og B liðum Íslandsmótið er auðvitað númer 1 og komumst við í úrslitakeppnina í báðum liðum, sem sagt efstir í okkar riðlum... mjög gott.

Verðlaunin fyrir bestur á eldra ári

Þessi leikmaður tekur framförum mánuð eftir mánuð, er alltaf mjög öruggur í öllum leikjum, mætir á allar æfingar og leggur sig 100% fram, ef hann heldur svona áfram kemst hann í byrjunarliðið hjá mfl. Þórs eftir 3-4 ár, trúðu því, þessi leikmaður er Orri Sigurjónsson.

Verðlaun fyrir „mestu framfarir á eldra ári

Þessi leikmaður er mjög duglegur og samviskusamur og er orðinn mjög góður miðjumaður, og klikkar aldrei í leikjum, gefur allt í leikinn og er mjög duglegur að æfa. Þessi leikmaður er Arnar Björn Pálsson.

Verðlaun fyrir bestur á yngra ári

Þessi leikmaður hefur tekið miklum framförum á 2-3 árum. Í 5. flokki var hann í E liði, en með mikilli vinnu og frábærri æfingasókn komst hann í A liðið í vor og hefur haldið því allt sumar, frábært hjá þér, þessi leikmaður er Aron Ingi Gautason.

Verðlaun fyrir „mestu framfarir á yngra ári“

Þessi leikmaður getur orðið besti varnarmaður Þórs frá upphafi. Stór orð en framfarir hans í fótbolta eru gríðarlegar, hann er sterkari en fill, fljótari en engispretta og vinnur alltaf fyrir liðið. Hann hélt B liðinu algjörlega á floti, þegar þeir þurftu að kljást við A liðin í sumar. Hann er góður vinur og frá bær félagi, drengur, haltu áfram, þessi leikmaður er Almar Vestmann.

Hugarfarsverðlaun í 4. flokki karla

Þessi strákur mætir alltaf, alltaf jákvæður og duglegur að hjálpa þjálfurunum í öllu, hlífir sér aldrei í leikjum og spilar þá út í gegn meiddur, brotinn eða alblóðugur. Skiptir engu máli, þessi drengur er Árni Gunnar Ellertsson.

4. flokkur kvenna

Fjórði flokkur kvenna varð í sumar fyrsta liðið í sögunni í 4. flokki kvenna til að senda til leiks tvö 11 manna alið. Annað liðið sem var eiginlegt a-lið flokksins lék í A-riðli þar sem öll sterkustu lið landsins voru saman komin. Liðið endaði í fjórða sæti riðilsins og stóð sig frábærlega. Þór 2 (b-liðið) endaði í neðsta sæti Norðurlandsriðilsins en liðið tapaði aldrei leikjum sínum stórt og má teljast mjög óheppið að hafa endað í neðsta sætinu. Stelpurnar fóru einnig til Danmörkur á Dana Cup, þar stóðu þær sig mjög vel og skemmtu sér konunglega enda var það aðal markmið ferðarinnar. Loks tóku þær þátt í Goða- og Landsbankamótum Þórs þar sem öll lið flokksins voru á verðlaunapalli.

Best á eldra ári

Voðalega fá orð eru til um sumarið hjá þessari stelpu þar sem hún stóð sig hreint út sagt frábærlega. Hún tók miklum framförum, spilaði vel alla leiki, skoraði mörk og lagði þau upp. Ásamt því að með sanni má segja að engum mótherjanum sé óhætt nálægt henni innan vallar enda annálaður baráttu hundur þarna á ferð. Ef hún heldur rétt á spilunum er án efa þarna framtíðar landsliðsmaður á ferð. Best á eldra ári er markamaskínan: Katla Ósk Káradóttir.

Framfaraverðlaun á eldra ári

Sú stúlka sem fær þessi verðlaun er sennilega eitt besta dæmið um að æfingin skapar meistarann. Hún missti nær aldrei úr æfingu, lagði sig alltaf fram og sýndi gott hugarfar hvort sem hún spilaði í a- eða b-liði. Framfarirnar voru í takt við það sem áður er sagt, ótrúlegar. Framfaraverðlaun á eldra ári fær hin hógværa: Vilborg Austfjörð.

Best á yngra ári

Stelpan sem hér fer var mjög mikilvægur hlekkur í mjög sterku liði sem þessi flokkur stillti upp í sumar. Hún hefur ótrúlega margt með sér til þess að verða frábær fótboltamaður í framtíðinni og of langt mál að telja það upp hér. Vonandi að hún haldi áfram þeim dugnaði sem hún hefur alltaf sínt. Best á yngra ári er miðjunaggurinn óþreytandi: Sandra María Jessen.

Framfaraverðlaun á yngra ári

Stúlkan sem hér ræðir um hefur tekið sennilega mestum framförum á stuttum tíma sem þjálfari hennar hefur orðið vitni að. Hún er snögg, sterk og hefur að auki bætt sig á öllum sviðum fótboltans. Ef framhald verður á þessum framförum er ljóst að þessi stúlka nær langt. Framfaraverðlaun á yngra ári fær bakvörðurinn framsækni: Sigríður Jóna Pálsdóttir.

Hugarfarsverðlaun

Þrátt fyrir að margar væru tilkallaðar var ekki mikið tiltöku mál að velja þessi verðlaun. Hugarfar þessarar stúlkur er hreint ótrúlega gott og ekki skemmir fyrir að hún er mikið efni í frábæran leikmann og hefði verið vel komin að öllum verðlaunum sem voru í boði fyrir þennan flokk. Yndisleg stúlka sem alltaf er í góðu skapi. Framfaraverðlaun á yngra ári fær kletturinn okkar í vörninni: Sigrún Ösp Aðalgeirsdóttir.

5. flokkur karla

5. flokkur karla skráði 4 lið til keppni á Íslandsmótinu í ár, og fóru 3 þeirra í úrslitakeppnina.

A Liðið lenti í öðru sæti í sínum riðli með 28 skorud mörk, en fengu aðeins 8 á sig.

B Liðið lenti í 1.sæti í sínum riðli með 38 mörk skorud og fengu á sig 11 mörk.

C Liðið lenti í 1.sæti, eftir að hafa unnið á hlutkesti við vini okkar á brekkunni um það að komast áfram, eftir að liðin skildu jöfn að stigum.

D Liðið gekk ekki eins vel og náðu ekki að komast áfram.

Einnig tók 5. flokkur þátt í N1 Mótinu og Króksmótinu sem fram fer á Sauðárkrók.

Á N1 mótinu skráðum við 5 lið til keppni. Liðunum gekk misvel, en E liðið stóð upp úr en þeir lentu í 5 sæti. Og Hjörtur markmaður valinn markmaður mótsins í keppni E-Liða.

Eftir strembið N1 mót, var haldið til Sauðárkróks á Króksmót. Þar sendum við 4 lið til keppni sem voru öll staðráðinn í að gera betur en á N1 mótinu. Strákarnir stóðu við stóru orðin, og unnum við keppni b liða og c liða, og þess má til gamans geta að c liðin okkar mættust í undanúrslitum, en hitt c liðið tók 3 sætið. A liðið náði sér ekki nægilega vel á strik, en átti nokkra mjög góða leiki. 5. flokkur endaði sumarið á því að fara suður í úrslitakeppnina. Ferðin var mjög skemmtileg, en úrslitin voru ekki eins góð.

Bestur á yngra ári

Þessi leikmaður mætir tímanlega á allar æfingar og leggur sig alltaf 100% fram. Hann er mjög áhugasamur og gríðarlega einbeittur leikmaður. Bestir leikmaðurinn á yngra ári er Vignir Jónsson.

Mestu framfarir á yngra ári

Leikmaður þessi bætti sig áberandi mest allra á yngra ári, og er á mikilli uppleið sem leikmaður. Það var sama hversu oft þjálfararnir skutu á hann, það var allt varið. Mestu framfarir á yngra ári er vítabaninn Sigtryggur Jónsson.

Bestur á eldra ári

Þessi leikmaður leggur sig alltaf 100% fram á æfingum, sem síðan skilar sér í leikjum hjá honum, hann er búinn að bæta sig gríðarlega mikið upp á síðkastið. Bestur á Eldra ári er Varnartrölllið Óskar Eyfjörð.

Mestu framfarir á eldra ári

Sá leikmaður sem hlýtur mestu framfarir í ár, er búinn að bæta sig mjög mikið, hann gefur ekkert eftir þegar í leikinn er komið þó svo að hann mæti oft stærri og sterkari leikmönnum. Mestu framfarir á eldra ári er Elvar Frans Bjarnason.

Hugarfarsverðlaun

Besta hugarfarar í ár hlýtur sá leikmaður sem lagði sig alltaf vel fram, og mætti vel á æfingar. Hann var alltaf jákvæður og dreif sýna menn áfram. Hann er alltaf brosandí og tilbúinn í verkefni dagsins. Besta hugarfarið í ár fær Víðir Tómasson.

5. flokkur kvenna

Mjög sterkur og fjölmennur hópur, um 25 stelpur æfðu reglulega þetta árið og vorum við með A, B og C-lið. Liðið byrjaði árið mjög vel, vann Goðamótið í A-liðs keppninni. A-liðið missti naumlega af sæti í úrslitakeppni Íslandsmótsins, lenti þar í öðru sæti á eftir KS, B1 og B2 stóðu sig einnig með sóma. Liðin tóku þátt í Landsbankamótinu á Sauðárkrók, Síamótinu í Kópavogi og Þæjumótinu á Siglufirði, þrátt fyrir að tapa fáum leikjum á þessum mótum náði liðið ekki í verðlaunasæti. Heilt yfir mjög gott ár hjá þessum flokki.

Best á yngra ári

Lykilleikmaður A-liðsins þrátt fyrir að vera á yngra árinu, líkamlega sterkur leikmaður sem leggur sig alltaf 100% fram. Var valin í landsliðið á Síamótinu í Kópavogi. Best á yngra ári er Lillý Rut Hlynsdóttir.

Efnilegasta á yngra ári

Sara, eins og Lillý var í A liðinu og stóð sig frábærlega í sumar, leikinn og útsjónarsamur leikmaður sem var hægt að nota allsstaðar á vellinum. Efnilegasta á yngra ári Sara Skaptadóttir.

Best á eldra ári

Hún átti frábært tímabil, markaskorari af guðs náð og er einn albesti leikmaður landsins í hennar aldursflokki. Gríðarlegt efni þar á ferð og verður gaman að fylgjast með henni í framtíðinni. Best á eldra ári Oddný Karólína Hafsteinsdóttir.

Efnilegasta á eldra ári

Það hefur verið virkilega gaman að fylgjast með framförum Öldu á liðnum árum. Hlaupsterk og ákveðin stelpa sem hefur á stuttum tíma unnið sig inn í A-liðið og er sífellt að bæta sig. Efnilegasta á eldra ári Alda Rós Ágústsdóttir.

Hugarfarsverðlaun 5. flokks kvenna

Hér er ferðinni stelpa með frábært hugarfarar, mætir á nánast allar æfingar, hlustar á þjálfarann og gerir nákvæmlega það sem henni er sagt. Hefur ekki æft fótbolta í langan tíma en með réttu hugarfari hefur hún tekið gríðarlegum framförum og verður gaman að fylgjast með henni í framtíðinni. Hugarfarsverðlaun 5. flokks kvenna Kristjana Ýr Þórðardóttir.

6. flokkur karla

Strákarnir í 6. flokk sem í voru vel yfir 50 strákar, áttu virkilega flott sumar í ár. Þeir æfðu mjög vel, alla virka daga og tóku miklum framförum svo eftir var tekið. Oftar en ekki heyrðist á mótum sumarsins að strákarnir spiluðu flottan fótbolta. Fyrsta mót sumarins var Shellmótið í Vestmannaeyjum, stærsta mót sumarins í þessum aldursflokk. Þangað fórum við með 4 lið en mótið í ár var með breyttu keppnisfyrirkomulagi, ekki var um eiginlega getuskiptingu að ræða þ.e. A liðs keppni, B liðs keppni o.s.f.v. heldur röðuðust liðin niður eftir frammistöðu á fyrstu keppnisdögunum. Eitt af okkar liðum (C-liðið) sigraði í sínum hóp þ.e. Stórhöfðabikarinn. Í mótslok voru þeir Alexander Ívan Bjarnason og Gylfi Kristjánsson valdir í 12 manna Shellmótslið ársins, þá var Sindri Unnsteinsson valinn í Pressulið mótsins, strákarnir voru sannarlega glæsilegir fulltrúar okkar á þessu stærsta móti sumarsins. 6. flokkur tók einnig þátt í Nikulásarmótinu, Króksmótinu og Eimskipsmóti Völsungs og stóð sig að sjálfsögðu frábærlega, tók fullt af verðlaunum auk þess tókum við að sjálfsögðu þátt í Íslandsmóti KSÍ. Þar eignuðumst við Íslandsmeistara annað árið í röð þar sem A liðið okkar sigraði glæsilega NL/AL keppnina. Það verður gaman og forvitnilegt að sjá hvað þessir drengir eiga eftir að gera í framtíðinni en það er alveg ljóst að hún er þeirra, ef þeir sjálfir vilja.

6. flokkur kvenna

Frekar fámennur flokkur en um 15 stelpur æfðu reglulega yfir sumarið. Liðið náði sér ekki á strik framan af sumrinu en steig virkilega upp seinni part sumars. Auk Íslandsmótsins tók liðið þátt í Síamótinu í Kópavogi, Þæjumótinu á Siglufirði þar sem liðið náði 3. sæti og Eimskipsmótinu á Húsavík.

7. flokkur karla

Strákarnir í 7. flokk voru hreint magnaðir í sumar, þeir æfðu mjög vel og þar af leiðandi voru framfarir miklar hjá nánast öllum sérstaklega hvað varðar boltatækni og leikskilning. Við fórum á sömu mótin í ár eins og í fyrra sumar sem voru Nikulásarmótið á Ólafsfirði, Króksmótið á Sauðárkrók, Strandamótið og Eimskipsmótið á Húsavík. Strákarnir töpuðu varla leik og skiptir þá engu máli hvort um sé að ræða A, B, C eða D lið okkar. Á Nikulásarmótinu komu strákarnir

með 1. verðlaun í öllum liðum. Á Króksmóttinu gerðu þeir slíkt hið sama og sjáið þið A lið 1. sæti, B lið 1. sæti og D lið 1. sæti, C liðið stóð sig líka frábærlega þótt ekki fengi það verðlaun en liðið lenti í því að spila marga leiki gegn eldri strákum, þetta er ótrúlegur árangur sem verður sennilega seint toppaður!! Á Stranda- og Eimskipsmóttinu voru úrslit ekki skráð sem okkur finnst bara vera hið besta mál, aðalmálið er jú að hafa gaman af því að keppa við aðra og taka framförum og það gerðu strákarnir svo sannarlega í sumar. Í lok þessara móta fengu allir flottar gjafir fyrir þátttökuna. 7. flokkur taldi eitthvað í kringum 50 stráka sem er fjölgun frá því í fyrra. Æft var alla virka daga í sumar, fyrst bæði hér við Hamar og við Giljaskóla en eftir að byggingarframkvæmdir fóru á fullt skrið við Giljaskóla var eingöngu æft í Boganum. Þá spiluðum við einnig æfingaleiki gegn KA sem heppnuðust mjög vel. Það er ljóst að eftir þennan árangur sem strákarnir náðu í sumar verður spennandi að fylgjast með þeim á komandi árum, því haldi þeir áfram að bæta sig hvernig verða þeir þá!!

7. flokkur kvenna

Um 13 stelpur æfði í sumar, lítill hópur en sterkur. Fáir nýliðar sem er vissulega áhyggjuefni en þessar stelpur stóðu sig frábærlega í sumar. Þær tóku þátt í Landsbankamóttinu á Sauðárkróki, Þæjumóttinu á Siglufirði og Strandamóttinu og stóðu sig alveg frábærlega.

8. flokkur

Síðastliðin vetur var æft einu sinni í viku og þá um helgar inni í Boganum. Voru æfingarnar vel heppnaðar og ávallt á milli 20 og 30 krakkar að æfa. Þegar sumaræfingarnar hófust fjölgaði æfingum en æft var alla virka daga tvo tíma í senn á morgnanna. Verkefni sumarins voru leikir gegn KA bæði hér hjá okkur og upp á Brekku sem og að við tókum þátt í hinu árlega Strandamóti þar sem lang flestir Þórsarar stíga sín fyrstu skref í leikjum með Þór. Einnig vorum við með eitt 8. flokks lið á Eimskipsmóti Völsungs í lok ágúst sem stóð sig með mikilli þrýði.

Flokkurinn hefur tekið miklum framförum á árinu og eru þjálfarar hans á því að við komum til með að eignast sterka framtíðar flokka með þessum krökkum innanborðs.

Hugarfarsverðlaun allra yngri flokka karla

Verðlaun fyrir besta hugarfarið í yngri flokka fær leikmaður sem alltaf leggur sig fram, mætir vel á æfingar, er jákvæður, kappmikill, metnaðargjarn ásamt því að vera mjög góður fótboltamaður. Hugarfarsverðlaun flokksins fær Arnar Geir Halldórsson.

Hugarfarsverðlaun allra yngri flokka kvenna

Ekki er ætlunin hér að vera með langt mál þó það sé vissulega hægt um gott hugarfar. Ef þið viljið upplýsingar um gott hugarfar talið þá bara við MÖMMUNA í 3. flokki kvenna. Hún sá svo sannarlega til þess að allir höguðu sér vel og að allir pössuðu upp á dótið sitt, þar með talinn þjálfarinn! Frábær einstaklingur innan sem utan vallar með einstaklega gott hugarfar. Til hamingju mamma þú ert vel að þessu komin, hugarfarsverðlaun allra kvennaflokka: Sigurbjörg Lind Ellertsdóttir.

2. flokkur karla, sumar 2009

Leikmenn á 2. fl. aldri voru 22 í sumar og tóku allir að einhverju leyti þátt í leikjum liðsins í sumar. Sumarið þróaðist þannig að 4-6 strákar úr 2. fl. voru reglulega í byrjunarliði mfl. og aðrir 3-4 á bekknum þar. Þannig að margir af þeim leikmönnum sem voru í mfl spiluðu mjög takmarkað með 2. fl. Alls voru 12 strákar úr 2. fl. sem voru í leikmannahópi hjá mfl þetta sumarið, Gísli Páll, Atli S., Ottó H., Sigurður M., Víkingur P., Jóhann H., Sveinn Óli, Kristján Steinn, Trausti Þ., kristinn R., Ingimar H. og Sveinn Leó, margir af þessum leikmönnum þegar orðnir lykilmenn þar.

Liðið spilaði í 10 liða efstu deild (A-Deild) og fóru því 4 ferðir suður og spiluðu 2 leiki í ferð. Íslandsmótið hjá strákunum hófst vel með sigri á ÍA 3-1 og Fram 2-1 hér heima, en spilað var í Boganum í upphafi móts. Því næst var haldið suður og spilað við ÍA og Val og unnust þeir leikir líka, ÍA 0-4 og Valur 0-1.

Í 5 umferð komu FH-ingar í heimsókn í Lundinn og sigruðu okkar strákar 3-1 í hörkuleik. Þar með voru komin 15 stig úr 5 fyrstu leikjunum. Þá var komið að sterku liði KR-inga að mæta í Lundinn en þar var um toppslag að ræða og fór svo að KR-ingar höfðu nauman sigur 2-3 og tilltu sér á toppinn. Þá héldu strákarnir suður og spiluðu við Fylki og Fram og fengu einungis 1 stig úr þeirri ferð, Fylkir 4-4 og Fram 3-1. Þar með var nokkuð skýr lína dregin í töflunni, því KR-ingar voru enn ósgraðir og voru með gott forskot á næstu lið sem voru auk okkar FH-ingar.

Í 8 umferð mættu Valsarar í heimsókn og varð niðurstaðan jafntefli 2-2, en síðan unnu strákarnir sætan 1-0 sigur á brekkunni gegn KA. Keflvíkingar voru það lið sem keppa átti við næst og ljóst að sá leikur yrði spilaður á nýja Þórsvellinum. Buðu strákarnir upp á markaveislu og sigruðu Keflavík 9-2. Helgina eftir fóru strákarnir suður og töpuðu fyrir Breiðablik 4-3 en sigruðu Keflavík aftur nú 2-0.

Þegar þarna var komið við sögu var ljóst að stefnan yrði tekið á 2. sætið í deildinni og sú barátta væri við FH. Spiluðu næst heima gegn Breiðablik í „blíðskaparveðri“ og gerðum 2-2 jafntefli. Því næst var stór helgi hjá okkar strákum, útleikir gegn KR og FH. Töpuðu sannfærandi gegn KR 7-0 og síðan naumlega gegn FH 3-2. Þess má til „gamans“ geta að þessa helgi voru 8 leikmenn í mfl-hóp sem voru ekki með 2. fl. gegn FH og 5 af þeim ekki með gegn KR. Þar með var

endanlega ljóst að til að ná 2. sæti þyrftu strákarnir að vinna tvo síðustu leikina. Sá fyrri var gegn Fylki á nýja þórsvellinum og unnu strákarnir hann sannfærandi 7-0, en enduðu mótið á 0-0 jafntefli við KA. Niðurstaðan 3. sæti í A-Deild 9 sigrar, 4 jafntefli og 5 töp, markatalan 48-33 og 33 stig.

Heilt yfir viðunandi árangur hjá sterkum flokki, spiluðu marga flotta leiki og áttu fáa dapra. Markaskorun dreifðist vel á liðið en okkar markahæstu menn voru Jóhann Helgi og Kristján Steinn. Yngstu strákarnir (92) stóðu sig sérstaklega vel, en þeir fengu marga leiki og fullt af tækifærum til að sýna sig og þroskast, strákar eins og Halldór Orri, Kristinn R., Ingimar H., Arnar Geir, Freysteinn Þ., Alex H. og Guðmundur Ragnar, stóðu vel undir væntingum. Þá komu Kristófer H., Valþór Atli og Þorsteinn Ó. einnig sterkir inn (91). Þá tóku 3 strákar úr 3. fl. þátt í nokkrum leikjum þegar leikmenn voru fjarverandi með mfl., þeir Marteinn P., Ingó Á. og Jónas P. og stóðu sig vel.

Þeir sem ganga nú upp úr flokknum 5 talsins (90), Jóhann H., Trausti Þ., Kristján S, Sveinn Óli og Lars Óli, hafa allir skrifað undir samning við mfl. félagsins, ekkert nema frábærar fréttir!! Þó er óljóst hvað sá 6. gerir, markvörðurinn snjalli Sveinn Leó, en hann er búsettur fyrir sunnan. Ennfremur eru 5 leikmenn (91) á samning hjá mfl, Gísli Páll, Ottó H., Atli S., Sigurður M. og Víkingur P. Athyglisvert er að af þessum 10 leikmönnum (90 og 91) sem hafa spilað með mfl í sumar og hafa gert áframhaldandi samning við meistaraflokk félagsins, eru 9 þeirra úr Íslandsmeistaraliði 3. fl. Þórs 2006.

2. flokkurinn er því áfram vel mannaður og snjallir strákar ganga upp í flokkinn og stefnum við því ótrauðir á að gera enn betur næsta keppnistímabil.

Efnilegastur 2009: Ingimar Elí Hlynsson

Bestur 2009: Sveinn Óli Birgisson

Leikmaður leikmanna 2009: Sveinn Óli Birgisson

*Páll Gíslason, þjálfari
2. fl. karla, sumarið 2009*

2. flokkur kvenna 2009

2. fl. okkar tók þátt í Íslandsmóti í A riðli. Mótið hófst í lok maí og endaði með 2. leikjum við ÍBV 11. og 12. október. Langt og strangt mót þar sem við enduðum í 5. sæti. Í Visa bikarnum duttum við út í 8 liða úrslitum á móti Haukum. Æfingar hófust 10. nóvember '08 og síðasta æfingin var svo 13. október '09. 20 stelpur voru í hópnum og tóku flestar einhvern þátt í einhverjum leikjum hjá Meistaraflokki líka. Æfingunum var skipt niður í 4. tímabil. 10. nóv.-15. jan. = loftháðar æfingar og tækni. 15. jan.-15. mars = lyftingar og úthlaup samt boltaæfingum og tactic tekin fyrir. 15. mars-15. apríl = loftfi rrð hlaup og meira spilað. 15. apríl-12. okt. = keppnistímabil, með öllu þessu, í réttu magni plús hellingur af leikjum.

moli

Yngri flokkar Þórs 2009

8. flokkur Þórs var sem fyrr mjög öflugur hjá félaginu og voru krakkarnir þegar mest var um 30 talsins á skrá. Þarna er á ferðinni afar öflugur hópur sem gaman verður að fylgjast með í framtíðinni. 8. flokkurinn fór á tvö mót, Strandamótið og Eimskipsmótið á Húsavík, auk þess voru spilaðir leikir við KA. Og voru þeir félaginu sínu ávallt til sóma.

7. kk.

Strákarnir í 7. flokk voru mjög flottir í sumar og stóðu sig vel. Markmið okkar var að hafa það skemmtilegt saman, vanda sig við æfingarnar og mæta mjög vel. Það skilaði miklum framförum sérstaklega hvað varðaði boltatækni og leikskilning.

Mótin sem við tókum þátt í í sumar voru Nikulásarmótið á Ólafsfirði, Króksmótið á Sauðárkrók, Strandamótið og Eimskipsmótið á Húsavík. Strákarnir stóðu sig eins og hetjur á öllum þessum mótum, lögðu sig alla fram og komu reglulega heim með dollur í safnið. Þeir spiluðu marga flotta leiki í sumar en aðalmálið er jú að hafa gaman af því að keppa við aðra og taka framförum og það gerðu strákarnir svo sannarlega í sumar. Í lok þessara móta fengu allir flottar gjafir fyrir þátttökuna.

Þegar strákarnir byrjuðu í vor voru þeir tæplega 60 en eftir því sem leið á sumarið fjölgaði þeim og enduðu í því að vera rúmlega 70 og er það fjölgun frá því í fyrra. Æft var alla virka daga í sumar hér við Hamar eða inni í Boga og voru strákarnir duglegir að sækja æfingarnar. Þá spiluðum við einnig æfingaleiki gegn KA í byrjun sumars sem heppnuðust mjög vel.

Það er ljóst að ef strákarnir halda áfram að bæta sig líkt og þeir gerðu í sumar verður gaman að fylgjast með þeim í framtíðinni!

7. flokkur kvenna

Mikil fjölgun var á stelpum í 7. flokki í sumar sem er vissulega mjög gott mál. Mikið var um nýjar stelpur og vonandi að

Þessar stelpur verði duglegar að mæta áfram. Stelpurnar tóku þátt á Landsbankamótinu á Sauðárkróki, Strandarmótinu á Árskógsströnd, Þæjumótinu á Siglufirði og stóðu þær sig alveg frábærlega! Það er einnig gaman að segja frá því að stelpurnar tóku framförum á hverjum einasta degi í sumar!

6. kk.

Árið hjá 6. kk. var mjög gott. Markmiðið var að æfa vel og verða betri í fótbolta. Það var töluverð fjölgum í flokknum og æfðu þeir allir vel, enda skilaði það sér meðal annars í sterkri liðsheild sem var til fyrirmyndar á æfingum og á mótum. Flokkurinn stóð sig vel á þeim mótum sem hann fór á og kórónaði sumrið með að vera íslandsmeiri í A og B liðum NA.

6. flokkur kvenna

Hátt í 20 stelpur æfðu reglulega í 6. flokki kvenna í sumar. Stelpurnar náðu sér ekki nægilega á strik stóran part sumars, en stigu þó virkilega upp undir lok sumars. Nóg var um að vera í sumar þar sem auk Íslandsmótsins tóku stelpurnar tóku þátt í Landsbankamótinu á Sauðárkróki, Síamótinu í Kógavogi, Þæjumótinu á Siglufirði og svo Eimskipsmótinu á Húsavík.

5. flokkur karla

Æfingar hófust í byrjun október og voru um 40 strákar að æfa. Fjöldinn ókst þó jafnt og þétt og voru u.þ.b. 50 strákar að æfa á tímabili.

Íslandsmótið stóð yfir allt sumarið og þar komumst öll liðin A,B og C áfram í úrslitakeppnina. Þeir náðu þó ekki að fylgja góðum árangri eftir og náði ekki að spila til úrslita þrátt fyrir að hafa staðið sig vel.

Þá fór flokkurinn á Króksmótið á Sauðárkróki og náði A-liðið 2. sæti, B-liðið 2. sæti.

Stærsta mót sumarsins var þó N1 mótið þar sem öll sterkustu lið landsins mættu til leiks. 5 lið voru send til leiks og stóðu þeir sig með þryði þrátt fyrir að hafa hvergi náð verðlaunasæti. Þjálfarar voru virkilega sáttir við spilamennsku flestra liðanna og fannst gaman að fá hrós frá öðrum liðin fyrir góða spilamennsku og flottan fótbolta.

Bestur á eldra ári

Þessi strákur hefur sýnt gríðalegan metnað í öllu því sem hann tekur sér fyrir hendur, æfingasókn er til fyrirmyndar og er hann alltaf mættur á æfingu með fyrstu mönnum sem sýnir viljann í að gera vel. Hann hefur haldið áfram í að vinna í sínum styrkleikum og einnig reynt að bæta það sem vanntar uppá. Þá hefur hann einnig stigið upp þegar gengur illa og sýnir þannig mikinn karakter og leiðtogahæfni. Bestur á eldra ári: Aron Ingi Hlynsson.

Mestu framfarir á eldra ári

Þessi strákur byrjaði að æfa í vetur og var getan eftir því. Hann hefur þó verið gríðarlega duglegur að æfa, mætt á nánast hverja æfingu og það sem eflaust skiptir mestu máli er að hann er virkilega duglegur að æfa sig heima og oftast en ekki sést hann úti á sparkvelli. Hann hefur unnið sig hratt upp og eflaust spilað með öllum liðum í flokknum.

Mestu framfarir á eldra ári: Fjölnir Unnarsson.

Bestur á yngra ári

Hér er um gríðarlegt efni að ræða. Mjög þægilegur drengur að þjálfar þar sem hann gerir alltaf það sem maður biður um hvort sem það tengist einhverju sem hann á að gera æfingu eða utan hennar. Krafturinn og leikgleðinn geislar af honum og hefur tæknileg geta hjá honum einnig aukist gríðarlega. Bestur á yngra ári: Alexander Ivan Bjarnason.

Mestu framfarir á yngra ári

Ekki er langt síðan þessi strákur stóð á milli stanganna. Hann hóf þó að æfa sem útspilari og hefur tekið miklum framförum síðan þá. Hann nýtir sína styrkleika til hins ýtrasta en þarf þó að vera duglegur að vinna í sínum veikleikum á æfingum og einnig sjálfur heima. Hann hefur framtíðina fyrir sér ef hann sjálfur vill.

Mestu framfarir á yngra ári: Aron Kristófer Lárusson.

Hugarfarsveðlaun í 5. flokki karla

Þessi strákur er óumdeilanlega leiðtogi í flokknum. Allt sem hann kemur nálægt er gert vel og með mikilli fagmennsku. Æfingaaðsókn og framkoma eru til fyrirmyndar sem og allt annað sem þessi drengur kemur nálægt. Hinir strákarnir í flokknum líta upp til hans og hlýða honum í einu og öllu. Hann er því vel að þessum veðlaunum kominn.

Hugarfarsveðlaun í 5.flokki karla: Vignir Jóhannsson.

5. kvk.

Árið hjá 5. kvk. var einkar glæsilegt. Stelpurnar voru virkilega duglegar á æfingum og skilaði það sér í frábærum árangri í sumar. Í öllum mótum sem þær tóku þátt í spiluðu þær til úrslita og var hápunktur sumarsins úrslitakeppnin á Hornafirði. Þar enduðu bæði A og B lið í öðru sæti eftir spennandi keppni, og heppnin ekki okkar megin.

Þessi flokkur á framtíðina fyrir sér og verður spennandi að fylgjast með þeim á komandi árum.

Best á eldra ári

Leikmaðurinn er einstaklega baráttuglaður sem ávallt leggur sig 100% fram í öllum leikjum. Hún hefur mikinn leik-

skilning og frábæra tækni. Þegar lið hennar á undir högg að sækja hefur hún kjark og þor til að taka til sinna ráða með mikilvægum sendingum og mörkum. Best á eldra ári: Lillý Rut Hlynsdóttir.

Framfaraverðlaun á eldra ári

Leikmaðurinn er búinn að bæta sig jafnt og þétt í allt tímabilið, ekki síst vegna góðrar æfingasóknar og vilja til að læra og verða betri. Hún er mjög góður sendingamaður og betri skotmaður en hún vill vera að láta. Okkur þjálfurunum fannst oft að hún mætti skjóta meira en áttuðu okkur síðan á því að ástæðan fyrir fáum skotum var einföld. Ef hún var ekki viss um að skora þá sendi hún frekar á næsta mann. Mestu framfarir á eldra ári: Sara Mist Gautadóttir.

Best á yngra ári

Leikmaðurinn er mikill markaskorari sem getur leist allar stöður á vellinum og er alltaf til í að læra. Hún er mjög leikinn með boltann og næstum jafn víg á hægri og vinstri sem er mikil kostur. Leikmaðurinn hefur allt sem góður leikmaður þarf að hafa auk þess er hún mikill karakter. Best á yngra ári: Andrea Mist Pálsdóttir.

Framfaraverðlaun á yngra ári

Frá því í haust hefur leikmaðurinn bætt sig ótrúlega mikið. Hún er lítil með stórt hjarta, gríðanlega hraða og dugnað. Leikmaðurinn byrjaði í B-liði en með miklum vilja og jákvæðni bætti hún sig jafn og þétt og vann sér fast sæti í A-liði. Mestu framfari á yngra ári: Kristín Alfa Arnórsdóttir.

Hugarfarsverðlaun

Leikmaðurinn er vel að þessum verðlaunum kominn. Hún er með framúrskarandi æfingasókn og bætir sig jafnt og þétt í takt við það. Leikmaðurinn er draumur hver þjálfara leggur sig alla fram og kemur á æfingar til að verða betri. Er frábær leikmaður með gríðarlega góða tækni. Er með hugarfar sigurvegara. Hugafarsverðlaun. Sara Skaptadóttir.

4. flokkur karla 2009

Send voru 3 lið til keppni á Íslandsmótinu, eitt 11 manna lið og tvö 7 manna lið.

Þá fóru tvö lið á Rey-cup í lok júlí og þrjú lið tóku þátt í Íslandsbankamóti Þórs núna í byrjun sept.

11 manna liðið lenti í 2 sæti í sínum riðli, komst í úrslitakeppnina en náði sér ekki á strik þar og komst ekki áfram.

7 manna liðin spiluðu alls 19 leiki á Íslandsmótinu, unnu níu, tveir jafntefli og átta töpuðust, úrslitin í öllum regnboganslitum, bros og hausverkir til skiptis. Markatalan var 68-83, það segir ýmislegt, notaðir voru 35 leikmenn, þar af fimm úr 5. fl. og viljum við þakka þeim sérstaklega fyrir það.

Þór 1 komst í úrslitakeppni í 7 manna liðum og náði þar öðru sætinu og getum við verið stoltir af því Þórsarar.

Bestur á eldra ári

Jafnbesti leikmaður liðsins í sumar, fljótur, sterkur, ósérhlífinn, gefur allt sitt í hvern einasta leik sem hann spilar. Hvað er hægt að biðja um meira, einu orði sagt frábær varnarmaður sem á mikla framtíð fyrir sér á vellinum. (skoraði m.a. 2 mörk á Rey-cup í sumar). Bestur á eldra ári er varnarmaðurinn sterki: Almar Vestmann.

Mestu framfarir á eldra ári

Varð fyrir því óhappi að meiðast rétt fyrir fyrsta leik, en hristi það fljótt af sér. Mikill markaskorari, skoraði m.a. 11 mörk í 11 leikjum á Íslandsmótinu í sumar, 8 mörk í 6 leikjum á Rey-cup. Alltaf tilbúinn að hlusta og læra meira, með gott hugarfar og verður bara betri og betri. (sá þó rautt í sumar en það gerist ekki oftar). Mestu framfarir á eldra ári er: Bergvin Jóhannsson.

Bestur á yngra ári

Draumur hvers þjálfara er að hafa leikmann sem veður eld og brennistein fyrir liðið ef hann er beðinn um það. Þó á yngri ári sé og ekki hár í loftinu náði hann að kveikja baráttuanda í liðinu þegar á móti blés! Mikill baráttuhundur og getur spilað hvaða stöðu sem er á vellinum. (skoraði mark á Íslandsbankamótinu og fagnaði með miklum látum) bestur á yngra ári er: Númi Kárasón.

Mestu framfarir á yngra ári

Alltaf að bæta sig sem knattspyrnumaður, gefur aldrei eftir þó að hann eigi við stærri og sterkari stráka við að eiga á vellinum. Hefur gaman af því sem hann er að gera, kappsamur og gefur sig allan í hvern einasta leik sem hann spilar. Hress og vinnusamur strákur sem getur náð langt. Mestu framfarir á yngra ári hlýtur: Elvar Frans Bjarnason.

Hugarfarsverðlaun 4. flokks karla

Birkir Örn Jónsson.

4. flokkur kvenna 2009

Tímabilið hjá 4. flokki kvenna var í einu orði sagt frábært. Flokkurinn hóf tímabilið með sigrum í A- og B-liðum á Goðamóti okkar Þórsara. Því næst fóru stúlkurnar í æfingaferð til Reykjavíkur sem tókst einkar vel. Eftir þennan góða undirbúning mættu stelpurnar fullar sjálftrausts til leiks í Íslandsmótið þar sem við sendum bæði A- og B-lið til leiks.

Skemmst er frá því að segja að báðum liðum gekk frábærlega og fór svo að A-liðið endaði í öðru sæti og töpuðu einungis einum leik, úrslitaleiknum. B-liðið tapaði einnig einungis einum leik en það var ekki úrslitaleikurinn og standa þær því uppi sem Íslandsmeistarar.

Stelpurnar kórónuðu svo gott sumar með öruggum sigri í A- og B-liðum á Íslandsbankamóti Þórs um síðast liðna helgi. Sannarlega frábær árangur hjá þessum einstaka hóp og verður spennandi að fylgjast með þeim í framtíðinni.

Best á eldra ári

Eins og svo oft áður átti þessi stúlka afburða gott tímabil og stefnir hraðbyri á landsliðs og meistaraflokksverkefni innan fárra ára. Framför hennar er stöðug og hugarfarið gott. Hún er vel að þessum titli komin þó svo að líklega hafi aldrei hafi verið jafn margar tilkallaðar fyrir þessa nafnbót. Best á eldra ári: Sandra María Jessen.

Framfaraverðlaun á eldra ári

Lygillega erfitt er að veita þessi verðlaun, enda framför stúlknanna allra mikil á tímabilinu sem var að enda. Þessi stúlka hins vegar sýndi gríðarlega mikla framför og er nú kominn á stall með allra efnilegustu leikmönnum félagsins. Framfaraverðlaun á eldra ári: Laufey Kristjánsdóttir.

Best á yngra ári

Hjá þessari stúlku er sannarlega góðu tímabili loki. Hún tók miklum framförum á öllum sviðum fótboltans og gekk vel innan vallar. Hún var ein fárra í sínum árgangi sem komst í a-lið flokksins sem sýnir styrk hennar. Best á yngra ári: Oddný Karólína Hafsteinsdóttir.

Framfaraverðlaun á yngra ári

Þrátt fyrir að margar stúlkur í þessum flokki hafi tekið miklum framförum þá var ekki erfitt að velja þessa stúlku til framfaraverðlauna. Framfarir hennar hafa verið með eindæmum miklar og hefur hún vaxið úr því að vera varamaður í B-liði í að verða lykilmáður í Íslandsmeistaraliði. Framfaraverðlaun á yngra ári: Guðrún Björg Björnsdóttir.

Hugarfarsverðlaun

Framlag þessarar stúlku innan og ekki síður utan vallar er oft vanmetið. Einstaklega heilsteypt stúlka sem hefur yfir miklum hæfileikum og góðu hugarfari að ráða. Með þessa hluti að vopni mun leiðin alltaf liggja upp á við hjá henni. Hugarfarsverðlaun 4. flokks kvenna Heiða Ragný Viðarsdóttir.

3. kk.

Léku í a-í sumar og áttu á köflum erfitt uppdráttar. Þegar liða fór á sumrið kviknaði þó neisti sem virtis ætla að vera nægur til að þeir héldu sæti sínu í a-deildinni, því miður fóru lið sem við vourm að komast upp fyrir þá að vinna leiki líka og varð því raunin að 3. kk. spilar í b-deild á næsta ári. Strákarnir enduðu þó tímabilið með miklum stæl þegar þeir urðu bikarmeistarar Norðausturlands eftir framlengdan leik og vítaspyrnukeppni.

Bestur á eldra ári: Marteinn Pálmason.

Mestu framfarir á eldra ári: Nebojsa Marijan.

Bestur á yngra ári: Orri Sigurjónsson.

Mestu framfarir á yngra ári: Hákon Hjartarson.

Hugarfars bikarinn: Steinar Maeinó Hilmarsson.

Jósepsbikarinn

Einnig er verðlaunaður leikmaður með framúrskarandi virkni, áhuga og ástundun, ásamt því að vera lykilmáður í A-liði í sumar. Hugarfar afreksmanns sem sem margir mættu taka til fyrirmyndar. Jósepsbikarinn fær Ingólfur Árnason.

3. kvk.

Tímabilið hjá 3.fl. var í senn erfitt, skemmtilegt og lærdómsríkt fyrir jafnt stelpur sem þjálfara. Seint í vetur var haldið í æfingaferð suður sem heppnaðist með eindæmum vel. Í vor var svo haldið í aðra æfingaferð á Akranes sem var mjög skemmtileg.

Í Íslandsmótinu voru send tvö lið til leiks í A- og B-liðakeppni. A-liðið hélt sér uppi í deildinni eftir mikla fallbaráttu og B-liðið stóð sig vel í b-liðakeppninni. Í bikarkeppni norður- og austurlands gekk stelpunum mjög vel og enduðu þær sumarið á að verða bikarmeistarar eftir baráttu sigur á Hetti á Egilsstöðum.

Best á eldra ári

Einstakur dugnaður á æfingum auk aukaæfinga tryggðu þessari stelpu ekki bara sæti í U17 ára landsliði Íslands í sumar, heldur einnig í meistaraflokkshóp Þór/KA þar sem nú er einungis spurning um hvenær hún fær tækifæri til að láta ljós sitt skína. Loks stóð hún sig gríðarlega vel með 3. flokki á árinu og er því vel að nafnbótinni komin. Best á eldra ári: Alda Karen Ólafsdóttir.

Framfaraverðlaun á eldra ári

Þessi stúlka leggur sig alltaf fram á öllum æfingum og er einn mesti baráttujaxl sem fyrirfinnst í yngri flokkum Þórs. Þetta tímabilið hefur æft mjög vel og uppskorið ríkulega því henni hefur farið gríðarlega fram á öllum sviðum fótboltans. Framfaraverðlaun á eldra ári: Guðrún Lilja Fossdal.

Best á yngra ári

Þessi stúlka er án efa eitt allra mesta efni sem komi hefur fram á síðustu árum í yngri flokkum Þórs. Hún hrellir varnir andstæðinganna með hraða sínum og leikni auk þess sem hún skorar ófá mörkin. Eftir frábæra frammistöðu með 3. flokki í sumar fékk hún fyrir nokkrum dögum sitt fyrsta tækifæri í mfl. Þór/KA sem hún nýtti að sjálfsögðu til að skora sitt fyrsta mark í meistaraflokki. Best á yngra ári: Katla Ósk Káradóttir.

Framfaraverðlaun á yngra ári

Þrátt fyrir að hafa átt í töluverðum meiðslum sem hafa haldið henni að nokkru leyti frá æfingum hefur þessi stelpu farið mikið fram. Hún braut sér síðsumars leið inn í a-liðið eftir góða frammistöðu með b-liðinu. Með sama áframhaldi verður hún ein af allra sterkustu leikmönnum flokksins næsta sumar. Framfaraverðlaun á yngra ári: Alma Skaptadóttir.

Hugarfarsverðlaun

Það var aldrei spurning hvert þurfti að leyta ef einhverja hjálp þurfti í 3.flokki kvenna. Alltaf var þessi stúlka tilbúin til aðstoðar. Ekki skemmir fyrir að þarna fer einstaklega hress og skemmtileg stúlka með fyrirmyndar hugarfar, ekki bara í fótbolta heldur í lífinu öllu! Hugarfarsverðlaun 3. flokks kvenna: Steinunn Bragadóttir.

Hugarfarsverðlaun allra yngri flokka kvenna

Einstaklega gaman er að veita þessum ódrepanði baráttujaxl þessi stærstu verðlaun kvennaflokkanna. Hugarfar hennar er einstaklega gott, innan sem utan vallar. Uppgjöf og aumingjaskapur er ekki til í dæminu. Hún er alltaf reiðubúin til hjálpar og það mun skila henni alla leið. Hugarfarsverðlaun yngri flokka kvenna: Amanda Mist Pálsdóttir.

Hugarfarsverðlaun allra yngra flokka Þórs í kk

Það fer ekki alltaf mikið fyrir þessum strák, en með réttu hugarfari, 100% mætingu á æfingar er honum alltaf að fara fram sem markmanni, spilaði alla leiki fyrir 11 manna liðið í sumar, þess vegna er það okkur þjálfurum mikil ánægja að hugarfarverðlaun allra yngri flokka Þórs í karla flokki hlýtur: Tryggvi Unnsteinsson.

Handknattleiksdeild Þórs

Hjá Handknattleiksdeild Þórs eru um 150 drengir sem æfa að staðaldri á aldrinum 6-18 ára, eða frá 8. flokk og upp í 3. flokk. Við erum í samstarfi við KA varðandi stúlkurnar, þeir sjá um þjálfun og utanumhald en við tökum fullan þátt í rekstrarkostnaði.



Allar æfingar fara fram í Íþróttahúsi Síðuskóla og erum við æfingar alla daga vikunnar. Á launaskrá hjá okkur eru 5 aðalþjálfarar og 4 aðstoðarþjálfarar sem skipta með sér flokkunum.

6.-3. flokkur taka þátt í Íslandsmóti og 3.-4. flokkur taka einnig þátt í bikarkeppni. Allra yngstu flokkarnir þ.e. 7-8 flokkur taka einungis þátt í litlum mótum ásamt Völsung og KA þar sem markmiðið er fyrst og fremst að koma saman og spila handbolta og skemmta sér. Liðin hafa skipst á að halda þessa mót og er reynt að hittast þrisvar yfir veturinn.

Við höfum í samstarfi við KA haldið 2 mót að vetri, annað fyrir drengi og hitt fyrir stúlkur. Þetta er góð fjáröflun fyrir bæði félögin og nauðsynlegt fyrir okkur að fá að halda svona mót þar sem okkar börn þurfa að ferðast býsna mikið yfir veturinn og gott ef við getum náð einu móti heima.

Í öllum flokkum eru foreldraráð sem meðal annars sjá um að skipuleggja fjáraflanir og aðstoða við ferðir. Við erum svo heppin að búa vel að góðu fólki sem er tilbúið til að aðstoða okkur með þessa vinnu.

Við erum fjögur sem störfum í unglingaráði. Okkar starf felst meðal annars í því að ráða þjálfara og aðstoðarþjálfara, raða niður tímum, safna styrkjum og skipuleggja mót og aðra viðburði sem tengjast deildinni, og svo náttúrulega almennt utanumhald og samskipti við önnur félög.

Unglingaráð Þórs:

Hörður Sigurharðarson, formaður
Vigdís Rafnsdóttir, varaformaður
Linda Guðmundsdóttir, gjaldkeri
Sverrir Torfason, meðstjórnandi



Körfuknattleiksdeild Þórs 2008

Árið 2008 fór vel af stað hjá körfuknattleiksdeild Þórs. Karlalið félagsins lék undir stjórn Hrafns Kristjánssonar fjórða árið í röð og voru nýliðar í efstu deild. Liðið var skipað sama kjarna heimamanna og undanfarin ár auk þriggja öflugra erlendra leikmanna og komst liðið í úrslitakeppina í fyrsta sinn í fjölda ára þar sem það féll út í tveimur leikjum gegn Keflavík sem um vorið hömпуðu Íslandsmeistaratitlinum.

Meistaraflokkur kvenna hafði á ungu liði að skipa í 1. deild kvenna undir stjórn Bjarka Ármanns Oddssonar og var árangurinn með ágætum, 6 sigrar og 10 töp sem skilaði liðinu í 5. sæti af 9 liðum.

Rekstrarlega gekk áfram vel og staða deildarinnar ásættanleg við lok keppnistímabilsins. Körfuknattleiksdeildin hefur unnið eftir þeirri stefnu til margra ára að greiða íslenskum leikmönnum ekki laun og þjálfarakostnaður er með því lægsta sem gerist innan körfuknattleikshreyfingarinnar. Eiga leikmenn og þjálfarar hrós skilið fyrir þann skilning og samstöðu sem þeir hafa sýnt.

Það er óhætt að segja að mikið hafi gengið á hjá karlaliðinu keppnistímabilið 2008-2009. Eftir gott gengi tímabilið á undan var lagt upp með miklar væntingar og hóp sem án tvímæla átti að geta náð inn í úrslitakeppnina annað árið í röð. Miklu var tjaldað til og þrír erlendir leikmenn í herbúðum liðsins rétt eins og árið á undan. Þeir voru varla búnir að taka upp úr töskunum þegar efnahagsógæfan dundi yfir landið og var fljótlega ákveðið að senda tvo evrópska leikmenn heim en halda í Bandaríkjamanninn Cedric Isom sem lék svo frábærlega með liðinu árið á undan. Staða liðsins var þó ásættanleg um áramót (4 sigrar og 7 töp) þrátt fyrir mikil meiðsli lykilmanna og átti Cedric stóran þátt í því.

Kvennalið félagsins var með lítið breytt lið frá árinu á undan og áfram undir stjórn Bjarka Ármanns Oddssonar. Liðið fór illa af stað en óx ásmegin eftir því sem leið á tímabilið. Liðið tapaði öllum leikjum sínum haustið 2008.

Á Opnu húsi í október 2008 fékk Árni K. Bjarnason silfurmerki félagsins eftir áralangt starf, m.a. veitti hann unglingsráði körfuknattleiksdeildar forstöðu til fjölda ára. Í lok árs á uppskeruhátíðinni

Við áramót hlaut Ómar B. Aspar silfurmerki en hann hefur starfað af kappi fyrir félagið um langt árabil, setið í stjórnun, þjálfað yngri flokka og dæmt fjölda leikja.

Stjórn körfuknattleiksdeildar skipuðu Kári Þorleifsson, (formaður), Ómar B. Aspar (gjaldkeri) og meðstjórnendurnir Guðjón Kristjánsson, Jóhann Jónsson, Jón Ingi Baldvinsson, Linda Heiðarsdóttir og Lúdvík Sæmundsson.

Yngri flokka starf félagsins var með hefðbundnu sniði og undanfarin ár og iðkendur á bilinu 80-90. Í nokkur ár hafa þeir Stefán E. Jónsson og Búi Ármannson haldið lífinu í unglingsstarfinu og staðið sig með miklum ágætum. Þjálfarar unglingsráðs 2008-2009 voru Ragnar Sigurðsson (dregjaflokkur), Einar Valbergsson (9-10 flokkur), Baldur Már Stefánsson (8. flokkur), Böðvar Kristjánsson (Minnibolti drengja) og Linda Heiðarsdóttir (Minnibolti kvenna).



Áhorfendur fagna sæti í úrslitakeppni 2008.



Linda Heiðarsdóttir, körfuknattleiksmaður Þórs 2009.

Körfuknattleiksdeild Þórs 2009

Árið 2009 byrjaði afar illa hjá meistaraflokki karla og töpuðust fyrstu 7 leikir ársins. Liðið saknaði Cedric Isom sárlega en hann meiddist í síðasta leik ársins 2008 og átti ekki afturkvæmt þar sem bati hans eftir handaraðgerð varð mun hægari en læknað bjuggust við. Meiðsli héldu áfram að leika hópinn grátt og voru tveir erlendir leikmenn fengnir til að styrkja liðið en það dugði ekki til og mörg tækifæri glutruðust til að ná þeim eina sigri sem upp á vantaði til að halda sætinu í deild þeirra bestu. Liðið féll því í 1. deild eftir langt og erfitt keppnistímabil þar sem flest það sem gat farið úrskaiðis fór úrskaiðis.

Meistaraflokkur kvenna fór í gegnum tímabilið án sigurs þrátt fyrir framfarir og töpuðust nokkrir leikir með grátlega litlum mun.

Rekstur deildarinnar gekk verr en undanfarin ár og munaði þá mest um gengishrun íslensku krónunnar auk þess að fjármögnunarleiðum fækkaði við efnahagshrunið. Við því var brugðist af ábyrgð og er öllum útgjöldum haldið í lágmarki og verður svo áfram þar til jafnvægi næst aftur í reksturinn.

Báðir meistaraflokkar félagsins mættu til leiks með mikið breytt lið í haust og nýja þjálfara í brúnni. Eftir að karlaliðið féll vorið 2009 var það sameiginleg ákvörðun stjórnar og Hrafns Kristjánssonar að hann léti af störfum eftir 5 góð ár með liðið og tók hann við liði Breiðabliks í Iceland Express deild karla. Þá ákvað Bjarki Ármann Oddsson að hætta með kvinnaliðið og Ísfirðingurinn Baldur Ingi Jónasson að taka við liðinu. Bjarki fór þó ekki langt heldur leiðir karlaliðið í 1. deildinni auk þess að þjálfar Minnibolta drengja. Böðvar Kristjánsson, fyrrum leikmaður meistaraflokks karla og margreyndur þjálfari yngri flokka tók við meistaraflokki karla.

Í kjölfar þess að meistaraflokkur karla féll í 1. deild fylgdu miklar breytingar á leikmannahópnum og af þeim 9 leikmönnum sem skiluðum okkur flestum mínútum keppnistímabilið á undan var Bjarki Ármann einn verið eftir í okkar herbúðum í upphafi nýs tímabils í haust. Það var því snemma ljóst að Böðvars byði erfitt verkefni við að púsla saman nýju lið og var liðið í botnbaráttu 1. deildar undir lok árs 2009.

Á sama tíma og karlaliðið hefur átt í basli hefur kvinnaliðið tekið miklum framförum og barðist í lok ársins 2009 um efstu sætin í 1. deild kvenna. Leikin er þreföld umferð (15 leikir) og eftir deildarkeppnina munu tvö efstu liðin leika um sæti í úrvalsdeild að ári. Baldur Ingi Jónasson er að gera góða hluti með stelpurnar og það er eftir því tekið í bænnum. Umgjörðin utan um kvinnaliðið og þeirra leiki hefur verið bætt umtalsvert og mæting á leikina hefur verið mjög góð. Það er vonandi að þetta sé bara fyrsta skrefið og muni smita út frá sér og vekja áhuga stelpna á að byrja að æfa körfubolta. Það bíður því mikið en skemmtilegt verk á næstu árum, að skapa aðstæður fyrir öflugum yngri flokka í kvinnakörfunni hér á Akureyri.

Sem áður sagði hefur körfuknattleiksdeildin aðlagð sig að erfiðara rekstrarumhverfi og heldur útgjöldum í lágmarki. Vel gengur að mæta þeim hallarekstri sem deildin fór í gegnum tímabilið 2008-2009 og verður þeirri stefnu fylgt áfram. Stjórn Körfuknattleiksdeildar Þórs 2009-2010 skipa Kári Þorleifsson (formaður), Rúnar Haukur Ingimarsson (varaformaður), Ómar B. Aspar, (gjaldkeri) og meðstjórnendurnir Guðjón Kristjánsson og Linda Heiðarsdóttir.

Á áramótafagnaði Íþróttafélagsins Þórs í loks ársins 2009 voru Bergljót Sigurðardóttir og Davíð Ómar Þorsteinnsson sæmd silfurmerki Þórs fyrir áralangt starf fyrir unglingaráð félagsins og Einar Steindór Valbergsson, leikmaður félagsins til fjölda ára og núverandi þjálfari yngri flokka, hlaut sömuleiðis silfurmerki fyrir vinnu sína á ýmsum sviðum fyrir félagið.

Eins og fram kom hér ofar hafði unglingarstarf félagsins verið á fárra höndum og þörf á því að fjölga stjórnarmönnum verulega. Úr var að fjölmenn og öflugt stjórn tók við, setti sér skýr markmið fyrir starf komandi ára og bundust fastmælum um að starfa til fimm ára. Nú þegar hefur iðkendum fjölgað og spennandi tímar framundan í unglingarstarfinu. Unglingaráð skipa þeir Ágúst Guðmundsson (formaður), Hrafn Jóhannesson (varaformaður), Þorgils Sævarsson (ritari), Þorvaldur Örn Arnarsson (gjaldkeri) og meðstjórnendurnir Jón Ingi Baldvinsson, Baldvin Sigurðsson, Lúðvík Sæmundsson, Einar Örn Aðalsteinsson og Óðinn Ásgeirsson. Þjálfarar unglingaráðs 2009-2010 eru Wesley Hsu (drengjaflokkur), Einar Valbergsson (9.-10. flokkur karla), Baldur Már Stefánsson (8. flokkur karla), Bjarki Ármann Oddsson (Minnibolti karla, yngri hópur), Sævar Ingi Rúnarsson (Minnibolti karla, eldri hópur) og Erna Rún Magnúsdóttir, (Minnibolti stúlkna).

Það vakti nokkra athygli haustið 2009 að körfuknattleiksdeildin skildi ákveða að spila leiki beggja meistaraflokkanna í Síðuskóla eftir að hafa barist fyrir parketi í Höllina á undanförunum árum. Við spiluðum í Höllinni árið á undan og líkandi leikmönnum það einkar vel. Því er skiljanlegt að þessi ákvörðun hafi vakið furðu margra. Þegar undirbúningstímabilið fór af stað í sumar kom þó fljótlega sú ósk frá þjálfara og leikmönnum m.fl. karla að liðið myndi leika heimaleiki sína í Síðuskóla í vetur. Ástæðan var einkum sú að menn sáu fram á að æfa mest í Síðuskóla og töldu því eðlilegt að spila þar

sem liðið æfir mest. Þó ánægja ríki með parketið á höllinni þá hefur notagildi hússins minnkað eftir framkvæmdirnar þar sumarið 2008. Hliðarkörfurnar eru ónothæfar sem takmarkar körfuknattleiksæfingar mjög og við söknum sárlega neðri stúkunnar, sem skapar stemningu og nálægð áhorfenda við leikinn. Þá tók ákvörðunin mið af því að liðið féll úr efstu deild í vor og við sjáum í kjölfarið fram á að áhorfendum myndi fækka töluvert, eins og raunin hefur orðið. Höllin eins og hún er í dag gleypir þann áhorfendafjölda sem mætir á leiki í 1. deildunum, nær ómögulegt er að skapa stemningu á leikjum þar á meðan auðveldara er að ná upp stemningu þar sem fólk situr þétt saman í Síðuskóla. Ákvörðun gildir þó aðeins þennan veturinn og verður endurskoðuð í sumar. Er það von körfuknattleiksdeildar Þórs að neðri stúkan og hliðarkörfur komi fljótlega í Höllina og þar sjáum við fyrir okkar að leika í framtíðinni.



Stelpurnar fagna sigri.

Körfuknattleiksdeild Þórs vill að koma á framfæri þökkum til allra þeirra fjölmörgu sem lagt hafa hönd á plóg með okkur í ýmiskonar fjáröflunum á undanförunum misserum. Blómasala, uppskipun, málningarvinna, pítsusala, tjaldstæðagæsla, stólauppröðun, garðsláttur, harðfisksala og fleira mætti nefna, hundruðir sjálfboðavinnustunda liggja þarna að baki og er deildin afar þakklát öllum þeim sem hafa komið að þessu með okkur. Þá má ekki gleyma öllum okkar góðu styrktaraðilum auk 6. Mannsins, stuðningsmannaklúbbum sem er deildinni ómetanlegur. Allar helstu upplýsingar um starf deildarinnar má finna á heimasíðu félagsins www.thorsport.is og Tölvupóstfang körfuknattleiksdeildarinnar er karfan.stjorn@thorsport.is

Tae-kwo-do deild 2008

Tae-kwo-do deild þórs er litil en samt öflug deild sem vinnur verk sín í hljóði en samt vinnur þau vel og þar eins og víða í starfi Íþróttafélagsins Þórs er máttur foreldrana mikill og ánægjulegt að sjá hvað það breytti miklu fyrir þessa yngstu deild okkar Þórsara að komast í eigið húsnæði. Það er virkilega ánægjulegt að fylgjast með starfi deildarinnar og ég fyllist aðdáun þegar ég sé þessa ungu krakka sem þó eru í ábyrgðarstöðum í stjórn deildarinnar vinna þau verk er vinna þarf þó eins og áður segir með dyggum stuðningi foreldra sinna. Á árinu 2008 varð deildin 10 ára og það er enginn ástæða til annars en að ætla að þessi deild eina Tae-kwon-do deildin á landsbyggðinni eigi ekki bjarta framtíð fyrir sér. Hún þarf á stuðningi okkar að halda og sem og með allar deildir félagsins segi ég, mun hún fá þann styrk.

Tae-Kwon-do deild 2009

Litla deildin okkar spjarar sig sem aldrei fyrr. Það er svo gaman að fylgjast með krökkunum sem æfa þessa íþrótt. Aginn, virðingin fyrir íþróttinni sem og eljusemin er aðdáunarverð og með hverju árinu sem líður með deildina hér í Hamri staðfestist enn frekar og sannfærast ég æ betur um hvað það var hárétt ákvörðun stjórnar félagsins að búa deildinni aðstöðu hér hjá okkur. Deildin er ung og það fer ekki mikið fyrir henni en ábyrgðin er mikil og iðkendur deildarinnar eru glæsilegir fulltrúar Þór hvar sem þau koma til keppni og trúi ég því staðfastlega að með tíð og tíma muni deildin eflast og dafna sem ein af skrautfjöðrum okkar Þórsara.



Akureyri handboltafélag

Ársskýrsla 2008-2009

Fyrir keppnistímabilið 2008-9 var mikil óvissa um framtíð liðsins erfið fjárhagsstaða, margir leikmenn farnir, enginn þjálfari og engin stjórn. En í byrjun júní var ákveðið að blása í herlúðra og halda starfseminni áfram þrátt fyrir erfiðleika. Ellefu leikmenn höfðu yfirgefið félagið sem eðlilega var mikil blóðtaka. Maður kemur í manns stað og gekk ágætlega að fá nýja leikmenn, nokkrir gamlir komu til baka og ungir leikmenn fengu tækifæri. Ný stjórn var skipuð og hennar fyrsta verk var að ráða Rúnar Sigtryggsson sem þjálfara, skipt var um heimavöll og fór félagið að spila í Íþróttahöllinni. Við það fjölgaði áhorfendum þó nokkuð og má segja að heimavöllur Akureyrar handb. félags sé einn sá öflugasti á landinu. Að meðaltali voru um 750 áhorfendur á leik. Vinna þarf í því að bæta aðstöðu félagsins með því að koma upp skrifstofu og lagerplássi ásamt aðstöðu fyrir ársmiðahafa. Alltof mikill tími fer í standsetningu fyrir leiki og svo frágang eftir þá.

Keppnistímabilið 2008-9 byrjaði á því að Akureyri handboltafélag hafnaði í 3. sæti á Reykjavíkurmótinu í byrjun sept. Eftir 7. umferðir á Íslandsmótinu voru Oddur Grétarsson og Hafþór Einarsson valdir í úrvalslíð umferða 1-7 og var Akureyri handboltafélag verðlaunað fyrir bestu umgjörð heimaleikja. Liðið var á toppi deildarinnar eftir átta umferðir með 12 stig eftir að hafa unnið sex leiki í röð. En þá fór að halla undan fæti og endaði liðið í sjötta sæti deildarinnar en við útefningu á úrvalslíði umferða 15-21 fékk Akureyri handboltafélag aftur verðlaun fyrir bestu umgjörð heimaleikja. Á lokahófi HSÍ fékk Hafþór Einarsson markvörður liðsins Háttvísisverðlaun HDSÍ.

Á lokahófi félagsins í lok apríl var Hafþór Einarsson valinn besti leikmaður tímabilsins og Oddur Grétarsson efnilegastur.


2. fl. félagsins stóð sig frábærlega og varð deildarmeistari en tapaði úrslitaleikjunum um Bikarmeistartítilinn og Íslandsmeistaratítilinn.

Árni Þór Sigtryggsson var valinn til æfinga með íslenska landsliðinu vorið 2009 fyrir leiki í undankeppni EM í Austurríki.

Oddur Grétarsson spilaði með 3 landsliðum á árinu u18, u20 og 2012 landsliðum Íslands og lenti Oddur í 2. sæti á HM u18 í Túnis. Heiðar Þór Aðalsteinsson og Anton Rúnarsson spiluðu báðir með u20 liði Íslands og stóðu þeir allir sig með miklum sóma.

Rekstur félagsins hefur batnað til muna og þrátt fyrir erfiða stöðu sjáum við fram á bjartari tíma. Enn eru nokkrar skuldir á félaginu en unnið er í því að klára þær.

Keppnistímabilið 2009-10 hófst á því að Akureyri tók þátt í Ragnarsmótinu á Selfossi og hafnaði þar í 2. sæti af 6 liðum. Liðið tók einnig þátt í Hafnarfjarðarmótinu og hafnaði þar líka í 2 sæti. Nú um áramót er liðið í 3. sæti deildarinnar og í hörkubaráttu um sæti í úrslitakeppninni í vor en þar munu fjögur efstu liðin spila. Jónatan Þór Magnússon var valinn í úrvalslíð N1 deildarinnar fyrir umferðir 1-7 og fékk Akureyri líka verðlaun þar fyrir bestu umgjörð heimaleikja. Liðið tók þátt í deildarbikarnum milli jóla og nýárs og hafnaði þar í 2. sæti eftir dramatískan úrslitaleik við Hauka. Vonast er til þess að liðið verði í einu af fjórum efstu sætum deildarinnar og komist þar með í úrslitakeppnina um Ísl.meistara.



Oddur Grétarsson, var í U-19 ára landsliði Íslands sem fékk silfurverðlaunin á heimsmeistaramótinu í Túnis síðastliðið sumar.



Gestur Einarsson ásamt leikmönnum tímabilsins 2008-2009, Hafþór Einarsson besti leikmaðurinn, Oddur Grétarsson efnilegasti leikmaðurinn, Jónatan Magnússon besti sóknarmaðurinn og Heinn Hauksson besti varnarmaðurinn.

*F.h. Akureyri handboltafélag
Hannes Karlsson
Gestur Einarsson*



Bílaklúbbur Akureyrar Ársskýrsla 2008

Aðalfundur B.A. var haldinn 1. mars 2008 í Rósenborg, formenn deilda voru kjörnir ásamt húsverði og er stjórn félagsins á þessa leið:

Kristján Þ Kristinsson, formaður
Anton Ólafsson, varaformaður
Þórður Helgason, gjaldkeri
Björgvin Ólafsson, aðstoðar gjaldkeri
Garðar Sigurðsson, ritari
Haukur Sveinsson, fjölmiðlafulltrúi
Sigurður Ágústsson, eignarvörður
Gísli Víðisson, meðstjórnandi
Einar Birgisson, húsverður


Mikil vinna var lögð í hönnun og skipulagningu á Akstursíþróttasvæði félagsins og ÍBA ítrekar til Akureyrarbæjar að gerður sé við okkur samningur samkvæmt samningi bandalagsins við Akureyrarbæ. Landsvæðaráð vinnur hörðum höndum að klára undirbúningsvinnu og vinnur að rekstar- og uppbyggingaráætlun. Skóflustunga í bígerð á árinu en sökum tafa við frágang svæðisins og kærumála frá hestamönnum þá varð ekki að henni.

Greifatorfæran var haldin um Hvítasunnuhelgina sem var snemma í maímánuði þetta árið og fengum við vetrarveður með slyddu og mikilli drullu. Það kom ekki niður á keppnishaldi sem slíku enda torfæru-

bílar á ferð en áhorfendafjöldi var heldur minni en undanfarin ár sökum kulda. Veðrið var þó ekki brattasta brekkan þetta árið, því „vinir“ okkar og „samstarfsmenn“ í LÍA ákváðu upp á sitt einsdæmi að ekki hentaði að þessi fyrsta keppni ársins færi fram og neituðu að gefa út keppnisleyfi þrátt fyrir að keppnisdagatalið væri löngu samþykkt.

Nú hófst ein magnaðasta atburðarrás sem formaður jeppadeildar hefur orðið vitni að, því við vorum farnir að auglýsa keppnina í ljósvakamiðlum þegar hér var komið við sögu og það var ekki í myndinni að slaufa öllu. Gamla þrjóskan tók sig upp og á þessum tíma höfðu viðræður um myndun sérsambands akstursíþróttamanna verið þokukenndar, en nú var ekki lengur við það unað að þröng sérhagsmunaklíka á höfuðborgarsvæðinu héldi öllu mótorspoti á Íslandi í gíslingu. Þegar 10 dagar voru til stefnu og allt var orðið vitlaust, samgönguráðuneytið breytti lögum fram og til baka og ÍSÍ reyndi að ná miðlamálum en þessu lauk ekki fyrr en forsvarsmenn BA náðu samkonulagi við félög í sérsamböndum ÍSÍ og forsvarsmönnum LÍA um að undirrita samstarfsyfirlýsingu og LÍA ákvað að sameinast okkar tillögum um stofnun sérsambands innan ÍSÍ. Eftir það var gefið út keppnisleyfi en LÍA menn náðu þó að blekkja okkur með vægi keppinnar og gildi því keppnin ekki til íslandsmeistara þetta árið. Við tókum og verðlaunuðum okkar keppendur því með veglegu verðlaunaféi sem ekki var leikið eftir það sumarið. Um hvítasunnuhelgina héldum við einnig sandspyrnu keppni á nýja landsvæðinu okkar og var þáttaka þar með allra besta móti. Aðstæður voru góðar og nokkur Íslandsmet litu dagsins ljós.

Bíladagar fóru að venju fram í kringum 17. Júní sýningu félagsins og heppnuðust þeir mjög vel. Met voru sett í miðasölu á alla viðburði og Götuspyrnan varð sú allra stærsta til þessa og þá sérstaklega í flokki 8 cyl. bíla en þúsindir áhorf-





enda horfðu þar á stærsta og fjölmennasta íþróttaviðburð sem haldin hafði verið á Akureyri og gerðu sér glaðann dag á vel heppnaðri spyrnukeppni. Þar bar hæst æsispennandi barátta í 8 cyl flokki sem endaði með sigri Björgvins Ólafssonar sem hlaut svo um haustið titilinn Akstursíþróttamaður Bílklúbbs Akureyrar 2008 eftir að hafa sigrað í öllum mótum sem hann tók þátt í um árið ásamt því að hafa sett Íslandsmet í Sand- og Götuspyrnu. Fjölmíðlar sóttu töluvert til okkar við aðdragenda Bíladaga 2008 þar sem forsvarsmenn tjaldsvæða á Akureyri sáu sér ekki fært að bjóða alla velkomna til Akureyrar og þótti okkur það mjög leitt og þá sér ílagi sökum þess að yfir 12 þús. gestir voru að sækja okkur heim þessa daga og við eins og fyrr höldum þennan viðburð án stuðning bæjarins eða annara

rekstraraðila hér í bæ. Þetta var þó tæklað á jákvæðninni eins og annað í okkar félagsstarfi og við buðum að sjálfsögðu allan velkomna í bæinn.

Sandspyrnukeppni II var haldin 19. Júlí og þar hélt spennandi barátta áfram í mörgum flokkum. Slegin 3 Íslandsmet þann daginn, þar á meðal má nefna nýsett met í flokkum Fjórhjóla og Sérsmíðaðra Ökutækja og hafði eftir daginn myndast mikil spenna í Íslandsmótinu

2. Ágúst var haldin 3. og síðasta Sandspyrnukeppni sumarsins og Íslandsmótið klárað með krafti. 29 keppendur voru skráðir til leiks og voru sett 2 glæsileg Íslandsmet annarsvegar í Fólksbílafokki og hinsvegar var aftur slegið nýsett met í flokki Sérsmíðaðra Ökutækja.

Um haustið var svo keppnistímabilið gert upp með fyrsta lokahófi Akstursíþróttanefndar ÍSÍ og sáum við um það fyrir hönd ÍSÍ með glæsilegri veislu og afhendingu Íslandsmeistararitla í Sjallanum. Íslandsmeistarar BA voru 17 talsins og Björgvin Ólafsson og Ragnar Róbertsson úr BA fengu tilnefningu til Akstursíþróttamanns ársins hjá ÍSÍ ásamt því að Regína Einarsdóttir úr BA var kjörin Akstursíþróttakona ársins.

Kristján Þ. Kristinsson, formaður Bílklúbbs Akureyrar





Bílaklúbbur Akureyrar Ársskýrsla 2009

Aðalfundur B.A. var haldinn 14. mars 2009 í Rósenborg. Stjórnarmenn BA eru þessir:

Kristján Þ Kristinsson, formaður
Anton Ólafsson, varaformaður
Þórður Helgason, gjaldkeri
Björgvin Ólafsson, aðst. gjaldkeri
Grétar Óli Ingþórsson, fjölmiðlafulltrúi
Garðar Sigurðsson, ritari
Halldór Hauksson, meðstjórnandi
Sigurður Ágústsson, eignarvörður
Stefán Örn Steinþórsson, húsvörður

Árið 2009 hélt Bílaklúbbur Akureyrar upp á 35 ára starfs-
afmæli sitt og ber þar hæst að nefna langþráða skóflustungu
sem tekin var á landsvæði félagsins þann 28. Maí. Skóflu-
stunguna tóku Kristján Þ. Kristinsson formaður Bílaklúbbs
Akureyrar, Kristján Möller Samgönguráðherra og Hermann
Jón Tómasson formaður bæjarráðs. Það var fjöldi manns
sem tók þátt í þessum viðburði með okkur og buðum við upp
á afmæliskaffi í félagsheimilinu okkar að athöfn lokinni.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar átti að vera búið að
ganga frá uppbyggingarsamningi við félagið fyrir þennan
viðburð en við vorum beðnir afsökunar á því rétt fyrir við-
burðinn að hann væri ekki tilbúinn en myndi klárast á næstu
dögum. Ekki hefur verið gengið frá þessum samningi í dag
en það er okkar trú að hann hljóti nú að verða tilbúinn til
undirskriftar á næstu dögum.

Í framhaldi af skóflustunginni héldum við okkar árlegu
Hvítasunnuveislu með Greifatorfærinni og Sjallasandsþyrn-
inni. Báðar keppnir voru liður í Íslandsmeistaramótinu og
tókust með eindæmum vel. Við héldum einnig í tilefni af
afmæli okkar fyrstu „Old Boys“ torfærukeppni sögunnar og
var það hin mesta skemmtun. Sigurvegari afmælistorfær-
unnar var Akureyringurinn Einar Gunnlaugsson sem keppti
á sínum gamla bíl og gjörsigraði yngri kynslóð torfærunnar
og BA maðurinn Gunnar Pálmi Pétursson sigraði í Old Boys
keppninni.

Júní þetta ár var hlaðinn verkefnum sem fyrr og við héld-
um langstærstu Bíladaga frá upphafi. Enn voru sleginn öll
met í fjölda keppenda sem og áhorfenda og voru gestir
Bíladaga 2009 nú yfir 15 þús. talsins. Bíladagar hafa nú end-
anlega sannað sig sem langstærsti staki íþróttaviðburður
landsins. Til þess að tryggja það að allir okkar gestir yrðu að
þessu sinni velkomnir tóku við rekstur tjaldsvæðisins við
Þórunnarstræti yfir þessa daga og gekk sá rekstur með ein-
dæmum vel – enda gestir Bíladaga með eindæmum almenni-
legt fólk sem kemur hingað til þess að eiga ánægjulega daga í
okkar yndislega bæ.





Sandspyrna II var haldin þann 1. ágúst og voru 32 keppendur skráðir til leiks. Keppni þessi var um verslunarmannahelgina og var einkar skemmtileg og spennandi keppni. Íslandsmet í flokki mótörhjóna 500cc+ þegar Björn B. Steinarsson bætti eigið met í 4,532 sek.

Þann 5. September var komið að 3. og síðustu sandspyrnunni í Íslandsmótinu og var ákveðið að halda hana í Hrauni í Ölfusi, enda margir félagsmenn BA og áhugamenn um sandspyrnu búsettir á Selfossi. Félagsmenn BA fjölmenntu suður með allan sinn búnað til að halda sandspyrnu við ókunnugar aðstæður og tókst það með ágætum en tæpt var að næðist að klára keppnina sökum snarpra skila milli flóðs og fjöru. Alls voru 47 keppendur skráðir til leiks og mikið af gríðarlega öflugum tækjum sem háðu hörkukeppni. Þrjú Íslandsmet féllu þegar Þorgeir Ólason og Jón Kr. Jacobsen settu met í sitthvorum hjólaflokknum og Leifur Rósenbergsson setti glæsilegt Íslandsmet 4,051 sek í flokki sérsmíðaðra ökutækja.

Í kvartmílu kepptu þónokkrir félagsmenn BA og þrátt fyrir aðstöðuleysi hér heima stóðu félagsmenn sig vel og náðu mjög góðum árangri. Helst ber þar að nefna Ragnar S. Ragnarsson sem varð Íslandsmeistari í MC flokki 3. árið í röð og hlaut nafnbótina Akstursíþróttamaður BÍlaklúbbs Akureyrar 2009. Ragnar var einnig tilnefndur til akstursíþróttamanns ársins hjá ÍSÍ ásamt 4 öðrum félögum úr klúbbum.

BÍlaklúbbur Akureyrar átti 18 Íslandsmeistara árið 2009 sem er gríðarlega góður árangur og þá sér í lagi þar sem þessi árangur er allur settur í einstaklingskeppni.

Fornbíladeildin setti skemmtileg svip sem fyrr á bæjarlífið en hún stóð fyrir vikulegum rúntum allt sumarið ásamt því að far í í nokkrar helgarferðir um norðurland.

Af starfi þessa afmælisárs ber langþráð skóflustunga á landsvæðinu okkar uppúr og er það okkar trú að verðandi aðstæða þar fyrir íþróttamenn okkar eigi eftir að reynast bænum okkar gríðarleg lyftistöng jafnt fyrir afreks- og félagsmenn okkar sem og bæjarfélagið í heild.

Kristján Þ. Kristinsson, formaður BÍlaklúbbs Akureyrar





Skotfélag Akureyrar

Ársskýrsla 2008

Skýrsla stjórnar 2008

Stjórn SA 2008:

Björn Snær Guðbrandsson, formaður
Sigurður Áki Sigurðsson, varaformaður
Guðmundur Brynjarsson, gjaldkeri
Gyða Árnadóttir, ritari
Guðlaugur Bragi Magnússon, meðstjórnandi

Árið 2008 var ágætt hjá Skotfélagi Akureyrar. Reksturinn gekk vel, engar stórframkvæmdir og engin stórtíðindi. Helstu framkvæmdir voru endurgerð á pallinum við félagshúsið, lagfæring á bílaplani og úrbætur á frárennismálum vegna leysingavatns sem hefur safnast við riffilvöllinn.

Á síðasta ári sá félagið alfarið um verklega hluta skotvopnánámskeiða sem veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunar sér um. Síðustu ár hafa starfsmenn veiðistjórnunarsviðs séð um verklega hlutann líka en nú varð breyting á. Í tengslum við námskeiðin fjárfesti félagið í tveimur rifflum með hlaupvídd 6,5*55 og er nú sjálfhjarga í námskeiðahaldi en fyrir átti félagið tvær haglabyssur, fjóra 22 cal. riffla og tvær loftskammbyssur.

Vinna við deiliskipulag svæðisins er nú lokað og fékk félagið um 8 mkr. rukkun vegna þessa. Við höfum þegar sent bæjarráði bréf þar sem óskað er eftir niðurfellingu á gjaldinu. Við reiknum fastlega með að bæjarráð verði við þessari beiðni.

Á lokahófi félagsins í september var skotmaður ársins 2008 tilnefndur og var það Finnur Steingrímsson sem hlaut þá viðurkenningu. Finnur var svo tilnefndur af Skotfélagi Akureyrar til íþróttamanns ársins á Akureyri.

Félagið varð fyrir tjóni í september þegar turninn á gamla vellinum fauk um koll. Það varð óverulegt tjón á turninum sjálfum en kastarinn skemmdist töluvert og óvíst hver endanlegur kostnaður vegna þessa verður. Þetta tjón fellur á félagið þar sem tryggingarnar náðu ekki að dekkja það. Við höfum reyndar óskað eftir tillögum frá tryggingafélaginu um hvernig sé hægt að dekkja sambærileg tjón en höfum ekki fengið nein viðbrögð ennþá. Félagið lenti í öðru tjóni á árinu. Vatnsleiðsla í félagshúsinu gaf sig og við það urðu töluverðar vatnsskemmdir. Tryggingafélagið þráaðist lengi við en hefur nú viðurkennt bótaskyldu og eru samningaviðræður í gangi um uppgjör.

Það var farið að glitta í lausn á inniaðstöðuvanda Skotfélags Akureyrar en bankahrúnið setti strik í reikning. Strikin urðu eiginlega tvö. Aðstaðan sem við reiknuðum með er hluti af núverandi aðstöðu Vaxtaræktarinnar í höllinni. Vaxtaræktin ætlaði að færa sig um set í nýtt húsnæði en því hefur seinkað vegna bankahrunsins. Hitt „strikið“ er samdráttur í útgjöldum



Horft yfir riffilvöllinn og félagsheimilið.



Skeetvellirnir.



Skammbyssuskotfimi.

Akureyrarbæjar til m.a. íþróttamála. Það verður erfiðara um vik að fá eitthvað í gegn sem krefst einhverra útgjalda hjá Akureyrarbæ. Málið er sem sagt í bið í dag en við vonumst til þess að þetta skýrist fyrir haustið.

Við höfum haldið áfram að bæta kúlugreinaaðstöðuna og hafa félagsmenn verið duglegir við að koma með ábendingar um hvað betur megi fara. Við bættum við tveimur lausum borðum sem hægt er að setja upp við skammbyssulúgurnar og náum þar með betri nýtni á húsið. Við settum enn fremur upp grindur á ríffilbrautinni við 50, 100, 150 og 200 metra markið. Þetta einfaldar mönnum að setja upp skotskífur á þessum vegalengdum.

Síðasta ár var fyrsta árið sem sportingvöllurinn var í gangi og er óhætt að segja að ásókn í hann hafi verið mikil á árinu. Það er einfalt að breyta flugi dúfnanna og því er þetta frábært æfingarsvæði fyrir alla veiðimenn.



Skotfélag Akureyrar

Ársskýrsla 2009

Skýrsla stjórnar 2009

Stjórn SA 2009:

Finnur Steingrímsson, formaður
Sigurður Áki Sigurðsson, varaformaður
Davíð Hallgrímsson, gjaldkeri
Gyða Árnadóttir, ritari
Guðlaugur Bragi Magnússon, meðstjórnandi

Rekstur félagsins gekk ágætlega á árinu. Félagsmenn voru kannski ekki jafn duglegir að skjóta og árið á undan, en miðað við efnahagsástandið, hefði mátt búast við enn minni ástundun. Árið var frekar snúið hvað aðföng eins og skot og leirdúfur varðar og undir haustið var allt landið orðið svo til dúfulaust. Okkur hefur verið lofað því að í sumar verði ekki þessi hægagangur í innflutningi og erum við í vertíðarbyrjun komnir með rúmlega 25.000 haglaskot. Við eigum þó ekki nema 3600 dúfur. Þó að það sé ekki mikið af dúfunum, þá nægir það til að taka á móti óvissuhópum og eins geta þeir sem vilja taka sumarið snemma, byrjað að æfa. Óvissuferðirnar voru vinsælar á árinu og eru þær tvímælalaust góð kynning á starfsemi félagsins.

Stærsti viðburðurinn á árinu, var Landsmót UMFÍ, sem haldið var í júlí.

Framkvæmd þess tókst vel. Aldrei áður hefur verið keppt í Sporting á Landsmóti en ljóst er að sú grein vakti mikla lukku. Staðlaða skammbyssan var skotin úr riffilhúsinu eins og við eigum að venjast og tímataka framkvæmd með skeiðklukku. Það er kannski ekki eins flott og snúningsspjöld en tókst vel. Keppendum frá skotfélagi Reykjavíkur þótti til að mynda ágætis tilbreyting að skjóta í dagsbirtunni. Þar sem við höfum ekki inniaðstöðu eins og er þá var Loftskammbyssukeppnin haldin í íþróttahúsinu við Laugargötu og græjur fengnar að láni frá skotfélagi Ólafsfjarðar og Skotfélagi Kópavogs.

Að öðru leyti var mótahald okkar með venjubundu sniði og var þátttaka í mótum almennt góð. Í árslok var svo Bragi Óskarsson valinn skotmaður ársins og var hann jafnframt tilnefndur af okkur í valið á Íþróttamanni Akureyrar.

Eins og í fyrra sá félagið um verklega hluta skotvopnanámskeiða sem veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunar sér um. Það hefur reynst félaginu ágætis tekjulind. Það voru rúmlega 100 menn og konur sem sóttu þau tvö námskeið sem haldin voru.

Félagið keypti í haust tvær kastvélar af Skotfélagi Ólafsfjarðar og með þeim skothúsin. Meiningin er að nota þær á gamla skeetvöllinn en vélar þær eru orðnar slitnar og kasta óreglulega. Þær vélar getum við aftur á móti nýtt sem viðbót við Sportingvöllinn og gert hann enn betri. Það er framundan mikil vinna við þær tilfæringar og veitir okkur ekki af mörgum vinnufúsum höndum til að græja það.

Nú í ársbyrjun fékkst loksins niðurstaða í málefni inniaðstöðu sem lengi hefur verið beðið. Samkvæmt því sem liggur fyrir þá fáum við aðstöðu í kjallara íþróttahallarinnar sem hefur nú flutt sig á efri hæðina. Rýmið sem við fáum til afnota



Keppnismenn SA í skeet.



Fjölbreytt nýting á sportingvellinum.



Gróðursetning á sportingvellinum.



Vigalegar riffilkempur.



Sporting skotkeppni.

er ca. 4 sinnum 31 mtr. Sérsvaitin hefur hug á að nýta þetta með okkur og koma til með að vinna með okkur í uppbyggingu aðstöðunnar. Golfklúbburinn er með megnið af kjallaranum og munum við væntanlega geta samnýtt kaffi- og setustofu.

Þrátt fyrir að deiliskipulagið geri ráð fyrir að vegurinn til okkar liggi frá Hlíðarfjallsveginum og að riffilskýlinu, yfir gilið, þá er ljóst að bærinn ætlar ekki í svo dýrar framkvæmdir á næstunni. Við verðum því enn um stund að samnýta gamla veginn með KKA.

Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá neinum að það er í gangi malarnám sunnan við og reyndar líka inn á svæðinu okkar. Ráð var fyrir því gert í deiliskipulagi að bærinn gæti sótt mól á þetta svæði. Malarnámið hafur gengið hægt fyrir sig og lítur út fyrir að eftirspurn eftir mölinni sé ekki mjög mikil. Eða þá að peninga vanti til að klára það verk. Þó hafði verktakinn það af að taka upp helling af trjám sem voru fyrir honum en ekki náðist að gróðursetja nema lítinn hluta þeirra á nýjum stað fyrir veturinn. Það verður eitt af verkefnum okkar á þessu ári að gróðursetja eins mikið og hægt er og gera svæðið snyrtilegt. Meiningin er að við fáum langa riffilbraut þar sem mölin er tekin. Sú braut verður samt aldrei opin meðan verið er að skjóta á haglavöllunum þar sem manir yrðu að vera mjög háar til að tryggja öryggi.

Árið 2010:

Stærstu verkefnið ársins verða vélaskiptin á gamla skeetvöllinum og að græja nýju skothúsin á sportingvöllinn. Einnig þarf að leggja mikla vinnu í sjálft svæðið, gróðursetningu og fleira. Þessu til viðbótar verður mikil vinna við að setja upp inniaðstöðuna.

Mótahald verður væntanlega með hefðbundnu sniði. Við höldum eitt STÍ mót í Skeet og verður það 19.-20. júní.

Í ár þá verður svæðið opnað laugardaginn 4. apríl og verður opið um helgar í apríl og maí. Á sama hátt verður opið um helgar í september og október og verður síðasti dagurinn sem opið er sunnudagurinn 31. október. Áfram verður lokað á föstudögum. Búið er að ráða starfsmann á völlinn fyrir sumarið og hefur hann störf 4. apríl.

Reglur um aðgengi að riffilhúsi verða óbreyttar. Þeir sem æfa og keppa og mæta jafnframt á vinnudaga geta fengið lykil að riffilhúsinu.

Að lokum vill stjórnin þakka öllum þeim sem veittu félaginu lið á síðasta ári og vonum að það verði jafn margir og helst fleiri tilbúnir að leggja okkur lið við verkefni ársins.

Akureyri 18. febrúar 2010

Finnur Steingrímsson, formaður Skotfélags Akureyrar



KKA akstursíþróttafélag

Ársskýrsla 2008

Stjórn félagsins 2008 var svo skipuð:

Þorsteinn Hjaltason, formaður
Guðmundur Hannesson
Gunnar Hákonarson
Vilhelm Þorri Vilhelmsson
Stefán Þór Jónsson

Varamenn:
Sigurður Bjarnason
Unnar Helgason

Mikil vinna fer fram í nefndum og ráðum félagsins, sem eru margar.

Öryggisnefnd, svæðisnefnd, mótanefnd, unglingaráð, foreldraráð, fræðsluráð, aganefnd, umferðanefnd, ferðanefnd, RC-nefnd, reiðhjólnefnd, innheimtunefnd, laganefnd, húsnefnd.

Embættismenn (bókari, skoðunarmaður reikninga, sölustjóri KKA handbókar).

Innan vébanda félagsins fer fram eftirtalin starfsemi:

1. Motocross (vélhjólaakstur í torfærubraut)
2. Enduro (vélhjólaakstur í langri torfærubraut)
3. Ferðir að sumarlagi og vetrarlagi á vélhjólum
4. Snocross (akstur vélsleða í brautum)
5. Iscross (akstur mótórhjóra á ís)
6. Trialhjól (klifurhjól, akstur létttra motorhjóra í torfærum)
7. Reiðhjól (torfæruhjól og götuhjól)
8. Fjarstýrðir bílar, flugvélar og þryllur.

Félagið var stofnað 1996. Félagar voru í lok ársins 2008 um 310 talsins.

Í janúar fram að vori fer mestur tíminn í að skipuleggja og undirbúa íscrossmót og snocrossmót. Þann 8. febrúar 2008 var haldin ljósahtíð á KKA svæðinu til að fagna því að framkvæmdum við lýsingu svæðisins var lokið. Vetrariþróttamiðstöð Íslands lagði fé til framkvæmdanna. Ólafur Jónsson formaður Íþróttaráðs tendraði ljósin stundvíslega kl. 20:05. Þar á eftir voru keppnislið vetrarins kynnt. Daginn eftir var svo í fyrsta skiptið í Íslandssögunni haldin snocrosskeppni í flóðljósum.

Síðasta snocrosskeppnin var haldin 12. apríl. Þá taka við vorferðir á snjósleðum og er þetta besti tíminn fyrir sleða að margra mati.

Helsti árangur KKA manna í snocrossi vetrarins:

Íslandsmót 2008

Sportflokkur/snocross

Íslandsmeistari Baldvin Þór Gunnarsson – KKA

Unglingaflokkur

Íslandsmeistari Bjarki Sigurðsson - KKA

2. sæti Hafþór Ágústsson - KKA

Kvennaflokkur

Íslandsmeistari Vilborg Daníelsdóttir - KKA

+35 ára flokkur

Íslandsmeistari Hákon Gunnar Hákonarson - KKA

2. sæti Sigurður Rúnar Sigþórsson - KKA

3. sæti Freyr Aðalgeirsson, KKA

Í byrjun maí hófust vorverk og sumarstarfið fór að komast í gang í motocrossbrautum o.fl.

Þann 10. maí var haldinn Hjóladaður Vélhjólaklúbbs Skagafjarðar og KKA í motocrossbrautinni við Sauðárkrók.

Æfingar hófust 12. maí í motocrossi hjá KKA. Þann 24. maí fékk félagið Jóa Kef norður og hélt hann námskeið fyrir KKA féлага, unga sem aldna, vana sem og óvana. Mikil vinna fór í hönd við púkabraut KKA þar sem yngstu félagarnir aka. Mikið var ekið í brautinni um sumarið enda urðu framfarir mjög miklar. Þann 15. júní hélt KKA Íslandsmót í enduro (þolakstri á mótörhjólum). Mótið var haldið í blíðskaparveðri og tókst vel í alla staði. Mótið var haldið á svæði KKA en að mestu utan þess, þ.e. á landi sem fyrirhugað er undir starfssemi BA í neðra, þ.e. neðan brekkunnar. Ljóst er að finna verður svæði undir þessa starfssemi KKA ella leggst stór þáttur starfsseminnar niður.

KKA sér um að sækja um og halda utan um umsóknir til sýslumanns um undanþágur fyrir yngstu keppendurnar, þá um sumarið hafði félagið sótt um og fengið undanþágur fyrir 44 börn og unglinga frá upphafi til að aka á svæðum félagsins.

Baldvin Þór Gunnarsson lauk þjálfaraskóla ÍSÍ og sá um námskeið og æfingar fyrir KKA um sumarið í öllum flokkum.

KKA hafði samstarf við Sporthóтелиð á Glerá til að laða fólk að til bæjarins til að skemmta sér við akstur mótörhjóla á svæði félagsins. Því miður hefur félagið ekki enn getað boðið upp á svæði til aksturs reiðhjóla en það kemur vonandi bráðlega.

Eins og venjulega var unnið gríðalega mikið í motocrossbraut félagsins allt sumarið. Mörg þúsund rúmmetrum af steinlausri mold var ekið í brautina og látlaust þarf að vökva og hreinsa steina sem keyrast upp í brautinni. Það er mikið hagsmunamal fyrir félagið að geta ráðið starfsmann á svæðið. KKA fékk fyrst starfsfólk frá vinnuskóla Akureyrar árið 2007. Aftur fékk félagið starfsfólk 2008 og var það mikilvægt fyrir félagið en alveg ljóst að ráða verður fastan starfsmann á svæðið frá maí til sept. ár hvert.

Þann 01. júlí var samþykkt deiliskipulag fyrir akstursíþrótt- og skotsvæði á Glerárdal. Í framhaldi af því var félaginu úthlutað formlega svæðinu sem félagið hefur haft undir motocrossstarfssemi sína síðan Íþrótt- og tómstundaráð samþykkti með bókun á fundi sínum 27. apríl 2004 að félagið ætti að fá umrætt land undir starfssemi sína. Þetta var mikilvægur áfangi í sögu félagsins.

Um verslunarmannahelgina var haldið Íslandsmót í motocrossi. Mættir voru 115 keppendur og áhorfendur voru fjölmargir. Keppnin tókst mjög vel. Um sömu helgi var ennfremur haldin árleg torfærukeppni KKA. Sú keppni er ekki tekin eins hátiðlega og meira lagt upp úr tilþrifum en úrslitum. Skemmtu menn sér afskaplega vel bæði áhorfendur og keppendur.

Í lok ágúst urðu miklar umræður um rétt manna til umferðar um veginn um Bíldsárskarðið. KKA stendur vörð um rétt manna til að fara um vegi landsins á mótörhjólum. KKA telur að allir eigi rétt til að nota forna vegi landsins. Allir megi fara þar um með þeim hætti sem þeir kjósa hvort sem er t.d. gangandi, hjólandi, á mótörhjólum, hestum, á göngu-



Bjarki Sigurðsson, íþróttamaður ársins 2008.



Finnur Aðalbjörnsson, Guðmundur Hannesson og Þorsteinn Hjaltason.



Guðmundur Hannesson og Þorsteinn Hjaltason í sumarsnjóttur.

skíðum eða hlaupandi. Enginn eigi að eigna sér einkarétt um forna vegi, slíkt brýtur gegn lögum og umhverfisrétti. Þann 15 september fól Vegagerð ríkisins og landeigandi, KKA að taka niður mót-orhjólabbann-umferðarskilti við Bíldsárskarðsveginn í Fnjóskadal. Allir geta notað vegi landsins. Sýna þarf tillitssemi og kurteisi og þá eru allir vinir. Þannig er skemmtilegast að nýta landið og eiga samskipti við samferðamenn sína í náttúrunni. Við erum öll í sama liði, sem viljum nota landið til útivistar, sameinuð stöndum við en sundruð föllum við.

KKA dagurinn var haldinn 11. október, með aðalfundi, félagsmóti og grilli.

Rekstur félagsins hafði gengið vel, félaginu haldið skuldlausu eins og á að vera. Á árinu keypti félagið traktor með ámoksturstækjum, herfi og fleira. Þetta var góð viðbót við annan tækjakost félagsins og gerir félaginu kleift að halda úti eins góðu svæði og raun ber vitni.

Þann 25. nóvember urðu svo mikil tíðindi þegar KKA var veitt leyfi til að halda endurokeppnir sínar á næsta ári norðan svæðis félagsins þ.e. í Torfdalnum. Félagssvæðið var stækkað í norður og vestur. Félagið fékk leyfi frá og með 1. janúar 2009 til að starfrækja svæði í Torfdalnum. Þetta er forsenda keppnishalds í enduro sumarið 2009 þannig að menn voru að vonum glaðir með þetta.

Bjarki Sigurðsson var kosinn íþróttamaður ársins hjá KKA 2008.

Helsti árangur KKA á mótum sumarsins:



Púka-enduroferð.

Íslandsmót 2008

Enduro Meistaradeild

- Íslandsmeistari E1 Kristófer Finnsson – KKA
- 2. sæti E1 Baldvin Þór Gunnarsson – KKA

Enduro Tvímenningur

- 2. sæti Finnur Aðalbjörnsson / Gunnar Hákonarson – KKA
- 3. sæti Finnur Bessi Sigurðsson / Guðmundur Hannesson – KKA

Enduro Baldursdeild

- 2. sæti Bjarki Sigurðsson – KKA

Akureyri 27. febrúar 2010
Þorsteinn Hjaltason, formaður KKA



KKA akstursíþróttafélag

Ársskýrsla 2009

Stjórn félagsins 2009 var svo skipuð:

Þorsteinn Hjaltason, formaður
Guðmundur Hannesson
Gunnar Hákonarson
Vilhelm Þorri Vilhelmsson
Stefán Þór Jónsson

Varamenn:
Sigurður Bjarnason
Unnar Helgason



Snocross í flóðljósingum á svæði KKA, félagsheimili KKA í baksýn.

Ekið var um svæði KKA við Hvamm en þar hefur KKA fengið löggilt æfinga- og keppnissvæði í íscrossi og flóðlýstar snocrossbrautir félagsins voru vel sóttar.

Vefur KKA lifði góðu og fjörugu lífi eins og venjulega m.a. var varpað ljósi á „lífið í skúrnum“. Farið í gegnum það, sem menn voru að gera í bílskúrunum á veturna, t.d. hvernig menn ættu að fjöruga framljósin sín, búa til ódýr hjálmjós o.fl.

Svo fór eins og venjulega að vetrartímabilinu lauk, síðasta snocrosskeppnin var 25. apríl.

KKA átti þessa íslandsmeistara í snocrossinu:

Unglingaflokkur: Sigþór Hannesson
Kvennaflokkur: Vilborg Danielsdóttir
Sportflokkur: Bjarki Sigurðsson

Motocrossbraut KKA var opnuð 18. maí og var það í seinna lagi þetta árið vegna mikilla snjóalaga sem fóru seint. KKA naut enn starfskrafta frá vinnuskóla Akureyrarbæjar en nú réði félagið til sín starfsmann um sumarið. Þeir urðu að vísu nokkrir þegar upp var staðið en aldrei nema einn í einu. Þetta kom gríðarlega vel út og ljóst að þetta er nauðsynlegur þáttur fyrir KKA svæðið. Þegar hefur verið hafinn undirbúningur að finna mann sem getur verið allt sumarið 2010 á svæðinu.

Í ár var brugðið út af þeim vana að íslandsmót í motocrossi sé haldið um verslunarmannahelgi hjá KKA. Mótið var fært fram til 31. maí. Mikið starf var unnið eins og venjulega við undirbúning mótsins og voru aðstæður eins góðar og hægt er að hafa þær í motocrossbraut en veðrið var hins vegar ekki eins gott og undanfarin ár á motocrossmótum á Akureyri.

Skammt var stóra högga á milli í starfi félagsins því 3. og 4. umferð íslandsmótsins í enduro voru haldnar laugardaginn 13. júní á nýja endurosvæði félagsins í Torfdalnum. Svæðið og brautin voru frábær og mótið tókst afar vel í frábæru veðri.

Snjór var lengi til fjalla og óskaði félagið eftir því að menn færu ekki um fyrr en þornaði, t.d. að ekki yrði farið um Bíldsarskarðið fyrr en í fyrsta lagi í byrjun júlí. Það varð m.a. að fresta árlegri þúkaenduroferð fram til 28. júlí en hún er farin frá Draflastöðum í Fnjóskadal. Auk þess að æfa á KKA svæðinu og fara í þúkaenduro, var æft í Samkomugerði í góðu yfirlæti hjá Baldvini og frú, sem buðu auk þess upp á veitingar.

KKA dagurinn var haldinn 3. ágúst með pomp og prakt. Grill og skemmtikeppni, með hjóli, armbeygjum og hnébeygjum í bland.

Í byrjun september fékk KKA Jóa Kef til að halda námskeið og tókst það vel.

Þann 5. september hélt KKA 5. og 6. umferð íslandsmótsins í Enduro. Þar með höfðu allar umferðir íslandsmótsins nema tvær verið haldnar á Akureyri, á nýja endurosvæðinu í Torfdalnum. Svæðið varð sem sé sú lyftistöng sem félagið hafði vonað. Stjórnin vann að því á árinu að fá svæðinu formlega úthlutað og fá stærra svæði, sem er nauðsynlegt undir keppnisbrautir og reiðhjólabrautir o.fl. Stjórnin hefur haldið nokkra kynningarfundi með þeim er ráða þessum málum á Akureyri og útbúið kynningarefni. Hefur erindið hlotið góðan hljómgrunn hjá Íþróttaráði, Umhverfissráði og er nú til meðferðar í Skipulagsnefnd. Félagið vonast eftir jákvæðri niðurstöðu. Myndi það efla starfssemi KKA og jafnframt Akureyrarbæjar, fjölgja ferðamönnum og afþreyingu bæjarbúa, sem fá útrás fyrir enduroakstur sinn á svæðinu, o.fl. gott mætti nefna.

Vetrarfrágangur var svo á svæðinu 29. september. Aðalfundur var haldinn 31. október. Félagið er skuldlaust. Stjórn félagsins telur meiri nauðsyn en nokkru sinni að tryggja það að félagið eigi ávallt reiðufé. Með auknum eignum félagsins eykst rekstrarkostnaður, t.d. eru útgjöld vegna viðhalds mikil. Félagið hefur ævinlega farið varlega í fjárfestingum og er meiri þörf á varkárni eftir því sem eignir aukast.

Þurrkur leiðir til harðra motocrossbrauta, sem er bæði leiðinlegt og hættulegt að aka í. Félagið hefur glímt við þetta í mörg ár, og hefur byggt upp vökvunarkerfi fyrir brautirnar. Takmörkuð nýting hefur verið á vökvunarkerfunum því ekki hafa fengist stórar vatnslagnir á svæðið. Til að

bæta gráu ofan á svart þá er vatnslögnin ekki bara lítil heldur sameiginleg með skotsvæðinu þannig að ef KKA vökvur er vatnslaut á skotsvæðinu, sem er vitanlega óásætlanlegt ástand. Auk þessa hefur kerfið þurft töluvert viðhald. Vegna þessa hefur KKA keypt vökvunartíma með haugsugu undanfarin ár og leitað sjálfst að haugsugu sem félagið hefði ráð á að kaupa. Á árinu fannst loksins ein slík og var hún keypt. Eftir haugsugukaupin bjó KKA til lítið uppistöðulón í Torfdalslæknum, sem auðveldar dælingu á haugsuguna, sem er svo dregin á KKA-dráttarvélinni um brautirnar og þær



Bjarki Sigurðsson margfaldur íslandsmeistari var kosinn akstursíþróttamaður ársins hjá MSÍ 2009. Bjarki var íþróttamaður ársins hjá KKA bæði 2008 og 2009.



Finnur Aðalbjörnsson og Kristófer sonur hans. Endurokeppni á svæði KKA.



Hjólaferð.

vökvaðar. Þetta hefur komið gríðarlega vel út. Haugsugan gæti því hæglega verið framtíðarlausn við vökvun og gefist yrdi upp á vökvunarkerfinu nema í undantekningartilvikum.

Bjarki Sigurðsson varð margfaldur íslandsmeistari á árinu og var hann kosinn íþróttamaður ársins hjá KKA.

Bjarka hlotnaðist að auki sá stórkostlegi heiður að vera kosinn akstursíþróttamaður ársins hjá sérsambandinu MSÍ (Motorhjóla- og snjósleðaíþróttasamband Íslands). Bjarki var því svo sannarlega maður ársins 2009.

Úrslit sumarsins urðu þessi helst hjá KKA keppendum:

85cc flokkur kvenna I motocross

1. Ásdís Elva Kjartansdóttir #523 íslandsmeistari

mx kvenna

11. Helga Hlín Hákonardóttir #820

85 flokkur I motocross

5. Einar Sigurðsson #671
18. Páll Hólm Sigurðsson #792

Unglingaflokkur I motocross

1. Bjarki Sigurðsson #670 Íslandsmeistari
8. Steingrímur Örn Kristjánsson #689
14. Hafþór Ágústsson #430
23. Arnór Þorri Þorsteinsson #723

mx-2 I motocross

13. Kristófer Finnsson #690

B+40 I motocross

2. Hrafnkell Sigtyggsson #50

B flokkur I motocross

11. Unnar Sveinn Helgason #880
17. Hrafnkell Sigtryggsson #50
32. Sigurður Bjarnasson #703
33. Sigurgeir Lúðvíksson #103

Akureyri 27. febrúar 2010
Þorsteinn Hjaltason, formaður KKA



Íþróttafélagið Draupnir

Ársskýrsla 2009

Aðalstjórn árið 2009:

Egill Ármann Kristinsson, formaður
Jón Stefán Jónsson, framkvæmdastjóri
Gunnar Þórir Björnsson, gjaldkeri
Aðalbjörn Hannesson, ritari
Sævar Eðvarðsson, meðstjórnandi
Bryngeir Valdimarsson, meðstjórnandi

Starf og árangur

Árið 2009 var mikið reynslu ár fyrir okkur sem stöndum að Íþróttafélaginu Draupni. Félagið var stofnað með það að markmiði vera vettvangur fyrir karlmennt og konur, til að iðka knattspyrnu sér til ánægju með minna æfingaálagi en gerist hjá stærri knattspyrnuliðunum hér í bæ.

Draupnir sendi til leiks karla- og kvennalið í Íslandsmótið í knattspyrnu sumarið 2009 og eins og við var búist var gengi liðanna upp og ofan enda mikil þróun í gangi hjá félaginu og ákveðnir vaxtarverkir. Karlaliðið endaði í neðsta sæti síns riðils í Íslandsmótið en kvennaliðið endaði í því fimmta af sjö liðum. Vonir standa hins vegar til að árið 2010 verði félaginu mun betra innan vallar.

Hjá félaginu voru yfir 60 skráðir iðkendur árið 2009 og var æfingasókn nær aldrei undir 20 manns hjá karlaliðinu og aldrei undir 15 manns hjá kvennaliðinu. Iðkendum hefur fjölgaði svo gríðarlega undir lok árs og var svo komið að ávallt mættu um 30 strákar á æfingar hjá liðinu í nóvember og desember en um 20 stúlkur á þá einu æfingu sem félagið hefur til umráða í Boganum.

Starfið utan vallar er gríðarlega öflugt enda krefst það mikillar vinnu að halda úti liði sem slíku. Félagið sækir sér litla styrki frá fyrirtækjum á Akureyri auk þess sem leikmenn fara í margskonar fjáraflanir til að mögulegt sé að halda félaginu gangandi.

Að lokum er vert að geta þess að félagið átti í óformlegu samstarfi við Þór og KA árið 2009. Stefnt er að því að efla það samstarf með formlegum samningum sem munu lúta að því að Þór og KA skaffi Draupni æfingasvæði og keppnisaðstöðu sumarið 2010 gegn því að leikmenn Draupnis sinni ýmsum störfum t.d. dómgæslu í yngri flokkum fyrir stærri félögin.



Liðsmynd eftir sigurelik gegn Leikni á Fáskrúðsfirði.



Liðsmynd eftir sigurleik gegn ÍA í Boganum.

Framtíðarsýn og til alvarlegrar umhugsunar fyrir stjórn ÍBA



Katrín Vilhjálmsdóttir leikmaður Draupnis og fjölskyldukona eftir sigurleikinn gegn ÍA.



Hart var barist um stigin þrjú á Fáskrúðsfirði en Akureyringarirnir í Draupni höfðu betur.

litlum félögum starfið gríðarlega má sem dæmi nefna að það hefur hjálpað til við að halda því litla liði sem þar er og heitir ÍH (Íþróttafélag Hafnarfjarðar) gangandi í fjölda ára ef ekki áratugi.

Með þessu viljum við hér með vekja athygli ÍBA á að gera eitthvað í þessu máli, því margoft hefur komi fram sá vilji frá ÍBA að Draupnir haldist gangandi svo ekki sé endalaust verið að stofna ný félög innan sambandsins sem svo gefast upp eftir nokkur ár sökum gríðarlega erfiðs vinnuumhverfis. Því skorum við í stjórn Draupnis á ÍBA að veita liðinu mikla aðstoð í því að fá aðstöðu við hæfi í Boganum strax frá og með næsta vetri 2010.

*Fyrir hönd stjórnar Draupnis,
Jón stefán Jónsson, framkvæmdastjóri*

Draupnir var stofnað sem félag sem á að vera til, til frambúðar. Ekki er tjaldað til einnar nætur, heldur er horft á að félagið verði til um ókomna framtíð á þeim vettvangi sem það er nú á. En þar að auki eru líkur á að stofnaðar verði fleiri deildir innan félagsins, til að mynda er hugsanlegt að keiludeild verði til í náninni framtíð.

Stjórn Draupnis hyggst einnig setja á stofn yngriflokka starf í knattspyrnu þar sem þess er krafist af ÍBA til þess að félagið fái tíma í Boganum án endurgjalds. Stjórn Draupnis bendir á til þess að hægt sé að halda félaginu á lífi er það algjörlega nauðsynlegt að liðið fái tíma í Boganum án endurgjalds.

Stjórnin bendir enn fremur á að það er eindregin ósk félagsins að þurfa ekki að fara í samkeppni við Þór og KA í yngri flokka starfi. En þar sem að þess sé í raun krafist smkv. lögum ÍBA sökum þess að örðuvísi fái ekki tímar gjaldfríir tímar í Boganum þá verði slíkt starf sett á laggirnar, nema að ÍBA og Akureyrarbær komi til móts við félagið með því að láta það hafa æfingatíma fyrir meistaraflokka félagsins án endurgjalds í Boganum. Leigukostnaður á Boganum er það eina sem gæti mögulega gengi af Íþróttafélaginu Draupni dauðu eins og staðan er í dag.

Að gefnu tilefni er vert að taka fram að hér er ekki um hótun eða neitt af því tagi að ræða heldur eingöngu verið að sinna því sem lög og reglur ÍBA virðast kveða á um eftir því sem við komumst næst.

Við bendum á að í bæjarfélagi eins og Hafnarfirði fá skv. okkar upplýsingum nýstofnuð félög réttindi til að æfa á völlum í eigu bæjarfélagsins strax frá stofnun. Slíkt auðveldar auðvitað



Karatefélag Akureyrar

Ársskýrsla 2009

Haustið 2007 hófust karateæfingar að nýju fyrir fullorðna á Akureyri að undirlagi Magnúsar Sigþórssonar þjálfara og voru iðkendur á bilinu 5-7. Snemma árs 2008 var ákveðið að hefja félagsstarf og bjóða einnig upp á æfingar fyrir börn. Vorönn 2008 voru 10 fullorðnir iðkendur og 10-15 börn, í lok annar og um sumarið var ljóst að mikil eftirspurn virtist vera eftir karateþjálfun. Við innritun á haustönn 2008 jókst fjöldi iðkenda til muna og var þá þegar byrjað að leggja drög að stofnun sérstaks félags til að halda utan um starfssemina. Formlegur stofnfundur Karatefélags Akureyrar var haldinn að Löngumýri 30 á Akureyri 22. október 2008. Félag með sama nafni var starfandi á Akureyri fyrr á árum, en engin starfssemi hafði verið í u.þ.b. 10 ár, segja má að félagið hafi því verið endurreist á nýjum grunni.

Stjórn félagsins samanstendur af 7 meðlimum, sem kosnir eru á aðalfundi ár hvert. Hlutverk hennar er að móta starf félagsins, ráða þjálfara og hafa eftirlit með rekstri. Dagleg umsjón og rekstur hvílir hinsvegar á formanni, gjaldkera og yfirþjálfara félagsins.

Fyrsta stjórn félagsins, kosinn á stofnfundinum:

Magnús Sigþórsson, formaður
Hörður Sævaldsson, varaformaður
Rut Guðbrandsdóttir, gjaldkeri
Hrannar Már Sigurðsson Hafberg, ritari
Ægir Ágústsson, meðstjórnandi
Arnar Pétursson, meðstjórnandi

Frá stofnun félagsins haustið 2008 og til loka ársins 2009 hefur mikið áunnist í starfi félagsins. Stjórnin hefur unnið að uppbyggingu og mótun framtíðarstarfs félagsins í samráði við þjálfara. Fimm stjórnarfundir voru haldnir á tímabilinu, auk töluverðs fjölda vinnufunda með þjálfurum. Stjórn félagsins ákvað í upphafi að markmiðið væri að koma á legg öflugu barnastarfi og byggja upp innviði félagsins með almennri fræðslu á íþróttinni. Jafnframt var ákveðið að sækja sem fyrst um aðild að Íþróttabandalagi Akureyrar (IBA) og Íþróttasambandi Íslands (ÍSí). Lög og bókhald félagsins hafa því verið aðlöguð að kröfum IBA og ÍSí. Allt utanumhald með þjálfun, rekstri og skipulagningu starfsins hefur aukist til muna með auknum fjölda iðkenda. Dagleg umsjón hefur tekið mesta af tími formanns og gjaldkera félagsins samhliða þjálfun allra hópa.



Starfið

Mikil gróska hefur verið í félaginu samfara auknum fjölda iðkenda. Barnastarfið hefur þróast mikið og hafa æfingar verið blandaðar leik, tækni og fræðslu. Við upphaf ástundunar fær hvert barn afhenta möppu að gjöf frá félaginu sem þau safna í fræðsluefni um æfingar og íþróttina frá þjálfurum. Fullorðinsstarfið hefur einnig aukist jafnt og þétt á árinu. Í lok hvernar annar (desember og maí) býðst iðkendum að reyna við hærri gráðu og öðlast nýtt belti. Til þess þarf þó æfingasókn að vera a.m.k 65% á önninni. Persónulegar framfarir iðkenda eru metnar í gráðu prófi; t.d. tækni, þol og ástundun. Kröfur til fullorðinna eru meiri en til barna, iðkendur yngri en 15 ára taka því hálfgráðu í einu. Í lok hvernar annar hefur félagið verið með uppákomur fyrir börn og foreldra þeirra, þar sem gráðuskírteini og belti eru afhent auk útskriftargjafar. Félagið hefur ekki tekið þátt í keppnum þar sem félagið er ekki formlega orðið aðili að íþróttasamböndum og hefur því ekki keppnisrétt. En ef einstaklingur vill, þá mun félagið styðja við bakið á iðkendum til keppni.



Þjálfarar

Markmið félagsins er að bjóða upp á vandaða karatekennslu, þjálfarar hafi reynslu af þjálfun, góða þekkingu á íþróttinni og eiga gott með að koma henni til skila. Þjálfarar eiga jafnframt að vera iðkendum góð fyrirmynd í hvívetna.

Á árinu störfuðu eftirtaldir þjálfarar hjá félaginu.

Yfirþjálfari: Magnús Sigbórsson

Aðstoðarþjálfari: Rut Guðbrandsdóttir

Aðstoðarþjálfari barna: Ægir Ágústsson



Magnús Sigbórsson yfirþjálfari hóf að iðka karate árið 1975 og hefur stundað það og kennt allar götur síðan. Hann hefur náð langt í karate og öðlaðist svarta beltið 2 Dan frá Gogen Yamaguchi 10 Dan í Japönsku Goju-Ryu karate árið 1983 í Japan. Magnús kom að þjálfun barna og fullorðinna hjá Karatefélagi Akureyrar árin 1980-1994, forvera núverandi félags. Einnig þjálfaði hann fámennan æfingahópi fullorðinna í Reykjavík árin 1995-2006.

Rekstur og fjárhagur

Félagið er ágætlega statt fjárhagslega í lok fyrsta starfsársins, fjármunum hefur verið safnað til fjárfestingar á æfinga og öryggisbúnaði. Einu sértekjur félagsins hafa verið sala æfingagalla. Engin störf innan félagsins eru launuð s.s. þjálfun og önnur félagsvinna. Styrktaraðilar voru þrír á síðasta ári: Saga Capital og Slippurinn veittu styrki til rekstrar og KEA veitti styrk til kaupa á öryggisbúnaði í lok árs 2009. Styrkir frá Saga Capital og Slippnum voru notaðir til að niðurgreiða æfingagjöld og kaupa fræðslufni; bækur og mynddiska um íþróttina. Þetta er í samræmi við markmið félagsins um að fjölga iðkendum og styrkja undirstöðurnar með fræðslu á íþróttinni.

Stjórn félagsins hefur markað þá stefnu að félagið útvegi nauðsynlegan öryggis- og æfingabúnað til að gera öllum mögulegt að stunda íþróttina óháð efnahag; s.s. hanska og grímur, auk hlífðar og æfingapúða. Hefur það skipt miklu máli fyrir fjölmarga félagsmenn, sem ekki hefðu annars átt kost á að iðka þessa íþrótt. Lítil kostnaður fylgir því að æfa karate, iðkendur æfa berfættir og þurfa því einungis að kaupa karategalla. Á árinu var umtalsvert bætt við æfingabúnað félagsins s.s. æfingapúða, bolta, sandpoka og sippubönd. Áætlað var að kaupa Karate dýnur, en áhersla var frekar lögð á að kaup á öryggisbúnað fyrir barnastarf, snemma árs 2010 er búnaður fyrir KEA styrkinn væntanlegur. Æfingagjöldum hjá félaginu hefur verið stillt í hof til að gefa flestum kost á að iðka íþróttina, sama verð hefur verið frá upphafi æfinga á vorönn 2008.



Húsnæðismál og æfingar

Æfingar haustið 2007 og vorið 2008 voru í Þórsheimilinu Hamri, salurinn varð hinsvegar fljótt of lítill fyrir barnastarfið og fluttust æfingarnar í Laugargötu haustið 2008. Barnastarf var þá einn hópur 2x í viku í eina klst. Fullorðinshópurinn hélt þó áfram að hluta í Hamri, auk þess sem helgaræfingar voru í Laugargötu fram á haustið 2009. Æfingar fullorðinna voru 3x-4x í viku í 1 ½ klst. Haustið 2009 varð sprenging í fjölda iðkenda í barnastarfi og var þá skipt í tvo hópa yngri og eldri sem æfa 2x í viku í 1 klst. Með aðstoð Íþróttabandalags Akureyrar fékk félagið sal Oddeyrarskóla og fer barnastarfið frá og með haustinu 2009 að öllu leiti fram þar. Fullorðinshópurinn æfir einnig í Oddeyrarskóla, auk þess sem helgaræfingar eru í Laugargötu.

Æfingátímar haust 2009 og vor 2010:

| | Fullorðnir | Börn eldri | Börn yngri |
|--------------|---------------|-------------|-------------|
| Mánudagur | 18:30-20:00 | | |
| Þriðjudagur | | 16:00-17:00 | 17:00-18:00 |
| Miðvikudagur | 19:00-20:30 | | |
| Fimmtudagur | 18:00-19:00* | 16:00-17:00 | 17:00-18:00 |
| Föstudagur | 16:30-18:00* | | |
| Laugardagur | 16:00-18:00** | | |

*Bæði fyrir fullorðna og eldri hóp barna


**Annan hvern laugardag

Iðkendur

Haustið 2007 hófust karateæfingar fyrir fullorðna á Akureyri með fámennan hóp fullorðinna. Vorönn 2008 var gerð tilraun með barnastarf. Félagið var síðan formlega stofnað haustið 2008, frá þeim tíma hefur fjöldi iðkenda vaxið jafnt og þétt.

Meðalfjöldi á æfingum:

| | Fullorðnir | Börn | Eldri | Yngri | Samtals |
|------------|------------|------|-------|-------|---------|
| Haust 2007 | 5 | | | | 5 |
| Vor 2008 | 9 | 12 | | | 21 |
| Haust 2008 | 12 | 19 | | | 31 |
| Vor2009 | 14 | 25 | | | 39 |
| Haust 2009 | 15 | 47 | 25 | 22 | 62 |



Belta gráður

Í heiminum eru iðkaðir margir karatestílar (aðferðir). Karatefélag Akureyrar notast við Goju-Ryu karate sem er með útbreiddustu stílum í heiminum. Allir stílar hafa ákveðið gráðukerfi (beltakerfi) sem þýðir að iðkendur fá ný belt í öðrum lit eftir því sem þeim miðar áfram í íþróttinni.

Starfið framundan

Á árinu 2010 ætti félagið að komast formlega í ÍBA og þá verður félagið formlegur aðili að Íþróttasambandi Íslands (ÍSí). Með aðild að ÍSí er hægt að fara stunda keppnir á vegum félagsins ef vilji er fyrir hendi. Stjórn félagsins mun á árinu vinna í því að auka við nauðsynlegan öryggis- og æfingabúnað. Mikilvægt er að félagið eigi þennan búnað til að gera öllum mögulegt að stunda íþróttina óháð efnahag. Jafnframt verður unnið að því að koma öllum æfingum í eitt húsnæði þar sem töluvert umstang fylgir því að flytja búnað á milli húsnæðis, auk þess sem hætta er á að búnaður skemmist eða tapist í flutningum. Að lokum vill stjórn Karatefélags Akureyrar þakka öllum þeim sem komu að starfi félagsins fyrsta starfsárið.

Akureyri 20. mars 2010
Magnús Sigþórsson, formaður



Íþróttabandalag Akureyrar Ársreikningur 2008

Skýrsla og áritun stjórnar, gjaldkera og skoðunarmanna

Stjórn og gjaldkeri Íþróttabandalags Akureyrar, Akureyri, staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2008 með áritun sinni.

Akureyri 27. apríl 2009

Stjórn:

Þróstur Guðjónsson

Haukur Valtýsson

Fríða Pétursdóttir


Gjaldkeri:

Gunnar Káason

Við skoðunarmenn Íþróttabandalags Akureyrar höfum yfirfarið ársreikninga félagsins fyrir árið 2008.

Akureyri 15. júlí 2009


Sveinn Torfi Pálsson


Guðmundur Bjarnar Guðmundsson

Rekstrarreikningur ársins 2008

| Rekstrartekju | Skýr. | 2008 |
|--|-------|-------------------|
| Rekstrarframlag Akureyrarbæjar | | 9,254,148 |
| Lottó frá ÍSÍ | | 6,044,566 |
| Framlag frá ÍSÍ | | 747,557 |
| Framlag frá Getraunum | | 600,711 |
| | | <u>16,646,982</u> |
| Rekstrargjöld | | |
| Laun og tengd gjöld | | 3,228,264 |
| Skrifstofu og stjórnunarkostnaður | 1 | 1,540,340 |
| Lottóúthlutun til aðildarféлага | | 6,044,566 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2 | 6,393,608 |
| | | <u>17,206,778</u> |
| Tap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | (559,796) |
| Vaxtatekjur | | 660,507 |
| Vaxtagjöld | | 0 |
| | | <u>660,507</u> |
| Tap | | <u>100,711</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

| | 2008 |
|------------------------------------|------------------|
| EIGNIR | |
| Veltufjármunir | |
| Fyrirfram greitt Lottó | 476,604 |
| ÍSÍ og SKÍ v/þrifa | 65,000 |
| Íþróttafélagið Akur | 21,133 |
| Bankainnistæður | 1,742,732 |
| | <u>2,305,469</u> |
| Veltufjármunir | <u>2,305,469</u> |
| Eignir samtals | <u>2,305,469</u> |
| SKULDIR OG EIGIÐ FÉ | |
| Eigið fé | |
| Flutt frá fyrra ári..... | 1,538,286 |
| Hagnaður ársins..... | 100,711 |
| | <u>1,638,997</u> |
| Skammtímaskuldir | |
| Ógreitt vegna launa..... | 46,296 |
| Ýmsar skammtímaskuldir..... | 280,176 |
| Ógreiddir styrkir | 340,000 |
| | <u>666,472</u> |
| Skuldir | <u>666,472</u> |
| Skuldir og eigið fé samtals | <u>2,305,469</u> |



Íþróttabandalag Akureyrar Ársreikningur 2009

Skýrsla og áritun stjórnar, gjaldkera og skoðunarmanna

Stjórn og gjaldkeri Íþróttabandalags Akureyrar, staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2009 með áritun sinni.

Akureyri 9. mars 2010

Stjórn:

Próstur Guðjónsson

Haukur Valtýsson

Fríða Pétursdóttir

Gjaldkeri:

Gunnar Kárason

Handwritten signatures of the board members and treasurer. The signatures are: Próstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Fríða Pétursdóttir, and Gunnar Kárason.

Við skoðunarmenn Íþróttabandalags Akureyrar höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2009.

Akureyri 17. mars 2010

Sveinn Torfi Pálsson

Guðmundur Bjarnar Guðmundsson

Rekstrarreikningur ársins 2009

| Rekstrartekjur | Skýr. | 2009 | 2008 |
|--|-------|-------------------|-------------------|
| Rekstrarframlag Akureyrarbæjar | | 9,254,147 | 9,254,148 |
| Lottó frá ÍSÍ | | 6,645,835 | 6,044,566 |
| Framlag frá ÍSÍ | | 1,033,476 | 747,557 |
| Framlag frá Getraunum | | 487,341 | 600,711 |
| | | <u>17,420,799</u> | <u>16,646,982</u> |
| Rekstrargjöld | | | |
| Laun og tengd gjöld | | 3,236,432 | 3,228,264 |
| Skrifstofu og stjórnunarkostnaður | 1 | 927,430 | 1,540,340 |
| Lottóúthlutun til aðildarféлага | | 6,643,117 | 6,044,566 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2 | 7,922,393 | 6,393,608 |
| | | <u>18,729,372</u> | <u>17,206,778</u> |
| Tap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | (1,308,573) | (559,796) |
| Vaxtatekjur | | 448,045 | 660,507 |
| Vaxtagjöld | | 0 | 0 |
| | | <u>448,045</u> | <u>660,507</u> |
| (Tap) hagnaður ársins | | <u>(860,528)</u> | <u>100,711</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

| EIGNIR | Skýr. | 2009 | 2008 |
|------------------------------|-------|------------------|------------------|
| Veltufjármunir | | | |
| Fyrirfram greitt Lottó | | 0 | 476,604 |
| ÍSÍ v/þrifa | | 63,750 | 65,000 |
| Íþróttafélagið Akur | | 0 | 21,133 |
| Bankainnistæður | | 1,182,194 | 1,742,732 |
| Veltufjármunir | | <u>1,245,944</u> | <u>2,305,469</u> |
| Eignir | | <u>1,245,944</u> | <u>2,305,469</u> |
| EIGIÐ FÉ OG SKULDIR | | | |
| Eigið fé | | | |
| Eigið fé frá fyrra ári | | 1,638,997 | 1,538,286 |
| (Tap)/hagnaður ársins | | (860,528) | 100,711 |
| Eigið fé | | <u>778,469</u> | <u>1,638,997</u> |
| SKULDIR | | | |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Ógreitt vegna launa | | 0 | 46,296 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | | 467,475 | 280,176 |
| Ógreiddir styrkir | | 0 | 340,000 |
| Skuldir | | <u>467,475</u> | <u>666,472</u> |
| Eigið fé og skuldir | | <u>1,245,944</u> | <u>2,305,469</u> |

Lög Íþróttabandalags Akureyrar

1. gr.

Íþróttabandalag Akureyrar skammstafað ÍBA er héraðssamband íþróttafélaga á Akureyri. Það starfar samkvæmt lögum ÍSÍ og íþróttalögum nr. 64 frá 1998.

2. gr.

Hlutverk ÍBA er:

1. Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð er stofnuð eru fara með stjórn sérgreina mála innan héraðsins.
2. Að annast samstarf um íþróttamál við bæjaryfirvöld.
3. Að varðveita og skipta á milli félaganna því fé sem til þess hefur verið veitt.
4. Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
5. Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðsins.
6. Að staðfesta lög aðildarfélaga.
7. Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á réttum tíma skal stjórn ÍBA ef þörf krefur boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

3. gr.

Öll félög á Akureyri sem hafa íþróttir að megin markmiði eiga rétt á að gerast aðilar að ÍBA, enda fullnægi þau þeim skilyrðum sem á hverjum tíma gilda í lögum ÍBA og ÍSÍ.

4. gr.

Óski félag eftir að gerast aðili að ÍBA, skal það senda stjórn þess umsókn sína ásamt lögum félagsins, skýrslu um stofndag þess og ár, stjórn þess og tölu félagsmanna.

Uppfylli félagið inntökuskilyrði þessara laga, öðlast það réttindi í bandalaginu eftir að aðild þess hefur verið samþykkt af stjórn ÍBA, en staðfesta skal inngöngu þess á ársþingi.

Ennfremur öðlast félagið keppnisrétt hjá ÍSÍ eftir að sambandið hefur staðfest inntöku í ÍBA. Stofnfund félagsins skal auglýsa með a.m.k. viku fyrirvara á sannaðan hátt. Til þess að öðlast full réttindi sem aðildarfélag í ÍBA þ.m.t. aðgang að íþróttamannvirkjum og styrkjum, sem ÍBA veitir, þarf félagið að senda inn fjárhagsáætlanir og halda aðalfundi í samræmi við lög þess. Aðlögunartími til þess að öðlast slík réttindi skal vera 3 ár.

5. gr.

Bandalagsfélög og sérráð skulu senda ársskýrslu til ÍBA fyrir 1. mars og starfsskýrslu til ÍSÍ fyrir 15. apríl ár hvert. Félög og sérráð skulu í ársskýrslu tilgreina aðalstjórn, stjórn deilda og nefnda ásamt sögulegu yfirliti yfir starfið.

6. gr.

Félög og sérráð sem ekki hafa sent tilskilin gögn sbr. 5. gr. missa atkvæðisrétt sinn á næsta ársþingi ÍBA og missa einnig rétt til að tilnefna fulltrúa á íþróttþing. Komi til þessa er stjórn ÍBA heimilt að fella niður styrk til viðkomandi aðila.

Líði annað ár svo að félag geri ekki skil á skýrslum og reikningum, skal næsta ársþing taka ákvörðun um hvort félaginu skuli víkið úr ÍBA.

7. gr.

Félag getur misst öll réttindi sín innan ÍBA um stundarsakir ef það brýtur gildandi lög um íþróttamál svo og lög og reglur eða ákvæði ÍBA og lög sambanda sem bandalagið er meðlimur í svo og leikreglur ÍSÍ og öðlast þau ekki aftur fyrr en það hefur fullnægt settum refsíákvæðum.

8. gr.

Leggi félag innan ÍBA niður starfsemi, skulu eigur þess renna til ÍBA (eða bæjarsjóðs Akureyrar hafi félagið hlotið framkvæmdarstyrk frá Akureyrarbæ).

9. gr.

Þing ÍBA skal halda annað hvert ár, eigi síðar en 15. apríl, og fer það með ædstu stjórn ÍBA.

Þingboð ásamt tillögu um lagabreytingar ef einhverjar eru skal senda aðildarfélögnum skriflega með 4 vikna fyrirvara.

Þau mál sem aðilar ÍBA óska eftir að verði á dagskrá skulu berast stjórn bandalagsins í síðasta lagi tveimur vikum fyrir þing.

Viku fyrir þing skal aðilum send ársskýrsla, endurskoðaðir reikningar, kjörbréf og skrá yfir fulltrúafjölda þann sem heimilt er að senda á ársþingið. Ennfremur þær tillögur sem ákveðið hefur verið að leggja fyrir þingið.

Ársþing ÍBA er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

10. gr.

Hvert bandalagsfélag hefur rétt á að senda fulltrúa á þing ÍBA. Skal tala fulltrúa miðuð við fjölda félagsmanna skv. síðustu ársskýrslu þannig að félag með:

| | |
|---------------|-------------------------------|
| 1-100 | félagsmenn hljóti 2 fulltrúa. |
| 101-250 | félagsmenn hljóti 3 fulltrúa. |
| 251-400 | félagsmenn hljóti 4 fulltrúa. |
| 401-550 | félagsmenn hljóti 5 fulltrúa. |
| 551-700 | félagsmenn hljóti 6 fulltrúa. |
| 701 og fleiri | félagsmenn hljóti 7 fulltrúa. |

11. gr.

Á þingi ÍBA eiga sæti með atkvæðisrétti fulltrúar þeir sem bandalagsfélög ÍBA hafa kjörið til þings skv. 10 gr. sbr. þó 6 og 7 gr. svo og tveir fulltrúar frá hverju virku sérráði á bandalagssvæðinu.

Fulltrúar bandalagsfélaga og sérráða innan ÍBA hafa einir atkvæðisrétt eða varamenn þeirra. Enginn fulltrúi má fara með meira en eitt atkvæði. Fulltrúi getur því aðeins farið með atkvæði, að hann hafi lagt fram kjörbréf sitt og að það hafi verið staðfest af þinginu.

Rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti hafa auk stjórnar ÍBA, framkvæmdastjórn ÍSÍ, íþróttafulltrúi ríkisins, íþróttafulltrúi Akureyrarbæjar og fulltrúi frá Vetrariþróttamiðstöð Íslands.

12. gr.

Dagskrá þingsins skal vera þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
3. Kosning þingforseta, þingritara og varamanna þeirra.
4. Ársskýrslur stjórnar og sérráða ræddar svo og reikningar þeirra og atkvæði greidd um þá.

5. Fyrri umræða um lagabreytingar ef fyrir liggja, 3 manna laga-nefnd kjörin til að athuga breytingar fyrir framhaldsfund.
6. Ræddar tillögur og mál sem fyrir liggja.
7. Fyrri umræða um fjárhagsáætlun.
8. Kosnar þrjár fasta-þingnefndir, 3 manna fjárhagsnefnd, 3 manna alsherjarnefnd og 3 manna uppstillingarnefnd.

ÞINGHLÉ.

9. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla.
10. Kosningar og tilnefningar.
Tilnefningar í sérráð ÍBA.
Kosinn formaður ÍBA.
Kosnir 3 menn í stjórn ÍBA og 3 til vara.
Kosning 2 endurskoðenda.
Kosning í nefndir, er þingið ákveður.
Kosning fulltrúa á ÍSÍ þing.
11. Önnur mál.
12. Þingslit.

Þingið skal standa í einn dag nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Nefndir starfi í þinghléi. Allar kosningar skulu vera skriflegar séu fleiri tilnefndir en kjósa skal. Verði atkvæði jöfn skal varpa hlutkesti.

13. gr.

Aukaþing skal halda, ef nauðsyn krefur og eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar og tilkynningarfrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt.

Á aukaþingi má ekki gera laga- eða regnabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðbyrgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum að öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leiti gilda sömu reglur og um venjulegt ársþing.

14. gr.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í málum sem tilkynnt hafa verið í þingboði, hvort sem er á reglulegu ársþingi eða aukaþingi. Til að taka megi mál sem ekki er getið í fundarboði á dagskrá þingsins þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða.

Til lagabreytinga þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða.

15. gr.

1. Formanni ÍBA ber að kalla saman formannafund ekki síðar en 2 vikum eftir ÍBA þing.
2. Stjórn ÍBA skiptir með sér verkum og kýs varaformann, gjaldkera og ritara. Formenn einstakra félaga sérráða eða sérsambanda má ekki kjósa í stjórn.
3. Starfstími stjórnar ÍBA er 2 ár.
4. Formannafund skal halda a.m.k. sex sinnum á ári. „Á formannafundi gerir stjórn ÍBA grein fyrir starfsemi sinni frá því að síðasti formannafundur var haldinn. Auk þess skal taka fyrir á formannafundi önnur mál, sem stjórnin eða aðildarfélögin telja nauðsynlegt að ræða.“

16. gr.

Stjórn ÍBA fer með umboð í málefnum bandalagsins milli þinga og skal sjá um allar framkvæmdir þess og vinna að málum þess. Stjórninni er heimilt að skipa nefndir innan eða utan sinna vébanda til að sjá um og framkvæma viss mál bandalagsins. Formaður skal boða stjórnarfundi eftir því sem þurfa þykir. Að öðru leyti setur formannafundur stjórn starfsreglur. Formannafundur eru lögmatir ef löglega er til þeirra boðað samkvæmt reglugerð. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði eru jöfn.

17. gr.

Í íþróttagreinum þar sem sérráð eru ekki starfandi, fer stjórn ÍBA með hin sérfræðilegu málefni innan héraðs og getur skipað til þess sérstaka nefnd ef ástæða þykir til.

Sérráð fer með stjórn íþróttalegra sérmála þeirra íþróttagreina sem það varðar, að svo miklu leiti sem það fer ekki inn á svið annarra sérgreina.

18. gr.

Dómstólar ÍSÍ skulu hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan íþróttahreyfingarinnar. Nánar er fjallað um þá í lögum um dómstóla íþrótt- og Olympíusambands Íslands.

Þannig samþykkt á 58. ársþingi ÍBA 8. apríl 2008.

Til minnis



*Frá kjöri íþróttamanns
Akureyrar 2008.*



*Frá kjöri íþróttamanns
Akureyrar 2009.*



*Nýtt íþróttasvæði Þórs
og UFA.*





Íslandsmeistarar og heiðursfélagar 2008.



Íslandsmeistarar 2009.